

Úr húsnaðis- og
byggingarsögu
Háskóla Íslands

Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands

Heimildir um hugmyndir, aðdraganda
og framkvæmdir fram yfir 1940

Páll Sigurðsson tók saman



Gefið út í tilefni af 75 ára afmæli Háskóla Íslands 1986

© Háskóli Íslands
Reykjavík 1986

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á
annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda

Prentsmiðjan Oddi hf.



UNIVERSITAS CANTABRIGIENSIS

UNIVERSITATI ISLANDIAE

SALUTEM

PERIUCUNDÆ nobis fuerunt literæ vestræ, quibus intelleximus vos animo fraterno nos invitasse ut cum proximo mense aedificium vestrum iam perfectum inauguraretis, una vobiscum tam festum diem concelebremus. Vehementer vobis gratulamur quod laboris abhinc undetriginta annos bona spe suscepti eventum felicem tandem pro oculis conceditur habere. Scilicet amicitiae nostrae multa exstant testimonia. Sufficit duo nomina memorare, primum Eitíkr Magnússon, gratiosissimum olim apud nos hospitem—hospitem dicimus: immo collegam, qui multos annos in bibliothecariorum nostrorum numero habebatur, studia nostra litterarum Islandicarum suo praeclaro ingenio, suis etiam donis augebat—deinde Bertha Philpotts, doctissimam feminam, quae multum apud vos versata patriam vestram valde amabat et a vobis, nisi fallimur, amabatur. Quamquam igitur unius e nostris ad vos mittendi deest facultas (id quod in praesenti, ut opinamur, facile nobis ignoscetis), volebamus per has litteras partem saltem in caerimoniis vestris habere, vobis omnia precari fausta felicia fortunata.

Datum Cantabrigiae
a. d. viii Kal. Iun.
A. S. mcmxl



Kveðjuávarp Cambridge-há-
skóla til Háskóla Íslands í tilefni
af vígslu háskólabýggingar-
innar 1940.

Byggingarnefnd skipuð	178
Guðjón Samúelsson ráðinn sem húsameistari og uppdrættir gerðir	179
Umleitaniir um lóðarmál Háskólans – Lóðin afhent formlega árið 1936	193
Byrjunarframkvæmdir 1936 – Grunnur grafinn og byrjað á kjallara	199
Formaður byggingarnefndar leitar álits sænsks arkitekts	203
Hornsteinn lagður 1. desember 1936	204
Ýmislegt um byggingarstarfið og bygginguna	209
Um bókamál Háskólans og bókasafn í hinni nýju byggingu	222
13. Vígsla háskólabyggingar 1940 – og „eftirmáli“	227
14. Háskólabyggingin tekin í notkun – Hernám – Nýr stúdentagarður byggður	253
15. Lokaorð	269

Bókarauki

I. Texti skjalsins, sem lagt var í hornstein háskólabyggingar 1. desember 1936	273
II. Viðtal við dr. Jón Steffensen, prófessor, sem var m.a. í byggingarnefnd Háskólans 1937-1940	275
III. „Háskóli undir kórónu Kristjáns IX“. Rætt við dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskólabókavörð, (f. 1905), um námsdvöl hans í Háskólanum árin 1929-1934 og um sambúð Alþingis og Háskóla	287
III-A. Dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskólabókavörður: Fyrr en sól Alþingishátíðar reis var förmgerðarkreppa	295
IV. Viðtal við Rögnvald Þorláksson, verkfræðing, (f. 1916), sem vann við háskólabygginguna sumurin 1936 og 1937	301
V. Viðtal við Ólaf Tryggvason, lækni, (f. 1913), sem vann við háskólabygginguna sumurin 1936 og 1937	305
VI. Úr byggingardagbók Háskólans – Gripið niður í byggingardagbók Þorláks Ófeigssonar, byggingameistara, sem var trúnaðarmaður húsameistara ríkisins og byggingarnefndar Háskólans	309
Nafnaskrá	333
Skrá um eigendur mynda og heimildir myndefnis	339

1

Inngangur

Í hinu prýðilega riti um sögu Háskóla Íslands, sem Guðni Jónsson, prófessor, tók saman í tilefni af 50 ára afmæli stofnunarinnar 1961, rekur hann m. a., í ljósu og skýru máli, ýmsa þætti úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskólans. Hygg ég, að þar hafi vart orðið betur gert, innan þess þrönga ramma, sem slíkum atriðum hlýtur að vera markaður í bók, er á að fjalla um sem flesta drætti í þróunarsögu Háskólans í heild og þar sem margt annað hlýtur réttilega að teljast a. m. k. jafnáhugavert.

Á afmælisári Háskólans nú, aldarfjórðungi síðar, hefur orðið að ráði, að reynt verði að minnast húsnæðis- og byggingarsögu stofnunarinnar, um fyrstu áratugi sögu hennar, í riti, sem byggt sé að mestu leyti á skjallægum heimildum og myndefni, sem því máli tengjast. Eru efnistöð hér með talsvert öðrum hætti en í háskólasögu Guðna Jónssonar, frumheimildir birtar, oft í heilu lagi, og greinargerðin öll ítarlegri, en þess má t. d. geta, að í riti Guðna eru mjög fáar myndir, sem snerta þetta efni og fremur fátt sagt um frumsögu eða aðdraganda.

Til þess er ætlast, að viðkomandi kaflar í riti Guðna myndi bakgrunn þess, sem hér kemur fram, og þykir því óþarfi að vitna til þess rits um einstök atriði nema með fáum undantekningum. Að öðru leyti verður reynt að láta frumheimildir – þ. á m. skjöl, blaðfréttir og myndir – segja söguna, eftir því sem til hrekkur, fram yfir 1940, er Háskólinn hafði eignast þak yfir höfuðið og tveir stúdentagarðar verið byggðir á háskólalóðinni ásamt Atvinnudeildarhúsi. Byggingarmál Háskólans sjálfs annars vegar og stúdentu hins vegar voru samtvinnuð frá upphafi, og kom því ekki annað til mála, en að gerð yrði grein fyrir hvoru tveggja, en húsbýgging Atvinnudeildar og saga hennar hefur það mikla sérstöðu, að eigi þótti ástæða til að taka það efni með í þessu riti.

Heimilda er getið jafnharðan, en rétt er að taka fram, að auk rits Guðna Jónssonar ritaði Alexander Jóhannesson, prófessor, grein í Skírni 1959, er

hann nefndi „Byggingarsaga Háskólans“, en þar er þó einungis stiklað á stóru. Jónas Jónsson frá Hriflu, fyrrum alþingismaður og kennslumálaráðherra, ritaði á sínum tíma fjölmargar blaðagreinar um málefni Háskólans og þ. á m. um byggingarsögu hans, og hafði hann, svo sem vænta mátti, mjög sjálfstæðar skoðanir á þeim málum. Í riti hans, „Íslensk bygging – brautryðjandastarf Guðjóns Samúelssonar“ (Rvík 1957), er einnig ritað um háskólabygginguna og myndir birtar. Í dagblöðum frá þeim tíma, er hér um ræðir – greinum og fréttum – er að sjálfsögðu mikinn fróðleik að finna, en um sumt gætir þar pólitískra viðhorfa, svo sem eðlilegt er, þar sem um mikilvægt mál var að ræða og miklir fjármunir í húfi. Í Alþingistíðindum frá 1930–1933 eru birt frumvörp til laga um háskólabyggingu og um happdrættið, greinargerðir með þeim og umsagnir ýmissa aðilja um þau auk umræðna á Alþingi, en frumvarpið um háskólabyggingu mætti þar töluverðri andstöðu. Vilhjálmur Þ. Gíslason, þá stúdent, en síðar skólastjóri og útvarpsstjóri, birti grein í Eimreiðinni 1922, sem hann nefndi „Íslenskur háskóli“, og þar koma fram og eru varðveittar athyglisverðar upplýsingar og heimildir um frumhugmyndir varðandi háskólabyggingu, sem nú finnast hvergi annars staðar. Í riti Páls Línalds, „Bæirnir byggjast“ (Rvík 1982), er að finna ýmsar ábendingar, sem að gagni komu, m. a. um tillögur að „háborg íslenskrar menningar“ á Skólavörðuholtinu. Vart þarf að taka fram, að Árbók Háskólans geymir margvíslegar upplýsingar um þessi mál. Ýmissa gagna – skjala og mynda – hef ég aflað úr söfnum eða skjalageymslum tiltekinna embætta hér í borg, og má þar einkum nefna: Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn (myndadeild), Ljósmyndasafnið, Háskólabókasafn, Landsbókasafn, Borgarskjalasafn, skjalasafn Alþingis og skjalasafn embættis húsameistara ríkisins, auk þess sem nokkur gögn hafa verið fengin hjá Borgarskipulagi og hjá byggingarfulltrúa í Reykjavík. Að öðrum ógleymdum vil ég sérstaklega færa þeim Sigfúsi Hauki Andréssyni, skjalaverði við Þjóðskjalasafn, Halldóri J. Jónssyni, deildarstjóra á Þjóðminjasafni, og Óskari Árna Óskarssyni, bókaverði á Háskólabókasafni, þakkir fyrir aðstoð og velvilja þeirra. Skjalasafn Háskólans sjálfs, frá þeim árum, sem hér um ræðir, er að vísu varðveitt, að nafninu til, en er illa nothæft eða aðgengilegt, enn sem komið er, nema hvað varðar þau gögn, sem geymd eru á aðalskrifstofu. Í þessu óskipulega skjalasafni, sem nú er geymt í kjallara Lögbergs, hef ég þó fundið mörg gögn, sem máli skipta fyrir þessa þætti, en líklegt er, að fleira muni koma í ljós síðar, eftir að skjalasafninu hefur verið ráðað og það skráð, en brýna nauðsyn ber til, að það verði gert.

Stafsetning og greinarmerkjasetning á rituðum heimildum, sem hér verða birtar orðréttar, er látin haldast óbreytt.

Það var ekki fyrr en á útmánuðum 1986, að ákveðið var að efna til þessa

INNGANGUR

rits með það fyrir augum, að það yrði komið út fyrir afmælishátíðina um haustið, og hefur undirbúningstíminn því verið í skemmsta lagi. Á hinn bóginn skal þess getið, að efnisöflun hefur tengst og fallið vel að starfi mínu sem framkvæmdarstjóri afmælishátíðar Háskólans og einkum þó undirbúningi sögu- eða þróunarsýningar, sem ég hef unnið að í því sambandi.

Sigmundur Guðbjarnason, háskólarektor, og prófessor Þórir Kr. Þórðarson, ritstjóri Árbókar, hafa stutt útgáfu þessa rits með ráðum og dád. Gunnlaugur Ingólfsson, cand. mag., starfsmaður á Orðabók Háskólans, hefur yfirfarið handritið og annast prófarkalestur. Kann ég þeim öllum bestu þakkir svo og öllum þeim mörgu, er aðstoð hafa veitt.

2

Forsaga og frumhugmyndir

Fram til síðustu aldamóta – Grein Einars Benediktssonar um háskólabyggingu – Teikning eftir enskan arkitekt.

Hugmyndir um stofnun háskóla eða þjóðskóla hérlendis komu fram þegar á fyrri hluta 19. aldar, svo sem kunnugt er, og ýmsir forvígismenn þjóðvakningar kynntu þær og ræddu á opinberum vettvangi næstu áratugina, án þess þó að umtalsverður skriður kæmist á það mál, fyrr en nær dró aldamótum. Ekki er að efa, að sumir þessara manna a. m. k. hafi gert sér þess ljósa grein, að nýrri menntastofnun af þessu tagi yrði að reisa hús við hæfi, en eigi hef ég þó fundið ummæli í þá átt á prenti frá þessum tímum nema hjá einum hinna elstu vakningarmanna. Í 1. árgangi Fjölnis (1835) birtust kaflar „úr bréfi frá Íslandi“¹⁾ eftir *Tómas Sæmundsson*, Fjölnismann, sem þá var kominn heim til Íslands. Er bréf þetta dagsett 30. janúar 1835. Þar ræðir *Tómas m. a.* um Reykjavík og um hugmyndir sínar um fegrun bæjarins með breyttu og bættu skipulagi. Segir hann þá m. a.:²⁾

„ . . . ímindaðu þér kauptorg uppfrá sjónum fyrir miðri ströndinni, og annað torg fallegra, með norðurvegg kyrkjunnar á eina hlíð, og til hinna þriggja: *háskóla*,³⁾ mentabúr og ráðstofu, enn á miðju torginu heiðursvarða þess manns, er slíku hefði til leiðar komið; settu ennframar suður með tjörninni að austanverðu skemtigaung, og kyrkjugarð hinumegin sunnantil á Hólavelli – og þá sjerðu, hvurnin mig hefir dreymt að Reykjavík egi að líta út einhvurttíma.“

Þegar *Benedikt Sveinsson* flutti í fyrsta sinn frumvarp sitt um stofnun háskóla á Íslandi, 1881, var tekið fram í frumvarpinu, berum orðum, að *fyrst um sinn skyldi kennslan í skólanum fara fram í Alþingishúsinu*. Frumvarpið,

1) Bréfið er birt á bls. 48–94 í 1. árgangi Fjölnis.

2) Tilv. rit, bls. 69–70.

3) Leturbreyting mín, P. S.



Séra Tómas Sæmundsson sá fyrir sér háskóla við Austurvöll.

með þessu ákvæði, var síðan endurflutt 1883, en þar var þó m. a. þetta skilyrði fellt brott, í meðförum þingsins, áður en frumvarpið varð að lögum – sem konungur synjaði hins vegar staðfestingar. Þess skal getið, að Alþingi flutti í hið nýja hús sitt árið 1881, en Alþingishúsið var jafnframt ætlað söfnum landsins. Fyrst um sinn var tiltölulega rúmt í húsinu, enda kom þá Alþingi aðeins saman annað hvert ár og sat þá einungis fáar vikur í senn.


Árið 1893 stofnuðu 30 áhugamenn *Háskólasjóð Íslands*, sem tók við samskotafé til að greiða götu „háskólamálsins“, og eftir stofnun *Hins íslenska kvenfélags*, 1894, varð til *Háskólasjóður Hins íslenska kvenfélags*, í sama augnamiði,⁴⁾ en hvergi hef ég orðið þess var af heimildum frá þeim árum, að háskólabygging eða húsnæðismál væntanlegs háskóla hafi sérstaklega verið á döfinni í þessu sambandi, þótt ætla megi, að svo hafi verið í raun.

Á Alþingi 1895 fluttu nokkrir þingmenn þingsályktunartillögu, um að reist skuli „bygging úr steini fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess í

4) Sbr. Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, bls. 24–25.



Þorbjörg Sveinsdóttir, ljósmóðir í Reykjavík, beitti sér fyrir fjársöfnun til væntanlegs háskóla.



Benedikt Sveinsson, sýslumaður og alþingismaður, barðist fyrir háskólamálinu.

minningu 50 ára afmælis Alþingis,⁵⁾ en eigi verður séð, að þar hafi neitt, öðru fremur, verið hugað að þörfum væntanlegs háskóla. Tillaga þessi náði samþykki Alþingis, þótt eigi yrði hún framkvæmd.

Benedikt Sveinsson, sýslumaður og alþingismaður, var í fararbroddi í „háskólamálinu“, svo sem vitað er, og systir hans, *Þorbjörg Sveinsdóttir*, ljósmóðir í Reykjavík, lét þar heldur ekki sinn hlut eftir liggja. Og eplið fellur sjaldnast langt frá eikinni, eins og sannast á því, að *Einar skáld*, sonur Benedikts, fékk snemma mikinn hug á stofnun háskóla hér á landi og lét þær skoðanir sínar hiklaust í ljósi. Hann gerði sér mætavel grein fyrir því, að væntanlegum háskóla yrði að reisa myndarlegt hús og bar fyrstur manna, að ég tel, fram rökstuddar tillögur í því efni. Í blaði sínu *Dagskrá*, sem hann gaf út í Reykjavík um nokkurra ára skeið laust fyrir aldamótin, ritaði hann skelegga grein um *háskólabyggingu*,⁶⁾ sem vafalaust hefur orðið ýmsum

5) Alþt. 1895, C, bls. 510–511.

6) Einar hefur ekki undirritað greinina, fremur en flestar aðrar greinar sínar í *Dagskrá*, en höfundareinkennin leyna sér ekki.

umræðuefni, og má grein þessi teljast umtalsvert framlag til „háskólamálsins“. Háskólabyggginguna vildi Einar hafa hið næsta Landsbankahúsinu.

Grein þessi birtist í Dagskrá 30. júlí 1896 (á forsíðu) og hljóðar svo:


„Landsbankinn mun nú hafa fullgjört kaup á öllum húsum með lóð þeirri er fylgir, milli Veltusunds og Pósthússtrætis, frá Austurstræti og niður í sjó, og hefur bankastjóri Tryggvi Gunnarsson sýnt mikinn ötulleik og framsýni í því, að ná þessu byggingarstæði undan eign og umráðum útlinginga, er áður hafa átt mikinn hluta þess. Kaupverðið hefur verið mjög lágt tiltölulega, og er það eitt hið þarfasta verk sem hefur verið unnið hjer um langan tíma, að sameina alla þessa eign á eina hönd, sem ætla má að noti hana til gagns fyrir Reykjavíkurbæ og landið í heild sinni. — Því þó sá andi sje um of ríkjandi hjá ýmsum þeim er ráða hjer opinberum málum, að sjá eptir, svo að segja hverjum skildingi til sannarlega þarflegra fyrirtækja, en hella út stórfje í allskonar glappaskot og heimskubrall t. a. m. eins og landskipshneykslið góða — er því treystandi að fjármálastjórn landsins, sjái nú svo sóma sinn, að hún fleygi ekki frá sjer þessu tækifæri til þess að njóta samvinnu í byggingu þeirra opinberu stofnana, er landinu eru bráðnauðsynlegar, og hefðu átt að vera komnar upp fyrir löngu síðan. Og því fer nú betur, að þeim mönnum fjölgar æ meir og meir, sem játa, að fleira geti orðið til peningahagnaðar fyrir þjóðina, heldur en það sem beinlínis verður látið í askana. — Það er farið að bera svo mikið á því, að stjórnleysi, heimska og fáfræði þeirra sem ráða hjer lögum og lofum, er aðalundirrót fátæktar og menningarleysis þessa lands, að menn vakna hver af öðrum til þess að líta í áttina, þangað sem á að líta fyrst, til þess að fundið verði hvar skórinn krepur. — Vjer hikum ekki við að játa hjer skýlaust og afdráttarlaust, að innlendir *háskóli* er eitt af því bráðnauðsynlegasta af öllu því, er vjer Íslendingar þurfum að fá, til þess að andlegum kröptum þjóðarinnar verði beint í rjetta stefnu, og til þess að rýma út þeim skaðlega óþjóðlega hugsunarhætti, hjá ýmsum þeim er ráðin hafa hjer á landi, sem liggur eins og martröð yfir allri framfaraviðleitni almennings. — Vjer vitum að vísu, mjög vel, að slík játning muni hneyksla marga andstæðinga háskólamálsins, en vjer hirðum ekki um það. Vjer höfum aldrei ætlað oss að skirrast við að segja hispurslaust sannfæringu vora í þeim málum sem almennung varða, hvort sem vjer hefðum meiri eða minnihluta manna á sama máli, og vjer ætlum oss ekki heldur að kitla eyru þeirra sem hafa ánægju af að lesa persónulegar skammir og brigsl um einstaka menn, en þola ekki að heyra neinum skoðunum haldið fram, sem þeir geta ekki strax fallist á. — Vjer þurfum alls annars fremur við, en að auka við ósmekkvíst og illa ritað nið um einstaka menn hjer í Íslandi, en þar á móti verður síst of mikið gjört að því að vekja umræður um opinber málefni, og



Einar Benediktsson, skáld og ritsjóri Dag-skrár, ritaði m.a. um byggingu fyrir væntan-
legan háskóla.

reyna að færa þar rök með og móti, — þó einhver kunnir að hrökkva við, eins og stigið sje á líkþorn, af því að hann hefur ekki sjálfur hugsað allt það sama áður. — Það er ef til vill ekkert mál sem sýnir betur en háskólamálið, hve miklu valdi hin dauða hönd útlendrar pappírisstjórnar, og danskkyndrar ómenningar, hefur náð yfir hugsunarhætti ýmsra manna hjer í landi. Margir meðal hinna framsýnni Íslendinga (meðal annara blöðin Þjóðólfr og Sunnanfari) hafa að vísu unnið að því að vekja áhuga þjóðarinnar í þessu máli, en svo lítill árangur hefur orðið af því enn sem komið er, að það er sannarleg þjóðarminnkun. Gjafirnar til háskólasjóðsins eru að sönnu gefnar af góðum hug, en þær eru svo litlar, að menn hlýtur furða á því, þar sem allri þjóðinni hefur gefist kostur á að leggja sitt til þessarar stofnunar, sem er lífsnauðsynlegasta skilyrði fyrir öllum þeim framförum, sem eru háðar hugsun og þjóðernisrækt landsmanna. — En nú er hið besta tækifæri til þess fyrir alþingi vort, að reka af sjer ámæli komandi tíma, fyrir hirðuleysi og skamm-sýni í þessu velferðarmáli þjóðarinnar, með því að leggja fram fje til þess að háskólahús verði byggt, á lóð þeirri sem áður er nefnd, og landsbankinn hefur nú umráð yfir. — Lóðin liggur svo vel til slíkrar byggingar sem unnt er,

og er nægilega stór til þess, að öll hin opinberu stórhýsi sem komið hefur til orða að byggð yrðu, gætu staðið þar saman. Byggingar yfir söfnin og hinar ædstu menntunarstofnanir innanlands, ásamt banka og pósthúsi, gætu vel komist þar fyrir, jafnvel með rúmgóðum görðum og gangvegum á milli. — Það er ekki við því að búast, að hægt verði að gjöra allt þetta í einu, eða á skömmum tíma, en það mætti vel gjöra ráðstafanir til þess þegar á næsta þingi, að byggingum þessum yrði komið upp í sameiningu, með tímanum, og ætti þá að hafa það fyrir augum frá byrjun, að nota byggingarsvæðið sem hentuglegast í þessu skyni. Við þetta mundi landið græða stórmikið, þar sem byggingarnar auðvitað yrðu mikið ódýrari væru þær byggðar í sameiningu, eptir fastri áætlun frá fyrstu, enda þótt það tæki nokkurn tíma. — Það mun og reynast, að ekki verður hvað vandaminnt að fá góðan stað fyrir þessar byggingar, ef þetta færi verður ekki notað, og lóðirnar verða bútaðar í sundur og seldar einstökum mönnum, sem byggja hver í sínu horni. — Ályktun þingsins í fyrra, um það að verja 50.000 krónum til þess að byggja eitt-hvert stórhýsi í afmælisminningu alþingis, ætti nú að verða framkvæmd með fjártillagi, svo að byrjað yrði á háskólabyggingunni á næsta fjárhagstímabili. — Sá tími hlýtur, hvort sem er, að koma innan skamms, að menn geta ekki unað við þessar holur, sem prestaskóla og læknaskóla er nú skipað í, og það er heldur ekki líklegt, að það muni dragast lengi úr þessu, að innlent laganám komist hjer á stofn, hvort sem það verður með lögum um háskóla eða lagaskóla. — Það er sannarlega minnkun að því, að láta guðfræðingastjett landsins sitja við nám í annari eins kytru og hið núverandi prestaskólahús er, eins og það ríður í bága við alla skynsemi og sanngirni, að láta Íslendinga sækja fræðslu um sín eigin lög til Dana. En því fyr sem alþingi byrjar á hinum óhjákvæmilegu umbótum í þessu efni, því ljettbærari geta fjárframlögin orðið fyrir landsmenn. — Þegar athugaður er kostnaðurinn við slík fyrirtæki sem t. a. m. háskólabyggingu, sem eru gjörð í þarfir landsins fyrir landsfje, hættir mörgum við því að gleyma að það er ekki öll hin reikningslega kostnaðarupphæð, sem má telja að eytt sje til fyrirtækisins. Aðalgjaldaliðurinn á reikningnum eru venjulega vinnulaunin, en það mun all-tíðast, að þar hafa einstakir menn unnið sjer inn fjé, sem þeir hefðu alls ekki getað aflað sjer öðruvísi. Og þegar svo er ástatt, að opinbert fyrirtæki veitir atvinnu þeim mönnum, sem hefðu orðið að sitja iðjulausir ella, er ekki nóg með það, að landið tapar engu af því sem borgað er verkmönnum, heldur *græðir* landið beinlínis það sem unnið er. — Sje litið á málið frá þjóðmegun-arlegu sjónarmiði, er það síst lakara, að 100 krónur sjeu í vasa einhvers manns, en að þær liggi í landssjóði; lífsframfæri hins einstaka kostar jafnmikið hvort sem hann vinnur eða ekki, og er þá auðsætt, að landið hefur fengið ókeypis arðinn af vinnu þeirri, er það hefur goldið hinum einstaka



Háskólabýgging í Reykjavík. Teikning eftir enskan arkitekt frá 1897.

verkmanni fje fyrir. — Hjer í Reykjavík er optast fjöldi vinnandi fólks, sem hefur mjög stopula atvinnu, og er vonandi að tekið verði hæfilegt tillit til þessa, af þeim sem eiga að gjöra út um þetta mál á sínum tíma, og ætti þá einnig að minnst þess, að því fyr sem byrjað er á byggingum þessum, því meiri arð hefur landið í heild sinni af starfi þess fólks, sem annars yrði að vera atvinnulaust.“

Þessi byggingarhugmynd skáldsins og framfaramannsins varð ekki að veruleika í það sinn (og eigi fyrr en áratugum síðar, eins og segja má um ýmsar fleiri hugsjónir hans), en ári síðar mun hafa fæðst sú hugmynd að háskólabýggingu í Reykjavík, sem enskur arkitekt festi á blað og hér er birt. Um mynd þessa er nú næsta lítið vitað. Þótt ég hafi víða leitað fyrir mér í skriflegum heimildum og hjá hinum fróðustu mönnum, hef ég eigi fundið

aðra heimild en fyrrnefnda grein *Vilhjálmss P. Gíslasonar*, frá 1922, þar sem myndin er birt. Og þetta eitt segir Vilhjálmur um hana: „Myndin er eftir enskan byggingafræðing, teiknuð skömmu fyrir aldamótin (1897). En hún mun hafa þótt nokkuð umsvifa- og viðamikil, og stíllinn ekki sem best við-eigandi hér, sögðu menn.“⁷⁾ Minni mega nú upplýsingarnar ekki vera, en þegar Vilhjálmur ritar þetta, hefur þá (ef ártalið 1897 er rétt) ekki verið nema um aldarfjórðungur liðinn frá því, að teikningin varð til, og gat hann þá að sjálfsgöðu hafa aflað sér ýmissa upplýsinga um þetta mál, sem nú verða eigi fengnar.

Ekki er nú vitað, hvort teikning hins „ókunna“ enska arkitekts var gerð að frumkvæði íslenskra manna, en þó virðist mér það sennilegra en hitt. Meðan annað liggur eigi á borði, leyfi ég mér að varpa fram þeirri tilgátu, að *Einar Benediktsson* hafi komið þar við sögu, enda ekki ósennilegt, ef litið er til greinar hans um háskólabyggingu frá árinu áður og sambanda hans við umheiminn. Á teikningunni er heldur enginn kotungsbragur, og gæti það á sinn hátt bent til áhrifa frá Einari skáldi, þótt ekkert verði um það fullýrt að svo stöddu.

Jón Þorláksson gerir lausleg frumdrög að háskólabyggingu 1904

Í grein, er hinn kunnvi verkfræðingur og stjórnmalamaður, *Jón Þorláksson*, ritaði í Stúdentablaðið 1. desember 1930, segir hann m. a.⁸⁾:

„Þegar talað er um háskóla í öðrum löndum, er jöfnum höndum átt við kennslustofnun og vísindastofnun með kennurum og nemendum, og við hús það, sem stofnunin hefst við í. Háskólinn við Frúarpláss í Kaupmannahöfn, Háskólinn við Karls Jóhannsgötu í Osló. En þegar talað er um Háskóla Íslands, þá vantar eiginlega alveg þá merkingu hugtaksins, sem lýtur að hinu sýnilega mannvirki, vistarverunni. Við höfum hingað til orðið að nauðga hugsuninni með því að tala um Háskólann, án þess að innibinda í henni neitt hús eða vistarveru, sem væri heimili hans, mannvirkið, sem að veglegu útliti og hagkvæmri tilhögun samsvaraði þýðingu stofnunarinnar og stöðu hennar í þjóðfélaginu. Við þetta tækifæri rifjast upp fyrir mér endurminning frá veru minni í Berlín veturinn 1904. Jeg var þar samtíða Ágúst Bjarnasyni prófessor. Háskólahugmyndin var þá vögnuð, en átti í því sammerkt við flestar

7) Eimreiðin 1922, bls. 238. Teikningin er þar birt á bls. 230.

8) Tilv. rit, bls. 3.



Jón Þorláksson, verkfræðingur, gerði frumdrög að háskólabyggingu 1904.

framfarahugmyndir okkar ungu manna á þeim tímum, að framkvæmdin beið eptir því að við kæmum til sögunnar. Við töluðum opt um Háskólann, sem koma þyrfti. Jeg var að kynna mér húsagerð – og fyrstu hugmynd mína um Háskóla Íslands færði jeg í búning með því að gjöra útlitsuppdrátt af háskólabyggingu, eins og jeg hugsaði mér hana. Lítið blað með þessu blýantsriti átti jeg lengi, nú er það víst glatað, annars mundi jeg hætta á að biðja Stúdentablaðið að birta það. Jeg þekkti þá engan húslausan háskóla, og var ekki nógu frumlegur í hugsun, til þess að láta mér detta í hug að Íslendingar mundu eignast húslausan háskóla og búa við hann í svo sem einn mannsaldur. Og þó þessi hugmynd hefði fæðst hjá mér, hefði mér víst orðið skotaskuld úr því að teikna þá stofnun.“

*Skipulag Arnarhóls frá því um 1906
– Teikning Kjørboes*

Árið 1905 samþykkti Alþingi lög um stofnun byggingarsjóðs og um bygging opinberra bygginga (nr. 29 það ár). Í þeim lögum var Íslandsráð-



herra m. a. heimilað (í 2. gr.) að „selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar.“ Þar (þ. e. á spildu þessari) var og Stjórnarráðinu (í 6. gr.) heimilað „að láta reisa bókasafnsbygging úr steini eða steinsteypu“ (þ. e. Landsbókasafnshúsið, sem síðan var reist á árunum 1906–1908). Í frumvarpi til þessara laga hafði einnig verið lagt til, að heimilað yrði að reisa ráðherrabústað úr steini eða steinsteypu⁹⁾, en þingið féllst eigi á þá hugmynd. Í greinargerð með frumvarpinu sagði m. a.:¹⁰⁾

„Hjá því verður ekki komið að vinda bráðan bug að því, að koma upp byggingu fyrir bókasafn landsins. Landsbókasafnið kemst eigi lengur fyrir í alþingishúsinu, og má svo að orði kveða, að naumast sje einusinni auðið að koma fyrir neinstaðar í húsum landsjóðs kössum þeim, sem nýkomnar bækur safnsins verða að geymast í óuppteknar, hvað þá koma bókunum svo fyrir, að þær geti að notum komið. Hinum öðrum söfnum er líkt farið. Forngripasafnið verður rúmþrota innan skamms. Landskjalasafnið er í þrengslum og í svo óhentugum híbýlum, að ekki er við sæmandi. Málverk þau, er landinu voru gefin í þeim tilgangi að mynda vísi til málverkasafns, fara illa í vetrarrakanum í alþingishúsinu, og það, sem safninu bætist, nú síðast af gjöf próf. W Fiskes, á sjer engan vísan stað. Hið eina stóra myndhöggvaraverk, sem landið hefur eignast (gjöf konsúls D. Thomsens) er húsvilt, og eyðileggur sem stendur húsrýmið í forsal alþingishússins; en væri byggt hús fyrir landsbókasafnið og landsskjalasafnið, sem ætlað væri svo við vöxt, að ekki þyrfti við það að bæta fyrstu 50–60 árin, mætti væntanlega koma hinum öðrum söfnum fyrir til bráðabirgða í þeim hluta byggingarinnar, sem landsbókasafnið þyrfti ekki á að halda í bráðina. – Það er og mjög óhentugt, að eigi eru til nein húsakynni, þar sem göfugum útlendum gestum gæti orðið viðtaka veitt, ef á þyrfti að halda, því að úr þessu má búast við, að hingað kunni að koma þeir höfðingjar frá öðrum löndum, að eigi sje minnkunarlaust landinu að bjóða í þau húsakynni, sem nú væri völ á. Það getur einnig komið í bága, að hafa engin vís híbýli fyrir æðsta valdsmann landsins, því að ómögulegt gæti verið fyrir hann, eins og nú er ástatt hjer, að fá í svipinn sæmilegt húsnæði, ef fljótlega þyrfti til að taka. Það virðist því naumast verða hjá því komið að byggja sem fyrst hæfilegan ráðherrabústað með nægilegum risnuherbergjum, er að eins væru notuð við móttöku gesta. – Auk þessara bygginga má gjöra ráð fyrir, að fleiri muni nauðsynlegar þykja

9) Alþt. 1905, A, 251.

10) Alþt. 1905, A, 251–252.

Þessi plan er af
 H. K. Þorsteinssyni
 höfður, árið 1906.
 H. K. Þorsteinssyni. 1:500. v. 17.



Háskóli á Arnarhóli. Uppdráttur Fr. Kjørboes af skipulagi og væntanlegum byggingum á Arnarhóli og þar í grennd, frá því um 1906. Lengst til hægri er landspítali (Landshospital) á núverandi lóð Þjóðleikhússins, þá safnahús (mun stærra en reist var). Austan í Arnarhólunum var gert ráð fyrir opinberum bústað ráðherrans (Residensbygning), en vestan í hólunum átti háskólabýggingin (Universitet) að standa. (Uppdrátturinn er varðveittur í Þjóðskjalasafni).



áður mjög langt um líður, og skal hjer að eins nefna landsspítala og bygging fyrir söfn landsins önnur en landsbókasafnið, er það vex svo, að það þarf sjálfst að nota húsrúm það, sem til bráðabirgða verður tekið til hinna safnanna í hinni nýju byggingu, sem fram á er farið í frumvarpi þessu. Kostnaður við slíka bygging mundi ætíð verða mjög mikil íþynging fyrir fjárlögin og draga úr öðrum framkvæmdum, ef tillit þyrfti að taka til slíkra útgjalda í hvert skipti, þannig að ætla þyrfti tilsvarendi tekjur á móti í fjárhagsáætluninni fyrir það fjárhagstímabil, er slíka bygging ætti að reisa. Það virðist því mjög heppilegt, ef hægt væri, að ætla sjerstakt fje í þessu skyni, fráskilið hinna almennu fjárhagsáætlun landsins, og til þess að koma því fram, virðist beinast að stofna sjerstakan sjóð með sjerstöku tekjum, sem auðvitað má styrkja með sjerstöku framlögum af árlegu veltufje landsins, er ástæða virðist til, en sem að öðru leyti hefur starfsvið sitt og reikningshald út af fyrir sig.“

Hvorki í greinargerðinni, nefndarálitum eða í umræðum um málið er minnst sérstaklega á *háskólabyggingu* meðal annarra opinberra bygginga á Arnarhólstúninu milli Hverfisgötu og „framhalds af Lindargötu“, *en athuganir mínar og heimildir hafa þó leitt í ljós, að svo var engu að síður gert í raun*. Í Þjóðskjalasafni hefur nýlega fundist *uppdráttur (blýantsteikning) af þessu svæði*, sem ætla verður, að danskur húsameistari, *Fr. Kiørboe* að nafni, hafi gert að beiðni stjórnarinnar um 1906 og í kjölfar laganna frá 1905. Kiørboe þessi starfaði hér á árunum 1906–1908 sem umboðsmaður fyrir *Johannes Magdahl Nielsen*, húsameistara, sem teiknaði Safnahúsið við Hverfisgötu, og hafði Kiørboe yfirumsjón með byggingu hússins. Á þessum „skipulagsuppdrætti“,¹¹⁾ sem hér er birtur í fyrsta sinn, eru sýndar *fjórar* opinberar byggingar á þessu svæði, þ.e. safnahús (á þeim stað, þar sem það síðar var reist, en þó mun stærra á teikningunni en raun varð á), landsspítali á þeim stað, er síðar reis Þjóðleikhúsið, „Residensbygning“ eða íbúðar- og risnubygging fyrir Íslandsráðherra og *háskóli* („*Universitet*“). Var háskólanum ætlaður staður utan í hólnum vestanmegin á þeim stað, er nú snýr að Lækjartorgi. Samkvæmt teikningunni hefur háskólabyggingin verið hugsuð litlu minni en sá hluti safnahúss, sem síðar var reistur. Má á rissinu af háskólabyggingunni m. a. greina hátíðarsal, bókasafn og kennslustofur.

Uppdráttur þessi virðist hafa „farið á flakk“ um skeið og ekki verið tiltækur nokkrum árum síðar, þegar rætt var um háskólabyggingu, sbr. 3.

11) Teikningin er hvorki undirrituð né tímasett, en í heimildum frá því nokkrum árum síðar (sbr. 3. kafla hér á eftir) er vísað til „teikningar Kiørboes“ og getur þar vart verið um aðra teikningu að ræða en þessa. Teikning þessi er geymd í Þjóðskjalasafni með skjölum varðandi opinberar byggingar, Stjr. I., db. 1., nr. 594. Mál 1276/1908.

kafla, en nú fannst hann, svo sem fyrr segir, í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni.

Af þeim opinberu byggingum, sem markaðar eru á uppdrátt þennan, var einungis ein reist, safnahús, en hugmyndin um hinar lifði þó í allnokkur ár, sbr. síðar.

Álitsgerð forstöðumanna embættismannaskólanna um háskóla- byggingu, birt 1909

Svo sem kunnugt er, var Háskóli Íslands settur á stofn með heimild í lögum frá 30. júlí 1909, en í þeim lögum var kveðið á um, að hann skyldi hefja starfsemi sína, þegar fjárveiting fengist til þess. Með frumvarpi því að háskólalögum, sem landsstjórnin lagði fram á Alþingi 1909, fylgdi, auk greinargerðar, m. a. ítarlegt „álitsskjal forstöðumanna hinna æðri skóla um háskólahús,“ sem þeir höfðu samið að beiðni stjórnarinnar ásamt frumvarpinu sjálfu. Þessir menn voru: *Jón Helgason*, settur forstöðumaður Prestaskólans, *Lárus H. Bjarnason*, forstöðumaður Lagaskólans og *Guðmundur Björnsson*, landlæknir, sem þá var í forstöðu fyrir Læknaskólanum. Álitsgerðin hljóðar svo: ¹²⁾

„Margur hefur haft orð á því, að háskólahús þyrfti að reisa, ef háskóli væri stofnaður, og talið sjálfsagt, að allar deildir hins nýja háskóla hefðust við undir sama þaki. –Þetta er álitamál. Að vísu munu flestar deildir víðast vera undir sama þaki erlendis, en mentadeildir geta verið í háskólaheild, þó að sitt húsið hafi hver þeirra. –Svo er um nokkra háskóla erlendis, að ýmsar deildir þeirra eru sín í hverju húsi. –Nú eru hjer þrjár háskóladeildir, þó að ekki sjeu þær nefndar því nafni, það eru: prestaskóli, læknaskóli og laga-skóli. –Og nú er svo ástatt, að þessir þrír ædstu skólar landsins eru því sem næst húsnæðislausir. –Hinn almenni mentaskóli er í vönduðu húsi og vel viðunanlegu, þótt gamalt sje, enda er því prýðisvel haldið við. –Handa stýrimannaskólanum hefir verið reist allvandað skólahús; sama er að segja um gagnfræðaskólann á Akureyri og kennaraskólann í Reykjavík. –Allt öðru máli er að gegna um ædstu skóla landsins. Prestaskóli er haldinn í gömlu húsi, sem landið á. Það var í fyrstu íbúðarhús og er fornfálegt mjög, lágt til lofts og niðursökt. Í þessu húsi hefur skólinn tvær stofur til afnota; er önnur þeirra mjög lítil, en hin áföst við eldhús dyravarðar, innangengt á milli, og fyllist stofan daglega af matarlykt úr eldhúsinu. Afrensli frá húsi

¹²⁾ Alpt. 1909, A, 179-183.

Þessu hefur aldrei verið í lagi, enda safngryfja að húsabaki, mjög nærri húsvegg; en jarðvegurinn orðinn svo mettur af ýldu og ólyfjan, að það ber oft til, að megna rotnunarfýlu leggur upp úr jörðunni, upp um gólfin, og fyllir stærri kenslustofuna, sem veit inn að garðinum. En minni stofan er svo gólfköld, að kennarar segjast kólna upp að hnjám, er þeir sitja þar í frostum á vetrardag. —Læknaskólinn hefur á leigu hús nr. 25 í Píngholtsstræti. Þetta hús var áður jafnframt sjúkrahús, en nú hefur skólinn allt húsið. Það er ekki mjög gamalt, en viðhald á því hefur verið í versta ólagi, svo að húsið liggur undir stórskemmdum, er orðið gisið og kalt og ákaflega kolafrekt, enda eru ofnar ljelegir og af sjer gengnir. En skólinn verður að sætta sig við húsið eins og það er, hann á einskis annars úrkosta. Eigendur hússins hafa auglýst það til sölu, en ekkert boð fengið. Ef einhver vill kaupa það, verður það selt og læknaskólanum bygt út. Leigan er 1000 kr. —Lagaskólinn hefur tekið á leigu 3 stofur, 1 væna stofu, 2 smáherbergi, í húsi nr. 28 í Píngholtsstræti. Það hús er nýlegt og stofurnar vandaðar. En skólinn hefur ekki getað fengið þær til lengri tíma en eins árs. Má búast við, að sá skóli megi þannig hrekjast ár frá ári úr einu húsi í annað. Húsaleiga skólans er nú 360 kr. á ári. —Vjer erum þess fullvissir, að þing og þjóð hafa ekki í hyggju að gjöra þessum helstu skólum landsins til langframa lægst undir höfði. —Hvað sem líður stofnun háskóla, þá er víst, að það má ekki dragast, að veita þessum þrem skólum viðunandi húsnaði. —Vjer sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að þeir sjeu allir í einu húsi; teljum það miklu fremur vel til fallið, enda miklu ódýrara að reisa eitt hús stórt en mörg smá. —En ef hús er reist yfir þessa þrjá skóla, þá virðist oss sjálfsgagt, að hafa það svo stórt, að bæta megi við einni kenslu-deild; kenslu í heimspeki og íslenskum fræðum. —Það er því eindregin til-laga vor, að háskólahús sje reist svo fljótt sem verða má. —Vjer höfum íhugað hversu stórt það hús þurfi að vera, og teljum nauðsynlegt, að í því sjeu:

I. Handa *guðfræðisdeild*:

1 kenslustofa	10x10 álnir
1 —	6x 7 —
1 kennarastofa	6x 6 —
1 æfingastofa	6x 6 —

II. Handa *lagadeild*:

1 kenslustofa	10x10 álnir
1 —	6x 7 —
1 kennarastofa	6x 6 —
1 æfingastofa	6x 6 —



Jón Helgason, um skeið forstöðumaður Prestaskólans, síðar prófessor og biskup.



Guðmundur Björnsson, landlæknir og forstöðumaður Læknaskólans.

III. Handa *heimspekisdeild*:
(Heimspeki, íslensk fræði).

1 bogsalur	(amfibeater)	með sætum handa 300 áheyrendum
1 kenslustofa	6x 7 álnir	
1 kennarastofa	6x 6	—

IV. Handa *læknadeild*:

1 kennarastofa	10x10 álnir	
1 —	6x 7	—
1 kennarastofa	6x 6	—
1 geymslustofa	4x 5	— (fyrir lyfjasafn)
1 —	4x 5	— (fyrir verkfæri og kensluáhöld)
1 —	8x10	— (fyrir muni til afnota við kenslu í heilbrigðisfræði)

FORSAGA OG FRUMHUGMYNDIR

Í kjall- ara	2	–	8x12	–	hvor um sig (fyrir líkamshluti, heil- brigð líffæri og sjúk líffæri)
húss- ins.	1 vinnustofa		5x 6	–	er sje áföst við geymslustofurnar
	1 líkskurðarstofa		8x 6	–	
	1 líkstofa		3x 6	–	

V. *Fundasalur*, er rúmi 100 manns

VI. *Þvottþús* (Lavatorium), með vatnssalernum, þvagklefum, þvottaborðum o.s.frv.

VII. *Fatabúr* (fyrir yfirhafnir manna).

VIII. *Íbúð* handa umsjónarmanni.

IX. *Skrifstofa* handa háskólaritara.

Vjer álitum, að húsið megi ekki vera minna en hjer er til tekið. –Hver deild verður að hafa tvær kenslustofur, til þess að tveir kennarar geti unnið í einu. –Sú stærð á stofunum, sem hjer er nefnd, mun vafalaust nægja á næstu mannsöldrum. –Þó teljum vjer nauðsynlegt, að til sje einn stór kenslusalur. Það er hugsjón vor, að margri kenslu verði svo háttað, að alþýða geti fært sjer í nyt; hugsum vjer þar helst til heimspeki og íslenskra fræða; má og vel vera, að háskólakennarar í öðrum mentagreinum vili halda uppi kenslu fyrir alþýðu manna hver í sinni grein, teljum vjer það einkar æskilegt, því að vjer álitum, að háskólinn eigi að færast í það horf, er tímar líða, að veita sem víðtækastan fróðleik öllum þeim, er æskja meiri mentunar, en veitt er í hinum lægri skólum. Þess vegna förum vjer fram á, að til sje í háskólahúsinu einn stór kenslusalur, og finst oss sem hann megi ekki vera minni en svo, að hann rúmi 300 manns. –Vjer ætlum hverri deild sjerstaka kennarastofu, en ætlumst þá líka til, að sú stofa sje jafnframt bókaherbergi fyrir handbækur kennaranna. –Verklegar æfingar eru nú á dögum einn liður í lagakenslu og guðfræðiskenslu; er hvortveggja að ýmsan sjerstakan útbúnað þarf í þær stofur, sem til þess eru ætlaðar, enda taka æfingarnar venjulega lengri tíma en 1 stund í einu; þykir því jafnan óhentugt að hafa þær í stundakenslustofunum. –Læknadeildin þarf miklu meira húsrúm en hinar deildirnar, af því að þær er brýn þörf á mörgum geymslustofum fyrir ýms söfn og eiga þau jafnan þátt í að stækka; þær þarf einnig vinnustofur eins og nefnt er í áætluninni. Það er bót í máli, að margar stofur þessarar deildar mega vera í kjallara, ef hann er þur og bjartur. –Þá teljum vjer sjálfsagt, að í húsinu sje



Lárus H. Bjarnason, forstöðumaður Lagaskólans og síðar prófessor.

samkomusalur; þar skuli halda kennarafundi (háskólakennarafundi), þar megi halda ýmsar hátíðlegar samkomur, er varða þjóðfjlagið í heild sinni; þar megi gamlir háskólaborgarar, guðfræðingar, lagamenn, lækna- og málfræðingar halda fræðimannafundi. Vjer hyggjum nægja, að þessi salur rúmi 100 manns. – Íbúð verður að vera í húsinu handa þeim manni, er hefur umsjón á því. Og sjálfsagt verður, þegar fram í sækir, settur háskólaritari. Þessi tvö störf mætti ef til vill fela einum manni. – Af þessari áætlun má marka stærð hússins; gerum vjer ráð fyrir, að það sje gjört úr íslenskum steini og tvílyft. Fundarsalurinn og kenslusalurinn mikli mundi verða að ná til rjáfurs, en ella mundi nægja 5 álna hæð undir loft bæði á neðri og efri byggð, og hafa þar allar hinar minni kenslustofur og kennarastofur o.s.frv. Íbúð umsjónarmanns mætti vera í þakbyggðinni. Í kjallara mætti komast af með minni hæð undir loft, 4 1/2 alin, en góða birtu þarf þar í allar stofur læknadeildarinnar, einkum líkskurðarstofuna; ætti hún helst að vera í horni, og gluggar á tvo vegu. – Kjörboe húsameistari hefur nú gjört oss þann greiða, að líta á þessa áætlun og íhuga hvernig öllum þessum herbergjum og sölum verði fyrirkomið í einu húsi. Hann segir oss, að húsið muni verða því

sem næst 31,700 rúmálnir að utanmáli, kjallari talinn með. — Því næst höfum vjer grenslast eftir verði á rúmalin í nýjum vönduðum steinhúsum hjer í bæ. Hefur Kjörboe húsameistari tjáð oss, að bókhlaðan nýja sje 38,400 rúmálnir að utanmáli, og muni kosta 190,000 kr. Í þessu verði eru öll hitunaráhöld og loftrásarumbúnaður, og er hvorttveggja miklu vandaðra en í nokkru öðru húsi hjer á landi. Þess ber að geta, að landssjóður greiðir ekki þetta verð fyrir húsið, ekki nema 170—175 þús. kr.; en Kjörboe segir að hlutafjelagið „Völundur“ muni skaðast svo mikið á verkinu, að sannvirði hússins nemi 190 þús. kr. Verð á rúmalin í húsi þessu er á 4 kr. 95 aur. — Þá hefur bankastjóri, justitsráð Sighvatur Bjarnason góðfúslega skýrt oss frá stærð og verði Íslandsbanka. Það hús er einnig mjög vandað. Það er 16,915 rúmálnir og kostaði 98,000 kr., eða 5 kr. 79 aur. hver rúmalin. — Loks hefur herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson veitt oss vitneskju um hús Landsbankans. Það er um 17,500 rúmálnir, og kostaði 83 þús. kr. eða 4 kr. 75 aura hver rúmalin. Í þessu húsi eru veggir einhlaðnir, í hinum húsunum tvíhlaðnir, úthverfan úr íslenskum grásteini, innhverfan úr steiptum sandsteini. — Vjer ætlum, að háskólahús megi reisa fyrir líkt verð á rúmalin, sem raun hefur á orðið um bókhlöðuna. Og ef vjer setjum 5 kr. verð á rúmalin, þá ætti háskólahúsið eftir áætlun vorri, og útreikningi húsameistara að kosta 158,500 kr. Hinn mikli bogsalur, fyrir 300 áheyrendur, hleypir verði hússins upp að miklum mun. Ef honum væri slept, mundi húsið, að sögn húsameistara, geta orðið allt að 25,000 kr. ódýrari. Húsameistari segir og, að gerlegt muni að reisa húsið þannig, að þennan bogsal megi gjöra síðar, sem útbyggingu úr bakhlið hússins, en fullyrðir, að aldrei geti farið eins vel á því, að byggja í tvennu lagi; ef salurinn væri gjörður samtímis húsinu, þá sje miklu hægra, þó að hann standi út úr því, að gjöra alla herbergjaskípan sem hagkvæmasta; geti t. d. verið hagræði að láta salinn ná inn í sjálft höfudhúsið, eða hafa eitthvað fleira í útskotinu, en salinn einan. Hann segir og, að talsvert dýrara sje að byggja í tvennu lagi. — Vjer treystum því, að þing og stjórn verði oss sammála um, að vilja gjöra Reykjavíkúrháskóla svo úr garði, að hann verði ekki til þess eins að læra og prófa embættismaefni, heldur vinni sem mest að því að veita hverri uppvaðandi kynslóð þá mentun, sem lægri skólunum er ofvaxið að láta í tje. En stór kenslusalur er skilyrði fyrir slíku mentunarstarfi háskólans. — Vjer búumst við, að margir muni ætla, að vel megi hafa fundasal (hátíðasal) háskólans að kenslusal í þessum tilgangi. — En það væri óhentugt. — Fundarsalur fyrir 100 manns þarf ekki að vera stór. Þar þarf engin borð fram með bekkjum eða stólum. En hann ætti að vera vandaður; Hann ætti að prýða smámsaman með listaverkum íslenskra listamanna. — Kenslusalur fyrir 300 manns verður margfalt stærri; og hann má ekki vera ferhyrndur eða aflangur, þeir sem aftast sitja heyrja þá

ekki nógu vel, ef kennara liggur lágt rómur, og sjá ekki nógu vel, ef kennarinn dregur myndir á spjald, sýnir myndir eða hluti eða gjörir einhverjar tilraunir. Þessi salur verður að vera bogsalur með smáhækkandi sætum; þá verður fjarlægðin miklu minni milli kennara og þeirra, sem fjarst sitja; allir heyra betur og sjá betur til kennarans. Þess munu allir óska, að háskólahúsið verði reisulegt, svipmikið og svipfrítt. Teljum vjer því æskilegt, að húsameisturum sje boðið að keppa um gjörð hússins, og verðlaunum heitið þeim, er prýðilegastan gjöra uppdráttinn að smekkmanna dómi. Til þessa mundi ekki þurfa meira fje en nemi 1000 kr., og megi landsstjórnin veita 500 kr. verðlaun hæst, þá 300 kr., en lægst 200 kr. Skuli landsstjórnin og skipa dómendur til að dæma uppdrættina. — Af framangreindum ástæðum leyfum vjer oss virðingarfylst að leggja til, að fje verði veitt á fjárlögnum allt að 160 þús. kr., til að reisa háskólahús. — Vjer teljum þarflaust að veita jafnframt fje til innanstokksmuna; er hvorttveggja, að húsgjörðinni mun naumast lokið milli þinga, enda mundu skólarnir geta bjargast í fyrstu við þá innanstokksmuni, sem þeir eiga til. — Vjer leyfum oss að lokum að vekja athygli á því, að prestaskólahúsið ætti að geta selst fyrir allhált verð, líklega 20,000 kr. Húsið sjálft er að vísu gamalt og lítils virði, en lóðin er stór, og mjög vel fallin til verzlunar. — Til er og háskólasjóður, því fje var safnað á ofanverðri síðustu öld, og er sjóðurinn í vörslum Tryggva bankastjóra Gunnarssonar. Hefur bankastjórinn skýrt oss frá því, að sjóðurinn nemi nú 7542 kr.; leggur hann til, að þessi sjóður sje ekki hafður að eyðslufje, heldur haldið óskertum sem styrktarsjóð. Það teljum vjer og einkar æskilegt, og gjörum ráð fyrir, að sjóðurinn verði afhentur væntanlegri háskólanefnd, þegar háskóli er kominn á fót. Fylgir hjer með erindi frá bankastjóranum, þar sem hann gjörir grein fyrir hverjir helst hafa unnið að því að safna þessu fje. Er oss kunnugt um, að hann var sjálfur einn helsti styrktarmaður þessa fyrirtækis. — Hjer má geta þess, að gjafasjóður Hannesar Árnasonar, sem nú nemur um 60,000 kr., ætti að sjálfsögðu að falla til háskólans, og skipulagsskrá hans verða breytt áður langir tímar líða, í þá átt, að allir námsmenn geti notið styrks af þeim sjóði, og styrktíminn jafnframt stytur úr 4 árum í eitt ár. — Vjer gjörum ráð fyrir, að húsið verði reist á Arnarhólstúni, sem er eign landssjóðs; þar er það prýðisvel sett, og þarf að sjálfsögðu að ætla því allstóra lóð. — Ef ekki þykir fært sökum fjárskorts að reisa háskólahúsið þegar í stað, mætti ef til vill ætla skólanum húsnæði í efri bygðmentaskólans. Yrðu þá þeir tveir kennarar að flytja þaðan, sem nú búa þar.“

Þessi tillaga um háskólabyggingu komst ekki til framkvæmda, enda segir þegar í athugasemdum stjórnarinnar með fyrrnefndu frumvarpi til háskóla-



Alþingishúsið. Á neðstu hæð var Háskóli Íslands til húsa 1911–1940.

laga, að „vegna fjárhags landsins telur stjórnarráðið ekki fært að leggja að svo stöddu út í húsbyggingu handa háskóla, en býst við að hver deild háskólans verði að koma sjer niður á sínum stað fyrst um sinn eftir því sem hægt er.“

Háskóli Íslands tók síðan til starfa árið 1911, að fenginni fjárveitingu. Var hann settur við hátíðlega athöfn í sal Neðri deildar Alþingis, og hófst kennsla síðan um haustið. Deildir Háskólans voru aðeins fjórar, þ.e. Guðfræðideild, Læknadeild, Lagadeild og Heimspekideild, og voru embættismannaskólarnir þrír þá jafnframt lagðir niður. Söfnin höfðu þá, fyrir fáum árum, verið flutt úr Alþingishúsinu í hið nýja Safnahús við Hverfisgötu, og var nú það ráð tekið, að Háskólinn fengi það húsnæði í Alþingishúsinu (neðstu hæðina), sem losnað hafði af þessum sökum. Þeir stúdentar, sem settust í Háskólann haustið 1911, voru einungis 45 talsins, og voru þrengsli því ekki mjög til boga fyrsta kastíð, þótt húsnæði þetta væri ekki vel hentugt að öðru leyti.

Rögvaldur Ólafsson teiknar háskólabyggingu 1913 – Hugmynd um fjársöfnun í Ameríku

Af ýmsu má ráða, að þegar hinum nýstofnaða Háskóla Íslands voru fengin húsakynni á neðri hæð Alþingishússins, haustið 1911, hafi þar einungis átt að vera um bráðabirgðalausn að ræða í húsnæðismálum stofnunarinnar. Þótt sambúð þings og Háskóla stæði í hart nær þrjá áratugi, finnast heimildir fyrir því, að forsvarsmenn Háskólans létu, þegar árið 1913, gera teikningu af háskólabyggingu, sem standa skyldi á Arnarhólstúni, og að uppi voru athyglisverðar hugmyndir um að fjármagna þá byggingu með erlendu gjafafé.

Aðeins fáum mánuðum eftir að Háskólinn var stofnaður, eða í nóvembermánuði 1911, var rætt um húsnæðismál stofnunarinnar á fundi í háskólaráði. Í gerðabók ráðsins (sem varðveitt er á aðaskrifstofu Háskólans) segir svo í fundargerð 23. þess mánaðar: „Þá var . . . rætt um háskólabyggingu og þeim rektor og próf. Jóni Helgasyni falið að íhuga hver tók séu á að koma á fót húsi fyrir háskólann.“

Eigi verður nú séð af heimildum til hvers sú „íhugun“ leiddi fyrst um sinn, enda hefur tvímælalaust verið vandséð, hvar fjár ætti að afla til þessara hluta. Á fundinum 23. nóvember var að vísu einnig rætt um það, að leita þyrfti upplýsinga hjá *Tryggva Gunnarssyni*, bankastjóra, um hvað liði „Háskólasjóðnum“, sem fyrr var minnst á, og verður að ætla, að menn hafi rennt nokkru vonarauga til sjóðsins í þessu sambandi, en þegar sjóði þessum var skilað til Háskólans 18. ágúst 1912, var upphæð hans einungis kr. 5.694.02, sem hefði víst hrokkið skammt til stórframkvæmda.

Sumarið 1913 komst hins vegar nokkur skriður á þetta mál. Á fundi háskólaráðs 4. júní það ár var lagt fram bréf frá „próf. Carl Lorentzen, sem er svar upp á fyrirspurn frá próf. Birni M. Ólsen um væntanlega hjálp til



Björn M. Ólsen, fyrsti rektor Háskólans.

háskólabýggingar“ og var Birni M. Ólsen falið að svara bréfinu. Bréf þessi hef ég eigi getað fundið, en af því, sem síðar er rakið, má ráða í efni þeirra. 12. ágúst var þetta mál aftur til umræðu í háskólaráði, og er eftirfarandi þá bókað í gerðabók þess (rektor var ekki á fundinum):

„1. Varaformaður lagði fram bréf frá kanslara háskólans í New York með heillaóskum til háskólans og tilmælum um að láta umbjóðanda New York háskóla próf. Lorentzen, sem nú er hér staddur, upplýsingar úti um stofnun háskólans og ástæður hans.

2. Varaformanni var falið að svara bréfi þessu.

3. Samþykkt var, að kalla próf. Lorentzen á háskólaráðsfund til þess að fá nánari vitneskju um, hverra upplýsinga hann óskar.

Hann hefir látið í ljós, að hann mundi ef til vill geta stuðlað að því, að fé fengist í Vesturheimi til háskólabýggingar hér og í því augnamiði æskir hann þess, að sér yrðu látn í té a., yfirlýsing frá Stjórnarráðinu um það að hússtæði fengist á Arnarhólstúninu, b., glöggur uppdráttur af túninu, c., bráðabirgðaruppdráttur af háskólahúsinu með lauslegri kostnaðaráætlun.

Háskólaráðið samþykkti, að skrifa Stjórnarráðinu um málið viðvíkjandi hússtæðin, en fela húsameistara Rögnv. Ólafssyni að gera uppdrátt að húsinu og lauslega áætlun um kostnað við bygginguna.

4. Loks var samþykkt að halda prófessorunum Lorentzen og Heusler kvóldsamsæti, áður en þeir fara héðan af landi, ef nógu margir verða til þess að taka þátt í því.“

Enn er fundað um málið í ráðinu 14. ágúst (að rektor fjarstöddum) og segir í gerðabók:

„Próf. Lorentsen frá New York var staddur á fundinum og skýrði frá starfsemi sinni í þarfir „menningarsambandsins“ milli Vesturheims og Norðurlanda og lýsti yfir því, að hann þegar fyrir nokkrum árum (1910) hefði gert tilraun til að koma Íslandi inn í það samband og væri kominn hingað til þess að kynnst öllum málum vorum nánar. Óskaði, eins og þegar hefir verið bókað, að fá góðan uppdrátt af Arnarhólstúninu og bráðabirgðaruppdrátt af háskólahúsinu. Lýsti háskóladvöl stúdenta í Vesturheimi og taldi æskilegt, að stúdentabústaður (dormitory) væri reist í sambandi við háskólann hér. Óskaði loks, að háskólaráðið sendi háskólaráði New York háskóla yfirlýsingu um, að lóðin á Arnarhólstúni væri ákveðin til bygginga handa Háskóla Íslands. – Varaformaður þakkaði próf. Lorentzen og lagði einnig sérstaka áherslu á heimavistir við háskólann. Taldi einnig æskilegt, að isl. stúdentar gætu fengið styrk til að stunda nám við háskóla í Vesturheimi.



Guðmundur Hannesson, prófessor, sendi erindi til stjórnvalda um háskólabyggingu á Arnarhóli.

Skýrði loks frá ráðstöfunum háskólaráðsins (sbr. fundarskýrslu síðasta fundar).“

Pennan sama dag, 14. ágúst, ritaði varaforseti („varaformaður“) háskólaráðs, *Guðmundur Hannesson*, prófessor, Stjórnarráðinu út af þessu máli, og er það bréf nú geymt í stjórnarráðsskjöllum í Þjóðskjalasafni (Upphaflegt nr.: Stjórnarráð Íslands I., Dagb. 3, nr. 665). Hljóðar það svo:

„Með fyrverandi próf. C. Lorensen frá New York, sem er hjer staddur, hefur háskólaráðinu borist erindi frá háskólanum í New York, sem getur þess að próf. Lorensen fari í sínu umboði til Íslands til þess að kynnst háskóla Íslands, starfi hans og ástæðum öllum og er farið fram á að háskólaráðið láti honum í tje þær upplýsingar, er hann kynni að æskja eptir. Tilgangur þessa er sá, að koma Íslandi inn í þá samvinnu, sem tekist hefur milli Norðurlanda og Ameríku og láta það njóta að einhverju leyti góðs af því fje, sem amerískir auðmenn hafa gefið í þessu augnamiði, jafnvel komið til tals að reisa hjer háskólabyggingu. —Nú hefur próf. Lorensen leitað



Hannes Hafstein, ráðherra.

upplýsinga um það hvar háskólabýgging myndi verða reist ef til kæmi og hefur háskólaráðið skýrt honum frá því að ráðgjört hafi verið að það yrði á Arnarhólstúninu, norðan Hverfisgötu, neðan landsbókasafnsins. Hann telur stað þennan að öllu leyti ágætlega til þess fallinn, en óskar *yfirlýsingar stjórnarinnar* um það, að svæði þetta sje, að *svo miklu leyti* sem stjórnin ræður, fyrirhugað til þessa og annars *allt* Arnarhólstúnið norðan Hverfisgötu, ætlað háskólanum og öðrum opinberum byggingum og verði því ekki selt einstaklingum. — Jafnframt leyfi jeg mjer að fara fram á, að háskólaráðinu sje látin í tje eptirmynd af byggingaáætlun Kiørboes byggingameistara, yfir Arnarhólstúnið, því á henni var meðal annars sýnt hvar háskólinn yrði settur. Ef uppdráttur þessi er glataður, vill ráðið mælast til þess, að hann væri útvegaður á ný frá Kiørboe byggingarmeistara, sem nú er búsettur í Höfn og líklega á ennþá eptirrit af frummyndinni. — Mjög æskilegt væri það ef stjórnarráðið gæti sent háskólaráðinu svar fyrir 19. þ. m., áður en prófessor Lorensen fer hjeðan.“

Þessu bréfi svaraði *Hannes Hafstein*, ráðherra, um hæl eða 16. sama



Rögnvaldur Ólafsson, húsameistari, teiknaði háskólabyggingu árið 1913.

mánaðar (afrit með sama dagbókarnúmeri í stjórnarráðsskjölum og hið fyrrnefnda bréf, en frumbréfið fann ég ekki í skjölum Háskólans) og segir þar m. a., að umrædd spilda á Arnarhólstúni verði „eigi seld einstaklingum“ og í því sambandi vísað til fyrrnefndra laga frá 1905. Í þessu bréfi ráðherrans er einnig tekið fram, að „áætlun byggingameistara Kjørboes sé eigi í vörslum Stjórnarráðsins.“ Á fyrrnefnt bréf Guðmundar Hannessonar til Stjórnarráðsins hefur *Klemens Jónsson*, landritari, krotað, að „áætlun Kjørboes muni á sínum tíma hafa verið afhent þinginu og finnast þar,“ en plagg, sem sú lýsing geti átt við, finnst nú eigi í skjalasafni Alþingis, þar sem gerð var ítarleg leit að því. Á hinn bóginn fannst teikning Kjørboes með stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni, svo sem fyrr var getið.

Á fundi háskólaráðs 22. ágúst 1913 er gerð hin síðasta bókun um þetta mál, og segir þar:

„1. Varaforseti lagði fram uppdrátt húsameistara Rögnvalds Ólafssonar að væntanlegri háskólabyggingu. Hann gat þess jafnframt, að óhjákvæmilegt mundi að borga að einhverju leyti vinnuna við uppdráttinn.

2. Varaforseti gat þess, að ef háskólinn yrði byggður á Arnarhólslóðinni, gæti ekki komið til mála eins og fyrirhugað væri af hafnarnefnd, að hún fái kolabryggju og kolageymslupláss í grend við battaríð á svæði sem blasir við opinberu byggingunum og er svo að segja rétt hjá þeim. Lagði hann til, að háskólaráðið ritaði Stjórnarráðinu og benti á þetta. Var það samþykkt með 3 atkv. gegn 1.“

Hin síðasta ritaða heimild, sem ég hef fundið um mál þetta eða sem tengist því, er bréf, sem *Guðmundur Hannesson*, prófessor, ritar Stjórnarráðinu 23. ágúst 1913, svohljóðandi (sama dagbókarnúmer í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni og á hinum tveim fyrirnefndu bréfum):

„Eins og stjórnarráðinu er eflaust kunnugt er svo gert ráð fyrir, að við hafnargarðinn frá „battaríinu“ verði kolabryggja bæjarins og mun auk þess ætlast til að kolaverzlun hjer hafi birgðir sínar á Arnarhólstúninu nálægt battaríinu. Þá hefur og heyrst að á túninu neðanverðu ætti að byggja aðalstöð væntanlegrar járnbrautar og eimreiðaskála. — Nú er hinsvegar ákveðið með lögum, að spildan milli Hverfisgötu og Lindargötu skuli ætluð opinberum byggingum, háskóla o. fl. Þessari ráðstöfun verður tæplega breytt meðal annars af því landsbókasafnið er bygt á þessum stað. Þá er og tæplega um nokkurn stað að ræða, sem fegurri sje eða hentugri fyrir slíkar byggingar. — Þó algerlega væri farið eftir þessum fyrirmælum laganna og opinberum byggingum aðeins ætluð spildan milli Hverfisgötu og Lindargötu, þá virðist lítt samrýmanlegt að setja kolabirgðir beint fyrir framan slíkar byggingar þar sem annars blasir við hin fegursta útsjón yfir höfn og eyjar og ekki bætir það til að af kolum stafar ætíð ryk og hvers konar óhreinindi. Um eimreiðastöð er líkt að segja. Frá henni stafar ætíð reykur, gufa, skrölt og hvers konar hávaði. Þess munu ekki finnast dæmi að bókasafn, háskóli og aðaljárnbrautarstöð sjeu sett svo að segja hvað við hliðina á öðru og þaðan af síður kolabirgðir. — Þessar fyrirætlanir um opinberu byggingarnar (háskóla, bókasafn, stjórnarráðsbygging og safnahús) annarsvegar og eimreiðaskála og kolabirgðir hinsvegar sýnast algerlega ósamrýmanlegar. — Þá bætist og við annað þýðingarmikið atriði. Háskólaráðið hefur eftir tilmælum próf. C. Lorentzens látið gera bráðabirgðauppdrátt að háskólahúsi og stúdentahéimili fyrir 100 stúdentum. Háskólahúsið var ekki gert stærra en fyrirsjáanleg nauðsyn krefur. Það er þó mun stærra ummáls en safnahúsið. Stúdentahéimilið er að sjálfsögðu of stórt meðan flestir stúdentar stunda nám í Höfn, en með tímanum má líklega gera ráð fyrir að þetta breytist og þá mun ekki veita af að auka megi við húsið svo það rúmi 100 stúdentum. Slíkt hús verður ekki minna en Vífilsstaðahælið. Við þessar nánari athuganir á framtíðarbygg-

ingum á Arnarhólstúninu kemur það glögt í ljós að spildan milli Hverfisgötu og Lindargötu hrekkur ekki til ef byggingunum skal ekki þjappað óhæfilega saman. Það er lítill vafi á því, að eigi landið að hafa nægilegt svæði fyrir opinberar byggingar veitir ekki af Arnarhólstúninu norðan Hverfisgötu óskertu að öllu niður að sjó. – Háskólaráðið hefur á fundi 22. þ. m. falið mjer að vekja athygli stjórnarinnar á þessu, sjerstaklega kolabirgðunum. Því virtist nauðsynlegt að alt er að þessu lýtur væri vandlega athugað áður en hafnarsmið er lokið, hús byggð og leyfi gefin, því þá myndu allar breytingar kosta stórfje. Hinu bjóst háskólaráðið við, að hús „Timbur og kolaverzlunarinnar Reykjavík“ og kolabirgðir hennar ættu að hverfa er leigutíminn væri útrunninn.“

Í Árbók Háskólans fyrir háskólaárið 1912–13 segir þetta eitt um mál það, er hér var gert að umræðuefni:¹⁾

„Þetta sumar sendi *Háskólinn í New York* fyrir. prófessor Carl Lorentsen hingað í þeim erindum að kynnast háskóla vorum, starfi hans og ástæðum. Var þetta gert í þeim tilgangi, að háskólinn og land vort gæti að einhverju leyti notið góðs af gjöf Niels Paulsens og starfi því til að efla menningarsamband milli Norðurlanda og Ameríku, sem próf. Carl Lorentzen var hvatamaður að. Honum var látin í tje fræðsla í þessu efni eftir því sem föng voru til og Háskólanum í New York þakkað fyrir áhuga hans á vorum málum.“

Frumteikningar *Rögnvalds Ólafssonar*, húsameistara (sem á þessum árum var ráðunautur stjórnarinnar í byggingamálum) hafa eigi fundist þrátt fyrir mikla leit – m. a. í skjalasöfnum í New York, sem fram fór að beiðni minni fyrir milligöngu Utanríkisráðuneytis – en sú er þó bót í máli, að í fyrrnefndri ritgerð Vilhjálms Þ. Gíslasonar frá 1922 er birt mynd af framhlið byggingarinnar, eftir teikningu Rögnvalds,²⁾ sem hér er endurbirt, og þar er einnig að finna eftirfarandi lýsingu á háskólahúsinu samkvæmt hugmynd Rögnvalds:³⁾

„Gerði hann (þ. e. Rögnvaldur) ráð fyrir því, að háskólinn yrði reistur í einskona íslenskum bæjastíl, að sínu leyti svipuðum og nú er á Jóns Þorlákssonar húsunum svo nefndu í Reykjavík og á sveitabæjafyrirmyndum Guðm. Hannessonar og Raavad's. Þetta hús er ráðgert að eins fyrir skólann sjálfan, ekki stúdentabýli. Lengd framhliðarinnar var um 45 m og aðal hæðirnar

1) Árbók 1912–1913, bls. 23.

2) Eimreiðin 1922, bls. 232.

3) Tilv. rit, bls. 238–239.



Teikning Rögnvalds Ólafssonar af háskólabyggingu á Arnarhóli (framhlíð).

tvær. Á neðri hæðinni var anddyri, stórt, 4 kenststofur, 2 kennarastofur, skrifstofa, tvær tilraunastofur læknadeildar, salur (gegnum báðar hæðirnar) og nokkur önnur smáherbergi og inngangar. Á efri hæðinni átti að vera 1 kenststofa, 5 tilraunastofur og safnaherbergi læknadeildar, bókmentavinnustofa, 2 kennarastofur og 2 námsherbergi önnur.“

Er líklegt, að Vilhjálmur hafi á sínum tíma átt aðgang að viðhlítandi heimildum um þetta, en Rögnvaldur hefur líklega gert sérstaka teikningu af stúdentahæðinni, sem skýrt gæti ummæli Vilhjálms um það efni.

Nokkrar hugmyndir aðrar frá næstu árum

Teikning Guðjóns Samúelssonar frá 1914

Á námsárum sínum í húsagerðarlist mótaði *Guðjón Samúelsson*, síðar húsameistari ríkisins, frumhugmynd sína um háskólabyggingu í Reykjavík á teikningu, sem hann mun hafa lagt fram sem lið í prófraun við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, þar sem hann var við nám frá 1909–1919, með tveggja ára hléi í millum.¹⁾ Frumteikningu Guðjóns, sem hér um ræðir, hef ég ekki fundið þrátt fyrir mikla leit, m.a. í skjalasafni Listaháskólans í Kaupmannahöfn, sem fram fór að beiðni minni fyrir milligöngu Utanríkisráðuneytis, en svo vel vill til, að í fyrrgreindri ritgerð Vilhjálms P. Gíslasonar er birtur hluti þeirrar teikningar, þ. á m. framhliðin,²⁾ og eru myndirnar endurbirtar hér. Vilhjálmur gefur einnig eftirgreinda lýsingu á þessu háskólahúsi, eftir teikningu og hugmynd Guðjóns:³⁾

1) Ummæli um teikningu af háskólabyggingu sem prófraun Guðjóns má finna hjá tveimur mönnum, sem þekktu Guðjón vel, sbr. ræðu Sigurðar Nordals við vígslu háskólabyggingar 1940, Árbók Háskólans 1934–40, á bls. 68, og ummæli Jónasar Jónssonar frá Hriflu (líklega bókfest af Benedikt Gröndal) í ritinu „Íslensk bygging – brautryðjandastarf Guðjóns Samúelssonar“ (Rvík 1957) á bls. 117 og 127. Í Nýja-Dagblaðinu, 6. desember 1936, birtist viðtal við Guðjón Samúelsson um háskólabygginguna á Melunum, sem þá var í smíðum. Aðspurður um það, hve langt væri síðan hann fékk áhuga fyrir byggingarmáli Háskólans, sagði Guðjón: „Það er nú orðið nokkuð gömul saga. Árið 1914, eða þrem árum eftir að háskólinn var stofnaður, gerði ég í akademíinu í Kaupmannahöfn uppdrátt að íslenskri háskólabyggingu. Ég kynnti mér allar erlendar fyrirmyndir, sem ég gat náð í, og fékk auk þess frá einum góðvini mínum við háskólann lýsingu á því hve mikils húsrúms þyrfti með...“ Guðjón getur þess ekki þarna, að um prófverkefni hafi verið að ræða. Í fyrrnefndri grein sinni árssetur Vilhjálmur P. Gíslason þessa teikningu við 1915, en réttara þykir hér að miða við það ártal, sem Guðjón nefnir sjálfur (sé það réttilega haft eftir honum í blaðinu). Sé við það miðað, að um prófverkefni hafi verið að ræða, hefur það einungis verið áfangaverkefni í námi Guðjóns, því að hann útskrifaðist ekki úr Listaháskólanum fyrr en 1919, svo sem fyrr getur.

2) Eimreiðin 1922, bls. 242–243.

3) Tilv. rit, bls. 240.




Guðjón Samúelsson, síðar húsameistari ríkisins, gerði drög að háskólabyggingu þegar á námsárum sínum.

„Er framhlið þess húss áætluð um 50 metra löng og húsið um 10 m breitt, nema tvær álmur, um 10 m. langar, út úr því við sitt hvorn enda, og þriðja álman, eða útbyggingin, aftur úr því miðju, um 20 m. löng og c. 16 m. breið. Átti þar að vera hátíðasalur skólans og anddyri hans. Annars áttu að vera á 1. hæðinni, auk ganga o. sl., stór fyrirlestrasalur, bókasafn (og lesstofa), 3 kenslustofur, skrifaraherbergi og 2 kennarastofur, en á stofuhæðinni 2 kenslustofur, 8 tilraunastofur o. fl.“

Vilhjálmur getur þess og, að gert hafi verið ráð fyrir því, að byggingin „stæði við Tjarnarendann sunnanverðan, austanmegin, andspænis skemmtigarði þeim, sem var ráðgerður endur fyrir löngu.“

Hugmynd Einars Jónssonar

Frá svipuðum tíma mun vera hugmynd *Einars Jónssonar*, myndhöggvara, um stórhýsi fyrir háskóla, sem Vilhjálmur Þ. Gíslason birtir einnig mynd af í



Teikning Guðjóns Samúelssonar af háskólabýggingu frá 1914. Hús þetta hugsaði hann sér við suð-austurenda Tjarnarinnar. Efri myndin sýnir framhlið hússins, en sú nedri þverskurð af útálmú hússins með hátíðarsal.

Eimreiðargrein sinni⁴⁾ og sem geymd er í Listasafni Einars í Reykjavík. Þessari hugmynd Einars, sem Vilhjálmur ársetur 1914–1917, er svo lýst í grein Vilhjálms:⁵⁾

„Á uppdrættinum sést að eins framhliðin, aðalhliðin, en húsið, eða húsagarðinn, á að reisa í jafnhliða ferhyrningi, og komi 5 turnhús, eins og á myndinni sjást, á hvert hornanna. En milli þeirra eru hliðarnar með ýmsu sniði, og fæst í rauninni ekki fullkomin hugmynd um það, hvernig byggingin í heild sinni er hugsuð, nema þær sjáist allar, ásamt grunnflatarteikningunni,

4) Á bls. 237.

5) Á bls. 240.




Einar Jónsson, myndhöggvari, gerði útlits-
teikningu af háskólabyggingu á árunum
1914–1917.

Þó þess sé, því miður, ekki kostur hjer að sýna það. Þessi bygging á að standa hátt í Skólavörðuholtinu, og er þar bæði háskóli og stúdentabýli, og sömuleiðis íbúðir fyrir kennara. Eru íbúðarherbergin einkum í turnhúsunum, en kenslustofur, fyrirlestrarstofur, tilraunastofur fyrir allar deildir, bókastofur, lestrarstofur, kennarastofur, söngstofa, íþróttasalir, borðsalir, gangar og hvelfingar ýmsar í hinum hlutunum, og auk þess stór og hár hátíðasalur í aðalhúsinu og borðstofur, eldhús, búr o. sl. í sambandi við íbúðirnar. Gardar eru einnig ráðgerðir í sambandi við þetta hús. Og eins og nokkuð má sjá af upprættinum, er einnig ætlast til þess, að það verði margvíslega myndskreytt, bæði utan og innan.“

Hugsýn Raavads

Danskur arkitekt, *Alfred Raavad* að nafni, elsti bróðir Thors Jensens útgerðarmanns í Reykjavík, en búsettur í Ameríku, dvaldist hérlendis um nálega eins árs skeið 1915–1916 og ritaði síðan bók um íslensk málefni



Hugmynd Einars Jónssonar að háskólabyggingu.

o. fl., er hann nefndi „De danske rigslande. Nationalt program for et større Danmark“ (Khöfn 1916). Þar birtir hann m. a. þá hugsýn sína, *að í framtíðinni eigi að reisa háskólabyggingu og aðrar opinberar byggingar á Öskjuhlíð*. Um Öskjuhlíðina segir hann í þessu sambandi:⁶⁾

„Jeg . . . vil . . . henlede opmærksomheden på denne topografiske fremtoning i Reykjavíks umiddelbare nærhed. Foruden den historisk-ethiske interesse, som knytter sig til disse høje, har de en anden, måske endnu vigtigere værdi, som vil blive åbenbar, såsnart byen kommer til besindelse med hensyn til sin fremtidige udvikling . . . Men når den dag kommer, så vil Öskuhlid højene, som nu hærges så rædsomt være ombyggede med by kvartaler, og det egentlige befolknings centrum nærme sig til disse høje med stærke skridt. Der er nogen tendens til udvidelse henimod „Løgarne“, de varme kilder, som bruges til vask og badning, og Ellida åen i øst, men den egentlige udvidelse vil blive mod syd, hvor den i tidens løb vil mødes med den smukke lille by Havnefjord. Jo før man kan indse dette og lette udviklingen ved at fastslå denne retning, des bedre vil det være for byens vækst og rolige fremtid: og denne retning kan fastslås ved at lægge planer for

6) Tilv. rit, bls. 120–121.

Øskuhlids benyttelse for de offentlige bygninger, som landets udvikling vil forlange plads for i hovedstaden. Den mindre af Højene skulde reserveres for rigs forfatningens Islandsborg og for en ny domkirke, medens den større skulde reserveres for universitet med landshospital og botanisk Have. Ingen af disse byggeplaner kan realiseres i den nærmeste fremtid, men om en menneske alder, når de bebyggede arealer have passeret disse høje, under væksten syd på mod Havnefjord, så vil flere af disse – om ikke alle af dem – være modne til udførelse, og når da befolkningen har vænnet sig til at se det kommende by centrum i disse høje, vil store værdier være vundne og store skridt gjorte mod anlæget af en virkelig og respektabel hovedstad og velhavende handelstad, værdig beliggenheden på den nordlige fremtids-rute over Atlanten.“

Í öðru riti, er *Raavad* gaf út um íslensk málefni og nefnist „Íslensk húsagerðarlist – Islands Architektur“ (Khöfn 1918), segir hann einnig:⁷⁾

„Alþjóðarbyggingar í Reykjavík, þær er reistar hafa verið af húsasmiðum frá Khöfn, geta ekki stutt neitt að ráði að þróun innlends byggingarsniðs. Alþingishúsið hefir að vísu nokkura þýðingu, af því að til þess er notað landsins eigið grjót, en það gefur enga leiðbeiningu, sem notandi sje, um byggingar-listfengi. Landsbókasafnið er mjög snotur bygging og það fer mjög vel á því, eins og því er komið fyrir í bænum, en stíll þess er víst of ítalskur, til þess að það geti haft nein góð áhrif. –Latinuskólann má hinsvegar skoða sem gimstein, bæði að því er snertir samband við fortíðina og listfengi, og ætti því að hafa meiri áhrif, en hann er of einstakur í sinni röð og fjarri öllu nýtískubraskinu. Þar með er næstum alt talið, sem til er í Reykjavík af heldri byggingum. En því fremur tekur maður eftir þeim sem vanta. Reykjavík á ekkert ráðhús. Alþingishúsið er reist á grundvelli hins íslenska stjórnarfars, eins og það var 1874, þegar hin fyrsta stjórnarskrá var veitt; og landshöfðingjahúsið, sem nú er stjórnarráðshús, er ekki sjerlega hæfilegt stjórnarhús fyrir Ísland, svo mikla sjálfstjórn sem það hefir. Það vantar „landsborg“, sem í líkingu við „Kristjánsborg“ í Khöfn gæti húsað öll stjórnarvöld landsins hin æðstu, alþingi, dómstól, ráðherra og konung. Hinn nýstofnaði háskóli verður að hafa sitt eigið hús, og sama er að segja um landsspítala, sem í ráði er að byggja. Öll þessi ætlunarverk sýna og sanna, að þróun í byggingarlistinni verður að koma sem fyrst, og að safna verður einkum öllum þjóðlegum fyrirmyndum og fullkomna þær svo, að einkenni þeirra fái að njóta sín til hlítar.“

7) Tilv. rit, bls. 5–6.

Tillaga frá 1917 um viðbyggingu við Alþingishúsið í þágu Háskólans og um stúdentagarð – Teikning Guðjóns Samúelssonar

Líklegt er, að ófriðurinn, sem skall á 1914, hafi átt sinn þátt í því, að háskólahús var eigi reist á Arnarhóli eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar frá 1913, sem fyrr var getið, því að þá hafa samskiptin við Bandaríkjamenn orðið örðugri og þeir haft um annað að hugsa í bráð en stuðning við byggingu háskóla í öðrum löndum! Hér innanlands hefur a. m. k. ekki verið tiltækt fé til slíkrar byggingarframkvæmdar.



Árið 1917 fæðist hins vegar ný hugmynd um lausn á húsnæðisvandkvæðum Háskólans og stúdenta. Á fundi háskólaráðs 24. mars það ár er eftirfarandi bókað:

„Rektor vakti máls á því að húsnæði háskólans væri ófullnægjandi einkum er frá liði og auk þess bæri brýna nauðsyn til þess að sjá stúdentum fyrir boðlegum samkomustað. Samþykkt var að kjósa 3 menn til þess að athuga þetta mál og undirbúa svo sem tiltækilegt þykir. Kosnir voru Haraldur Niels-son, Guðmundur Hannesson og Ágúst Bjarnason.“

Þessi þriggja manna nefnd brást vel og rösklega við og sendi eftirfarandi bréf „til forseta og Fjárveitinganefnda Alþingis“:¹⁾

„Með stofnun Háskóla Íslands hefir Alþingi að vísu stigið mikið menningar og sjálfstæðisspor, en jafnframt tekist allmikinn vanda á hendur: að sjá fyrir því, að mentun og menning stúdenta, sem stunda nám við háskólann, verði eigi lakari en gerist í öðrum löndum. Skal hjer aðeins minst á tvö


1) Bréfið er dagsett 10. júlí 1917 og er varðveitt í skjalasafni Alþingis.



Teikning Guðjóns Samúelssonar af viðbyggingu við Alþingishúsið í þágu Háskólans. Viðbygging átti að koma vestan við Alþingishúsið, á svonefndri Friðriksenslóð. Svo sem sjá má, átti viðbyggingin að ná til suðurs í áttina að Tjörninni, en fyrir enda hennar hugsaði Guðjón sér stórbyggingu við Vonarstræti, og átti þar að vera stúdentagarður.

atriði, sem brýna nauðsyn ber til að hugsað sje fyrir svo fljótt sem efni og ástæður leyfa.

1) Ein brýnasta þörfin er sémilegt húsnæði fyrir kensluna. Nú er það af svo skörnum skamti, að bersýnilega er slíkt ekki til frambúðar. Meðal annars er brýn þörf fyrir eina stóra kenslustofu, þegar haldnir eru fyrirlestrar um sögu Íslands eða önnur fræði, sem margir hlýða á. Bækur og önnur söfn háskólans hafa nálega ékkert húsnæði sem stendur. Þá verður ekki sagt að húsnæði fyrir ókeypis lækningar, Röntgenstofnun og rannsóknarstofu fyrir líffærameinafræði sje til frambúðar. Er þetta að eins nefnt sem dæmi. — Það mun hafa vakað fyrir flestum er háskólinn var stofnaður, að komið yrði upp sjerstakri háskólabyggingu áður langir tímar liðu og hafði henni verið ætlað hússtæði á Arnarhóli. Sjerstök atvik voru þess valdandi, að Rögnvaldur heit-



inn Ólafsson gerði uppdrátt af fyrirhugaðri háskólabýggingu, sem ætlast var til að stæði á Arnarhóli. Það kom þá í ljós, að slík bygging, ef hún átti að verða bæði sómasamlega útlítandi og svo stór, að til frambúðar væri, hlyti að verða bæði furðu stór og mjög dýr, enda er slíkt ekki að undra eftir því húsrúmi sem slíkar stofnanir erlendis þurfa. Þessi athugun á húsbyggingarmálinu varð því öllu frekar til þess að sannfæra oss um, að æskilegt væri af fjárhagslegum ástæðum, að komast hjá því, fyrstu áratugi að minnsta kosti, að byggja sjerstakt hús fyrir háskólann, nema því að eins, að svo kynni að vilja til, að honum áskotnaðist fje að gjöf í þessu augnamiði. Það er eigi aðeins að ræða um stórfje til þess að koma byggingunni upp, heldur hlyti slík bygging, hirðing hennar, upphitun o. þvl. að kosta mikið á ári hverju. – Sem stendur er húsnæði háskólans afaróðýrt, um lítið annað að gera en að alþingishúsið er notað mestan hluta árs í stað þess að standa autt milli þinga. Og húsakynnin eru að mörgu leyti góð, það sem þau hrökkva. Ef ganga mætti að því vísu, að þau yrðu smámsaman aukin eftir því sem nauðsyn krefur, þá virðist mega vel við það una, að háskólinn hafi framvegis húsnæði í alþingishúsinu, og væri það stórfje, sem sparaðist með þessu lagi. – Ef

hallast er að þessu ráði, er það óumflýjanleg afleiðing, að tryggja verður landinu nauðsynleg húsastæði hjá alþingishúsinu í tæka tíð, svo að auka megi húsnaðið á sínum tíma afarkostalaust. Er hjer eigi að eins að ræða um þarfir háskólans, heldur engu síður Alþingis, sem þarfnast meiri húsakynna, áður langir tímar líða. — Nokkuð hefir þegar verið gert í þessa átt, er hús og lóð Halldórs heitins Friðrikssonar var keypt. Ef vel er á lóðinni haldið, fæst allmikið húsrúm, hvort heldur sem er handa Alþingi eða háskóla. Þó er það víst, að hversu sem lóð þessi verður hagnýtt, þá nægir hún ekki til langframa. Hún myndi jafnvel reynast allsendis ónóg til þarfa háskólans, hvað þá heldur bæði Alþingis og hans. Er þetta hverjum manni auðsætt, sem athugar málið, svo óþarft er að fara um það fleiri orðum. — Umhverfis alþingishúsið er svo lóðum hagað, að eigi er um aðra hentuga lóð að gera, er bæta mætti við, en lóð Good-templara, sem samkomuhús þeirra er bygt á. Er það allstór lóð, sem myndi langdrægt nægja til þess að bæta úr öllum þörfum um marga áratugi í sambandi við þá lóð, sem landið á nú. Vill svo vel til, að því er oss hefir verið skýrt frá, að Templarar fengu lóð þessa upphaflega með því skilyrði að *flytja hús sitt burtu*, ef Alþingi þyrfti á lóðinni að halda. — Oss virðist því brýn nauðsyn bera til að fara þess á leit við Alþingi, að með öllu sje girt fyrir það, að lóð þessi verði fest á nokkurn hátt, sem gæti orðið því til fyrirstöðu, að taka mætti hana til afnota fyrir landið eða háskólann. Sje þetta vanrækt, hlýtur afleiðingin að verða sú, að byggja verði sjerstaka háskólabyggingu eða sjerstakt þinghús áður mjög langir tímar líða. — Þá virðist það og orðið óhjákvæmilegt, að húsakynni þau, sem dyravörður hefir haft, sjeu lögð til háskólans.

2) *Húsnaði stúdenta*. Engum getur dulist það, að stúdentar, sem stunda hjer nám, eru að ýmsu leyti ver settir en fjelagar þeirra erlendis. Við því verður ekki gert, að í smábæ eins og Reykjavík eru menningarstraumar og menningaráhrif ólík því sem gerist í stórborg; en auk þessa búa stúdentar hjer við ólíkt lakari kost en erlendis. Þeir njóta þar mjög ríflegs styrks (840 kr. á ári, hjer 150 kr. að meðaltali), hafa auk þess ókeypis húsnaði og hita í góðu stúdentahemili (Regensen), þar hafa þeir góðan lestraral, mörg tímarit, söngstofu, bókasafn og önnur menningartæki, en auk þess er mjög vel sjeð fyrir öllu fjelagslífi meðal stúdenta. Þeir hafa t. d. tvö stór og vönduð samkomuhús með ágætum búnaði. Hjer er þar á móti, enn sem komið er, ekkert í hagin búið fyrir menningu stúdenta að öðru leyti en kenslan í skólastofunum. Stúdentar verða að leita sjer húsnaðis í bænum, sem bæði vill verða dýrt og misjafnt, hafa engin tæki til neins fjelagsskapar, enga lestrarstofu, samkomuhús eða annað athvarf, nema hvað Alþingi leyfði þeim góðfúslega afnot af Kringlu einn vetur. Varð það til þess að þeir stofnuðu lestrarfjelag, sem lagðist niður síðasta vetur, er Kringlu var lokað. —

Vjer álitum, að þetta ástand hafi ill áhrif á allan andlegan þroska stúdentanna, sem komi síðan niður á þjóðinni er þeir verða embættismenn. Sje því full þörf að athuga í tíma, hversu úr því verði bætt. Almennur andlegur þroski stúdentanna er engu minna virði en sjerfræðisnám þeirra. — Langálitlegasta ráðið til þess að bæta allan hag stúdentanna virðist oss vera *bygging stúdentahéimilis*, þar sem stúdentar hafi eigi aðeins húsnæði heldur einnig lestrarstofu, samkomusal og aðrar nauðsynjar. Mjög hagfelt myndi það og vera, að þeir gætu haft þar sameiginlegt mótuneyti; teljum það óefað að skólakostnaður yrði stórum minni á þann hátt, eftir því sem raun hefir orðið á við Akureyrarskólann, og gætti þess þá minna hve mikill er munur á námsstyrk hjer og erlendis. Ef slíkt stúdentahéimili, sem vjer hugsum oss með líku fyrirkomulagi og er á Garði í Kaupmannahöfn, ætti að rúma allan þorra stúdenta (40—50) yrði það allstór bygging, sem ekki kæmist af með öllu minna hússtæði en Templaralóðina, sem væri fyrir margra hluta sakir ágætlega fallin til slíks, ef háskólanum er ætlað húsnæði til langframa í Alþingishúsinu. — Til þess að skýra málið betur hefir Guðjón Samúelsson, byggingafræðingur, sýnt oss þá velvild að gera uppdrátt að slíku stúdentahéimili, er stæði á Templaralóðinni. Má af honum sjá stærð og alla tilhugun slíkrar byggingar. Er auk þess markað fyrir allstóru húsi, sem Alþing eða landstjórn gæti hagnýtt sjer. — Eftir því sem nú horfir í svipinn með byggingarefni o. fl. höfum vjer álitið það þýðingarlaust að láta gera kostnaðaráætlun, en viljum að eins benda á, að húsaleigustyrkur sá, sem Alþingi veitir nú, og fjelli að sjálfsgöðu niður er stúdentahéimili yrði bygt, (4000 kr. á ári) svarar til 80.000 kr. eitt skifti fyrir öll, ef vextir eru taldir 5%, að ef til vill gæti háskólasjóður (sem öll gjöld frá stúdentum renna í) lagt til nokkurn skerf, að gjafir eða önnur fjársöfnun myndu einnig geta orðið nokkur styrkur og auk þess engin frágangssök þó stúdentar gildu nokkra húsaleigu. Að öllu athuguðu virðist ekki örvænt um það, að hrinda mætti þessu máli í framkvæmd, áður langt um líður. Í svipinn ríður mest á því, að lóðin sje trygð svo sem fyr er tekið fram. — En áður en þetta kæmist í framkvæmd, gæti komið til mála að byggja *nýtt hús á lóð Halldórs heitins Friðrikssonar*. Er hús það, sem á lóðinni stendur, lítt nothæft og verður ekki lengi dregið að reisa það á ný eða rífa. Ef til þessa kæmi, áður en kostur væri á að byggja stúdentahéimili, væri það mikil bót til bráðabirgða, ef háskólinn fengi þar aukið húsrúm í þarfir stúdenta. Sem stendur hefir hann nú neðri hæð hússins til afnota fyrir ókeypis lækningar. Vjer sendum uppdrátt að nýju húsi, viðauka við Alþingishúsið, sem sýnir hversu lóð þessa mætti nota í þarfir Alþingis og háskóla. Er ætlast til að mestalt húsið gangi til þarfa Alþingis, en tvær hæðir norðantil ætlaðar háskólanum og stúdentum (herbergjaskipun að eins sýnd í þeim hluta). Að sjálfsgöðu gæti slík endurbót ekki komið að svipuðum notum og

gott stúdentahéimili, en mikilsverð væri hún þó fyrir alt fjelagslíf þeirra og nokkur sparnaður, er þeir gætu átt þar kost ódýrari smávegis veitinga (kaffi, smjör og brauð, óáfengir drykkir) en þeir fá á veitingahúsum. –Ef ekki verður talið fært að ráðast í neinar nýbyggingar, viljum vjer fara þess á leit, að *stúdentar fái sem bezt athvarf í Alþingishúsinu sem kostur er á*. Verður þá sjerstaklega að tala um afnot af Kringlu, sem annars stendur auð milli þinga. Kom það í ljós þennan eina vetur, sem stúdentar höfðu þar athvarf, að þeir fóru vel með húsið, sem var skoðað á undan og eftir. Svo myndi og verða framvegis. Ef hentara þætti, gæti og komið til tals að leyfa þeim að hafa lestrarstofu í lestrarsal Alþingis. Hvort heldur sem væri, ætti það að vera landinu kostnaðar- og meinfangalítið. Hitt verðum vjer að telja algerlega óviðunandi, að stúdentar hafi *hvergi* athvarf, hvorki fyrir neitt fjelagslíf og heldur ekki einu sinni í frítímum milli kennslustunda. Þó slíkt hafi tíðkast fyr erlendis, þá er nú öldin önnur, enda vafalaust, að það hefir ill áhrif á allan andlegan þroska og menningu þeirra.

Vjer leyfum oss því virðingarfylst að fara þess á leit við Alþingi:

1) Að háskólanum sjeu, meðan ekki verður ráðist í neinar nýbyggingar, *leyfð afnot af Kringlu eða lestrarsal Alþingis milli þinga* handa stúdentum.

2) *Að húsakynnum þeim, sem dyravörður hefir haft til afnota, sje bætt við húsnæði háskólans.*

3) *Að lóð sú, sem Templarar ráða nú yfir, sje trygð landinu til afnota.*


4) Að svo fljótt sem ástæður leyfa, sje *komið upp stúdentahéimili* með svipuðu fyrirkomulagi og uppdrættir þeir sýna, sem vjer látum fylgja.

5) Að svo framarlega sem nýtt hús verður byggt á lóð Halldórs heit. Friðrikssonar, áður en tiltök þykja að byggja stúdentahéimili, *þá verði háskólanum ætlaðar tvær hæðir af húsi því til afnota á norðurhlíð þess.*



Að öðru leyti bera uppdrættir hr. Guðjóns Samúelssonar, sem hann hefir lagt mikla alúð við að gera sem bezt úr garði, það ljóslega með sjer, hvernig vjer höfum hugsað oss hagnýting lóðar þeirrar, er liggur að Alþingishúsinu. Vjer álítum að uppdrættir þessir, sem eru enn eign Guðj. Samúelssonar, sjeu svo mikils virði, að rjettast væri að landið keypti þá af honum. Að öðrum kosti verðum vjer að beiðast þess, að þeir verði oss endursendir.“

Þessi tillaga um byggingamál til hagsbóta fyrir Háskólann hlaut engar undirtektir á Alþingi.

Guðjón Samúelsson starfaði hér í Reykjavík í námshléi frá Listaháskólanum í Kaupmannahöfn, er hann gerði teikningu þá af viðbyggingu við Alþingishúsið og af stúdentagarði, sem frá er greint í fyrrnefndu bréfi. Teikningar hans voru festar upp í lestrarstofu þingmanna í Alþingishúsi og



Í aprilmánuði 1918 teiknaði Guðjón Samúelsson „Alþýðufyrirlestrahús“ handa Stúdentafélagi Reykjavíkur. Á þeim árum, og bæði fyrir og síðar, gekkst Stúdentafélagið fyrir fróðlegum og vekjandi fyrirlestrum um fræðileg efni og þjóðmál, sem voru yfirleitt vel sóttir, en fast húsnæði til þessarar starfsemi eignaðist félagið aldrei. Háskólakennarar fluttu m.a. iðulega fyrirlestra á vegum félagsins og e.t.v. má segja, að fyrirlestrahald þetta hafi verið eins konar vísir að „opnum háskóla“ fyrir daga hinna nýrri fjölmiðla. Þetta hús hefði vafalaust gegnt mikilvægu hlutverki í menningarlífi Reykvíkinga, ef byggt hefði verið. Sennilega hefði hugmynd um sérstakt fyrirlestrahús ekki komið fram á þessum tíma, ef háskólabýgging hefði þá verið komin upp eða fyrirsjáanleg, því að þar hefðu fræðandi fyrirlestrar fyrir almenning á vegum Stúdentafélagsins, sem og annarra aðilja, sjálfsagt verið haldnir, sbr. hlutverk háskólabýggingar í því efni eftir 1940. Árið 1918 hafði Guðjón Samúelsson þegar gert drög að sérstakri háskólabýggingu, sem ekki fékk undirtektir, og að viðbyggingu við Alþingishúsið, í þágu



Háskólans, sem þá var einnig ljóst, að ekki yrði reist. (Frá „Kunstakademiets bibliotek – Samlingen af arkitekturtegninger“ í Kaupmannahöfn).

voru þar til sýnis allan þingtímann.²⁾ Frumteikningar þessar finnast nú ekki þrátt fyrir mikla leit, en myndir af þeim eru birtar í ritinu „Íslensk bygging – brautryðjandastarf Guðjóns Samúelssonar“ eftir Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal (Rvík 1957), á bls. 28–29. Sést þar, að Guðjón hefur undirritað teikningarnar í júní 1917. Eru þessar myndir birtar hér eftir fyrrgreindu riti.

Þessari hugmynd Guðjóns lýsir Vilhjálmur Þ. Gíslason svo í fyrrnefndri ritgerð sinni:³⁾

2) Sbr. Guðni Jónsson, Saga Háskóla Íslands, bls. 216.

3) Tilv. rit, á bls. 239. Á bls. 234 birti Vilhjálmur einnig mynd af hluta teikninganna.

„Átti þá að reisa nýtt hús, þar sem nú stendur goodtemplarahúsið, og tengja það við alþingishúsið vestanvert, eða nýtt hús, sem reist yrði þar við, á Halldórs Friðrikssonar lóðinni svo nefndu, með tveimur álmum, annari vestur á norðurenda templaralóðarhússins, og skyldi hún mæta hinnu, suður og síðan vestur úr H. F. húsinu. Myndaðist þannig allmikil húsaröð af þessum álmum, og þrír garðar á milli, alþingisgarðurinn, sem nú er, og tveir aðrir. Nýja byggingin á goodtemplaralóðinni átti að verða um 30 og 25 m. á lengd hvor hliðin, reist í horn við Templarasund og Vonarstræti, og um 10 m. breið, og einn garðurinn svo inn á milli álmanna. En húsið á H. F. lóðinni átti að vera um 15 m. út að Kirkjustræti, en álman suður úr því um 26 m. Á stofuhæð stóra hússins, stúdentabýlisins, áttu að vera auk fordyra, ganga o. sl., 12 stúdentaherbergi og íbúð fyrir einn háskólakennara (umsjónarman), 5 herbergi, eldhús og anddyri. Á næstu hæð þar fyrir ofan átti að vera stór lestrarsalur og 17 stúdentaherbergi. Á þriðju hæðinni áttu enn að vera 11 stúdentaherbergi, eða alls 40 í húsinu, og hátíðasalur, og nokkur smáherbergi. En í kjallara átti að vera eldhús, búr, stór þrískiptur borðsalur, baðhús, leikfimissalur, geymslur, dyravarðarbústaður o. sl. Þetta er þó að eins í aðalhúsinu, en milliálmurnar eru ekki „innréttaðar“ á uppdráttunum. Í H. F. húsinu áttu á stofuhæðinni að vera 5 tilraunastofur læknadeildar og biðstofa. Á 1. hæðinni þar átti einnig að vera eldhús, veitingastofa, bókastofa, lestrarstofa og 1 stofa að auki, og á 2. (súðar) hæð 4 herbergi.“

6

Bréf og hugmyndir frá því um 1920 – Fjársöfnun til stúdentagarðs hafin

Opinber umræða eða tillögugerð um byggingarmál Háskólans virðist nú hafa legið niðri um stund, en næst gerist það, að þáverandi rektor, *Sigurður P. Sívertsen*, ritar bréf um það efni til Stjórnarráðsins 19. janúar 1920 eftir ályktun háskólaráðs:¹⁾

„Pegar Háskóli Íslands var stofnaður og fjekk húsnæði í Alþingishúsinu, mun flestum hlutaðeigendum hafa verið nokkurn veginn ljóst, að húsnæði þetta væri með öllu ófullnægjandi og að eins unt að notast við það til bráða- birgða. Kom sumum til hugar, að gjörlegt væri þó að notast við Alþingis- húsið framvegis sem húsnæði bæði fyrir þing og háskóla, með því móti, að bygt væri á lóð Halldórs yfirkennara Friðrikssonar viðbótarbygging, sam- einleg bæði fyrir þing og háskóla. En reynsla sú, sem fengin er þessi ár, sem háskólinn hefir starfað í þessu sameiginlega húsnæði, bendir ótvírætt í þá átt, að ekki sje unt að sameina þing og háskóla í þessu sama húsi, þótt viðbótarbygging yrði reist á nefndri lóð við Alþingishúsið. Slík bygging myndi hafa mikinn kostnað í för með sjer, en aldrei reynast heppileg, meðal annars af þeirri ástæðu, að með þeirri sameiningu getur um þann tíma, sem þingið starfar, ekki verið það næði í húsinu, sem óhjákvæmilegt er fyrir vísindastofnun, til þess að hún geti rætti sín og náð tilgangi sínum. —En sje það fyrirsjáanlegt, að sambúð þings og háskóla sje óhugsanleg, þótt bygd yrði viðbótarbygging, liggur í augum uppi, hve núverandi ástand muni óþol- andi. Enda er háskólinn árlega í vandræðum með nauðsynlegustu kenslu- stofur, með geymslu fyrir söfn sín, auk vöntunar á lesstofum og æfinga- stofum, sem nú eru taldar óhjákvæmilega nauðsynlegar fyrir hvern háskóla. —Kenslustofur eru nú 4 — en síðustu árin hefir ekki orðið hjá því komist, að

1) Bréfið er í stjórnarráðsskjölum á Þjóðskjalasafni og hafði upphaflega dagbókarnúmerið 5, 627., 27/1 '20 en ber nú númerið Db. 6, nr. 585.



Sigurður P. Sívertsen, prófessor og háskólarektor 1919–1920, ritaði stjórnvöldum um húsnæðisvandkvæði Háskólans.

5 kennarar kendu stundum á sama tíma. Hefir því einn af kennurunum orðið að notast við lítið forherbergi, sem að engu leyti er ætlað til kenslu. Þar hefir 10–15 mönnum verið þjappað saman og ekki einu sinni allir haft sæti, heldur orðið að standa í kenslustundum. Að þetta sje allsendis ósæmilegt og óboðlegt liggur í augum uppi. Sem stendur getur skólinn ekki komist af með minna en 5 kenslustofur og má þó ekkert við bætast. Ein þeirra þyrfti að vera mun stærri en stærsta stofan er nú. –Söfn skólans, sem notuð eru við kenslu, líffærasafn og meinsemdasafn hafa nú svo lítið húsnæði, að þar verður naumast þverfótað. Og þó eiga þau fyrir sjer að aukast til mikilla muna. Þetta er augljóst og ómótmælanlegt hverjum sem á það vill líta. – Bókasafn á skólinn ekkert nema það sem geymt er í skápum inni í kenslustofunum. Jafnvel þó ætlast sje til þess að Landsbókasafnið verði aðalsafn háskólans, þá er brýn nauðsyn að herbergi sje ætlað, eitt eða fleiri, fyrir nauðsynlegar handbækur, sem notaðar eru við kensluna, og auk þess er nú orðið svo þröngt í bókaklefum Landsbókasafnsins, að ekki hefir verið pláss fyrir síðustu tímaritin, sem læknadeildin keypti. Hafa þau síðan legið þar í óreiðu. –Sá litli vísir að æfinga- og rannsóknarstofum (laboratoria), sem háskólinn á, er að heita má á vergangi. Húsnæði það, sem rannsóknarstofan fyrir sóttkveikjur og meinsemdir hefir, er svo lítið og óhentugt, að heita má,

að hún geti ekki unnið nema að hálfu gagni. Er þetta ekki lítill skaði, þegar dýr maður er haldinn til þess starfa. Þá er ekkert húsnæði til fyrir kenslu-áhöld eða æfinga fyrir aðrar deildir og til langframa getur þetta ekki gengið. Stúdentar við erlenda háskóla hafa nú hvervetna ágæt húsakynni til sinna afnota, lestrar- og æfingastofur, söngsal með hljóðfæri, veitingaherbergi o. fl. nægar bækur og tímarit til þess að líta í í frístundum og auk þess hafa flestir háskólarnir sjeð þeim fyrir ódýrum matarstað síðan dýrtíðin hófst, svo ekki sje talað um skólana í Ameríku og Englandi, sem sjá þeim líka fyrir heimavistum með öllum nauðsynjum. Hjer er köld forstofan hið eina, sem látið er af mörkum við þá. Kringla, sem eitt sinn var lánuð þeim, hefir verið tekin af þeim aftur og verður tæpast fánleg til þeirra nota, er þing verður haldið á vetrum. Ofan á allan þennan viðurgjörning bætist svo, að stúdentunum sumum er nálega ómögulegt að útvega sjer húsnæði fyrir nokkurt verð eða verða að búa í svo ljelegum húsakynnum, að ekki er hættulaust fyrir heilsu þeirra. Vjer teljum þetta beinlínis hættulegt ástand. Það stendur stúdentunum bæði fyrir andlegum þroska og líkamlegum þrifum. Hjer, sem annarstaðar, verður að sjá stúdentum fyrir vistlegum samkomustað með nokkurum veitingum o. þvíl. Þá er þess ekki minni þörf við háskólann en við almenna mentaskólann, að til sje sómasamlegur samkomusalur. Mun enginn háskóli finnast, nema vor, sem ekki eigi sémilegan fundasal. Ofan á alt þetta bætist, að brýna nauðsyn bæri til þess, að reist yrði gott stúdentahemili með heimavistum fyrir þá stúdentu, sem þess óska. – Af þessu sjest, að háskólanum er nauðsyn á að fá nýtt húsnæði, auk þess, að Þjóðarmetnaður Íslendinga krefst þess, að æðsta mentastofnun landsins sje ekki gert lægra undir höfði en flestum lægri mentastofnunum bæði hjer á landi og víðsvegar um hinn siðaða heim. – Á háskólaráðsfundi 22. nóv. og 13. des. f. á. var mjer sem rektor háskólans falið að skýra þingi og stjórn frá þessum húsnæðisvandráðum háskólans, og var á fundum þessum ákveðið að senda stjórn og þingi áskorun um, að trygð verði sem fyrst hæfileg lóð undir háskólabyggingu, þar eð hentug byggingarsvæði sjeu óðum á förum í bænum og að háskóli og stúdentabústaður verði tekinn í tölu ráðgerðra bygginga í lögum um húsaagerð ríkisins. – Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að það sjái um, að trygð sje nú þegar hæfileg lóð til háskólabyggingar, og að farið sje á annan hátt að undirbúa háskólabyggingu eins fljótt og mögulegt er.“

Alþingi var sent bréf, er var efnislega samhljóða þessu, og 22. febrúar sendir Fjárveitinganefnd Neðri-deildar eftirfarandi bréf til Stjórnarráðsins:²⁾

2) Geymt í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni undir sama númeri og hið fyrra bréf.

„Fjárveitinganefnd Neðri deildar Alþingis leyfir sér hérmeð að senda hinu háa Stjórnarráði meðfylgjandi erindi frá Rektor háskólans. Vill nefndin mæla með því að Stjórnarráðið taki mál þetta til ræðilegrar íhugunar og sérstaklega vill hún leggja áherzlu á að reynt sé að tryggja ríkinu lóð undir umræddar byggingar eða geyma lóð, ef það yrði álitíð að ríkið ætti hentuga lóð.“

Á framgreint bréf háskólarektors krotar síðan *Jón Magnússon*, þáverandi kennslumálaráðherra, 9. mars sama ár:

„Skriðu atvinnumáladeild stjrs. og biðja hana um að ráðstafa ekki lóðum á Arnarhólstúni milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds á Lindargötu án samráðs við allt ráðuneytið, með tilliti til þessa erindis meðal annars.“

Frekari bréfaskipti um málið í framhaldi af þessu finnast nú ekki.

Af fyrrnefndri áritun ráðherrans á bréfið frá rektor má sjá, að hugmyndirnar um að reisa opinberar byggingar (aðrar en Safnahúsið) og þ. á m. háskólabyggingu á Arnarhólslóðinni hafa ekki verið með öllu útdaugar um 1920. Um það leyti, og fyrr, voru þó einnig uppi hugmyndir um að reisa þar nýtt hús fyrir Landsbankann, borgarráðhús og jafnvel gistihús og ekki verður betur séð en að í erindi frá Stjórnarráði til Samvinnunefndar um byggingarmálefni í Reykjavík frá 1924 sé spurst fyrir um það, hvort tiltækilegt sé að reisa væntanlega leikhúsbyggingu (þjóðleikhús) á þeim stað utan í hólnum, sem háskóla hafði verið ætlaður samkvæmt teikningu Kjørboes, sem fyrr var skýrt frá.³⁾

Um þetta leyti létu fleiri í sér heyra um byggingarmál Háskólans og húsnaðisþörf stúdenta. Í *Alþýðublaðinu* 23. janúar 1920 birtist eftirfarandi grein eftir I. J. (óvíst hver það var):

„Háskóli – Stúdentabýli. – Landið á að kaupa Landakotstúnið, til þess að reisa þar væntanleg háskólahús. – „Ekki er ráð, nema í tíma sé tekið.“

Í blöðunum í gær stendur auglýsing þess efnis, að byggingarlóðir séu til sölu á Landakotstúni. Auglýsingin kom mér til þess, að rita greinarstúf þennan. – Í Háskólanum er vögnuð hreyfing í þá átt, að komið verði upp

3) Um þessar hugmyndir og fyrirspurnir má vísa til rits Páls Línalds „Bæirnir byggjast“ (Rvík 1982), bls. 182 og þargreindra heimilda.

stúdentabústað þegar á næsta ári. Hreyfing þessi er sprottin af þeim ástæðum, að ýmsir stúdentar eru svo að segja húsnæðislausir, nú sem stendur, eða hafa svo ill húsakynni, að ófær eru til íbúðar mönnum, sem við lestur þurfa að sitja mikinn hluta dags. Auk þess er félagslíf stúdenta afarlélegt, og liggur vafalaust sú orsök til þess, að stúdentar eiga heima hingað og þangað um bæinn, og langt hver frá öðrum, en núverandi verustaður Háskólans ekki svo vistlegur, að menn beinlínis fýsi að dvelja þar lengur, en nauðsyn krefur. — Fjöldamörgum hefir komið til hugar og látið það álit í ljós, að einmitt vesturhluti Landakotstúnsins, sem nú er að sögn auglýstur til sölu, sé heppilegasti staðurinn, sem völ er á hér í bæ, til þess að reisa á Háskóla og stúdentabústað. Ýmsir vilja að vísu halda Ingólfstúni fram, sem ágætum stað, aðallega þó líklega vegna þess, að landið á það. En beri maður staði þessa saman, mun flestum vafalaust lítast betur á Landakotstúnið. Meðal annars er það mikið stærra um sig, og þar að auki sléttara og fegurri staður í alla staði. Í þetta sinn ætla eg ekki að fara frekar út í þetta mál, en að eins vekja máls á því, að verði Landakotstúnið selt núna, annaðhvort einstökum mönnum, eða einstökum manni eða félagi, sem svo mundi gera lóðirnar að verzlunarvöru, til þess auðvitað að græða á því, þá er ekki víst að auðhlaupið yrði að því, að ná þessu svæði til þessara nota, sem eg hér að ofan hefi bent á, þó að landið geti tekið eignir einstaklinga eignarnámi, þegar um heill alþjóðar er að ræða. Og ekki er ólíklegt, að lóðir þessar hækki ápreifanlega í höndum lóðaprangara. Það, sem landið ætti því að gera í þessu máli, væri það, að sjá svo um, að það verði ekki útilokað frá því, að fá lóðir þessar keyptar nú þegar, eða eftir að þing er komið saman. Íslenzkur æskulýður, uppvaxandi kynslóð og komandi kynslóðir munu, að minni hyggju, blessa þá menn, sem í verkinu sýna það, að þeir hafa hugsað fram í tímann og fyrir velferð fleiri kynslóða, en þeirrar, sem þeir sjálfir stjórna. — Athugið þetta mál, góðir menn! Og látið ekki sitja við hugsunina eina um það, að vera brautryðjendur íslenzkrar nútíðarmenningar og framtíðarlífs hinnar íslenzku smáþjóðar !“

Í fyrrnefndri grein sinni „Íslenskur háskóli“ í Eimreiðinni 1922 hvatti *Vilhjálmur P. Gíslason*, þá stúdent og framámaður í stúdentalífi, mjög til þess, að leyst væri úr húsnæðismálum Háskólans og stúdenta til frambúðar, og segir m. a.:⁴⁾

„Það, sem fyrst og fremst hefir verið farið fram á, er, að tryggð yrði lóð undir þessar byggingar nú þegar, og að þær yrðu sjálfar undirbúnar og málið alt gerhugsað, — þannig, að það yrði alt tilbúið þegar rætist svo úr með

4) Tilv. rit, bls. 244–245.



Vilhjálmur P. Gíslason, stud.mag., ritaði um húsnæðismál Háskólans.

fjárhag, að hægt verði að byrja á sjálfu verkinu. Þá þarf ekki að brenna sig á sama soðinu og oft kemur annars fyrir hér: að annaðhvort sé undirbúningurinn enginn, þegar til á að taka, og alt strandi á því, eða þá að verkunum sé flaustrað af undirbúningslítið, svo þau verði gagnslítill á eftir, og flestir óánægðir með þau. Nei, svo framarlega, sem ekki er líka megn „óáran í mannfólkinu“, hefði átt að mega, og má, nota erfiðleikaárin til þess að þaulhugsa málið, til þess að undirbúa það alveg í smáu og stóru, gera uppdrætti o. s. frv., – í stuttu máli, lofa mönnum að tala, og tala út, – meðan ekki er unt að gera annað, til þess að allur talandinn þurfi ekki að verða þrándur í götu framkvæmdanna, þegar að því kemur, að hægt er að gera eitthvað. Og það verður því fyr, því fyr sem málið er undirbúið, og því betur sem það er gert. Að sjálfsögðu gleymi eg því ekki, að hér eru fleiri svipuð fyrirtæki á uppsiglingu, einkum landsspítalinn, eins og líka er þakkarvert. En það ætti að vera hægt, að lofa svo landsspítalann, að lasta ekki háskólann. Og þörfin á honum er alveg jöfn eftir sem áður, og það jafnvel þó einhver samvinna gæti átt sér stað milli spítalans og læknadeildar háskólans, eins og nauðsynlegt er nú þegar. – Og svo eitt að endingu. Einu sinni þegar verið var að ræða háskólamálið á alþingi undir aldamótin seinustu, mintist landshöfðinginn m. a. á húsnæðisleysið, og sagði eitthvað á



„Mensa academica“, eða mótuneyti stúdenta, starfaði í Lækjargötu 2 frá 1921–1929. Myndin er tekin um 1927. Ljós.m.: Björn Magnússon.

Þá leið, að ekki tjóaði að stofna skólann, fyrst hann ætti „ekki einu sinni hús“. Hann hugsaði sér, að hingað kæmi þýskur prófessor og spyrði hvar háskólinn væri, og „þá yrði að svara honum, að hann væri aðeins til í stjórnartíðindunum“! Síðan hefir margt breytst. Háskólinn er kominn á margar blaðsíður í stjórnartíðindunum, en enn þá á hann „ekki einu sinni hús“. Þess vegna er nú kominn tími til þess fyrir alla stúdenta þessa lands, unga og gamla, að fara að vinna að því, að eignast háskóla, sem er til einhverstaðar annarsstaðar en „að eins í stjórnartíðindunum“. Og þeir ættu að geta það ef þeir vilja. Og þeir vilja þá ekkert geta, ef ekki þetta. Og þetta ætti að verða þeirra mál á næstu árum, – og þeirra „stéttarmál“, eins og nú er móðins að segja, ef þið viljið það heldur, og líka mál allrar alþjóðar í heild. – Þess vegna vil eg skora á alla íslenska stúdenta, unga og gamla, heima og erlendis, að taka nú þetta mál á sína arma, og linna ekki látum, á kröftugan en kurteislegan hátt, fyr en það hefir sigrað. Það er framtíðarmál háskólans og á háskólanum veltur framtíð íslensks menningarlífs að mörgu leyti. Allir geta gert eitthvað, opinberlega eða í kyrþey – geta unnið að því, að skapa það álit sem knýr málið fram, plægja jarðveginn, sem það sprettur úr. Íslenskir stúdentar eru auðvitað dreifðir og ósammála á ýmsum sviðum þjóðmála, lista og vísinda. En í þessu máli á það að hverfa. Þar segja þeir svipað og Cato gamli forðum, og enda á því allar sínar ræður: En hvað sem öðru líður, þá álit eg, að hér vanti háskólahús.“



Sigurður Nordal, prófessor, háskólarektor
1922–1923.

Haustið 1922 var hafist handa um fjársöfnun meðal almennings fyrir byggingu stúdentagarðs í Reykjavík. Var m.a. stofnað til happdrættis af því tilefni. Hinn 1. desember 1922 flutti prófessor *Sigurður Nordal*, þáverandi háskólarektor, máttuga ræðu af svölum Alþingishússins, þar sem hann hvatti Reykvíkinga til að leggja fé af mörkum í þessu augnamiði. Ræða þessi var birt í Morgunblaðinu daginn eftir (2. desember) undir fyrirsögninni: „Trúin á æfintýrin“. Þar segir m.a.:

„Háttvirtu höfuðstaðarbúar! Þjer eruð alkunnir að því, að hafa gott hjarta og greiða hvers manns vandræði, enda er óspart gengið á það lagið. Varla líður svo dagur hjer og engin vika, að ekki sje leitað á náðir örlætis yðar. Krónurnar, sem hjer á árunum þóttu velta nógu skrambi hart, eru orðnar aftur úr, dottnar úr sögunni, því smáseðlarnir einir eru í samræmi við tíðarandann. Þeir velta ekki, þeir fljúga. – Það er von þjer sjeuð orðnir sárleiðir á öllum þessum fjárbónum, sem allar eru til svo nauðsynlegra og sjálfsgöðra hluta, að það er ómögulegt að gera upp á milli þeirra, ekkert gaman að leggja neitt fram til þeirra. – Það hverfur alt ofan í gráan og botnlausan leirinn, eins og mölin, sem borin er ofan í göturnar hjerna. –



„Mensa academica“ um 1927. Maðurinn vinstra megin við borðið er Egill Sandholt, pósthfulltrúi. Við sama borð er Hákon Guðmundsson, síðar yfirborgardómari, og bak við hann er Benjamín Kristjánsson, síðar prestur. Ljósma.: Björn Magnússon.



„Mensa academica“. Björn Magnússon, síðar guðfræðiprófessor, sem var í fæði þarna í fjóra vetur, tók þessa mynd af borðnautum sínum vorið 1927. Frá vinstri: Guðmundur Ólaf, síðar lögfræðingur og bankastjóri, Sveinn Ingvarsson, síðar forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, og Ólafur Þorgrímsson, síðar hæstaréttarlögmaður.

Þessi dagur býður yður tilbreyting, býður yður tækifæri, sem er einstakt, og jeg veit þjer grípið tveim höndum. – Þjer megið umfram alt ekki halda, að stúdentheimilið sje nauðsynjamál. Það er alt annað og meira. Það er æfintýri. Þjer megið ekki halda, að alt geti ekki slarkað áfram hjeðan af eins og hingað til. Stúdentarnir koma ekki til yðar eins og þurfamenn. Nú eru þeir margir hverjir kúlðaðir í smáum herbergisholum, verða að vinna fyrir sjer jafnframt námi sínu, fara á mis við flest það, sem sambræðrum þeirra er veitt í öðrum löndum. Og samt eru þeir að skapa hjer íslenskt stúdentalíf, sem áður hefir ekki verið til, samt eru þeir svo djarfir, að þeir fylkja sjer allir hiklaust undir merki framtíðar, sem þeir aldrei njóta sjálfir, samt eru þeir svo ríkir, að þeir koma og bjóða allri þjóðinni hlut í æfintýrinu með sjer. – Þjer eigið að vera þakklátir fyrir að fá að taka þátt í öðru eins. Sjáið þjer ekki, að nú í dag fáíð þjer að vera andar lampans, í dag eigið þjer kost á að reisa höll Aladíns. Er hjer nokkur maður svo ímyndunarsnauður, að hann sjái ekki seðlana koma fljúgandi eins og hráviði, breytast í steina, bjálka, glugga, skipast í raðir og lög, sjái ekki stúdentheimilið rísa við loft eins og djarfan draum, sem tekur á sig fasta mynd. – Maðurinn lifir ekki á einu

saman brauði. Maðurinn lifir alls ekki á brauði. Brauðið bjargar honum frá að deyja. Maðurinn lifir á æfintýrunum. Án þess væri lífið ekki líf, og maðurinn ekki maður. Það er óþarfinn svonefndi, þau verðmæti lífsins, sem varpa yfir það ljóma fegurðar og ímyndunar, sem gerir daglega lífið þolanlegt. Heldur eigum vjer að spara alt við oss hversdagslega, og kunna svo að halda hátíð á milli, en gera alt lífið að tilbreytingarlausu töðumauli. – Vitið þjer, hvað það er að vera stúdent? Að vinna dag eftir dag, án sýnilegs árangurs, að eiga fjölda af hugsjónum, en vera lokaður úti frá öllum framkvæmdum. Það þarf mikla þolinmæði, mikla trúmensku, mikla trú á, að hver ærleg vinnustund beri sinn ávöxt, og mikla trú á lífið, kosti þess og fjarlægustu mörk. Þjer vitið, hvað Íslendingar hafa mátt þola. Þeir hafa oft haft lítið að borða og borið forn klæði. Og samt hefði þeim gert miklu minna til, þó að maturinn hefði verið svolítið verri, fötin svolítið skjólminni, en ef trúin á æfintýrin hefði verið tekin frá þeim. Og enn ríður oss á, að eiga altaf nóg af mönnum, sem neita sjer heldur um eitthvað af því nauðsynlegasta, til þess að veita sjer það, sem þá hefir djarfast dreymt.“

Þótt fjársöfnun þessi gengi að mörgu leyti vel, var það samt ekki fyrr en tólf árum síðar, að nýbyggður stúdentagarður var tekinn í notkun, sbr. nánar síðar.

Tillögur um háskólabyggingu, stúdentagarð og um „Háborg íslenskrar menningar“ á Skólavörðuholti


*Teikningar Guðjóns Samúelssonar
og skýringar hans*

Árið 1924 var fyrir alvöru farið að vinna að bæjarskipulagi fyrir Reykjavík, og var í því skyni komið upp sérstakri *Samvinnunefnd um skipulagsstarfið*, sem í átta sæti menn frá Skipulagsnefnd ríkisins og úr byggingarnefnd Reykjavíkur. Kom nefnd þessi fyrst saman í marsmánuði 1924, og starfaði hún síðan næstu árin. Árið 1927 lagði hún fram skipulagsuppdrátt Reykjavíkur, svo sem síðar getur.

Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, sat í þessari Samvinnunefnd fyrir hönd ríkisins og hvíldi allt þetta skipulagsstarf mjög á hans herðum.

Á fundi nefndarinnar 19. mars 1924 lagði Guðjón m. a. fram tvær tillögur að skipulagi á fyrirhuguðu Skólavörðutorgi efst á Skólavörðuholti, þar sem hann vildi láta reisa ýmsar opinberar byggingar. „Leizt nefndinni bezt á þá hugmynd G. Sam., að kirkjan standi á miðju torgi og fól honum frekari uppdrætti á þeim grundvelli,“ segir í gerðabók Samvinnunefndar, sem varðveitt er á Borgarskjalasafni.*

*) Ljóst er af viðtalinu við Guðjón Samúelsson frá 14. desember 1924, sem birt er hér, að um 1916 hafa verið uppi hugmyndir um að reisa hús yfir söfnin á Skólavörðuhæðinni, sbr. og teikningu Guðjóns frá því ári, sem birt er. Sú hugmynd, að reisa opinberar byggingar efst á Skólavörðuholtinu, var þó ekki ný á þeim tíma. *Sigurður Guðmundsson* málarí (d. 1874), sem var mikill áhugamaður um framtíðarskipulag Reykjavíkurbæjar og átti reyndar sæti í byggingarnefnd Reykjavíkur um skeið, lét sig m.a. dreyma um stórhýsi á þeim stað. Í bréfi til vinar síns, Steingríms skálds Thorsteinssonar í Kaupmannahöfn, frá 1860, þar sem hann




Árið 1916 gerði Guðjón Samúelsson, sem þá starfaði hérlendis í námshléi frá Listaháskólanum í Kaupmannahöfn, þessa teikningu af stórhýsum á Skólavörðuhæðinni. Byggingin til hægri var ætluð fyrir þjóðminja- náttúrugripa- og málverkasafn, og var sú teikning gerð að tilmælum Einars Arnórssonar, ráðherra, en Guðjóni „datt... þá í hug, að vel væri við eigandi, að reisa kirkju þarna líka, og gerði... uppdrátt að henni um leið,“ sbr. viðtalið við Guðjón í Morgunblaðinu 14. des. 1924, sem birt er í þessu riti. Á þessari mynd er ekki gert ráð fyrir háskólabyggingum, en tveim árum áður hafði Guðjón teiknað háskóláhús, sem hann hugsaði sér, að reist yrði við suð-austurenda Tjarnarinnar, sbr. það sem segir um þá hugmynd fyrr í þessu riti, og árið 1917 teiknaði hann viðbyggingu við Alþingishúsið, sem átti að vera í þágu Háskólans, eins og fyrr hefur verið lýst. Myndin birtist í Óðni 1924 (júlí-desemberhefti).

Í kjölfar þessa hafa vafalaust fljótlega þróast nánari hugmyndir Guðjóns um húsaskipan á þessum stað, svo sem blýantsteikningar hans að heildarskipan og að útliti einstakra bygginga þarna bera með sér. Blýantsteikningar Guðjóns eru nú geymdar í skjalasafni embættis húsameistara ríkisins og eru

ræðir skipulagsmálin, segir hann m.a., að í framtíðinni eigi stórhýsi landsins að rísa uppi á hæðunum beggja vegna Tjarnarinnar, en fram með Tjörninni áttu að vera trjáradir og gosbrunnar í brekkunum. Sigurður var fenginn til að „hanna“ Skólavörðuna, sem endurreist var 1868, og í erindi, er hann flutti í „Kveldfélaginu“ svokallaða, 1869, hélt hann því fram, að bygging hennar efst á holtinu gæti orðið „byrjun til stórkostlegrar byggingar og jafnvel fyrir Alþingishúsið stóra – í öllu falli verða þar reistar stærri byggingar með tímanum“, eins og segir í gerðabók félagsins um þennan fund. (Hér tilfært eftir riti Lárusar Sigurbjörnssonar: „Þáttur Sigurðar málara – brot úr bæjar og menningarsögu Reykjavíkur“, (Rvík. 1954, bls. 83–84). Af heimildum verður þó ekki séð, að Sigurður hafi haft háskólabyggingu í huga meðal þeirra stórhýsa, sem reist skyldu á komandi árum, enda var háskólamálið þá enn vart komið á „dagskrá“ í almennri umræðu.

SKÍPULAG REYKJAVÍKUR · SKÓLAVÖRÐUHÆÐIN




BARNASKÓLI STUDENTAHEIMILI HÁSKÓLI SAFNAHÚS
 LISTVINAFLAGSHÚS SAMKOMUHÚS KIRKJA IBÚÐARHÚS SAFNHÚS E. JÓNSSONAR
 IBÚÐARHÚS BOGAGÖNG

Reykjavík 1910-1920
 Guðni Samúelsson

„Háborg íslenskrar menningar“ á Skólavörðuholti.

Tillöguuppdrættir Guðjóns Samúelssonar að skipulagi Skólavörðuhæðar frá 1924. Stúdentagarður og háskólabýgging sjást austan megin torgsins, fjarst á myndinni. Litmyndin er geymd í Hallgrímskirkju, en er í eigu embættis húsameistara ríkisins. Blýantsteikning Guðjóns af „háborginni“ er geymd í skjalasafni húsameistara ríkisins. Litmynd Guðjóns var sýnd almenningi í nóvember-desember 1924 og olli hugmyndin talsverðum umræðum og deilum. Um tillöguuppdrátt þennan sagði Guðjón Samúelsson í blaðaviðtali í desembermánuði 1924:

„Svo er ráð fyrir gert, að torg þetta á Skólavörðuhæðinni sje rjetthyrndur ferhyrningur, 150 m. á hlið. Á miðju torginu sje reist dómkirkja landsins; standi hún á stalli, sem er 1 meter á hæð yfir aðalflöt torgsins. — Hún sje bygd eins og uppdrátturinn sýnir í grískum krossstíl, þannig, að allar hliðar hennar sjeu eins, og snúi dyr á hverri hlið beint andspænis götum þeim, sem að torginu liggja: Skólavörðustígnum og áframhaldi hans hinu megin, svo og nýrri götu, sem lögð verður niður að Laufásvegi. — Kirkja þessi taki 800 manns. — Hvelfing kirkjunnar yrði tvöföld, þannig, að innri hvelfingin yrði lægri. Í bilinu milli innri hvelfingarinnar og hinnar ytri yrði komið fyrir stjörnuathugana-tækjum. — Síðan farið var að gefa út almanakið hjer, er nauðsyn á, að hafa stjörnuturn. Þá gæti og komið til mála að koma víðboðsstöð hjer fyrir. — En í hvaða stíl eru hinar byggingarnar aðallega? — Þær eru allar í „renaissance“-stíl, nema hús Einars Jónssonar; það er eins og það er, og því verður ekki breytt. — Við torgið austanvert blasa sinn hvoru megin við framhald Skólavörðustígsins, háskólinn og Stúdentagarðurinn. Um þá er annars ekkert sjerstakt að segja. — Þá er safnahúsið sunnan við torgið. Þar er þess að gæta, að engir gluggar eru á efri hæðinni er að torginu snýr. En þar er hugsað, að málverkasafnið verði, á efri hæð, og því verði þar aðeins þakgluggar, eins og best fer á myndasöfnum. En á þann hátt kemur mikið samfeldur veggflötur á húsið, sem hægt er að nota til þess, að setja stórfelda mynd á, er tákni einhvern sögulegan atburð. Yrði það annaðhvort grópmynd eða freskomálverk. — Vestanvert við torgið er ætlast til, að hafa vegleg íbúðarhús, og til þess að loka torginu betur og láta umgerð þess falla betur saman, þá eru sett boga-göng yfir Skólavörðustíginn, eins og uppdrátturinn sýnir. — Í norðvesturhorninu er Listvinafjlagshúsið, norðanvert við torgið samkomuhús, annaðhvort leikhús, eða þó heldur fundahús, og rjett undan norðausturhorni torgsins verður hinn nýi barnaskóli.“



Blýantsteikning Guðjóns Samúelssonar af „háborginni“ frá 1924.
(Úr skjalasafni húsameistara ríkisins).




Pannig hugsaði Guðjón Samúelsson sér norðurhlíð Skólavörðutorgs (Blýants-
teikning hans 1924). Lengst til vinstri er Listvinafélagshús, í miðri er samkomuhús og lengst til hægri barnaskóli. (Úr skjalasafni húsameistara ríkisins).




Hugmynd fæðist. Pannig hugsaði Guðjón Samúelsson sér háskólabýgginguna í fyrstu ásamt
nærliggjandi byggingum.


TILLÖGUR UM HÁSKÓLABYGGINGU, STÚDENTAGARÐ OG UM „HÁBORG“



Guðjón Samúelsson: Háskólabýgging á Skólavörðuholti. Blýantsteikning 1924. (Úr skjalasafni húsameistara ríkisins).



Guðjón Samúelsson: Stúdentagarður á Skólavörðuholti. Blýantsteikning 1924. (Úr skjalasafni húsameistara ríkisins).



Safnahús (Listasafn) hugsaði Guðjón Samúelsson sér hið næsta háskólabýggingunni á Skólavörðutorgi. Blýantsteikning 1924. (Úr skjalasafni húsameistara ríkisins).

birtar hér í fyrsta sinn. Á grundvelli þessara blýantsteikninga varð síðan til fullgerð mynd Guðjóns af svæðinu, dregin í lit, sem einnig er í eigu húsameistaraembættisins, en nú um sinn varðveitt í Hallgrímskirkju. Var hún gerð í nóvembermánuði 1924. Bæði á þeirri mynd og á frumdrögunum er gert ráð fyrir *voldugri háskólabýggingu og stúdentagarði við austurenda torgsins* (fjarst á myndinni). Er háskólabýggingin hægra megin en stúdentagarðurinn til vinstri – bak við kirkjuna á miðju torginu, eins og þetta horfir við á myndunum. Fullgerðu myndinni var stillt út til sýnis í glugga verslunar Haraldar Árnasonar, og hefur hún vafalaust vakið mikla athygli, enda var hér um óvenju stórbrotna hugmynd að ræða.

Pann 14. desember 1924 birtist í Morgunblaðinu umsögn um þetta mál ásamt viðtali við Guðjón undir fyrirsögninni „Uppdráttur Guðjóns Samúels-sonar af Skólavörðuhæðinni. „Háborg íslenskrar menningar.“ Stórfeldasta og áhrifamesta hlutverk íslenskrar húsagerðar, er bíður úrlausnar.“ Fylgdi síðan stór ljósmynd af hinni endanlegu teikningu Guðjóns. Þáttur þessi í Morgunblaðinu, sem er stórmerkilegur, hljóðar svo:

„Í hinni snjöllu ræðu, er próf. Ágúst H. Bjarnason flutti af Alþingishús-svölunum á stúdentahátíðinni á dögunum, mintist hann á að svo væri nú ráð fyrir gert, að sem flestar af opinberum byggingum þessa bæjar, er byggðar yrðu í framtíðinni, svo sem dómkirkja, háskóli, stúdentagarður, listasöfn og vísinda- o. fl., yrðu reistar á Skólavörðuholtinu. Á háholtinu yrði gert torg eitt mikið, og dómkirkjan reist á því miðju, en öðrum byggingum þessum yrði skipað alt umhverfis það. — Áður en Morgbl. ræddi þetta mál, þótti rjett að leita umsagnar Guðjóns Samúelssonar húsameistara, og birtist hjer viðtal við hann, þar sem hann gerir grein fyrir því helsta, sem hann hefir um tillögur sínar að segja. Þó Morgbl. flytji umsögn Guðjóns athugasemdaleust er það eigi vegna þess, að blaðið sje sammála honum í þessu afarþýðingar-mikla framtíðarmáli bæjarins og þjóðarinnar yfirleitt.

Viðtal við Guðjón Samúelsson

Í raun og veru er þessi uppdráttur minn að Skólavörðutorginu ekki annað en hluti af frumvörpum þeim, sem við erum að vinna að í skipulags-nefndinni, segir Guðjón. Fáir gera sjer í hugarlund, hve mikilvægt verk það er, sem við vinnum í nefnd þeirri, — en það er ef til vill eitthvert þýðingar-mesta framtíðarmál, sem unnið er að hjer á landi. Við erum í henni þrír: Guðm. Hannesson, Geir Zoega og jeg, og höfum við þegar fullgert skipu-lagsuppdrætti af nokkrum bæjum. — Fyrir Reykjavík sjerstaklega eiga þeir sæti í nefndinni, auk okkar, þriggja, Matthías Þórðarson og borgarstjóri. — Aðeins lítill hluti af framtíðarskipulagi Rvíkur er fullgerður frá okkar hendi. En þareð að því dregur, að hugsa þurfi fyrir væntanlegum opinberum bygg-ingum, er reisa þarf, en sífelt þrengist með lóðir undir þær, þótti rjett að taka þetta fyrir nú þegar. Eins og menn vita, er þess vonandi ekki langt að bíða, að hyrningarsteinninn verði lagður undir Stúdentagarðinn. — Er langt síðan það kom til orða, að gera aðaltorg bæjarins á Skólavörðuhæðinni? — Mjer er það ekki kunnugt, segir Guðjón, hver fyrstur á þá hugmynd, en hún liggur í rauninni mjög beint við, því Skólavörðuhæðin er langhæsti staður bæjarins, 39 m. yfir sjávarmál — Landakotshæðin ekki nema 22 m. á hæð. — Árið 1916

kom til orða, að farið yrði að hugsa fyrir byggingu handa þjóðminja-, náttúrugripa- og málverkasafninu, og bað Einar Arnórsson mig um, að gera uppdrátt að húsi fyrir þessi söfn. Var þá helst talað um, að það yrði bygt á Skólavörðuhæðinni. Uppdrátt þann gerði jeg, og datt mjer þá í hug, að vel væri við eigandi, að reisa kirkju þarna líka, og gerði jeg uppdrátt að henni um leið. Mynd af uppdrættinum er í síðasta hefti Óðins. — En svo þegar við fórum að vinna að skipulagi bæjarins í nefndinni, kom þetta upp á teningnum. — Svo er ráð fyrir gert, að torg þetta á Skólavörðuhæðinni sje rjetthyrndur ferhyrningur, 150 m. á hlið. Á miðju torginu sje reist dómkirkja landsins; standi hún á stalli, sem er 1 meter á hæð yfir aðalflöt torgsins. — Hún sje bygd eins og uppdrátturinn sýnir í grískum krossstíl, þannig, að allar hliðar hennar sjeu eins, og snúi dyr á hverri hlið beint andspænis götum þeim, sem að torginu liggja: Skólavörðustígnum og áframhaldi hans hinumegin, svo og nýrri götu, sem lögð verður niður að Laufásvegi. — Kirkja þessi taki 800 manns. — Hvelving kirkjunnar yrði tvöföld, þannig, að innri hvelvingin yrði lægri. Í bilinu milli innri hvelvingarinnar og hinnar ytri yrði komið fyrir stjörnuathuganatakjum. — Síðan farið var að gefa út almanakið hjer, er nauðsyn á, að hafa stjórnuturn. Þá gæti og komið til mála að koma víðboðsstöð hjer fyrir. — En í hvaða stíl eru hinar byggingarnar aðallega? — Þær eru allar í „renaissance“-stíl, nema hús Einars Jónssonar; það er eins og það er, og því verður ekki breytt. — Við torgið austanvert blasa sinn hvoru megin við framhald Skólavörðustígsins, háskólinn og Stúdentagarðurinn. Um þá er annars ekkert sjerstakt að segja. — Þá er safnahúsið sunnan við torgið. Þar er þess að gæta, að engir gluggar eru á efri hæðinni er að torginu snýr. En þar er hugsað, að málverkasafnið verði, á efri hæð, og því verði þar aðeins þakgluggar, eins og best fer á myndasöfnnum. En á þann hátt kemur mikill samfeldur veggflötur á húsið, sem hægt er að nota til þess, að setja stórfelda mynd á, er tákni einhvern sögulegan atburð. Yrði það annaðhvort grópmynd eða freskomálverk. — Vestanvert við torgið er ætlast til, að hafa vegleg íbúðarhús, og til þess að loka torginu betur og láta umgerð þess falla betur saman, þá eru sett bogagöng yfir Skólavörðustíginn, eins og uppdrátturinn sýnir. — Í norðvesturhorninu er Listvinafjelagshúsið, norðanvert við torgið samkomuhús, annaðhvort leikhús, eða þó heldur fundahús, og rjett undan norðausturhorni torgsins verður hinn nýi barnaskóli.

Er Guðjón hafði þetta mælt, þökkuðum vjer frásögn hans, er ekki var lengri í þetta sinn, um hið langstórfeldasta framtíðarfrumvarp til mann-

virkja, sem nokkur Íslendingur nokkru sinni hefir hugsað sjer að hafa með höndum. Því hjer er ekki einasta farið með hin dýrustu verk að krónutali sem nútíma Íslending dreymir um, heldur og verk, sem beinlínis og óbeinlínis, á að efla, þroska og móta hugarfar komandi kynslóða, – „háborg íslenskrar menningar.““

Ummæli Ágústs H. Bjarnasonar, prófessors

Ræða sú, sem *Ágúst H. Bjarnason*, prófessor, hafði haldið nokkrum dögum áður og sem vitnað er til í fyrrnefndri grein í Morgunblaðinu, hafði birst í því blaði 9. desember.

Þar segir m. a.:

„Virðið fyrir yður skipulagsupprátt þann af Skólavörðuhæðinni, sem húsameistari ríkisins hefir gert og er nú til sýnis í skemmuglugga Har. Árnasonar. Hús þau, sem þar eiga að rísa, eiga að verða háborg íslenskrar menningar! Þar á stúdentagarðurinn að rísa, háskólinn, listasöfnin og ef til vill þjóðleikhúsið, þótt það muni betur komið niðri í miðjum bæ, t. d. við tjörnina; landsspítalinn suður af hæðinni, en leikvöllur (stadion) og yfirbygður sundskáli með heitu vatni úr laugunum norðaustur af; þar á loks kirkjan, dómkirkja þessa lands, að rísa á miðju torginu, Skólatorgi eða Skólavelli, eða hvað menn nú kunna að kalla það, þegar öll þessi undur og fádæmi eru risin þar. Þetta er framtíðardraumur vor stúdentanna, að minsta kosti að því er stúdentagarðinn og háskólann áhrærir. – Þarna á æskulýður landsins og forgöngumenn þjóðarinnar að alast upp við það, sem menn vita heilnæmast, fegurst og best, ekki einungis úr eigin lífi og bókmentum, heldur og úr mentun og menningu annarra þjóða; og þar á þjóðin að læra að verða einhuga, göfug og sterk. Ef til vill rætist þá að nokkru draumur rektors vors, að háskólanum vaxi svo fiskur um hrygg, að þá verði þar ekki einungis kend tunga vor, bókmentir og saga, lög, læknisfræði og guðfræði, heldur og það, sem mestu varðar í náttúrufræði landsins og atvinnugreinum, landbúnaði, siglingafræði og þjóðmegunarfræði, svo að háskólinn geti orðið þjóðinni að sem mestu gagni. Það er þessi hugsjón, sem vjer háskólamenn eigum að bera fyrir brjósti, að háskólinn í menta- og menningarlegu tilliti geti með tímanum orðið Íslandi alt. – En – munu menn segja – þetta eru tómar skýjaborgir, tómir loftkastalar, sem aldrei mun bera niður á jörð vora og síst hjá oss. Látum svona vera. Það er þó mest undir sjálfum oss og eftirkomendum vorum komið, hvort það verður eða ekki. Landsspítalinn er auðvitað langdýrasta stofnunin; en þjóðin þarf hans og þjóðin heimtar hann; og þjóðin



Ágúst H. Bjarnason, prófessor, var einn þeirra er tjáðu sig opinberlega um „háborg-artillögu“ Guðjóns Samúelssonar.

hefir stutt og getur stutt enn betur að stofnun hans. Hvern skyldi hafa órað fyrir því, þá er samskotin til hans voru fyrst orðuð af konunum, þ. 7. júlí 1915, að sjálfur Landsspítalasjóðurinn væri nú orðinn liðug 1/4 milljón, en Minningarsjóðurinn, sem á að styrkja sjúklinga víðsvegar að af landinu, um 75 þús.? Og hvern skyldi hafa grunað, þá er það var orðað fyrst við stúdenta þ. 14. nóv. 1921, að þeir gengjust sjálfir fyrir samskotum til stúdentagarðs, að sá sjóður væri nú á liðugum 2 árum orðinn 80.000 kr., auk loforda þeirra, sem honum hafa borist. En þetta hvorttveggja sýnir einmitt samhug og fórnfýsi þjóðarinnar og er oss til stór-sóma. —Fleiri stóðir renna þó undir háborg þessa. Eins og kunnugt er, áskotnaðist háskólanum árið 1918, þá er vjer öðluðumst fullveldið, 1 milljón króna í svonefndum Sáttmálasjóði og var hún þegar lánuð ríkinu til 20 ára, gegn 5% ársvöxtum. Penna höfuðstól má auðvitað aldrei skerða, og háskólaráðið ákvað meira að segja, að auka hann með 20% af ársvöxtunum. Sú viðbót er nú þegar orðin 112 þús. króna, auk 30 þús. kr., sem háskólinn á nú í öðrum sjóðum handbærum. Gera má ráð fyrir, að þessa sívaxandi viðbót megi lána eftir 10–15 ár til háskólabyggingar landinu að kostnaðarlitlu eða kostnaðarlausu. En þá erum vjer búnir

að eignast bæði stúdentagarð og háskólabyggingu, tvö aðalhúsin í uppdrættinum. — Auk þess er þjóðarleikhúsið trygt með skemtanaskattinum, sem þegar á fyrsta ári hefir numið alt að 40 þús. kr. Og þá er kirkjan ein eftir af hinum stærri bygginum. Ætla mætti að dómkirkjusöfnuður þessa bæjar hugsaði eitthvað fyrir henni, þar sem annar smærri söfnuður, Frikirkjusöfnuðurinn, er sífellt að prýða og stækka sína kirkju. Og einhver dómkirkjusafnaðarmanna ætti þá að minnast þess, hvernig dómkirkjan í Köln var reist. — Róm var ekki bygd á einum degi. Og ekki verður heldur þessi háborg íslenskrar menningar bygd hvort heldur í dag eða á morgun. En þetta er þó hugsjónin, sem ætti að vaka fyrir oss, þá er vjer lyftum huganum upp yfir dægurstritið. Helst ætti þetta að geta orðið minnisvarði vor, sem nú lifum, og fæddir erum á aldarmorgni hinnar nýju menningar; og helst ætti engin kynslóð að ganga svo til grafar upp frá þessu, að hún ljeti ekki eftir sig einhvern sýnilegan minnisvarða, landi og þjóð til heilla og blessunar.“

Blaðaskrif um málið

Allnokkur blaðaskrif urðu um málið í kjölfar þessara greina í Morgunblaðinu, m. a. í því blaði. *Tryggvi Magnússon*, listmálari, gagnrýndi mjög hugmyndir Guðjóns um „háborg“ á Skólavörðuholtinu og sagði m. a. (Morgunbl. 21. desember 1924):

„Það, sem fyrst mætir auganu, er vjer lítum á teikninguna, er hvarf Skólavörðunnar. Að vísu er hún nafngjafi holtisins, og ein af fáum sögulegum minjum höfuðstaðarins, en vafalaust hefir húsameistari ríkisins haft fullgildar listrænar ástæður, er hann jafnaði hana við jörðu. — Aðaltorg bæjarins er rjetthyrndur ferhyrningur. Er það í fullu samræmi við nafn lands vors, og legu þess á hnettinum, og ólíkt betur vídeigandi, en þessi hlýju, óreglulegu torg sumstaðar í Mið- og Suður-Evrópu. Listvinafjelagshúsið skemmir að vísu eitt rjetta hornið, og er það leitt að húsameistari ríkisins var eigi nærstaddur er smíði þess hófst. — Á miðju torginu, nokkru austar en Skólavörðan er nú, gnæfir við himin vegleg dómkirkja í „grískum krossstíl“, og ber hátt yfir allar aðrar byggingar, sem er raðað með hlíðum torgsins. Hvelving hennar er svifljett og fögur í línunum. — Þetta mun verða fyrsta byggingin, sem reist er í þessum stíl, og er líklegt, að spá húsameistara ríkisins rætist, og Grikkir taki hann upp og eignu sjer hann. — Það er skarplega athugað hjá Guðjóni, að reisa kirkjuna á miðju torginu, svo að hún skyggi jafnan á nokkurn hluta af hinni glæsilegu umgerð þess, er maður gengur um það, því að „Fegurð hrifur hugann meira ef hjúpuð er, svo



Tryggvi Magnússon, listmálari, gagnrýndi mjög tillögurnar um „háborgina“.

andann gruni ennþá fleira, en augað sjer.“ – Mjer hefir verið sagt, að húsameistari ríkisins væri ekki frumlegur í byggingarlist sinni. En þessi teikning hans og ummæli um „hið langstórfeldasta framtíðarfrumvarp til mannvirkja, sem nokkur Íslendingur nokkru sinni hefir hugsað hjer að hafa með höndum“ (Morgbl. 14. þ. m.) afsanna þetta. Spekingar sjá veraldir í sandkorni: Guðjón sjer fegurð og fjölbreytni í fábreyttum vörukassa; en þeir, sem best þekkja sögu þjóðar vorrar, vita að fátt hefir verið þýðingar-meira fyrir hana en aðkoma skips, sem er hlaðið matbjörg. Það er því bæði táknlegt (symbolskt), þjóðlegt og frumlegt er húsameistari ríkisins reisir „háborg íslenskrar menningar“ í sykirkassastíl . . . Um Háskólann og Stúdentagarðinn hefi jeg annars ekkert sjerstakt að segja, fremur en Guðjón. Annars minnir Háskólinn mig dálítið á hesthúsið hans Vilhjálms, fyrrum bónda í Berlín, nema hvað það er miklu veglegra, og meira í það borið, enda var það efnaheimili.“

Guðmundur Hannesson, prófessor, (einn helsti frömuður í skipulagsmálum á þessum tíma) svaraði þessum ummælum Tryggva í Morgunblaðinu 24. desember. Segir þar m. a.:

„(Tryggvi Magnússon) telur það „fádæmi“, að reisa kirkju á miðju torgi. Út úr þessum kynlegu ummælum leit jeg yfir skipulag fáeinna borga og taldi jeg í þeim yfir 20 kirkjur og nokkrar aðrar stórbyggingar, sem einmitt eru settar á mið torg. Hann þarf því engar áhyggjur að hafa af þessu dularfulla fyrirbrigði. Svæðið til allra hliða við kirkjuna mun hafa næga breidd til þess, að húsin umhverfis svari sjer vel. Að Austurbærinn þurfi á sínum tíma á kirkju að halda tel jeg vafalaust, og um betri stað mun tæpast að gera en Skólavörðuh. Þá er og annað atriði, sem mælir með kirkjunni. — Göturnar, sem liggja upp á hæðina enda í bláu lofti, nema há bygging komi á mitt torgið. Hvað Skólavörðustíginn snertir má bæta úr því með súlnaröð, eins og G. S. gerir ráð fyrir (Hvar hefir Tr. M. sjeð sigurboga úr einfaldri súlnaröð?), en slíkt hlýtur að vera undantekning. Kirkja byggð sem jafnarma grískur kross er engin nýjung, en undarlegt er það, að G. S. hefir aldrei minst á það við mig að 4 dyr ættu að vera á kirkjunni, stjörnuturn í hvelvingunni og víðboð líklega á þakinu og hefir hann þó oft talað um kirkjuna við mig. Þykist jeg vita að hann hafi sagt slíkt í gamni. — Húsin umhverfis torgið þykir Tr. M. byggð í vörukassa eða sykrekassastíl. Vill hann ekki athuga loftmynd af hvaða borg sem vera skal og hyggja að, hvort húsin verða ekki furðu lík kössum? Þau hljóta að sýnast svo, jafnvel þó þau sjeu ekki með flötu þaki, eins og t. d. Hnitbjörg. Annars eru flest ummæli Tr. M. um húsin við torgið sprottin af þeim misskilningi, að hann gerir ráð fyrir, að þessi skipulagsmynd, sýni húsin með því útliti, sem þau eiga að hafa, en hún á ekki að vera til annars en að gefa ljósari hugmynd um, hversu torgið lítur út með tvílyftum byggingum og kirkja á miðju torgi. Öll nánari gerð hvers húss verður auðvitað ekki ákveðin fyr en það er bygt og sama gildir um kirkjuna.“

Enn frekari blaðaskrif urðu um „háborgina“. Í „Árdegisblaði listamanna“, sem *Jóhannes S. Kjarval*, listmálari, gaf út, segir hann (13. janúar 1925) um „háborg Guðjóns Samúelssonar“:

„Í fyrsta sinni hjá þjóð okkar sést uppdráttur að heilu torgi eftir íslenskan mann, og er vert að gefa því gaum og hugsa alvarlega um, — því hugmyndin til þessa hefir um skeið verið að þróast og skýrast, í hóp þeim, sem passar mentir í landinu. En það verður öllum að vera ljóst, — að Guðjón Samúelsson hefir lagt mikla hugsun og langan tíma til að koma skipulagi á hugmyndina, — en með uppdrætti sínum lagt fyrstu undirstöðuna, til þess að byrjað verði að hugsa mál þessi út í æsar. — Guðjóni er þetta skyldast, sem leiðbeinara ríkisins í þessum efnum, — en þakkir á hann fyrir, að seinka ekki máli þessu, — því margt er hér í byrjun. — En þó að ríkið hafi valið sér forgöngumann, til þessa eða hins, — þá er ekki þar með sagt, að honum sé



Jóhannes S. Kjarval, listmálari, ritaði um „háborg“ Guðjóns Samúelssonar.

bannað að taka til athugunar álit samherja sinna, eður hvers þess manns eður konu í þjóðfélaginu, sem gjöfull andi listarinnar hvíslaði að sínum stóru leyndarmálum. — Í hugskoti fæddist borgarmyndin fyrst af þörf. Hugmynd þessi hefir smámsaman dreifst um þjóðarsálina — og er nú að verða að hugtaki. — En eftir er að lyfta. Guðjón hefir lyft borg sinni úr hugskoti eins og hann fyrst um sinn hugsar sér hana, — tak anda hans má nú vega og meta, að svo miklu leyti, sem gjöra má við uppdrátt á blaði. — Guðjón hefir lært vel og dyggilega ment sína, á nútímamanna vísu, — og allmikla reynslu á hann nú í fórum sínum. En sú spurning fæðist þá eðlilega: — hver var stefna Guðjóns eftir skólaárin? — eftir atvikum, eftir því, sem við átti í það eða hitt skiftið? — og hver verður stefna hans eftir reynslu-árin? — hver er stefna hans nú, þegar á að byggja háborg íslenskrar menningar. — Er stefna Guðjóns Samúelssonar hin eina rétta, þegar um háborgina er að ræða, — eða eru til aðrar stefnur hlaðlistar, sem betur eiga við einmitt nú? — Þetta verður að rannsaka. — Annað hvort verður ríkið að gjöra útboð til þjóðar og listamanna um álit og uppdrætti þessu að lútandi — eða Guðjón Samúelsson verður að gera það einn fyrir ríkisins hönd. — Frestur verður að vera hæfi-

legur. — Íslendingum í útlöndum, sem við listir fást, verður áskorun að sendast sérstaklega þessu að lútandi. — Þegar uppdrættir koma til álits eftir gefinn frest — mun það koma í ljós, að einungis hinn æfði maður hlaðlistar getur fyllilega dæmt um — bætt úr göllum, dregið saman — og felt úr frumvörpum það sem er ónothæft, — hann einn mun geta bygt upp hinn stóra stífl úr frumvörpunum. Hvort það nú verður Guðjón Samúelsson einn, eður einhver annar, eður nefnd af listamönnum, sem treysta sér til að dæma um vandamálið með honum. — Leiðirnar sem fara má hjá þeim, sem vilja sýna háborgina — eru aðallega tvær, með uppdrætti á blaði — stóru eða litlu — eða móta í leir — og er það sú leiðin, sem skemtilegust er, — en til þess þarf sá að kunna að fara með leirinn, sem velur þá leið, og standa þá myndhöggvararnir vel að vígi. — Ætti síðan að opna opinbera sýningu á öllu, sem inn væri sent, — yrði það lærdómsríkt að sjá mikinn áhuga, og merkilegar myndir um sama hugtakið, — og fer ekki hjá því, að íslenska þjóðin mundi fá áhuga fyrir hámarki þjóðarandans og skilja betur en áður, — að það er hún, sem verður að trúa áræðismanninum sem stýrir verkum — — að það er hún, sem mentamaðurinn okkar kemur frá og þroskar sig til þess að halda skildi fyrir hana út á við — — og að það er hann, — sem kallar til þjóðar sinnar af tindum háborgarinnar um að gleyma sér ekki, þó verkin séu orðin fjarskyld — og þó að leiti beri á milli.“

Í „Dagblaði“, 25. apríl 1925, er grein (eigi merkt höfund) *þar sem ný tillaga kemur fram um hentugan stað fyrir háskólabyggingu og stúdentagarð, þ. e. á „túnunum sunnan við Tjörnina“*, í stað Skólavörðuholtisins. Grein þessi hljóðar svo:

„Eins og menn vita þarf að reisa hér háskóla og stúdentagarð og jafnvel fleiri opinberar byggingar. Eðlilegast hefði verið, að allar opinberar byggingar hefði verið í Miðbænum, umhverfis Austurvöll, en nú er víst ekki því að heilsa að það sé hægt. Eins og Dagblaðið hefir dregið á, verða háskóli og stúdentagarður að vera mjög nærri hver öðrum og helst á sömu lóð. En síðan eg talaði um þetta mál og hvar þessar byggingar ætti að vera, hafa ýmsir bent mér á, að sá staður, sem þar var bent á, væri ekki heppilegur vegna þess, að hann væri alt of nærri höfninni og skarkali og hávaði þaðan mundi valda truflun. Þetta getur vel verið rétt, en þá er Skólavörðuholtið lítið betur til þess fallið að þessar byggingar sé reistar þar. Þess vegna hefir mér dottið í hug að minnast á nýjan stað, sem væri tilvalinn fyrir háskóla og stúdentagarð. Það eru túnin hér sunnan við Tjörnina. — Það mun ákveðið, að vegur verði ger hringinn í kring um Tjörnina og sú hugmynd hefir lengi verið á þróunum, að sunnan við Tjörnina yrði gerður skemtigarður í framtíð-

inni. Þetta tvent mælir með því, að þessar byggingar verði þarna reistar og enn fremur er þarna viðkunnanlegur staður og hæfilega út úr. Þar getur bæjarskarkalinn tæplega valdið neinni truflun, þar er fagurt eftir því sem hér gerist og líkara því sem maður væri kominn upp í sveit heldur en í borg. Og framtíðarskipulag það, sem menn hafa hugsað sér um Reykjavík, á alls eigi að geta orðið því til fyrirstöðu, að þarna megi þessar byggingar vera. — Svo er enn eitt. Ef nokkurn tíma á að verða úr því, að bærinn eignist skemtigarð sunnan Tjarnarinnar (og þar á slíkur garður að vera, verði honum komið upp á annað borð), þá eru stúdentar sjálfsagðir umsjónarmenn og fóstrar þess garðs og mundu telja það borgaralega skyldu sína, þar sem bústaður þeirra yrði mörgum sinnum meir aðlaðandi og vistlegri, ef slíkur garður væri rétt þar hjá. — Það er alveg rétt, að umhverfi hefir mikil áhrif á skapferli manna og tilhneigingar. Og fyrir námsmenn er það mjög þýðingarmikið að þeir sé eigi neyddir til þess að vera innanum ys og þys dags daglega. Þessi staður er því útmetinn að þessu leyti og væri bezt að þarna þyrfti ekki að reisa neinar byggingar aðrar en þessar tvær og hafa svo garðinn umhverfis. — Fyrir svip Reykjavíkurbæjar yrði þetta og til mikillar þrýði, því að sjálfsögðu verður vandað sem mest bæði til háskóla og stúdentagarðs, að hið ytra útlit þeirra verði sem ásjálegast. Yrði það þá án efa mörgum manni augnayndi, að horfa suður yfir Tjörnina með slíkar byggingar í baksýn og sem baktjald hin fögru fjöll í suðurátt. Og verði svo, sem menn vænta, að vegurinn umhverfis Tjörnina verði aðalskemtigönguvegur bæjarins, þá er hann enn skemtilegri ef þessi hús eru sett þarna, bæði fyrir þá, sem heima eiga í Stúdentagarðinum (því að umferð gerir tilbreytingu) og eins fyrir hina, sem ganga þenna veg sér til skemtunar. Mælir því flest eða allt með því að þessi staður sé valinn. Hið eina, sem mælt gæti á móti væri máské það, að of langt sé þangað fyrir kennara og nemendur sem heima eiga úti í bæ, en sú ástæða er mjög léttvæg. — Vona ég að menn taki þessa hugmynd til rækilegrar yfirvegunar.“

*Deilur í bæjarstjórn
og afstaða Samvinnunefndar
um skipulagsmál*

Umræðum um „háborgina“ og um staðsetningu væntanlegra stórhýsa svo sem háskólabyggingar og stúdentagarðs var haldið áfram, og voru 1926 urðu m. a. heitar umræður um málið í bæjarstjórn Reykjavíkur. *Voru þar uppi raddir um, að háskóla og stúdentagarð yrði að reisa á Landakotstúni eða Hólavelli.*



Landakotstúnið á þriðja áratug aldarinnar, þegar fram komu tillögur um að reisa þar háskólabyggingu og stúdentagarð. Ljós m.: ókunnur.

Í Morgunblaðinu 23. maí segir í frétt af bæjarstjórnarfundi fáum dögum áður:

„Á fimtudaginn var, var skipulagsuppdrátturinn af Vesturbænum til 2. umræðu í bæjarstjórn. —Við fyrri umræðu komu fram tillögur um það, að breyta til með fyrirætlanir um Hólavöll, byggja þar m. a. háskólann og stúdentagarðinn. Var það aðallega Pjetur Halldórsson, sem hjelt því fram, að Hólavöllur væri bæði fegursti, hentugasti og edlilegasti staður fyrir þær byggingar. —Frestað var þá að taka nokkra ákvörðun í málinu. —En þareð allmargar umsóknir liggja fyrir, um byggingarleyfi í Vesturbænum, sem eigi er hægt að afgreiða, fyrri en skipulagið er ákveðið, vildi borgarstjóri og byggingarnefnd hraða málinu, fá uppdráttinn samþykkan sem fyrst, svo greitt yrði fyrir þeim, sem byggja vildu. —Nú mun og ákveðið, að byggja hina veglegu, kaþólsku kirkju á Landakotstúni. Samkv. skipulagsuppdrættinum á hún að standa spólkorn sunnan við Túngötu, gegnt spítalanum, miðja veginni milli núv. kirkju og skólans. —En bæjarfulltrúarnir, sem til máls tóku, litu svo á, að ef kirkjan yrði byggð þarna, myndi loku fyrir það skotið að

haga þannig byggingum uppi á túnunum, að vel færi um háskóla þar og aðrar byggingar, sem reisa ætti á sama stað og hann. —Um mál þetta urðu langar umræður í bæjarstjórninni, og heitar með köflum. Stóðu þær yfir í 3 1/2 klukkustund. —Vildi borgarstjóri fá uppdrátt skipulagsnefndar samþykta. En bæjarfulltrúarnir vildu enga samþykta gera, sem kæmi í veg fyrir, að hægt væri að reisa háskóla á Hólavelli — eða hafa þar autt svæði — skemtigarð. — Höfðu þeir ekkert verulegt við aðra hluta uppdráttarins að athuga. —Mjög var það eindreginn vilji margra bæjarfulltrúa, að hverfa frá Skólavörðuhöfn, „háborginni“, og ætla lóð undir háskóla m. m. vestur á Hólavelli. Líklegt er, að þetta sje vilji margra bæjarbúa, sem um málið hugsa. Skólavörðuholtið er í raun og sannleika ekki orðið neitt „háborgarlegt“, síðan húskumbalda hrófatildrin eru komin alla leið upp á hávaðann bæjarmegin. Sennilega sjá eigi margir eftir „húsagarðs“-hugmyndinni þar á holtinu, sem líkara er að ytri línun bændabýli á flatneskju en „háborg“ höfuðstaðar í fjallalandi frjálsslyndrar þjóðar. —Borgarstjóri gat þess á fundinum, að rjett væri fyrir þá, sem bæru Hólavallar-„háborgina“ fyrir brjósti, að koma sjer upp skipulagsuppdrætti fyrir þann bæjarhluta, svo skipulagsnefnd yrði sýnt það svart á hvítu, að þetta mætti vel takast.“

Enn segir í Morgunblaðinu, 5. júní 1926, undir fyrirsögninni „Skipulagið í Vesturbænum. — Baráttan um Skólavörðuhæðina og Landakotshæðina“:

„Meðal þeirra mála, sem rædd voru á síðasta bæjarstjórnarfundum, var skipulagið í Vesturbænum, gatnaskipun þar, torg og fleira, einkum á Landakotstúni og Hólavelli. Hefir málið verið til meðferðar allanga hríð undanfarið, einkum hjá skipulagsnefnd, en jafnframt hjá bæjarstjórn. — Hefir skipulagsnefnd hallast svo að segja eindregið að því, að t. d. væntanlegur háskóli skuli standa á Skólavörðuhæðinni. En allmikill hluti bæjarstjórnar hefir ekki viljað una því. Hefir skipulagsnefnd m. a. fært þau rök fram fyrir skoðun sinni, að lengra væri að sækja af Landakotshæðinni á landsspítala og landsbókasafn, ennfremur mundi landið þar dýrara. Ljet nefndin þess getið í síðustu fundargerð sinni, að hún „vissi enga von þess, að fje fengist til slíkra landkaupa.“ Teldi og landsstjórnin engin líkindi til að það fengist. Kvaðst nefndin því, í fundargerðinni, halda fast við háskólastæði á Skólavörðuholtiinu. —Á bæjarstjórnarfundinum í fyrradag flutti Jón Ásbjörnsson langa ræðu og snjalla um málið. Kom hann þar fram sem fulltrúi þeirra í bæjarstjórninni, sem ekki vilja hlíta því, að háskólinn standi á Skólavörðuhæðinni. Tók hann til meðferðar flest rök þau, er skipulagsnefnd hafði fært fram með sinni skoðun, og ónýtti þau að því er þeim virtist, er á hlustuðu. Kvaðst hann hafa athugað gaumgæfilega staðinn, sem skipulagsnefnd hefði valið

stúdentagarði og háskóla, og teldi hann þann stað mjög óheppilegan. – Yrði að velja helstu og merkustu mentastofnunum vorum fagra staði með góðu umhverfi, en því væri ekki til að dreifa með Skólavörðuhæðina. Þar væri þröngt svæði og ónógt, landið sundurgrafið og hvergi grænn blettur, aðeins malarhryðjur. Og væri slíkur staður ekki samboðinn háskóla landsins. Á Landakotshæðinni ætti háskólinn að standa. Honum yrði að velja þann fegursta og besta stað, sem völ væri á, þeirri stofnun, sem ætti að verða miðstöð íslenskrar menningar og ala upp mentalýð Íslendinga. – Kostnaðarhlið málsins vex mönnum vitaskuld í augum, eins og vant er að vera, þar sem spara þarf hvern eyri. Hafði skipulagsnefnd haldið því fram, eins og áður er á drepið, að Landakotshæðin mundi verða altöfú dýr. Kom J. Ásbjörnsson inn á þetta atriði, og sýndi fram á, að þegar öll kurl kæmu til grafar, mundi staðurinn í Vesturbænum eigi miklu dýrari. – Að lokum bar hann fram ásamt Pjetri Magnússyni, Pjetri Halldórssyni og Stefáni J. Stefánssyni, tillögu þess efnis, að grenslast yrði eftir því, með hvaða verði fást mundi keypt hæfileg lóð af Biskupsstofutúni, Ullarstofutúni og Landakotstúni í því skyni, að þar yrði reistur háskóli og stúdentagarður, og ennfremur með hvaða verði tún þessi í heild mundu fást keypt. – Tillaga þessi var samþykkt með samhljóða atkvæðum. Mun því mega líta svo á, að meiri hluti bæjarstjórnar sje nú kominn á öndverðan meið við skipulagsnefnd. Því traudla mundi bæjarstjórnin samþykkja svona tillögu ef henni væri fast í hendi með Skólavörðuhæðina sem háskólastað. – Verður því fróðlegt fyrir bæjarbúa að fylgjast með þessu máli. En eftir því, sem nú lítur út fyrir, er sennilegast að Landakotshæðin sigri, og að þar verði háskóla vorum og stúdentagarði valinn staður. – En vildu ekki háskólamennirnir, kennarar og stúdentar, leggja orð í belg um málið? Það snertir þá óneitanlega nokkuð.“

Samvinnunefnd um bæjarskipulag fjallaði um þær breytingahugmyndir, sem hér voru gerðar að umtalsefni. Niðurstaðan varð sú, vorið 1926, að nefndin hafnaði algerlega tillögum um háskólabyggingu og stúdentagarð á Landakotstúni.

Um fund í nefndinni 25. maí er m. a. bókað, að fyrir hönd Reykjavíkurbæjar hafi þeir Pétur Halldórsson og Jón Ásbjörnsson sótt fundinn og gert grein fyrir „ástæðum bæjarstjórnar“, en bæjarstjórnin vildi m. a. hafa „opið svæði (máske háskóla) á Landakotstúni.“ Var þá ákveðið að gera út um málið á næsta fundi. Þann 31. maí fjallaði nefndin síðan um skipulag á Landakotstúni og á Hólavelli, og í gerðabók er þá þetta ritað:

„Það var álit samvinnunefndar, að *stórt autt svæði sunnan* Túngötu, vestan

Kyrkjutorgsins sje óþarft af heilbrigðisástæðum, rjett hjá hinum stóra velli umhverfis kapólsku kyrkjuna og innan um dreifða bygð. Bæjarprýði yrði slíkt svæði minni en nú sýnist, þegar húsaröð er komin austan Garðastrætis, en hlýtur hinsvegar að kosta stórfje. Nefndin sjer því enga ástæðu til þess að setja skemtigarð á þennan stað . . . *Háskóla* telur nefndin engu betur settan á Landakotstúninu en á Skólavörðuhæðinni og að því leyti miður sem lengra er þaðan á landsspítala og landsbókasafn og landið dýrara. Veit nefndin enga von þess, að fje fáist til slíkra landkaupa og stjórnin telur engin líkindi til þess. Nefndin heldur því fast við háskólastæði á Skólavörðuhæðinni.“

Hljóðnaði síðan umræða um háskólabyggingu á Landakotstúni eða Hólavelli.

„Háborg“ Guðmundar frá Miðdal

Á þessu sama ári, þ. e. 1926, ritaði *Guðmundur Einarsson frá Miðdal*, myndlistarmaður, grein í *Eimreiðina*, er hann nefndi „Háborgin“. ¹⁾ Birti hann með greininni þrjár myndir af líkani af „háborginni“, er hann hafði gert, og er þar nokkuð annar svipur á byggingunum en á teikningu Guðjóns Samúelssonar, enda þótt í grundvallaratriðum sé byggt á hugmynd Guðjóns. Á líkaninu er m. a. mikil háskólabyggung og stúdentagarður. Grein Guðmundar hljóðar svo:

„Verðandi mentalíf og fegurðarþrá okkar leitar hæðanna. Það hygg ég benda á, að þjóðin eigi merkilega framfaratíma í vændum. Með reynsluskynsemi 1000 ára og endurvöktum krafti hyggjum við hvarvetna til stórræða. Þar sem hugsjónir eru, vekjast upp kraftar til framkvæmda. — Höfuðborg landsins, sem á fyrstu endurreisnarárunum bygðist af skyndiþörf og skyndigróða, er orðin sér og umhverfi sínu til skammar. Daglega horfum við á hinar fögru línur Snæfellsjökuls, Esjunnar, Hengilsins og Keilisins, og sjáum þessar óviðjafnanlegu náttúrusmíðar gnæfa yfir mislitum járnbáruþökum, sem hafa sama og enga tilbreytingu fyrir augað. Frágangur flestra húsanna og umhverfi minna mann altaf á eitthvað hálf gert, og jafnframt að það verði ekki full gert. — Grjóthrúgur og óræktarblettir, jafnvel við aðalgötturnar. — Það er skiljanlegt, að þannig lagað umhverfi *heimtaði* breytingu í samræmi við náttúruna. Til skamms tíma bygðist borgin í kvosinni við höfnina og flýði þar með víðsýni og kraft þann, sem hæðirnar veita. Áratugi var Skólavarðan

1) *Eimreiðin* 1926, bls. 240–245.



Guðmundur Einarsson frá Miðdal hafði sínar hugmyndir um útlit „háborgar“ á Skólavörðuholtinu.


einvöld á háholtinu, og það var talið meira en meðalmanns verk „að ganga upp að Vörðu“. Nú vaxa fjarlægðirnar ekki eins í augum, og gráu grjóthæðirnar eru ekki eins erfiðar viðfangs og áður. — Síðan farið var að byggja úr steini, hefur borgin tekið miklum stakkaskiftum til batnaðar. Þó virðist timburhúsabragurinn um of ráðandi og steininum oft herfilega misboðið með tilbreytingalausum gluggaröðum og hálfisum. Það eru því miður oft afleiðingar þess, að of mikið þarf að spara, því venjulega er spurningin ekki um það, hvað húsið geti orðið *fallegt*, heldur um hvað það geti orðið *ódyrt*. En með þeim andstæðum er erfitt að vinna. —Nú hygst þjóðin að byggja sínum húsviltu mentastofnunum og söfnum hús, og anda sínum *varanlegt musteri*. Það er háleitt verkefni og göfugt, vel til þess fallið að knýja fram þá krafta, sem þjóðin á — og skapa nýja. Það er skiljanlegt, að borg, sem er orðin umhverfi sínu til skammar, sé kröfuhörð — eða öllu heldur hafi löngun til að byggja þannig, að þar með verði ákveðinn framtíðarstíll, og að byggingarnar verði um leið kóróna borgarinnar og menningar þeirrar, sem

hún hefur að geyma. Uppástungan að byggja hús þessi öll á einum stað virðist sjálfsgöð, og sömuleiðis að flýja þrengslin í hafnar- og verzlunarhluta borgarinnar, sem, eins og J. S. Kjarval kemst að orði, „heldur áfram að híma í syndum sínum“. — Þjóð, sem ekki lætur sér fjarlægðir og hæðir í augum vaxa, hlýtur því að kjósa Skólavörðuhæðina, sem liggur betur við en Landakotshæðin. — Þriðja hæðin, Öskjuhlíðin, kemur varla til greina að svo komnu. — Tillögur skipulagsnefndar um Skólavörðutorg álfé ég því réttmætar, enda þótt ég sé nefndinni ekki sammála um fyrirkomulagið á húsunum sjálfum, eins og sjá má af myndum þeim, sem fylgja. Þessar bráðabyrgðar-tillögur mínar eru þó að mörgu leyti bygðar á þeim grundvelli, sem nefndin lagði, en með öðru fyrirkomulagi og byggingarstíl. Mér er það ljóst, að ég færist mikið í fang með að gera tilraun til að leysa þessa vandsömu þraut, en þar sem ég vinn af sannfæringu, hef ég ekkert að afsaka. Aðalatriðið er, að endanleg ákvörðun verði tekin um háborgina áður en búíð er að byggja svo háholtið, að byggingum þessum verði ekki komið þar fyrir, og í öðru lagi, að sem flestir leggi fram tillögur sínar í tíma til þess að bygginga- og skipulagsnefnd hafi sem mest úrval, eða geti tekið það sem nýtilegast er úr hverri tillögu. — Eins og sjá má á uppkasti mínu, hugsa ég mér torgið réttthyrndan ferhyrning. Þar með er nauðsynlegt að rífa núverandi sýningarhús Listvinafélagsins, sem annars stæði þversum í norðvesturhorni torgsins, en í stað þess yrði svo bygt stórt sýningarhús með útsýnisturni. — Að hafa kirkju á miðju torginu álit ég vafasamt. Enda þótt þess megi finna dæmi annarsstaðar, þá eru staðhættir og stærð torgsins þannig, að hús á miðju torginu myndi þrengja það um of, nema maður hugsi sér kirkjuna óverulegt kríli og ósamboðið framtíðinni. — Torgið vil ég láta vernda sem mest fyrir óþarfa umferð, með því að loka öllum götum, sem að því liggja, nema horngötum og Skólavörðustíg, sem yrði aðalgatan upp á torgið. Ég geri ráð fyrir stóru koparminnismerki á miðju torginu; stallurinn, sem það hvílir á, yrði úr fægðum grásteini, en ferhyrningurinn í kring yrði grasflötur. Fyrir allri austurhlið torgsins er Háskólinn með íbúðum fyrir kennarana og suður af honum stúdentagarðurinn. Fyrir suðurhlið eru 2 safnahús. Vestara húsið er hús Einars Jónssonar, eins og hann hefur hugsað sér það fullgert. Fyrir norðurhlið er sýningarhöll með háum útsýnisturni. Í því yrði pláss fyrir listaháskóla okkar. Við austurhlið þess er samkomuhús eða musterihljóm-listamanna. Fyrir vesturhlið eru íbúðarhús með vinnustofum fyrir listamenn. — Með uppástungu þessari legg ég áherzlu á þungar, rólegar línur, lárétta þaklínurnar, lítilsháttar brotnar, með turnum og hvolfþökum. Byggingarnar eru það háar, að þær myndu bera hátt yfir borgina, enda þótt byggingarnar umhverfis hækkuðu. — Byggingarnar hugsa ég mér allar úr steinsteypu, nema að súlnaröðin í framhlið eystra safnhússins yrði úr ljósu granit, og




„Háborg“ Guðmundar Einarssonar, séð frá Frakkastíg. Ljós m.: ókunnur.

risfletir samkomuhússins beint á móti með dauflituðum mosaikmyndum. Annars yrðu húsin öll ljósleit; gætum við farið að dæmi Ástralíumanna með að blanda sementið – í yzta laginu – með hvítu kvarzdufti; þá yrðu húsin lík því sem þau væru byggð úr ljósgráum marmara. Kvarzhúðin hefur líka þá eiginleika að þola betur vatn en venjuleg sementsblanda, vegna þess hvað hún er hörð. – Sjálfsagt væri að leggja járnbraut upp á holtið til aðdráttar á byggingarefni og til að flytja úr stað það, sem þarf til að gera torgið lárétt. Torg með halla verður altaf ljótt, því allar láréttar línur húsanna raskast. Eingöngu „Barock“byggingar eru hugsanlegar við hallandi torg. – Margur mun spyrja, hvar við eigum að fá allar miljónirnar, sem við þurfum til að geta bygt alt þetta, og svo vinnukraftinn. – Ýmsar tölur sýna það, að við Íslendingar eigum þessar miljónir til, og þjóð, sem er einhuga, getur gert það tífalda, enda þótt hún sé smærri en smá. – Aðrar þjóðir skirrast ekki við að kalla syni sína til þriggja ára herþjónustu, og að auki leggja þær skatt á sjálfa sig til að halda við þeim svívirðingum sem hernaði fylgja. Hver réttskapaður maður verður, með öðrum orðum, að vinna 1–8 ár af æfi sinni og borga skatt til að halda við gömlum erfðasýndum. Hugsum okkur, að íslenzkir æskumenn ynnu að því í framtíðinni að byggja sér og eftirkomendum sínum vegleg minnismerki um leið og þeir nytu kenslu mestu mentamanna þjóðarinnar. – Háborgarhugmyndin er nokkuð um of stórvaxin í augum sumra Íslendinga; veldur því meir athugunarleysi en svartsýni, því í náinni framtíð verður að reisa flestar þessar byggingar, en að byggja þær allar á einum stað og samtímis er miklu hentugra og ódýrara. Margar okkar ædstu og fegurstu hugsjónir standa og falla með því, hvernig háskólamálið verður leitt til lykta, og stúdentagarðurinn er einn aðalliðurinn í því máli. Hið unga listræna líf þjóðarinnar á nú við svipuð kjör að búa og niðursetn-




„Háborg“ Guðmundar séð frá austri.



„Háborg“ Guðmundar séð frá suðri. Stúdentagarðurinn sést neðst á myndinni.

ingar á fyrri öldum. Verði ekkert gert því til stuðnings í framtíðinni, liggur ekkert fyrir nema *útleðin*. – Við stöndum á vegamótum. – Fegurðarþrá og husjónir sækja á brekkuna, en niður á við liggja vegir sinnuleysis og svartsýnis. – Hver *einstaklingur* verður að ákveða stefnu sína, og þar með þjóðarinnar. Ekki hefur forsjónin treint í okkur líftórana allar þessar niðurlægingaraldir til þess að verða að endingu erlendri sníkjumenningu að bráð, enda þótt höfuðborgin sé umhverfi sínu og íbúum til stórskammar, og að alt menta- og listalíf okkar lognist út af vegna sinnuleysis hins „praktiska“ verzlunar- og gróðaanda, sem nú liggur eins og mara á þjóðinni. Það er ekki nóg að hafa menta- og fegurðarþrá, það verður líka að *fullnægja* henni, annars verða þær sálrænu unaðsraddir að útburðarvæli. Þjóð, sem ekki

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS



Tillaga að heildarskipulagi fyrir Reykjavík frá 1927, lögð fram 1928 að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Þar er m. a. gert ráð fyrir „háborg“ á Skólavörðuholti.



Skólavörðuholt um 1930, eða um það bil, sem horfið var frá hugmyndinni um „háborg íslenskrar menningar“. Ljósma.: Ókunnur.

skilur það og breytir eftir því, er dauðadæmd og verður hinum hverfula efnishygguanda að bráð. Ekki byrjuðu Ísraelsmenn að grafa upp gull sitt, þegar þeir komu úr útlegðinni, heldur á því að reisa musteri sín „stærri og fegurri en þau voru“. Sagan sýnir, að verzlunar og hernaðarþjóðir eiga ömurleg afdrif í vændum, og eins hitt, að þjóðir (þó smáar væru) sem bygðu anda sínum varanleg musteri, standa bjargfaster í hafi gleymskunnar.“

Líkan þetta sýndi Guðmundur á myndlistarsýningu, er hann hélt árið eftir, 1927. Líkanið var síðan varðveitt í fórum hans og síðar ekkju hans um áratuga skeið, en fyrir nokkrum árum eyðilagði skemmdarsjúkur innbrotsþjófur það á geymslustað þess (hjó það í spað), og eru meðfylgjandi myndir því það eina, sem nú minnir á það.

Endalok „háborgarinnar“

Samstarfsnefnd um bæjarskipulag hvikaði ekki frá hugmyndinni um „háborg íslenskrar menningar“ á Skólavörðuholti, og er gert ráð fyrir „háborg-

inni“ á þeim stað á skipulagsupprætti fyrir Reykjavíkurbæ, frá 1927, sem náði samþykki bæjaryfirvalda árið 1928, en fékk hins vegar ekki staðfestingu æðri skipulagsyfirvalda. Af ýmsum ástæðum voru þó hin fyrirhuguðu stóhýsi ekki reist umhverfis torgið efst á Skólavörðuhæð, en kirkjuhúsið mikla, sem frá upphafi hafði verið ætlaður staður á torginu miðju, komst þó upp um síðir, en að vísu í annarri mynd en höfundur þess, Guðjón Samúelsson, hafði ætlað í fyrstu (Hallgrímskirkja). Ekki er ósennilegt, að ákvörðunin um að byggja háskólahús og stúdentagarð á öðrum stað í bænum, sem síðar getur um, hafi í raun valdið því, að „háborgarhugmyndin“ varð aldrei að raunveruleika. Árið 1930 stóð þó þessi hugmynd um „háborgina“ enn í þeim blóma, að flutt var lagafrumvarp um byggingu háskólahúss á Skólavörðuholti, sbr. nánar síðar.

Eitt af fáu, sem nú minnir á hugmyndir og umræður um þessa „menningarháborg“ á Skólavörðuholtinu, er götunafnið „Mímisvegur“, á þessum slóðum. Um þetta segir Þórhallur Vilmundarson, prófessor:²⁾

„...samkvæmt tillögu Guðjóns Samúelssonar húsameistara árið 1924 var Háskóla Íslands ætlaður staður við Skólavörðtorg... Nafnið Mímisvegur mun vera minjar um þá fyrirætlan, en það þótti fara vel á götu, sem tengdi tvær akademískar stofnanir, Háskóla Íslands og Landspítalann.“

2) Sbr. grein hans „Bruninn mikli í Kaupmannahöfn 1728“ í afmælisriti Ólafs Hanssonar „Söguslóðir“ (Rvík. 1979), 389-415, á bls. 396. Þórhallur segir í neðanmálsathugasemd, að heimildarmaður sinn um þetta tilefni nafnsins sé Páll Línadal, „en hann kvað Sigurð Nordal prófessor hafa sagt sér.“

Teikning Sigurðar Guðmundssonar af stúdentagarði við Skólavörðutorg og byrjunarframkvæmdir 1928

Enda þótt „háborgartillagan“ næði eigi fram að ganga, mátti e. t. v. ekki miklu muna, að ein þeirra bygginga, sem þar hafði verið ætlaður staður, þ. e. stúdentagarðurinn, kæmist upp. Þegar hér var komið sögu, höfðu samtök stúdenta og fleiri aðiljar barist fyrir því í nokkur ár, að reistur yrði stúdentagarður í Reykjavík, og hafði m. a. safnast nokkurt fé í því skyni. Í nóvembermánuði 1926 tók Samstarfsnefnd um bæjarskipulag Reykjavíkur stúdentagarðsmálið til sérstakrar umfjöllunar í tilefni af bréfi, er Samstarfsnefnd hafði borist frá Stúdentagarðsnefnd, og varð niðurstaða hennar (á fundi 5. nóvember) sú sama og fyrr á árinu, þ. e. „að heppilegast yrði að byggja stúdentagarðinn austan við Skólavörðuhæðina.“

Í Stúdentablaði, 1. desember 1927, segir um þáverandi stöðu þessa máls:¹⁾

„Nú eru rétt fimm ár liðin síðan stúdentar hófu fjársöfnun til Stúdentagarðsins, og má kalla, að unnið hafi verið jafnt og þétt að framgangi þessa máls síðan. Er því nú svo langt komið, að hugsað er til þess að byrja á byggingu Garðsins í vor, ef alt gengur skaplega. — Sigurður húsameistari Guðmundsson hefir tekið að sér að gera uppdrætti að Garðinum. En eins og kunnugt er, hefir húsinu verið fenginn staður við hið fyrirhugaða Skólavörðutorg. Eigi er þó víst nema horfið verði frá því ráði sökum kostnaðar, er leiðir af því, hve óheppilega sú lóð horfir fyrir íbúðarhús eins og Stúdentagarðinn. Er þó slæmt að verða að hætta við þá lóð, því hún er að ýmsu leyti mjög góð. En héðan af mun það samt ekki tefja framgang málsins, að ekki fáist byggingunni hentugur staður. — Á þessum 5 árum, sem unnið hefir verið að fjársöfnun til Garðsins, hefir safnast talsvert fé. Í handbæru fé á

1) Á bls. 18–19.



Ludvíg Guðmundsson, síðar skólastjóri, var einn hinn helsti athafna- og forystumaður í stúdentalífi, þ.á m. í stúdentagarðsmálinu. (Teikning úr Stúdentablaði 1930).

Gardurinn nú rétt um 100 þús. kr. og um 50 þús. kr. í gjafalofordum hjá einstökum mönnum og sýslufélögum, auk margra annara eigna. Mun það fé greiðast á næstu 2–3 árum. Þar að auki á Gardurinn 50 þús. kr. fjárveitingu frá þinginu á fjárlögum þessa árs og 25 þús. kr. á fjárlögum 1928. Er þess fastlega vænzt, að þær 25 þús. kr., sem þá skortir í 100 þús. kr. tillag úr ríkissjóði, verði veitt á fjárlögum 1929, á næsta þingi. Má því telja, að Stúdentagarðurinn eigi í peningum, gjafalofordum og öðrum eignum, og ríkisstyrk veittum og í vonum, ekki minna en 250 þús. kr. nú, þegar ákveðið er að hefjast handa um bygginguna. – Enn liggur ekki fyrir nein föst áætlun um kostnað við byggingu Garðsins, en gert er ráð fyrir, að hann muni ekki kosta minna en 300–350 þús. kr. uppkominn og búinn til notkunar. Vantar því enn allmikið á, að nægilegt fé sé fyrir hendi til þess að húsið geti risið skuldlaust. En að því verður að keppa, að sem allra minstar skuldir þurfi að hvíla á þessari stofnun í upphafi.“

Enn miðar málinu fram á við, og í Stúdentablaði, 5. október 1928,²⁾ er birt

2) Á bls. 6–7.



Porkell Jóhannesson, frá Fjalli, mag. art., var formaður stúdentagarðsnefndar 1928. (Úr Stúdentablaði 1928).

viðtal við *Porkel Jóhannesson, mag. art.*, síðar prófessor og háskólarektor, en hann var þá formaður Stúdentagarðsnefndar. Þar er m. a. vikið að þeim drætti, sem orðið hefði á því, að vinnan við stúdentagarðinn gæti hafist, og kemur þá eftirfarandi fram um stöðu og horfur:

„Fyrsti drátturinn á byggingu Garðsins var sá, segir Porkell, er komst á málið í fyrravor, þegar teiknisamkepnin fór út um þúfur. Engin teikning reyndist algjörlega fullnægjandi, en hugmyndin var upphaflega sú, að teiknisamkepnin skæri úr því, hvaða byggingameistari yrði fenginn til að teikna bygginguna. Kom þá til orða í fyrra haust, annaðhvort að bjóða teikninguna út aftur, eða ráða einhvern byggingameistara til þess að gera teikninguna í samráði við nefndina. Meiri hluti nefndarinnar áleit, að óheppilegt væri að bjóða teikninguna út á ný sökum þess, að þá yrði enn dráttur á framkvæmdum, og var þá samþykkt að fela Sigurði Guðmundssyni, byggingameistara, að gera teikninguna. Var svo til atlast, að hann lyki teikningunni í vor, svo hægt væri að byrja á byggingunni í sumar. — Teikningin var þó síðar tilbúin en menn höfðu upphaflega gert sjer vonir um. En er hún var tilbúin, var hún send til byggingarnefndar. Var það í miðjum júlímánuði. Hafði byggingarnefnd teikninguna til meðferðar þangað til síðast í ágúst, en neitaði loks að samþykkja hana. Málið kom fyrir bæjarstjórn og var þar til umræðu á

tveimur fundum og varð niðurstaðan sú, að bæjarstjórn samþykkti, að byggt væri samkvæmt teikningunni. – En hvernig er málinu komið nú? – Sem stendur liggja teikningar fyrir ríkisstjórninni til athugunar og samþykkis, sem er venju samkvæmt, þegar um er að ræða mannvirki, sem ríkissjóður leggur verulega fjárupphæð til, en tillag ríkissjóðs er 100,000 krónur. – Er þá nokkur von um að ráðist verði í framkvæmdir í haust? – Já, ef greið afgreiðsla fæst á málinu hjá ráðuneytinu, er þá ekki vonlaust um, að hægt verði að byrja á greftrinum í haust og jafnvel sjálfri byggingunni ef tíð leyfir. Enda er það nauðsynlegt, ef maður á að geta gert sjer vonir um, að húsið verði komið upp 1930, sem margir telja nauðsynlegt. – Vegna norræna stúdentamótsins? – Meðal annars, en það er allra hluta vegna æskilegt, að Garðurinn komist upp sem allra fyrst. – Hvað líður fjársöfnuninni til Garðsins? – Þegar byrjað verður á verkinu í haust eða vetur, þá gerum við ráð fyrir að hafa í reiðum peningum og lofordóm frá ríkinu og einstökum hjeruðum og bæjarfjelögum samtals 250,000 krónur. Als er gert ráð fyrir að bygging fullbúin kosti alt að 300,000 kr . . .“


Í Stúdentablaði, 18. apríl 1928, eru birtar myndir af teikningum af hinni fyrirhuguðu stúdentagarðsbyggingu eftir *Sigurð Guðmundsson*, arkitekt, og eru þær jafnframt sýndar hér. Frumteikningar hafa ekki fundist þrátt fyrir mikla leit.

Um sumarið 1928, nánar tiltekið 12. júlí, ritar Sigurður Guðmundsson eftirfarandi bréf til byggingarnefndar Reykjavíkur:

„Fyrir hönd stúdentagarðs-nefndarinnar óskar undirritaður leyfis háttvirtrar byggingarnefndar Reykjavíkur til þess að reisa Stúdentagarðinn eftir meðsendum uppdráttum . . . á lóð þeirri, er húsinu er ætluð á Skólavörðuholtinu. – Veggir og gólf hússins verða af steinsteypu. – Hús þau, sem sýnd eru – auk Stúdentagarðsins – á afstöðuuppdrættinum, koma ekki þessari umsókn við. Þar er sýndur í heild sinni torgveggurinn með þeim húsum, er skipulagið gerir ráð fyrir að einhvern tíma komi þar.“

Þegar dráttur verður á afgreiðslu byggingarnefndar, ritar Sigurður arkitekt enn til nefndarinnar, 7. ágúst:


„Með því að háttvirtri byggingarnefnd hefir ekki þóknast um að afgreiða umsókn mína, dags. 12. júlí, um Stúdentagarðinn, vildi jeg leyfa mjer að spyrjast fyrir um, hvað því veldur, að nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að samþykkja uppdrættina. – Jeg hefi frjett, að gaflana að torginu þætti skorta




Útlitsteikning Sigurðar Guðmundssonar, húsameistara, að stúdentagarði við austanvert Skólavörðutorg. Þannig átti byggingin að líta út, séð frá torginu. Byggingin, sem fjær sést, var stúdentagarðinum óviðkomandi. (Úr Stúdentablaði 1928).

glugga eða aðra prýði. Gerði jeg tilraun til að bæta úr þessu með nokkru flúri, er jeg teiknaði á gaflana og sendi nefndinni (Glugga fann jeg enga, er vildu vera þar). Þetta mun þó ekki hafa þótt umbót og þykir mjer það von, því að jeg hefi sjálfur sannfærst um það síðan – af nánari viðkynningu – að gaflarnir voru betri áður, eða rjettara sagt *húsið* – og ef til vill torghliðin öll – með göflunum hreinum. – Krotið mundi þó ekki mjög til lýta upphleypt eða inngreipt í múrhúðina og jafnlitt húsinu, eins og jeg hafði gert ráð fyrir. Húsið hafði jeg hugsað mjer grófhúðað, ef til vill með sementssprautu, eða helst með skeið. Óski nefndin ýtarlegri skýringu um þetta, eru þær til reiðu.“

Bæði eru bréf þessi geymd í skjalasafni embættis byggingarfulltrúa (Cesilía Þórðardóttir, starfsmaður þar, léði mér afrit þeirra, – og er skjalanúmer þeirra þar B/2331, 1/9 1928). Á sama stað eru einnig varðveittar frekari upplýsingar um gang málsins, og er ljóst, að umsóknin mætti andstöðu. Þann 1. september er umsóknin formlega kynnt í byggingarnefnd, og er henni þá synjað þar. Þann 6. sama mánaðar er málið borið undir bæjarstjórn, og er þá samþykkt þar með samhljóða atkvæðum að fresta að taka ákvörðun um



Stúdentagarður á Skólavörðuholti. Austuhlið, inn að blómagarði. (Úr Stúdentblaði 1928).




Stúdentagarður á Skólavörðuholti. Suðurhlið. (Úr Stúdentblaði 1928).

málið. Hinn 20. september er ákvörðun byggingarnefndar um synjun byggingarleyfisins felld í bæjarstjórn með 5 atkvæðum gegn 2. Umsókninni hefur bersýnilega verið fylgt eftir á æðri stöðum, því að 26. október fellst Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið (sem byggingarmál heyrðu undir) á umsóknina (skjalanúmer B/2331, 27/10 1928). Það bréf ráðuneytisins var síðan lagt fram í byggingarnefnd 1. desember og hlaut síðast endanlega „blessun“ í bæjarstjórn 6. sama mánaðar.

Af bókun í gerðabók byggingarnefndar 1. desember kemur fram, að Stúdentagarðurinn átti að vera 592.3 fermetrar að flatarmáli.

Þá um haustið, 1928, var síðan hafist handa um að grafa grunn stúdentagarðsins á Skólavörðuholtinu. Um aðdraganda þess verks segir í Stúdentablaði, 1. nóvember 1928:³⁾

3) Á bls. 4.




Stúdentagarður á Skólavörðuholti. Grunnmynd af kjallara. (Úr Stúdentblaði 1928).

„Á alm. fundi stúdenta 15. f. m. skýrði Stúdentagarðsnefnd frá því, að innan skamms yrði hafist handa að byggingu Stúdentagarðsins. Hefur teikningin náð samþykki og þegar þetta er skrifað stendur aðeins á mælingum fyrir grunninum. Þegar þeim er lokið verður byrjað á greftrinum og jöfnun svæðisins í kring um Garðinn. Á fundinum, sem um getur, lofuðu stúdentar að mynda sjálfboðalið til þess að vinna að fyrstu framkvæmdum í haust og vetur. Er svo til ætlast að stúdentar vinni í 10–12 manna sveitum undir umsjón verkstjóra. Verða þar til valdir vanir menn, en auk þess verða menn fengnir til þess að sjá um sprengingar og annað, sem ekki verður til ætlast að stúdentar inni af hendi. Má þannig búast við, að alt að 20 menn vinni að undirbúningi sjálfrar byggingarinnar fram eftir vetri. Að vori verður svo byrjað að steypa. — Landsverkfræðingur hefur lofað að lána stúdentum verkfæri til vinnunnar, en nefndin mun sjá um, að þeir sem ekki eiga vinnuföt geti fengið þau að láni. — Margir stúdentar hafa þegar lofað að leggja fram dagsverk. Þeir sem enn eiga eftir að gera það, geta snúið sjer til hinna deildakjörnna fulltrúa Stúdentaráðsins.“

Af heimildum er ljóst, að í nóvembermánuði 1928 unnu stúdentar í sjálf-

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS





Sjálfbodaðiðar í grunni fyrirhugaðs stúdentagarðs á Skólavörðuholti, 12. nóvember 1928. Magnús Jónsson, dósent í Guðfræðideild (þá settur prófessor) ásamt nemendum sínum. 1. Einar M. Jónsson, tók ekki embættispróf í guðfræði. 2. Sigurður Pálsson, síðar prestur á Selfossi og vígslubiskup. 3. Bergur Björnsson, síðar prestur í Stafholti og prófastur. 4. Þórgímur Sigurðsson, síðar prestur á Staðarstað og prófastur. 5. Jón Thorarensen, síðar prestur í Reykjavík. 6. Magnús Jónsson, dósent. 7. Sigurjón Guðjónsson, síðar prestur í Saurbæ og prófastur. 8. Garðar Þorsteinsson, síðar prestur í Hafnarfirði og prófastur. 9. Óskar J. Þorláksson, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík og prófastur. 10. Jón Þorvarðsson, síðar prestur í Reykjavík og prófastur. 11. Guðmundur Benediktsson, síðar prestur á Barði í Fljótum. 12. Einar Guðnason, síðar prestur í Reykholti og prófastur. 13. Jón Jakobsson, síðar prestur á Bíldudal. 14. Gunnar Jóhannesson, síðar prestur á Stóra-Núpi og prófastur.

Séra Sigurjón Guðjónsson, sem var í hópi sjálfbodaðanna á myndinni, sagði mér í viðtali, að Magnús Jónsson hefði verið sérstaklega góður flokksstjóri, skemmtilegur og góður félagi stúdentanna við þetta sjálfbodaðastarf. Hafi hann verið hamhleypa til vinnu, þarna sem annars staðar. Hafi dugnaður hans „smitað“ út frá sér og stúdentarnir lagt sig alla fram við verkið. Séra Sigurjón kvaðst minnst þess, að grófturinn þarna hafi verið fremur erfiður og hart undir. Talsvert þurfti að sprengja. Ljós m.: ókunnur.

boðavinnu við grunngröftinn ásamt nokkrum kennurum. Mynd, sem hér er birt og tekin er af stúdentum og Magnúsi Jónssyni, dósent, í grunninum, er dagsett 12. nóvember 1928, og segir hún sína sögu, en í Stúdentablaði, 1. desember 1928, ræðir einnig um þetta sjálfböðastarf:⁴⁾

„Síðasta mánuð hafa stúdentar unnið að greftri fyrir Stúdentagarðinum. Hafa flestir þeirra, sem nokkur veigur er í, tekið sér þar reku í hönd, skemt sér við starfið og þótt gott, að hrista af sér bókarykið dag og dag. En þar hafa og fleiri unnið en háskólastúdentar. Þrír kennarar Háskólans, þeir Magnús Jónsson guðfræðingur, Ásmundur Guðmundsson docent og dr. Alexander Jóhannesson hafa „lagt hönd á plóginn“ og getið sér hið besta orð fyrir kappsfull vinnubrögð. Einnig hafa nemendur í lærdómsdeild Mentaskólans fengið frí, hver bekkur einn dag, til þess að vinna að greftrinum, og hefur mikið lið orðið að aðstoð þeirra. Á Þorleifur H. Bjarnason rektor þakkir skyldar fyrir góðvild sína og lipurð í þessu máli. En auk þeirra, sem nú hafa verið taldir og segja má um, að þarna hafi nokkurs metnaðar og hagsmuna að gæta, hafa nokkrir aðrir ótilkvaddir komið og hjálpað til. Má þar til nefna Magnús hlaupara Guðbjörnsson, sem boðist hefur til að vinna kauplaust að sprengingum, eftir þörfum á hverjum degi, í einn mánuð. Þá er Jón N. Jónasson, nemandi á Kennaraskólanum, sem stundum hefur eytt frístundum sínum við vinnu þarna. Loks er Ingólfur Sveinsson, ungur maður héðan úr bæ, sem vann ókeypís í eina viku, var hann þó flestum stúdentum ókunnur og gerði þetta einungis áhuga síns vegna. Þessum mönnum kunna stúdentar hinar bestu þakkir. Ef aðrir borgarar, hver á sinn hátt, veittu þjóðþrifamáli þessu jafn drengilegan stuðning og þessir hafa gert, væri fyrir því séð, að framtíðar heimkynni íslenskra stúdenta risi skuldlaust upp.“

Þá segir í 7. tbl. Stúdentablaðs 1929, að við grunngröftinn muni „hver vinnufær stúdent hafa gefið 5–8 dagsverk.“⁵⁾ Verkið komst þó aldrei lengra en þetta og stóð grunnholan síðan á holtinu um margra ára skeið.

Er hér var komið sögu, varð ljóst, að bygging þarna yrði of dýr, miðað við handbært fé, og var þá framkvæmdum frestað, en síðar, eftir að ljóst varð, eða a. m. k. líklegt, að háskólabygging myndi rísa á Melum vestur, var ákveðið að reisa stúdentagarðinn á þeim slóðum.

4) Á bls. 19.

5) Tilv. rit, á bls. 75.

Erindi háskólayfirvalda til æðstu stjórnvalda 1925–1928 – um húsnæðisvanda Háskólans og um fjölgun stúdentna

Meðan framámenn ýmist deildu um eða dáðust að „háborgartillögunni“, sem fyrr var lýst, leituðust háskólayfirvöld við að ná fram úrbótum í húsnæðismálum stofnunarinnar.

Hinn 20. nóvember 1925 fól háskólaráð þáverandi rektor, *Magnúsi Jónssyni*, lagaprófessor, að tjá forsætisráðherra um „að til vandræða horfði um húsnæði háskólans. Kennslustofur eru orðnar of fáar, húsnæði vantar mjög tilfinnanlega til handbókasafns háskóladeildanna og fyrir bókgjafir þær, sem háskólanum berast.“ Vafalaust hefur rektor orðið við þessu, en bréf hans hef ég ekki fundið (hvorki í háskólaskjölum né í stjórnarráðs-skjölum). Viðbrögð stjórnvalda við því erindi hafa þó a. m. k. ekki verið mikil eða lífleg, og finnast nú ekki heimildir um þau.

Á fundi háskólaráðs 21. nóvember 1928 er síðan bókað um húsnæðisvandann:

„Háskólaráðið telur húsnæði það, sem háskólinn á við að búa, allskostar óviðunandi. Það vill því, að lóð handa fyrirhugaðri háskólabyggingu verði ákveðin svo fljótt sem unt er, uppdráttur gerður og húsið reist svo fljótt sem kostur er á. Bendir háskólaráðið á þann möguleika, að lögð yrði til hliðar árleg fjárhæð til háskólabyggingar ef fjárveitingarvaldinu þætti ekki fært að reisa hana með öðrum hætti. En þangað til bæti stjórn og þing úr brýnustu þörfum með því, að sjá háskólanum fyrir bráðabirgðahúsnæði.“

Bréf háskólarektors til stjórnvalda, af þessu tilefni, hef ég eigi fundið, né heldur frekari skjöl, sem þessari ályktun háskólaráðs geti tengst – en fremur




Magnús Jónsson, lagaprófessor, háskóla-
rektor 1925–1926.

Ósennilegt verður að teljast, að ályktuninni hafi ekki verið komið á framfæri með einhverjum hætti.

Víst er, að fyrrgreind ummæli um ófullnægjandi aðbúnað Háskólans, starfsmanna jafnt sem stúdenta, voru síst orðum aukin, og má í því sambandi einnig vísa til ítarlegri ummæla í bréfum og skýrslum frá Háskólanum frá árunum þar á undan, sem birt voru fyrr í þessu riti.

Frá upphafi hafði eigi verið laust við smá-árekstra í samskiptum Háskóla og Alþingis, í Alþingishúsinu, þótt sambúðin væri skapleg á ytra borði. Höfðu stúdentar eða háskólaráð m. a. sóst eftir afnotum nokkurra herbergja eða afkima í húsinu utan þess rýmis, sem Háskólanum hafði upphaflega verið úthlutað þar – svo sem skiljanlegt er, þegar litið er til allra þrengslanna – en viðbrögð Alþingis við þess háttar málaleitan voru oftast heldur treg, þótt stundum væru einhverjar ívilnanir veittar. Um þetta vitna ýmis bréf, sem gengu milli Alþingis og Háskólans á þessum árum, sbr. m. a. eftirfarandi bréf frá Alþingi til háskólarektors, dags. 17. janúar 1917 (í skjalasafni Háskólans):



Alþingishúsið (Háskólinn) um 1927, þegar þringsli voru farin að segja til sín. Gluggarnir á suðurhlíð neðstu hæðar (sem snúa við ljósmyndaranum) voru á kennslustofu Guðfræðideildar. Ljósra.: Björn Magnússon.

„Með skírskotun til þess, er forsetar hafa ákveðið og tjáð yður, hæstvirtur herra háskólarektor, í brjefi, dags. 29. nóv. f. á., viðvíkjandi útbyggingu þinghússins, „Kringlu“, sem sje að háskólaborgarar yrðu að rýma þaðan í síðasta lagi 5. des. f. á. og hefðu „þar síðan engan umgang“, leyfum við okkur að skýra yður frá því, til leiðbeiningar og birtingar háskólaborgurum, að Kringlu verður nú lokað og Háskólanum eigi leyfð nein afnot af því herbergi hjeðan í frá. Þar er sem sje í ráði að gera allmikla breytingu innan skamms, og þykir eigi taka því að hleyppa nú háskólaborgurum inn þangað, því að það gæti aðeins orðið um örstuttan tíma.“

Þegar alveg sérstaklega stóð á, leyfðu háskólamenn sér þó einstaka sinnum að óska eftir afnotum herbergja í þinghúsinu, sem þeim voru annars ekki ætluð – en þá einungis til mjög skammra nota. Þess háttar málaleitan var þá ævinlega mjög formleg, svo sem sjá má af varðveittum bréfum. Sem dæmi má nefna bréf rektors til forseta Alþingis frá 22. febrúar 1930 (afrit

Alþingi.

V
VII

Reykjavík, 17. jan. 1917.

Mið skírskotun til þess, er forsetar hafa ákveðið og hjáð yður, hestofur heorra háskóla- rektor, í hefji, dags. 29. nóv. f. á, viðvikjandi útbýggingu þinghússins, „Kónglú“, sem sje áð háskólaborgarar yður áð ríma þáðan í síð- asta lag 5. deð. f. á og hefðun, þar síðan eng- an úngang, leyfðun. við okkur áð skjóra yður frá þri, til leiðbeningar og birtingar háskólaborgunum, áð Kónglú verður nú lokid og Háskólanum eigi leyfð nem afnot af þri herbergi hjedara í frá. Þar er sem sje í rati áð gera allmikla breytingu um an skamma, og þykkir eigi taka þri áð hleypa nú háskólaborgunum um þan getu, þri áð það gati áð eins aðid um stóttan tíma.

G. Gjörnsöy.

Alþingi

Til
rektor Háskóla Íslands. —

Háskóli Íslands
Dagb. I. 1917. bls. 13

Bréf Alþingis til háskólarektors frá 17. janúar 1917, varðandi afnot Háskólans af Alþingis- húsinu.


geymt í skjalasafni Háskólans), en þá stóð svo á, að mála þurfti kennsluherbergi Háskólans eftir nokkra mánuði, og ekki var ráð nema í tíma væri tekið:

„Fyrir hönd háskólans leyfi ég mér því að snúa mér til hinna virðulegu forseta Alþingis með tilmælum um það, að þeim mætti þóknast að ljá háskólanum herbergi til prófhalds síðustu viku maímánaðar (til skriflega prófsins) og fyrra hluta júní (til munnlega prófsins). Tvö nefndarherbergjanna og Hlaðbúð mundu t. d. væntanlega nægja . . .“

Fjölgun stúdenta jók að sjálfsögðu á húsnæðisvandann og um 1930 voru þrengslin orðin mjög til boga og aðbúnaður stúdenta í skólanum slæmur, a.m.k. í sumum deildum, svo sem best má sjá af eftirfarandi „bænarskjali“ stúdenta í Lagadeild til háskólaráðs, dags. 14. nóvember 1930 (varðveitt í skjalasafni Háskólans):

„Nemendur lagadeildar fara þess eindregið á leit við Háskólaráðið, að það sjái þeim hið bráðasta fyrir góðum sætum og borðum, helzt í líkingu við þau, er sett hafa verið í 1. kennslustofu, því að bekkir þeir, sem nú eru ætlaðir nemöndum til setu, eru gersamlega óviðunandi að öðru leyti. – Sakir þess nemandafjölda, sem nú er í deildinni, eru sætin ekki nærri nógu mörg, svo að annaðtveggja verða menn að vera á snöpum eftir stólum inni á kennarastofum og víðar til þess að þeir neyðist eigi til að standa alla kennslustundina, – og hlýtur það oft og einatt að hafa truflandi áhrif á kennsluna, – eða menn verða að öðrum kosti að þjappast svo óþyrmilega hver að öðrum á hinum beinhörðu bekkjum, sem til eru, að ýmist standa menn á blístri af þrengslum, eða hanga hálfir út af endum bekkjanna. Sem vænta má verður mönnum ekki hálf gagn að fyrirlestrum eða annarri kennslu í slíku ásigkomulagi. – Í annan stað slíta trúbekkir þessir vitanlega fötum manna úr hófi fram og gera þau gljáandi fyrr en varir. – Í þriðja lagi má telja víst, að bekkirnir, sem sumir eru meira að segja baklausir, hafi hin skaðvænlegustu áhrif á heilsufar nemanda og líkamsbyggingu, og sé því meiri háski að þeim en margan grunar. Af þessum ástæðum, er nú hafa verið greindar, skorum vér á Háskólaráðið að hlutast til um, að þessu máli verði kipt í lag sem fyrst.“

Tilmælum þessum kom rektor síðan á framfæri við Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sbr. bréf dags. 6. desember 1930 (afrit í skjalasafni Háskólans). Á miðju ári 1934 voru heimilaðar úrbætur í þessu máli, þ. e. smíði nýrra borða og bekkja, svo sem um hafði verið beðið, sbr. afrit af bréfi háskólaritara til húsameistara ríkisins dags. 14. júní það ár og afrit af bréfi rektors til kennslumálaráðherra, dags. 12. maí, hvort tveggja í skjalasafni Háskólans.



Húsakynni Háskólans á neðstu hæð Alþingishússins 1911–1940; 1: Kennslustofa Guðfræðideildar; 2: Kennslustofa Læknadeildar. Á síðustu árum háskólakennslu í Alþingishúsi a.m.k. voru heimspekileg forspjallsvísindi einnig kennd í þessari stofu; 3: Geymsluherbergi fyrir Læknadeild (líffæra- og lyfjasafn o.fl.); 4: Herbergi, sem stúdentar munu gjarna hafa kallað „fýlu“ eða „fílu“. Mun hafa verið notað sem geymsla undir söfn Læknadeildar, a.m.k. seinustu ár Háskólans í þessu húsi; 5: Fatahengi; 6: Geymsluherbergi fyrir Læknadeild; 7: Bakdyr, forstofa og stigi upp á efri hæð; 8: Útidyr að Austurvelli og forstofa, sameiginlegur inngangur fyrir háskólamenn, þingmenn og starfsmenn þingsins; 9: Anddyri, sem var helsti samastaður stúdenta í frímínútum. Á einhverjum tíma munu þar hafa verið bekkir meðfram veggjum. Stundum sátu einhverjir stúdentar á þingpöllum í frímínútum. Í anddyri voru hengdar upp tilkynningar til stúdenta frá háskólayfirvöldum o.þ.h. Heimildum ber ekki saman um, hvort skilveggur hafi verið milli forstofu og anddyris; 10: Stigi upp á efri hæð til húsakynna þingsins og upp í „Kringlu“, setustofu þingmanna. Undir stiganum voru geymslur, sem voru á vegum húsvarðar; 11: „Kringla“. Uppi var setustofa þingmanna en þar undir var í „Kringlu“ aðstaða húsvarðar hússins alls, þ.e. Alþingis og Háskólans (en háskólaritari var þó lengst af eins konar „yfírhúsvörður“, og bjó hann lengi í Kirkjustræti 12, efri hæð, við hliðina á Alþingishúsinu). Á

Um herbergja- og sætaskipan og um þrengsli í kennslustofu Lagadeildar á þessum árum farast *Agnari Kl. Jónssyni*, sem þá var þar við nám, svo orð fimmtíu árum síðar:¹⁾

„Lagadeildin var þá eins og hinar deildirnar, að læknadeildinni undantekinni, að öllu leyti á neðstu hæð Alþingishússins, svo sem verið hafði frá stofnun háskólans árið 1911. Kennslustofa lagadeildar var vestan til í húsinu með þrjá stóra og bjarta glugga út að Rannsóknarstofu háskólans (Kirkjustræti 12), en við hliðina á kennarastofunni, sem hafði glugga út að Austurvelli, og var innangengt á milli þessara tveggja stofa. Þegar skrifstofa forseta Íslands flutti síðar í Alþingishúsið, var forseti með sína einkaskrifstofu í gömlu kennarastofunni, en forsetaritari sat í lagadeildarstofunni, sem áður hafði verið. — Þegar inn var komið úr kennarastofunni, var kennarapúltið strax til hægri fyrir miðjum vegg, en það stóð á upphækkuðum palli, svo að prófessorarnir höfðu góða yfirsýn yfir hinar þrjár bekkjaraðir, sem voru í kennslustofunni. — Jeg verð að fara nokkrum orðum um þessar bekkjaraðir. Í fremstu röð voru tveir bekkir með baki og fyrir framan þá laus borð. Hver bekkur gat rúmað þrjá menn, en nokkuð var þröngt um þá. Á þeim árum, sem hjer er um að ræða, var það venja, að aðeins þeir, sem settust við fremstu borðin, gengju upp, og rjeðu menn því þannig sjálfir, hvort þeir vildu láta yfirheyra sig eða ekki, en ef enginn hafði tekið sér þarna sæti, þegar prófessorinn kom inn, sneri hann sjer að einhverjum í næstu röð, en

1) Sbr. grein hans „Í Lagadeild Háskólans fyrir fimmtíu árum“, í Auðarbók Auðuns (Rvík 1981), bls. 27–32, á bls. 28–29.

tímabili mun húsvörðurinn hafa búið á þessum stað. Á fyrstu árum Háskólans var stúdentum leyfður aðgangur að setustofunni í „Kringlu“, en eftir 1917 mun þeim með öllu hafa verið óheimil dvöl þar; 12: Vinnuherbergi háskólaritara; 13: (Sennilega) skjalageymsla Háskólans um skeið (þá innangengt úr herbergi háskólaritara), en sumir heimildarmenn telja, að í þessu rými hafi verið salerni á tímabili, og þá gengið inn úr forstofu Lagadeildar (milli 13 og 14); 14: Smáforstofa, sem gengið var um inn í stofu Heimspekideildar, og voru salerni á vinstri hönd, áður en inn var gengið; 15: Kennarastofa. Þar voru haldnir háskólaráðsfundir og deildarfundir; 16: Kennslustofa Lagadeildar; 17: Kennslustofa Heimspekideildar.

Grunnmynd þessi er byggð á teikningu úr áfangaskýrslu um Alþingishúsið (notkun þess), sem unnin var á vegum embættis húsameistara ríkisins í janúarmánuði 1985, en höfundur þessarar bókar bar notkun einstakra herbergja m.a. undir dr. Jón Steffensen, prófessor, og dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskólabókavörð, sem báðir höfðu mikil kynni af þessu húsnæði meðan Háskólinn átti þar athvarf, sbr. viðtöl við þá í bókarauka, en einnig var stuðst við aðrar munnlegar heimildir. Smávægilegar breytingar eru hér gerðar frá teikningu í fyrrnefndri skýrslu, til samræmis við það, sem best verður vitað, en rétt er að hafa fyrirvara á um nokkur smáatriði, enda hafa einhverjar minni háttar breytingar vafalaust verið gerðar á þeim þrem áratugum, sem Háskólinn var þarna til húsa.

Nemendur lagadeildar fara þess eindregið á leit við Háskólaráðið, að það sji þeim hið bráðasta fyrir göðum setum og borðum, helst í líkingu við Pau, er sett hafa verið í 1. kennslustofu, því að bekkir þeir, sem nú eru ætlaðir nemendum til setu, eru persamlega óviðunandi að öllu leyti.

Sakir þess nemandafjölda, sem nú er í deildinni, eru setin ekki nærri nógu mörg, svo að annaðveggja verða menn að vera á snöpur eftir stólum inni á kennarastofum og víðar til þess að þeir neyðist eigi til að standa alla kennslustundina, — og hlýtur það oft og einnatt að hafa trúflandi áhrif á kennsluna, — eða menn verða að bér- um kosti að þjappast svo óþyrmilega hver að öðrum á einum beinhörðu bekkjum, sem til eru, að þmist standa menn á blístri af þrængslum, eða hanga hálfir út af endum bekkjanna. Sem vanta má verður mönnum ekki hálftrúgagn að fyrirlesturum eða annarri kennslu í slíku ásig- komulagi.

Í annan stað alíta trébekkir þessir vitanlega fótum manna úr hófi fram og gera þau gljáandi fyrir en varir.

Í þriðja lagi má telja vist, að bekkirnir, sem sumir eru meira að segja baklausir, hafi hin skaðvenlegustu áhrif á heilsufar nemanda og líkamsbyggingu, og sé því meiri háski að þeim en morgun grunar. Af þessum ástæðum, er nú hafa verið greindar, skorum vér á Háskóla- ráðið að hlutast til um, að þessu máli verði kipt í lag sem fyrst.

Virðingarfyllt.

Háskólanum, 14. nóv. 1930.

Þjarni Pálsson.

Andur Austans

Þj. Þjörnsson

Frjálf. Sku. skólans

Ólafur Pálsson

Guðmundur Sigurðsson

Gunnar Pálsson

Halldór Stefánsson

Ragnar Þjarnar.

Almqvistson.

Þómas Þjarnar.

Sig. J. Stefánsson

Sig. Ólafsson

Þómas Stefánsson

Þómas Stefánsson

Þómas Stefánsson

Þómas Stefánsson

Guðmundur

Ólafur Pálsson

Ragnar Þjarnar.

Ragnar Þjarnar.

Ólafur Pálsson

Ólafur Pálsson

Ólafur Stefánsson

Ólafur Stefánsson

Þómas Stefánsson

Þómas Stefánsson

Gunnar Þjarnar.

þar voru sams konar borð og bekkir og í fremstu röð, nefndi hann með nafni, og spurði, hvort hann vildi ganga upp, og var því þá oftast svarað játandi. Próffessorarnir fylgdu þeirri venju að beina máli sínu að einhverjum ákveðnum stúdent og ræða við hann um námsefnið eða yfirheyra. – Næstfremsta bekkjaröðin var eftirsóttust, og kepptust menn við að ná sjer þar í sæti, því flestir reyndu að forðast þriðju og öftustu bekkjaröðina, því þar voru bekkirnir baklausir. En ekki var nóg með það. Á bak við þessa bekki var stór bótaskápur, sem náði yfir allan vegginn, og ekkert hefði verið að athuga við að halla sjer aftur á bak upp að honum og fá þannig stuðning við bakið, ef ekki hefði staðið svo á, að út úr skápnunum gekk mjó brik, sem skarst óþægilega inn í mitt bakið á þeim, sem hallaði sjer aftur á bak. Sá, sem það gerði, var því oftast fljótur að rjetta sig upp aftur. Af tvennu illu var þó betra að sitja upprjettur á baklausum bekknum. Eldri stúdentar heimtuðu auðvit- að, að fyrsta árs menn sætu á aftasta bekk, og þar komust fyrir um 10 manns.“


Líklegast hefur þó aðbúnaður Læknadeildar verið hvað verstur, og rúm- aðist sú kennsla að sjálfsögðu eigi öll í Alþingishúsinu sjálfu. Krufningar fóru t. d. um alllangt skeið fram við frumstæðar aðstæður í smáhýsi því, Halldórs Friðrikssonar-fjósi svokölluðu, sem var rétt vestan við Alþingishús- ið, sbr. nánar viðtalið við próffessor *Jón Steffensen*, sem birt er í bókarauka.


Um húsnæðisvanda Háskólans, og þ. á m. Læknadeildar, segir þáverandi rektor, *Ágúst H. Bjarnason*, í setningarræðu sinni 2. október 1928:²⁾

„Þá er annað, sem mjög hefir bagað háskólann og bagar hann æ meir og meir, eftir því sem lengra líður, og það er húsnæðisleysið. Dæmi eru til þess, að nemendur úr læknadeild, sem eins og kunnugt er, er fjölmennasta deild háskólans, hafa orðið að hlýða á kennslu í kytru nokkurri hér í háskólanum, sem frekar líkist forstofu en stofu, og flestir þó standandi af því, að engin voru til sætin handa þeim, enda ekkert rúm fyrir þau. Tvær kennslustofur háskólans eru nú alsettar bókum með öllum veggjum og svo lítið pláss fyrir bækur þær, sem háskólanum berast, að þær liggja í haugum uppi á háalofti þinghússins og raunar víðar. Þó er einna verst farið með rannsóknarstofur háskólans; svo ónógt og illt er húsrúm það, sem þær hafa, að ekki er lengur við unandi. Raunar var fyrir tveim til þrem árum og með ærnum tilkostnaði hresst upp á rannsóknarstofu háskólans í húsi því, sem hún hefir hýrst í, og varið til þessa meiru fé en kostað hefði að byggja yfir hana og efna-

2) Árbók 1928–1929, á bls. 7–8.

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS







Guðfræðinemar ásamt Sigurði P. Sívertsen, prófessor, í kennslustofu Guðfræðideildar í Alþingishúsinu veturinn 1926–1927.

1. Einar Guðnason, síðar prestur í Reykholti.
2. Jón Jakobsson, síðar prestur á Bíldudal.
3. Einar Sturlaugsson, síðar prestur á Patreksfirði.
4. Óskar J. Þorláksson, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík.
5. Benjamín Kristjánsson, síðar prestur á Laugalandi.
6. Kristinn Stefánsson, síðar fríkirkjuprestur í Hafnarfirði.
7. Óvíst um nafn.
8. Þorgrímur Sigurðsson, síðar prestur á Staðarstað.
9. Sigurður P. Sívertsen, prófessor.
10. Jón Auðuns, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík.
11. Konráð Kristjánsson, lauk guðfræðiprófi, en tók ekki vígslu.
12. Sigurjón Guðjónsson, síðar prestur í Saurbæ.
13. Jón Ólafsson, síðar prestur í Holti í Önundarfirði.
14. Helgi Konráðsson, síðar prestur á Sauðárkróki.
15. Þórarinn Þórarinnsson, síðar skólastjóri á Eiðum.
16. Óvíst um nafn.
17. Sigurður Haukdal, síðar prestur á Bergþórshvoli.
18. Sigurður Stefánsson, síðar prestur á Möðruvöllum og vígslubiskup.
19. Björn Halldórsson, þá stud. theol. en síðar lögfræðingur.
20. Sigfús Sigurhjártarson, síðar alþingismaður.
21. (Líklega) Bergur Björnsson, síðar prestur í Stafholti.
22. Knútur Arngrímsson, síðar prestur á Húsavík og skólastjóri í Reykjavík.

Myndina tók Björn Magnússon, þá stud. theol., en síðar guðfræðiprófessor.

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS






Guðfræðinemar, ásamt Sigurði P. Sívertsen prófessor, í kennslustofu Guðfræðideildar veturinn 1926–1927.


1. Þorgrímur Sigurðsson, síðar prestur á Staðarstað.
2. Einar Guðnason, síðar prestur í Reykholti.
3. Jón Jakobsson, síðar prestur á Bíldudal.
4. Bergur Björnsson, síðar prestur í Stafholti.
5. Sigurður P. Sívertsen, prófessor.
6. Sigurður Haukdal, síðar prestur á Bergþórshvoli.
7. Helgi Konráðsson, síðar prestur á Saudárkróki.
8. Jón Auðuns, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík.
9. Sigfús Sigurhjartarson, síðar alþingismaður.
10. Konráð Kristjánsson, lauk guðfræðiprófi, en tók ekki vígslu.
11. Jón Pétursson, síðar prestur á Kálfafellsstað.
12. Sigurjón Guðjónsson, síðar prestur í Saurbæ.
13. Benjamín Kristjánsson, síðar prestur á Laugalandi.
14. Einar Sturlaugsson, síðar prestur á Patreksfirði.
15. Óvíst um nafn.
16. Knútur Arngrímsson, síðar prestur á Húsavík og skólastjóri í Reykjavík.
17. (Líklega) Björn Halldórsson, þá stud. theol., en síðar lögfræðingur.
18. Björn Magnússon, síðar prófessor í guðfræði.
19. Óskar J. Þorláksson, síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík.
20. Jakob Jónsson, síðar prestur í Reykjavík.
21. Jón Ólafsson, síðar prestur í Holti í Önundarfirði.
22. Sigurður Stefánsson, síðar prestur á Möðruvöllum og vígslubiskup.

Ljóm.: stúdent, óvíst hver.



Kennsla í anatómískri krufningu fór lengi fram í svokölluðu Halldórs Friðrikssonar-fjósi („Fjósinu“), sem hér sést rétt vestan við Alþingishúsið (vinstra megin við Alþingishúsið á myndinni). Þetta var bakhús frá Kirkjustræti 12 við Austurvöll (Halldórs Friðrikssonar-húsi), þar sem Háskólinn hafði rannsóknarstofu.

rannsóknarstofuna af nýju í garðinum hér rétt hjá, eins og stungið var upp á. Í stað þess var einum kennaranum lánað fé úr viðlagasjóði til þess að byggja skúr inni á Hverfisgötu með þeim árangri, að nú er efnafræðisnemendum háskólans byggt út þaðan. Svo óríflega var byggt, þótt lánið væri allríflegt. Á nú að sögn að koma efnafræðiskennslunni fyrir í hinu svonefnda „fjósi“ Menntaskólans, en það má tæpast heita viðunandi og þvínær heilsuspillandi, eftir því sem reynsla undanfarandi ára hefir sýnt. Svo er nú húsrúm það, sem háskólinn ræður yfir, ónógt og takmarkað á allar lundir, að maður tali ekki um það, að ekki er unnt að halda lengur sæmilega vel sóttan fyrirlestur í háskólanum án þess að flýja eitthvað út í bæ með hann. Væri því vel, ef þing og stjórn vildi fara að hugsa háskólanum fyrir betra og rífa húsnaði en hann hefir haft yfir að ráða hingað til. Fyrir rannsóknarstofur sínar einar þyrfti hann, ef vel ætti að vera, allt að því helmingi stærra húsnaði en hann nú hefir; fyrir bókasöfn sín og kennsluáhöld þó nokkrar stofur og lestrarsal; fyrir fjölsóttustu fyrirlestra sína einn stóran fyrirlestrarsal að minnsta kosti og raunar margt annað fleira, ef litið er á annað en brýnustu nauðsyn hans. – Það vakti ekki alllitla gleði og eftirvæntingu í brjóstum margra háskóla-



„Farið frá mér bölvaðir“ (Matt. 25, 41)



„Leyfið börnunum að koma til mín“
(Mark. 10, 14)


(Úr Stúdentblaði).



Jónas Jónsson frá Hríflu, kennslumálaráðherra 1927–1932, var mikill áhugamaður um málefni Háskólans.

manna, er það flaug fyrir frá alþingishátíðarnefndinni, að hún kynni að leggja það til, að ríkið gæfi háskólanum veglegt hús yfir sig í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis. Myndum vér fagna því af alhug, ef það gæti orðið. Víst er um það að minnsta kosti, að háskólinn getur ekki þroskast á sér eðlilegan hátt nema að hann fái yfir sig fasta og áhugasama stjórn og bæði meira húsrúm og betri rannsóknar- og kennslutæki en hann nú hefir.“

Á árunum næst fyrir 1930 var töluvert rætt um, að ör fjölgun stúdenta horfði til vandræða og að Háskólinn væri, m. a. vegna húsnæðisskorts og aðstöðuleysis, vanbúinn til að taka við og þjóna öllum þessum fjölda.



Atvinnuhorfur nýbakaðra kandidata voru, að margra mati, heldur dauflegar á þessum árum. (Úr Stúdentablaði).

Hinn 19. nóvember 1927 sendi þáverandi kennslumálaráðherra, *Jónas Jónsson frá Hriflu* – sem var mikill áhugamaður um háskólamálefni – bréf til allra háskóladeilda, þar sem segir m. a. (afrit í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni, Db. 7, nr. 713):

„Vegna endurtekinna umkvartana frá merkum mönnum sem vinna að háskólakenslu hjer í Reykjavík um það, að háskólinn geti illa tekið á móti þeim stúdentafjölda, er þangað leitar, vill landstjórnin spyrjast fyrir hjá háskóladeildinni um eftirfarandi atriði.

1. Hve marga nemendur hefir deildin nú?
2. Hve margir áður útskrifaðir úr deildinni eru nú atvinnulausir?
3. Hve margir af nemendum úr deildinni ættu á venjulegum tímum að geta fengið atvinnu utan lands og innan ár hvert?
4. Má gera ráð fyrir að nemendur úr deildinni gangi inn í framleiðslustarfsemi, svo sem búskap eða útgerð, ef þeir fá ekki vinnu hjá landinu, og verður að álíta að námið við háskólann hafi búið þá undir slík störf?
5. Álítið þjer yfirvofandi hættu af lærðum öreigalýð?
6. Sje stúdentafjölgun of mikil, hver eru þá ráð til að takmarka hana?
7. Hvað álítið þjer að deild yðar ætti að útskrifa marga sjerfræðinga árlega, þegar lítið er á allar ástæður?“

Greinargerð

nefndar þessar, er kjörn var af deildum háskólans til þess ad þruga orsakin stúdentaviðkomunnar og fírna ráðeind ad þreymnu ad embættisdeildum háskólans.

— u —

Veit, sem komin vorum i nefnd þessa, höfum nú all nokkra fundi með oss mdrir forustu rektors og komið ad mnduðum þeim, sem nú skal greina:

I. Orsakin stúdentaviðkomunnar

talur nefndin þessar helatar:

1. Flóða frá líkamlegri vinnu
2. Ad þreymid til bejanna, einum til Reykjavíkur.
3. Vaxandi velmegun.
4. Vaxandi kröfur til menntunar.
5. Vaxandi námslöngun.
6. Oftrú namna á velgengni embættisdeilda.
7. Himn greiða adgeug ad lerdómsdeild og stúdentaprófi, er varð með himni nýju skólasteigsu 1904 og 1907.


Þú er ad greina orsakin þessar i sumdæm og em öðruge ad segja, þve mikkinn þátt þvur þeirra hefir átt i stúdentaviðkomunni, er þó ætlem vör, ad þvri síðað halda eigi einna mestan þátt i henni.

Adur þvrið seistakan undirbúning adauðkóla til þess ad komast inn i lerdá skólann, sem þá var, og látnestur stúll var gerður við mntókupróf, em á honum varð mörugum hátt. En með þvri á kváðum þvri nýju skólasteigsu, ad sér þvri sá, er gagnfræðingur hefir sláðizt, þátti þvri i lerdómsdeild, var opnuð bém þvri til stúdentaprófs, þvri ad mnt, sem lokid höfðu gagnfræðingur, taldust til þess ad halda áfram i lerdómsdeild alla til alla teid til stúdentaprófs.

Þótur þvri, sem hvi fara á eftir, samn þvri þvri:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Dagb. 7. fr. 7/13

Upphaf álitserðar nefndar háskólakennara um „stúdentaviðkomuna“, frá 1927. (Úr stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni).



(Úr Stúdentblaði).

Sumar deildir svöruðu ráðherranum sérstaklega, en háskólaráð brást annars skjótt við og skipaði nefnd í málið, sem skilaði álitserð 28. nóvember, og var ráðherra síðan sent nefndarálitíð (varðveitt í stjórnarráðsskjöllum á Þjóðskjalasafni undir sama númeri og hið fyrnefnda bréf). Þar segir m. a.:

„Orsakir stúdentaviðkomunnar telur nefndin þessar helztar:
1. Flóttá frá líkamlegri vinnu.

2. Aðstreymið til bæjanna, einkum til Reykjavíkur.
3. Vaxandi velmegun.
4. Vaxandi kröfur til menntunar.
5. Vaxandi námslöngun.
6. Oftrú manna á velgengni embættisstéttanna.
7. Hinn greiða aðgang að lærdómsdeild og stúdentsprófi, er varð með hinni nýju skólaskipun 1904 og 1907.“

Í nefndarálitinu kemur m. a. fram, að alls séu háskólastúdentar þá hvorki fleiri né færri en 150, þar af 38 nýinnritaðir það ár! Taldi nefndin atvinnu-
horfur þessa námsfólks almennt heldur dauflegar, og að bregðast yrði við
vandnum með því

- „1. að setja einhverskonar þröskuld neðan við lærdómsdeildina, helzt með sérstökum undirbúningsbekk, til þess að draga úr aðsókninni að henni og þar með að stúdentsprófi.
2. að stofna til kennslu í háskólanum í hagnýtum fræðigreinum, fyrst og fremst til þess að veita straum menntamanna inn í aðrar stéttir, sem þarfnast þess á margan hátt, og í öðru lagi til þess að draga úr aðsókninni að embættadeildum háskólans.“

Enn fór þó stúdentum fjölgandi og þrengdist þá um í stofunum í Alþingis-
húsinu að sama skapi. Var svo komið, að veturinn 1939–1940, áður en Háskólinn flutti í hið nýja hús sitt á Melunum, voru stúdentar orðnir 227, en þeir voru einungis 45 að tölu, er Háskólinn hóf starfsemi sína í Alþingishúsinu. Fyrir 1930 lét *Ólafur Rósenkranz*, háskólaritari, þau ummæli falla, að í húsakynnum Háskólans væri „ekki pláss fyrir eldspýtustokk“!

Hreyfing kemst á byggingarmál

*Bréf kennslumálaráðherra, frá 1929,
og viðbrögð háskólamanna*

Þegar háskólaráð ályktaði um húsnæðisvanda stofnunarinnar í nóvembermánuði 1928, svo sem frá var greint í síðasta kafla, var *Jónas Jónsson frá Hriflu* kennslumálaráðherra. Ekki verður nú vitað með fullri vissu, hvort eða með hvaða hætti sú ályktun komst til vitundar hans, en svo mikið er víst, að síðar vildi hann a. m. k. ekki kannast við, að honum hefði verið skrifað um málið. Hvað sem því líður, ritaði hann í ársbyrjun 1929, merkilegt bréf til háskólaráðs, þar sem hann hvetur til dáða í byggingarmálunum. Taldi hann síðar, að þar hefði verið um frumkvæði sitt að ræða, og löngu seinna lýsir hann aðdraganda þess frumkvæðis svo:¹⁾

„Hver skörungurinn öðrum meiri, allir útlærðir í Hafnarháskóla, gegndu starfi kennslumálaráðherra frá 1911–1927. Þar voru að verki Kristján Jónsson, Hannes Hafstein, Sigurður Eggerz, Einar Arnórsson, Jón Magnússon og Magnús Guðmundsson. Enginn þessara ráðherra virðist hafa munað eftir byggingamáli háskólans. Ekki verður heldur séð, að prófessorarnir hafi sótt á að fá þessa ráðherra til að vinna að nýskipun þessara mála . . . skipulagsnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur ákváðu að . . . [það] skyldi taka frá tvær lóðir sunnanvert við Skólavörðutorg. Áttu þessi hús að vera hluti af háborg íslenzkrar menningar, sem rísa skyldi á þessum stað. Engin garðstæði fylgdu þessum húsum, ef reist hefðu verið. Lóðirnar voru mjög óhentugar. Helmingur húsanna sneri móti mestu kuldaátt og sólarleysi . . . Vel má vera, að prófessorarnir hafi um þetta leyti haldið fund um ýmis konar vandamál sín. En til mín komu þeir ekki. Engin lína er til í skjölum stjórnarráðsins um málaleitun í þessa átt. Ekki var heldur persónulega rætt um þetta mál við mig. — Ágúst prófessor Bjarnason sagði réttilega í bréfi til

1) Landvörn, 1. desember 1951.

stjórnarráðsins, eftir að ég hafði borið fram tillögur mínar, að ég væri fyrsti ráðherra, sem tekið hefði upp baráttu fyrir bættri aðstöðu háskólans að því er snertir húsnæðismál vegna kennslu háskólans. — Litlar líkur voru til að prófessorarnir leituðu til mín í þessu efni. Þeir höfðu aldrei snúið sér til hinna háskólagengnu fyrirrennara minna. Ég var fyrsti kennslumálaráðherra, sem aldrei hafði numið í háskóla. Flestir prófessorarnir voru mjög eindregnir andstæðingar mínir í landsmálum og þess vegna fremur ótrúlegt, að þeir treystu best liðveizlu minni.“

Og enn sagði Jónas:²⁾

„Ég fékk enga hvatningu frá kennurum þessarar stofnunar. Þvert á móti andaði kuldalega frá háskólanum gegn allri viðleitni til að endurbæta menntaskólann í Reykjavík og stofnsetja menntaskóla á Akureyri. — Rúmlega ári eftir að ég tók um stund við forstöðu uppeldismálanna ritaði ég . . . háskólaráðinu bréf og bað um tillögur um húsnæðisþörf hvernar deildar, ef hafizt yrði handa um byggingu þvílíks húss. Ég fékk þessar tillögur. Voru þær hófsamlegar og greinagóðar. Hygg ég að Ágúst H. Bjarnason hafi átt mikinn þátt í að liðleg samvinna tókst á þessum tíma með landstjórninni og háskólaráðinu um væntanlegt byggingarmál háskólans. — Tillögur mínar voru nýstárlegar og nokkuð djarflegar. Ég vildi að háskólinn yrði borg í borginni. Bærinn átti að gefa honum lönd og lóðir, sem nægðu útþensluþörf hans í margar aldir. Hér átti að myndast háskólahverfi með glæsilegum, samstæðum byggingum, líkt og tíðkast í löndum Engilsaxa. Eldri tillögur prófessoranna um þetta efni voru sniðnar eftir misheppnuðum fyrirmyndum frá meginlandi Evrópu, þar sem háskólabyggingar eru að öllum jafnaði tvístraðar um stórar borgir. Ég vildi að höfuðstaðurinn sæi sóma sinn í að gefa háskólanum rúmmiklar lendur og auk þess vatn úr Laugunum til hitunar.“

Umrætt bréf ráðherrans til Háskóla Íslands er dagsett 8. janúar 1929 og hljóðar svo:³⁾

„Út af fornu og nýju umtali um væntanlega háskólabyggingu í Reykjavík, þykir rétt að víkja að nokkrum meginatriðum bréflaga til háskólaráðsins. — Engin átylla er fyrir því, að Þingvallanefndin hafi rétt um eða ákvarðað á

2) Landvörn, 1. janúar 1952.

3) Bréfið er birt í Alþt. 1930, A, bls. 667–668, en frumeintak þess er geymt í skjalasafni Háskólans. Handskrifað uppkast ráðherrans er geymt í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni.

Pil Kartvæla h.
Lands

8. jan. 1929.

X


form
lit af eldsu og yngri um.
tal: um vantar lega traskil-
beyggingu í Reykjavíki
þekkt rétt at vilgi at vabro-
um meginatrium. leif-
lega til háskólaáráttin.

Engin atylla er þyrir þi
at þingvallarepublíki trafi
rátt um. etr álvortet
á þundum sínum sat
þrom at þessu, at lof um
háskólaþeyggingu yftr
Sambútt á Alþingi á þing-
vællum 1930. Enli þefir
stjarnu heldur um sam-
korrut er gert ~~at~~ rétt
vit vilgjand matinu á þeim
grundboelli.

Þess vegar mun þot full-
þjót starfsmönna ha há-
skólans og þingmönnum
at sambútt háskólans og Al-
þingi í þinghúsinu er
mön á þess vegandi þess

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Dagb. 8 nr. 207.

fundum sínum fram að þessu, að lög um háskólabygginguna yrðu samþykkt á Alþingi á Pingvöllum 1930. Ekki hefir stjórnin heldur enn sem komið er gert neitt viðvíkjandi málinu á þeim grundvelli. — Hinsvegar mun það fullljóst starfsmönnum háskólans og þingmönnum, að sambýli háskólans og Alþingis í þinghúsinu er mjög ófullnægjandi fyrir báða aðila. Alþingi hlýtur að óska þess, að tvíbýli þetta hætti svo fljótt sem því verður við komið, og sama mun háskólinn segja fyrir sitt leyti. — Það verður óhjákvæmilegt að reisa háskólanum nýtt hús við hans hæfi. Það er aðeins fjármálahliðin, sem tefur málið. — Nú myndi ráðlegt að hefja sem allra fyrst hið óhjákvæmilega undirbúningsstarf, sem verður að inna af hendi, áður en hægt er að ætlast til, að borgarar landsins samþykki að taka á herðar sér þær auknu byrðar, sem leiða af háskólabyggingunni. — Fyrsti þáttur í lausn málsins er að tryggja sér lóð fyrir háskólann frá Reykjavíkurbæ. Sú lóð er til, frá Skólavörðutorgi og stúdentagarðinum niður að Hringbraut. Það er nauðsynlegt, að Reykjavíkurbær leggi þessa lóð fram endurgjaldslaut, og jafnframt því hita úr Laugunum í væntanlegar byggingar, eftir því sem framast er unnt. Opinberar byggingar verða í þeim efnum að sitja fyrir húsum einstakra manna. Myndi áreiðanlega flýta fyrir málinu, ef háskólaráðið sneri sér til Reykjavíkurbæjar og óskaði eftir lóð og heitu vatni úr Laugunum, sem heiðursgjöf til háskólans frá Reykjavíkurbæ. — Lóð háskólans þarf að vera mjög stór, ef unnt væri ekki minni en 2–3 dagsláttur, til að gera ráð fyrir nægilegu olnbogarúmi um ókomnar aldir. Þar sem Akureyri hefir keypt handa gagnfræðaskólanum þar 10 dagsláttur af landi, sýnist ekki of mikið, þó að Reykjavíkurbær færi þessa fórn. — Í öðru lagi væri mjög æskilegt, að hinar einstöku deildir háskólans lýstu þörfum sínum að því er snertir húsrúm og að háskólaráðið lýsti sameiginlegum viðbótum, er gera yrði ráð fyrir í náinni framtíð. Þessar tillögur væri æskilegt að fá sendar stjórnarráðinu. — Þá kæmi þriðji þáttur, að láta teikna hinn nýja háskóla og gera áætlun um skipulag hans. Er það hinn mesti vandi og yrði, áður en fastar ákvarðanir eru teknar, að rannsaka hinar nýrri háskólabyggingar og reynslu annara þjóða. Þennan undirbúning yrði að gera sameiginlega af háskólaráðinu, eða nefnd, sem háskólinn setur, og landsstjórninni og sérfræðingum þeim, er hún hefir á að skipa. — Fjórða stigið er að fá féð til bygginga og aukins rekstrar háskólans. Háskólinn ræður yfir nokkru fé í þessu skyni, en að sjálfsgöðu yrði meginhluti fjárins að koma með atbeina Alþingis. Að lítt athuguðu máli má gera ráð fyrir, að heppilegast yrði að hafa meginbyggingu háskólans við Skólavörðutorg ekki sérlega stóra, en ætlast til, að minni byggingar, svo sem bókasöfn, rannsóknastofur o. s. frv., yrðu sjálfstæðar á jöðrum hinnar víðlendu lóðar, en grænir vellir milli húsa. Mætti vel fara svo, að byrja yrði á einhverjum af þessum minni byggingum, t. d. bókasafninu.“



Ágúst H. Bjarnason, prófessor, háskóla-
rektor 1928-1929. (Úr Stúdentblaði).

Háskólamenn tóku fljótt við sér – eftirfarandi er bókað í gerðabók háskólaráðs 11. janúar 1929:

„Rektor lagði fram og las bréf dómsmálaráðherra um *háskólabygging*. Í tilefni af bréfi þessu var rektor og Guðmundi Hannessyni falið að leita hófanna við bæjarstjórn um lóð handa Háskólanum og búa málið undir næsta fund.“ Og á háskólaráðsfundi 21. sama mánaðar kom fram að „undirbúningsnefnd“ hafði farið til borgarstjóra út af húsbyggingarmáli Háskólans, og taldi hann sennilegt, að Háskólinn fengi ókeypis áætlaða lóð við Skólavörðutorg, en ólíklegt [að] Háskólinn fengi ókeypis heitt vatn til upphitunar.“

Af þessu tilefni ritaði starfandi rektor, *Ágúst H. Bjarnason*, prófessor, til bæjarstjórnar Reykjavíkur 28. sama mánaðar (Stjórnarráðsskjöl í Þjóðskjalasafni (afrit), upphafl. Dagb. 8, nr. 753, en nú db. 9, nr. 373):

„Eins og hinni háttvirtu bæjarstjórn er kunnugt, hefir verið gert ráð fyrir

Því í skipulagsuppdrætti Reykjavíkur, að bygging fyrir Háskóla Íslands verði reist austan Skólavörðutorgs við hliðina á Stúdentagarðinum. Annars hefir verið hljótt um þetta mál, vegna þess að fyrri stjórnir hafa ekki gefið neina von um, að fje yrði veitt fyrst um sinn til þessa, þótt oftast hafi verið vakið máls á því og bent á, hve húsnæði skólans er ófullnægjandi. — Nú virðist þetta mál horfa vænlegar en áður. Í brjefi dags. 8/1 hefir dómsmálaráðherra hvatt háskólaráðið til þess að hefja nauðsynlegan undirbúning undir bygging nýrrar háskólabyggingar á ofangreindum stað og telur það óhjákvæmilegt að „reist verði nýtt hús við háskólans hæfi“. Jafnframt gerir hann ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum ríflega byggingarlóð, sem nægja mætti um ókomnar aldir, og hita úr Laugunum í væntanlegar byggingar, eftir því sem framast er unnt. Hæfilega lóð telur hann frá Skólavörðutorgi og niður að Hringbraut, og sje ekki til of mikils ætlast, þó Reykjavíkurbær færi þessa fórn, úr því að Akureyrarbær hafi gefið Gagnfræðaskólanum á Akureyri 10 dagsláttur af landi á ágætum stað. — Jeg undirritaður leyfi mjer því að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún sýni þá rausn að gefa háskólanum sem ríflegasta lóð og heitt vatn til upphitunar byggingunum, svo sem fyr er greint. Minni lóð en frá Skólavörðutorgi að Barónsstíg getur naumlega orðið til neinnar frambúðar, þó hitt væri æskilegra, að lóðin næði niður að Hringbraut. Þrif og þroski háskólans snertir ekki eingöngu landið og þjóðina, heldur allan bæinn, og margvíslegt gagn ætti skólinn að geta haft í för með sjer á komandi árum fyrir bæjarfjelagið.“

Nokkru síðar, eða 16. apríl, sendi prófessor *Ágúst H. Bjarnason* síðan svohljóðandi bréf til kennslumálaráðherra:⁴⁾

„Í tilefni af bréfi dóms- og kirkjumálaráðherrans, dags. 8. janúar þ. á., um fyrirhugaða háskólabyggingu, sneri háskólaráðið sér þegar til bæjarstjórnar Reykjavíkur og sótti um lóð undir bygginguna, svo og ókeypis upphitun á húsinu með laugavatni. Þessari málaleitun er bæjarstjórnin ekki enn farin að svara. En á fundi 7. marz var svofelld tillaga frá fasteignanefnd samþykkt í einu hljóði: „Nefndin telur rétt, að háskólanum væri ætlað svæðið milli Skólavörðutorgs og Barónsstígs fyrir norðan stúdentagarðinn, og mun það vera ca. einn hektari að stærð, en gerir að svo stöddu ekki tillögur um afhending landsins.“ — Jafnskjótt og þetta vilyrði var fengið, og jafnvel fyrr, skaut háskólaráðið málinu til einstakra háskóladeilda, til þess að þær, hver um sig, gætu sagt til um þarfir sínar í væntanlegri háskólabyggingu. Kvöddu sumar deildirnar húsameistara ríkisins á fund með sér, og hafa

4) Birt í *Alþt.* 1930, A, bls. 668–669.

þær nú loks allar látið uppi álit sín, er sendast hér með sem fylgiskj. . . . — Þá er svör deildanna voru komin, og jafnvel fyrr, var málið aftur tekið fyrir í háskólaráði. Að athuguðum tillögum þeirra, hverrar fyrir sig, taldi háskólaráðið rétt, umfram tillögur deildanna, að gera ráð fyrir:

1. Herbergi fyrir háskólaráðið.
2. Kennslustofu, sameiginlegri fyrir allar deildir.
3. Íbúð fyrir háskólaritara á 1. og 2. lofti.
4. Íbúð fyrir umsjónarmann miðstöðvar o. þvl. í kjallara.

Um leið og háskólaráðið sendir frá sér þessar tillögur sínar til frekari athugunar, áskilur það sér rétt til að vera með í ráðum við væntanlega teikningu. — Væri æskilegt, eins og hæstvirtur ráðherra hefir sjálfur stungið upp á, að nánari undirbúningur undir teikninguna yrði gerður „sameiginlega af háskólaráðinu, eða nefnd, sem háskólinn velur, og landsstjórninni og sérfræðingum þeim, sem hún hefir á að skipa.“ Sú nefnd, eða einhver hluti hennar, þyrfti og helzt að sigla, eins og hæstvirtur ráðherra tekur fram, til þess „að rannsaka hinar nýrri háskólabyggingar.“ — Um leið og háskólaráðið nú felur hæstvirtum dómsmálaráðherra málið til frekari fyrirgreiðslu, leyfir það sér að þakka honum fyrir, hve vel og viturlega hann hefir í það tekið, og það því fremur, sem hann fyrstur manna í stjórnarsessi hefir séð og skilið nauðsyn háskólans í þessu efni.“

Bréfi þessu fylgdu eftirfarandi bréf (öll dagsett fyrr í sama mánuði) með álitargerðum allra háskóladeilda um húsnæðisþörf þeirra í nýrri háskólabyggingu:⁵⁾

Bréf Læknadeildar:

„Læknadeild kaus 3 kennara (Guðm. Hannesson, Guðm. Thoroddsen og Níels Dungal) til þess að gera bráðabirgðaáætlun um húsnæðisþörf deildarinnar í hinni nýju háskólabyggingu. Hefir hún gert eftirfarandi yfirlit og áætlað flest sem sparsamlegast að auðið varð.

I. Almennar þarfir.

1. Auditorium eingöngu fyrir lækna	7×8 m	56 m ²
1. do. } Einnig notuð af öðrum	{ 5×6 —	30 —
1. do. }	6×7 —	42 —
1. Bókaherbergi (handbækur)	6×5 —	30 —

5) Birt í Alþt. 1930, A, bls. 669–672

II. *Efnafræði* (kjallari). Ef til vill í vinnustofubygging landsspítalans.

1. Kennslustofa	9×6 m	54 m ²
1. Kennaraherbergi, geymsla o. fl.	4×6 –	24 –

III. *Líffærafræði*.

a. Í kjallara:

Líkaskurðarstofa	8×5,5 m	44 m ²
Þvottur o. fl.	3×5,5 – ca.	16 –
Líkageymsla	2,5×4 –	10 –
Macerationsherbergi	2×4 –	8 –
Gipssteypa, smíði o. þvíl.	2×4 –	8 –
Áhöld og birgðir	3×4 –	12 –

b. Á 2. hæð:

Líffærasafn	8×6 –	48 –
Vinnustofa og kennsluáhöld	4×6 –	24 –
»Studiusalur« (Anatomi, pathologi, pharmacol.)	6×6 –	36 –

c. Á lofti:

Mannfræðisafn ¹⁾	8×8 –	64 –
Dýraklefar (smádýr)	3×6 –	18 –

IV. *Meinafræði. Sýklafræði*.

a. Í laboratoríum spítalans:

Kennslusalur	12×7 m	84 m ²
Vinnuherbergi kennara	4×4 –	16 –
Herbergi fyrir áhöld, forða o. fl.	4×4 –	16 –
Herbergi fyrir thermsstara o. þvíl.	4×4 –	16 –
Tilbúningur næringarefna o. fl.	3×4 –	12 –
Hreinsun og autoclave	3×4 –	12 –
Föt og W. C.	3×4 –	12 –
Dýrahús	7×8 –	56 –

b. Á 2. sal í háskóla:

Safnstofa	c 11×8 –	88 –
Vinnustofa	4×4 –	16 –
Föt og W. C.	4×4 –	16 –

V. *Lífeðlisfræði*.

Í háskólabyggingu:

Eitt herbergi	6×6 m	36 m ²
Eitt hliðarherbergi	3×6 –	18 –

VI. *Heilbrigðisfræði.*Eitt herbergi 6×6 m 36 m²VII. *Handlæknisfræði og Obstetrik.*Verkfærasafn ca. 3×6 m 18 m²
976 m²

Ef dregið er frá aðalupphæðinni húsrýmið í laboratoríum spítalans og húsrýmið á lofti, lætur nærri, að þessar þarfir rúmist í byggingu 20×12 m (kjallara og 2 hæðum), og þó er flest skorið sem mest við neglur sér. Afar-erfitt mun það reynast að ætla nokkru af því, sem hér er talið, pláss í viðbótarbyggingu, ef öll herbergjaskipun á ekki að lenda í óreiðu.“

Guðm. Hannesson.

Bréf Heimspekideildar:

„Samkvæmt áskorun síðasta háskólaráðsfundar var fundur haldinn í heim-
spekideild laugardag 30. marz og var þar rætt um húsnæðisþarfir deild-
arinnar í fyrirhuguðu háskólahúsi. Var deildarforseta falið að skýra háskóla-
ráði frá niðurstöðum fundarins, og voru þær á þessa leið:

I) Deildin telur æskilegt, að bókasafninu í íslenskum og norrænum
fræðum sé ætlað sérstakt herbergi, sem nemendum, fræðimönnum og áhuga-
mönnum einum í þeirri grein sé heimill aðgangur að, enda fái þeir lykla að
því með samþykki kennara og bókavardar. Ritari háskólans hafi með kenn-
urum yfirumsjón með bókasafninu, en velji sér til aðstoðar einn af nemend-
um deildarinnar. Þar sem prófessor Finnur Jónsson hefir arfleitt háskólann
að bókasafni sínu, sem ætla má, að sé að stærð 6–8000 bindi og verður
æfinleg eign háskólans, þykir hæfilegt að áætla, að rúm skuli vera í þessu
herbergi fyrir 20000 bindi. Það, sem fram yfir það yrði, mætti láta ganga til
Landsbókasafnsins eða farga því á annan hátt (eldri útgáfum og algerlega
úreltum ritum). Í bókasafnsherberginu sjálfu mætti koma fyrir nægum smá-
borðum til lestrar, svo að ekki þurfi sérstakan lestrarsal. En í sambandi við
það þarf að vera lítil kennslustofa, er rúmaði allt að 30 nemendur (fyrir
æfingatíma og yfirheyrslu), og kennaraherbergi með skrifborðum, þar sem
bókavörður (háskólaritari) gæti líka unnið störf sín í þjónustu bókasafnsins.
Herbergi þetta yrði að vera sæmilega rúmgott, því að gera má ráð fyrir, að
kennurum í þessum fræðum verði fjölgað síðar.

II) Ennfremur telur deildin þörf á að ætla sérstakt herbergi (að stærð um 18×6 álnir) fyrir áhöld til sálarfræðilegra tilrauna og æfinga í þeim. Deildin á þegar vísi að slíku áhaldasafni, sem kemur að litlum notum vegna algers húsnæðisleysis. Í sambandi við það ætti að hafa herbergi fyrir bókasafn í heimspekilegum fræðum (allt að 6000 bindi) og kennaraherbergi, sem ætlað væri þrem kennurum.

III) Loks þykir kennurum deildarinnar vera þörf á að hafa aðgang að þremur fyrirlestrarsölum, er rúmi h. u. b. 75, 150 og 600 áheyrendur. Hinn stærsti þeirra ætti jafnframt að vera hátíðasalur háskólans og mætti hafa þar alþýðufræðslufyrirlestra o. fl. En allir þessir salir yrðu jafnframt notaðir af öðrum deildum, og verður auðvitað jafnframt að taka tillit til þarfa þeirra, þegar nánar skal ákveða um stærð salanna og búnað.“

Sigurður Nordal

Bréf Guðfræðideildar:

„Út af ósk háskólaráðsins, um að deildir háskólans láti uppi álit sitt um húsnæðisþörf þeirra, hvernar um sig, í væntanlegri háskólabyggingu, hefir guðfræðideildin samþykkt svofellda yfirlýsingu:

Deildin þarf eina góða kennslustofu fyrir allt að 30 stúdenta, og væna bókageymslustofu, útbúna þannig, að nota megi fyrir vinnustofu (laboratorium). Ennfremur væri mjög æskilegt að hafa í sambandi við bókasafnsstofuna herbergi, þar sem kennarar deildarinnar gætu unnið. Loks telur deildin mjög æskilegt, að komið væri fyrir í háskólabyggingunni lítilli og fallegri kapellu.“

Magnús Jónsson

Bréf Lagadeildar:

„Á fundi lagadeildar háskólans, sem haldinn var í dag, til þess að láta uppi óskir deildarinnar um skipulag fyrirhugaðrar háskólabyggingar, einkum að því er deildina varðar, var samþykkt svofelld yfirlýsing:

Deildin þarf:

1. Kennslustofu handa allt að 40 manns.
2. Aðra kennslustofu, handa allt að 20 manns.
3. Vinnustofu kennara.
4. Vinnustofu stúdenta.
5. Bókastofu fyrir allt að 30 þúsund bindi.

Væntanlegri viðskiptadeild þyrfti að ætla húsnæði auk þessa.“

Einar Arnórsson



Einar Arnórsson, prófessor, háskólarektor
1929–1930.

Háskólayfirvöld leituðust bersýnilega við að fylgja málinu eftir, og þá um haustið ritar þáverandi rektor, *Einar Arnórsson*, eftirfarandi „bænarbréf“ til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 14. október 1929 (í skjölum Dóms- og kirkjumálaráðuneytis í Þjóðskjalasafni, upphaf. Dagb. 8, nr. 753 18/10 '29, en nú dagb. 9, nr. 373):

„Það er nú vitanlegt og viðurkennt, að húsnæði það, sem háskólinn á við að búa, er honum allskostar ófullnægjandi. Því var síðastliðið háskólaár nokkur gangskör gerð að undirbúningi nýrrar háskólabyggingar. Var fengið loforð bæjarstjórnar Reykjavíkur um land til háskólahúss, og hver deild háskólans sagði til um húsrúm það, er hún taldi sig þurfa í fyrirhuguðu háskólahúsi, og háskólaráðið lét og uppi sínar athugasemdir. Svo fellt var málið að því sinni afgreitt til kennslumálaráðherra.

Nú virðist tvennt kalla að:

1. *Að gerður verði sem fyrst uppdráttur að háskólahúsi.* Er uppdráttargerð sú vafalaust allmikið starf, og þarf sá, er það vinnur, að bera sig saman um tilhögun við háskólaráð. Þegar leitað verður fjárveitingar til hússgerðar handa háskólanum, þá mun þingmönnum ef til vill nokkuð þykja á skorta undirbúning málsins, ef eigi væri kostur uppdráttar, eða að minnsta kosti

frumdrátta, hins fyrirhugaða húss. Þess vegna vill háskólaráðið fara þess á leit, að kennslumálaráðherra vildi láta vinda bráðan bug að uppdráttargerð að téðri háskólabyggingu.

2. *Að leitað verði fjárveitingar til háskólabyggingar.* Eins og alkunnugt er, ætlar Alþingi að halda minningu þúsund ára afmælis síns að vori komanda. Þess má vænta, að þinginu næsta ár muni leika hugur á því að láta eftir sig einhverjar óbrotgjarnar menningar-minjar. Fátt mundi betur lagað til þess en ákvörðun þingsins um að reisa sæmilegt hús yfir ædstu menntastofnun landsins, háskólann, og um að veita til þess fé, þó að aðeins yrði upphafs-fjárveiting, svo að byrja mætti á verkinu þegar árið 1931. Verk þetta hlýtur að taka nokkur ár, svo að vel mætti jafna fjárveitingum til þess á fleiri fjárlög en ein, ef Alþingi þætti það betur ráðið en að taka lán til verksins eða veita féð til þess allt í einu lagi. Mælist nú háskólaráðið til þess við kennslumálaráðherra, að hann vildi beita sér fyrir því, að veitt yrði í fjárlögum ársins 1931 fé til háskólabyggingar, svo að taka mætti til við það verk sem fyrst.“

Nokkru seinna, eða 30. desember 1929, ritar rektor síðan til ráðuneytis (í stjórnarráðsskjölum í Þjóðskjalasafni, upprunal. dagb. 8, nr. 753, en nú dagb. 9, nr. 373):

„Hér með sendist samkvæmt beiðni eftirrit af bréfi háskólans til bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 28. jan. sl., þar sem bæjarstjórn er beðin að leggja háskólanum til byggingarlóð og laugavatn til upphitunar. Hefir bæjarstjórn ekki ennþá svarað háskólanum um þessa málaleitun, en ályktun hennar í málinu á fundi 7. marz sl. hefir dómismálaráðuneytinu verið tilkynnt í bréfi háskólans dags. 16. apríl sl.“


*Frumvarp til laga um byggingu fyrir
Háskóla Íslands, frá 1930, og viðbrögð
bæjar- og háskólayfirvalda*

Á árinu 1930 lagði kennslumálaráðherra, *Jónas Jónsson*, fram frumvarp til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands, svo hljóðandi:⁶⁾

1. gr.

„Á árunum 1934–40 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands á lóð þeirri við Skólavörðutorg, sem skipulagsnefnd

6) Alþt. 1930, A, bls. 663.



Jónas Jónsson frá Hriflu, kennslu-
málaráðherra, flutti frumvarp um heimild
til að reisa háskólabyggingu og fylgdi því
máli fast eftir.

Reykjavíkur hefir valið háskólanum í því skyni. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum, eða með lántöku eftir heimild Alþingis. Svo skal hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt lögum þessum, er, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til sérkvaðalausra afnota um aldur og æfi landsneið frá Skólavörðutorgi milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut, og 5 hektara af landi neðanvert við Hringbraut í áframhaldi af ofan nefndri byggingarlóð háskólans.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu og að láta reisa heimavist fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.“

Í greinargerð, sem frumvarpinu fylgdi, eru nánari skýringar gefnar:⁷⁾

„Þegar Háskóli Íslands var stofnaður á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar árið 1911, var af fjárhagslegum ástæðum ekki unnt að reisa honum viðvarandi sjálfstæða byggingu. Var því efnt til sambýlis í þinghúsinu fyrir Alþingi og háskólann, sem hefir haldizt síðan. Munu þingmenn og kennarar og nemendur við háskólann jafnt hafa fundið, að þrengsli og óþægindi þess sambýlis hafa staðið fyrir þrifum og vinnubrögðum bæði Alþingis og háskólans. — Á hinn bóginn hafa verið margar aðkallandi þarfir um byggingar hin síðustu ár. Það tók 10 ár að ljúka við hið nýja geðveikrahæli á Kleppi. Það mun væntanlega taka önnur 10 ár að koma landsspítalanum í nokkurnveginn viðunanlegt horf. Sveitirnar skorti heppilegar byggingar fyrir ungmennaskóla sína, og er nú verið að bæta úr þeirri þörf með allmiklum kostnaði. Jafnframt munu kaupstaðirnir eftir fáein ár hafa reist byggingar, þar sem mest kallar að, fyrir ungmenna- og sérmenntun. Menntaskólinn í Reykjavík fær höfuðviðgerð um þessar mundir, svo að allengi mun mega við una. Sýnist því, þegar á allt þetta er litið, sem nú sé kominn tími til að þoka áfram byggingarmáli háskólans. — Núverandi landsstjórn var ljóst, að þetta mál gat ekki legið í þagnargildi, og ritaði því stjórn háskólans bréf og fór þess á leit, að háskólinn leitaðist eftir að fá að gjöf frá bænum lóð við Skólavörðutorg sunnanvert, þar sem skipulagsnefnd hafði ætlað háskólanum stað, og mikið landrými sunnanvert í hæðinni og suður fyrir Hringbraut. Ennfremur var lagt til, að háskólinn tryggði sér vatn úr hitaveitu bæjarins og að hinar ýmsu deildir háskólans gerðu sér grein fyrir húsrúmsþörfum sínum og létu landsstjórnina vita um þessi málalok. — Prófessor Einar Arnórsson sendi landsstjórninni nú í vetur áætlun háskóladeildanna um húsparfir í hinni nýju byggingu og ósk um, að landsstjórnin léti húsameistara gera áætlun um kostnað og að reynt yrði að hrinda málinu í framkvæmd. Landsstjórnin sneri sér þá aftur til rektors háskólans og bað um vitneskju um svar bæjarstjórnar. Rektor kvaðst hafa vitneskju um, að bæjarstjórn hefði samþykkt að láta háskólanum í té byggingarlóð, en formleg svör hefði háskólinn ekki fengið um málaleitun sína frá bæjarstjórn Reykjavíkur. — Landsstjórninni þótti nú hentugur tími til að bera byggingarmál háskólans fram á Alþingi, þó að ekki yrði hafizt handa fyrr en eftir nokkur ár. Ber þar fyrst til, að slíkt stórmál verður að hafa rækilegan undirbúning. Væri fásinna að hlaupa að byggingu fyrir Háskóla Íslands, því að slík bygging þarf að vera svo vel ger, að hún bæti úr skynsamlegum þörfum þeirra, sem í háskóla ganga á Íslandi um nokkrar næstu aldirnar. Mun sízt af veita næstu þrem árum til að lokið verði

7) Alpt. 1930, A, bls. 664–666.

þeim undirbúningi. Ber það og til, að þá myndi væntanlega lokið byggingu landsspítalans og héraðsskóla þeirra og gagnfræðaskóla í kaupstöðum, sem nú er verið að starfa að. — Við nánari athugun reyndist tilgangslítið að gera kostnaðaráætlun um Háskóla Íslands eftir lýsingum á húsaþörf hinna einstöku deilda. Þær tillögur þurfa eðlilega að ganga gegnum margfaldan hreinsunareld áður en til högun byggingarinnar er ákveðin. Mun væntanlega sumt úr þeim tillögum verða fellt burtu og öðru við bætt, sem enn er ekki um talað. En á hinn bóginn er einsætt, að ef háskólinn hefði til sinna þarfa nú jafnmikið húsrúm og landið fær í hinni nýju skrifstofubyggingu á Arnarhóli fyrir 250 þús. kr., þá myndi stórvel séð fyrir þörfum háskólans í bráð. Nú vill stjórnin að vísu gera ráð fyrir, að væntanleg höfuðbygging verði til muna stærri og að ýmsu leyti dýrari en Arnarhvoll, en álitur þó, að alls ekki muni verða þörf á stærri byggingu fyrst um sinn en fyrir 600 þús. kr., að viðbættri lóð, sem bærinn leggur til ókeypis. Og þar sem bæði Alþingi og háskólinn hafa fulla þörf til að losna úr sambýli sem allra fyrst, er hér gert ráð fyrir, að nokkur hluti væntanlegrar háskólabyggingar yrði tekinn til afnota, þó að nokkuð væri enn ógert að meginbyggingunni. Má þar aftur vitna til Arnarhvols, sem verður fullger til afnota á einu ári. Og mikið af nauðsynlegasta húsrúmi háskólans eru kennslustofur, sem eru jafneinfaldar að gerð eins og skrifstofur fyrir opinbera starfrækslu. — Landsstjórnin gerir hiklaust ráð fyrir, að Reykjavíkurbær sjái sæmd sína í að gefa háskólanum nægilega lóð fyrir byggingar, tilraunagarða og annara nauðsynlegra hluta, og taka svo rífliga til, að endast megi til að bæta úr vaxandi þörfum margra kynslóða. Mættu Íslendingar vel læra af dæmum erlendra þjóða. Víðast hvar í stórborgum á meginlandi Evrópu hafa háskólarnir verið settir á þröngar lóðir og mjög aðkrepptir. Með vaxandi þörf háskólanna hefir orðið að reisa nýjar byggingar, oft ærið fjarri í sömu borg, til óendanlegs tjóns fyrir þessar stofnanir. En í einu landi í Evrópu, í Englandi, hefir allt öðruvísi verið að farið um suma háskólana, svo sem Oxford og Cambridge, og flesta hina frægustu menntaskóla. Þeim hefir verið lagt til svo rífligt land í fyrstu, að aldrei verður of lítið, hversu sem nýjar þarfir fæða af sér nýjar byggingarkröfur. Er hér gert ráð fyrir, að Íslendingum beri í þessu efni fremur að feta í fótspor Englendinga heldur en meginlandsþjóðanna, því að þeirra reynd hefir orðið betri. — Samkvæmt tillögum skipulagsnefndar er ætlað til, að háskólinn verði við hlið stúdentagarðsins, og er þessum tveimur byggingum ætlað að taka að Skólavörðutorgi suðaustanverðu. Að vestan koma margskonar byggingar fyrir söfn landsins, en að norðanverðu, þar sem nú er hús Listvinafélagsins, væri einkar hentugur staður fyrir margháttaða ungmennafræðslu fyrir höfuðstaðinn. — Landsspítalanum hefir verið fest lóð, sem er meir en 4 hektarar að stærð, og er sú lóð suðvestanvert við stúd-

entagarð og háskóla. En norðvestanvert við Skólavörðutorg er hinn nýi barnaskóli Reykjavíkur og þar fyrir framan tilvonandi íþróttasvæði bæjarins (stadion). Milli íþróttavallarins, landsspítalans, Hringbrautar og Skólavörðutorgs er rétthyrnd landræma, þó skorin í tvennt af Barónsstíg. Þessa sneið, sem er á stærð við lóð landsspítalans, álitur landsstjórnin hæfilega stóra byggingarlóð fyrir Háskóla Íslands. Þar stæði auk þess stúdentagarðurinn og í framtíðinni margar aðrar minni byggingar tilheyrandi skólanum. — En í viðbót við þetta þarf háskólinn að fá eitthvert landrými sunnanvert við Hringbraut, en í beinu áframhaldi af byggingarlóð sinni. Að vísu er það land ekki ætlað til bygginga, en gæti verið ómetanlega gagnlegt háskólanum, bæði fyrir leikvelli og til ýmiskonar gróðurtilrauna. Er það því hentugra, þar sem flestar hinar næstu stórbyggingar verða væntanlega hitaðar með hveravatni. Á slíkum stöðum er jafnan mikið um volgt vatn, sem hentugt er í gróðrarhús. — Þeir menn, sem einblína á Háskóla Íslands eins og hann er nú, munu telja hér farið fram á óþarfar kröfur um land til handa þessari stofnun. Þeir hinir sömu menn munu einnig telja vel ráðið fram úr málum háskólans, ef hann fær nú á næstu árum eina væna byggingu, sem samsvarar stærð háskólans eins og hann er nú. — En í þessu frv. er byggt á allt öðrum skoðunarhætti. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að reist verði vegleg höfuðbygging við Skólavörðutorg handa Háskóla Íslands, en að síðar verði bætt við mörgum sjálfstæðum byggingum á umtalaðri lóð niður að Hringbraut. Með þeim hætti yrði háskólinn að vaxa og byggjast í margar aldir um leið og þjóðin stækkar og viðfangsefnum fjölgar. Væri hallazt að þessu ráði, myndi vel séð fyrir þroska háskólans um ófyrirsjáanlega langan tíma. — Í þriðju grein frv. er gert ráð fyrir, að í hinnu nýju háskólabyggingu yrði ætlað rúm fyrir uppeldisvísindi, og að á þeim stað á lóð háskólans, sem ætlaður yrði fyrir minni byggingar, mætti vera heimavist fyrir kennara. Liggja að þessari tillögu sömu rök og sterk. Kennarastéttin er nú orðin meðal hinna stærri launastétta í landinu. Starf hennar er vandasamt og þyngist því meir sem tíma líða. Er svo komið í sumum löndum Evrópu, t. d. Skotlandi og Þýskalandi, að jafnmikinn undirbúning þarf til að vera barnakennari og til að vera læknir eða lögfræðingur. Á einum mannsaldri mun þróun þessara mála væntanlega komast jafnlangt hér á landi. Þá verða uppeldisvísindin talin ein hin sjálfsagðasta fræðigrein í háskólanum. Þörf landsins í þessu efni er því meiri, þar sem kennaraskólinn stendur nú á lóð landsspítalans og má gera hann þaðan útlægan hvenær sem er. — En þó að uppeldisvísindin séu hér tilnefnd sem væntanleg viðbót við Háskóla Íslands, þá mun sú verða raunin, að þar bætast við fleiri greinar. Sumir þeir menn, sem unnu að stofnun íslenska háskólans 1911, litu með nokkurri þröngsýni á málið. Þeir álitu háskólann eiga að vera vegna embættismannauppeldis í gömlum stíl.



Knud Zimsen, borgarstjóri í Reykjavík, bar fram tillögu um, að Háskólinn fengi stóra byggingarlóð á Melunum.

En slíkur stakkur er of þröngur. Nútímalíf í menningarlöndum gerir þær kröfur til háskóla, að starf þeirra gangi inn í alla þræði þjóðfélagsins. Þetta frv. er byggt á því, að Háskóli Íslands eigi að hafa öll skilyrði til að geta vaxið með þjóðinni og á hverjum tíma leyst sístækkandi hlutverk í menningarbaráttu íslensku þjóðarinnar.“

Sökum þess að frumvarpið gerði ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær gæfi lóð undir háskólabyggingar, lét þáverandi borgarstjóri *Knud Zimsen*, málið til sín taka og tók upp viðræður við háskólayfirvöld af þessu tilefni. Hinn 22. mars 1930 er eftirfarandi bókað í gerðabók háskólaráðs:

„*Lóð undir fyrirhugaða háskólabyggingu.* Vegna frumvarps til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands hafði háskólaráðið fengið borgarstjóra og bæjarverkfræðing til þess að mæta á fundinum. – Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hefði fengið nefnt frumvarp til umsagnar. Er í frumvarpinu, 2. gr., gert að skilyrði fyrir fjárframlagi til háskólabyggingar, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til sérkvaðalausra afnota um aldur og æfi landsneið frá

Skólavörðutorgi milli lóðar landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut og 5 ha. af landi neðanvert við Hringbraut, í áframhaldi af ofanefndri byggingarlóð háskólans. — Borgarstjóri skýrði frá því, að umrætt land yrði ekki unnt að láta af hendi með því að halda því skipulagi, sem ráðgert hefði verið, þar sem öðrum skólum hefði jafnframt verið fyrirhuguð lóð á þessu svæði, og ennfremur hlyti land háskólans með þessum hætti að verða tvískorið af götum og lóðin að öðru leyti mjög óhagkvæm, með því að hún verði hlutfallslega mjög mjó. Borgarstjóri benti á það, að bæði nægilega stór og vel löguð lóð gæti fengizt austanvert við Íþróttavöllinn núverandi og sunnanvert við Hringbraut og niður í mýri, eftir þörfum. Lóð þessi yrði að minnsta kosti jafnstór þeirri lóð, sem um getur í 2. gr. frumvarpsins. — Háskólaráðið, ásamt borgarstjóra og bæjarverkfræðingi, skoðaði bæði þessi lönd, og var það einhuga álit háskólaráðsins, að síðarnefnda landið væri miklu betur fallið til háskólabygginga og afnota handa háskólanum. — Háskólaráðið telur æskilegt, að 2. gr. frumvarpsins verði orðuð á þessa leið: „Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar, er, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8–10 ha. af landi á þeim stað, er kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.“ — Úr 1. gr. frumvarpsins falli niður orðin „— á lóð þeirri — — háskólanum í því skyni“.


Pann 29. mars ritar síðar *Knud Zimsen*, borgarstjóri eftirfarandi bréf til Menntamálanefndar Efri-deildar Alþingis, en frumvarpið var þá til meðferðar hjá þeirri nefnd:⁸⁾

„Menntamálanefndin hefir sent mér til umsagnar frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands og óskað umsagnar minnar um 2. gr. frv., að því leyti er hún snertir Reykjavíkurbæ. — Í 2. gr. frv. er það gert að skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar, að Reykjavíkurbær gefi Háskólanum c. 9 hektara stóra landsneið í Skólavörðuholtinu og mýrinni þar niður af til sérkvaðalausra afnota um aldur og æfi, en í greinargerðinni fyrir frv. er svo að orði komizt, að landsstjórnin geri hiklaust ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær sjái sæmd sína í því að gefa Háskólanum nægilega lóð og taki svo rífllega til, að endast megi til að bæta úr vaxandi þörf margra kynslóða. — Ég leyfi mér fyrst að vekja athygli háttvirtrar nefndar á því, að Háskóli Íslands er stofnun, sem ríkið starfrækir vegna allrar þjóðarinnar og ekki að neinu leyti fyrir íbúa Reykjavíkur sérstaklega, og virðist það mjög einkennilegt, ef velferð þessarar merku stofnunar á að velta á því, hvort

8) Alþt. 1930, A, bls. 1306–1309.

Reykjavíkurborg vilji leggja álitlega fjárfúlgu til húsbyggingar fyrir Háskólann. Enn furðulegra virðist, að landsstjórnin skuli leggja slíkt lagafrv. fyrir hið háa Alþingi, án þess fyrst að leita til bæjarstjórnar Reykjavíkur. Hér er sem sé ekki um neina smámuni að ræða, heldur um verðmæti, sem sjálfsagt ekki yrði metið minna en 250–300 þús. kr. til fasteignamats, og ekki allt fullkomin eign Reykjavíkurborgar. Ef selja ætti það af landinu, sem borgin á, mætti sjálfsagt fá fyrir það minnst 400 þús. kr., og þar sem ætlazt er til, að byggingarkostnaður verði 600 þús. kr., yrði framlag Reykjavíkur c. 2/5 hlutar af öllum kostnaðinum. — Verð ég að mótmæla því, að löggjafarvaldið setji lög um slíkt fjárframlag úr bæjarsjóði Reykjavíkur, án þess að áður sé leitað samþykkis bæjarstjórnarinnar. Með þessu vil ég alls ekki halda því fram, að bæjarstjórnin verði ófús á að verða við tilmælum Alþingis eða ríkisstjórnarinnar um hæfilega lóð handa Háskólanum, ef slíki tilmæli koma og unnt verður að koma sér saman um stærð og legu lóðarinnar. — Ég sný mér þá að því að skýra fyrir hv. nefnd, hvaða annmarkar eru á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur geti látið af hendi alla þá lóð, sem lýst er í 2. gr. frumvarpsins. — Skipulag bæjarins gerir ráð fyrir, að Háskólinn verði reistur við Skólavörðutorg á lóð austan við torgið við hliðina á væntanlegum Stúdentagarði. Er lóð þessi sem næst 1 hektar, eða 3,14 dagsláttur að stærð, og hefir hingað til verið talin nægilega stór til þessara nota, eins og meðal annars sést af bréfi dómsmálaráðherra til Háskólans, dags. 8. jan. 1929, og sem prentað er með greinargerðinni, er fylgir frumvarpinu. Þar segir: „Lóð Háskólans þarf að vera mjög stór, ef unnt væri ekki minni en 2–3 dagsláttur, til að gera ráð fyrir nægilegu olnbogaráumi um ókomnar aldir.“ — Í janúar-mánuði 1929 sneri háskólaráðið sér til bæjarstjórnar Reykjavíkur með beiðni um lóð fyrir Háskólann, og samþykkti bæjarstjórnin þá í marzmánuði að ætla Háskólanum svæðið milli Skólavörðutorgs og Barónsstígs fyrir norðan Stúdentagarðinn, um einn hektara að stærð, en gerði að svo stöddu ekki ályktun um afhendingu landsins. Þetta var munnlega tilkynnt rektor Háskólans, sem og fékk eftirrit af ályktuninni, svo sem sjá má af bréfi háskólaráðsins til dómsmálaráðherra, dags. 16. apríl 1929. — Við þetta situr. — Nú er krafizt að fá auk þessarar lóðar 3,1 hektara stóra lóð austan af fyrrnefndri lóð milli Barónsstígs og Hringbrautar og 5 hektara af landi norðanvert við Hringbraut í áframhaldi af þessari lóð, eða alls um 28 dagsláttur. Ég læt hér með fylgja uppdrátt . . . sem sýnir afstöðuna. — Svæðið milli Barónsstígs og Hringbrautar hefir verið ætlað til ýmsra skóla-bygginga, svo sem gagnfræðaskóla, iðnskóla, verzlunarskóla o. fl., eða til samskólans, þegar að því kemur, að sú góða lausn fæst á skólamálunum í borginni. Þetta er eini staðurinn, sem borgin hefir til umráða til slíkra skólabygginga, sem öllum kemur saman um, að reistar muni verða á næstu

árunum fram undan, og þar getur orðið sémilega rúmt um skólana. Í greinargerð fyrir frumvarpinu er minnt á, að skólabyggingar fyrir ungmennafræðsluna gætu staðið norðanvert við Skólavörðutorgið, en þar er alls ekki nægilegt landrými og þess utan er þetta eini staðurinn í borginni, sem hægt er að nota undir geyma fyrir heitt vatn, ef unnt á að vera að hagnýta til fulls jarðhita þann, sem til er í landi Reykjavíkur, og ekki síður, ef takast skyldi að koma upp hitaveitu fyrir alla borgina, eða mikinn hluta hennar, en svo miklar líkur eru til þess, að sú hugsun komist í framkvæmd áður en mjög langt líður, að ekkert vit væri í því að girða fyrir möguleikana til þess með því að reisa skólabyggingar á þessu svæði. — Vegna þessa fæ ég ekki séð, að nokkur möguleiki sé á því, að bæjarstjórnin geti afhent þetta umrædda svæði til Háskólans. — Þá er loks landið norðanvert við Hringbraut í áframhaldi af fyrrnefndri lóð. Því hefur ekki verið ráðstafað til neins sérstaks vestanvert við fyrirhugaða járnbrautarstöð, en að takmörkum þess svæðis, sem er ætlað til járnbrautarinnar — eða langferðabifreiða, ef engin kemur járnbraut —, eru aðeins c. 4 hektarar. Eru þetta að miklu leyti erfðafestulönd, sem ekki eru fullkomin eign borgarinnar, en það virðist ekki útilokað, að þessa landspildu mætti ætla Háskólanum, ef þörf hans krefðist þess að fá hana til viðbótar við 1 hektar við Skólavörðutorg. — Hvað snertir land það í heild, sem frumvarpið ætlast til, að Háskólinn fái til umráða, leyfi ég mér að benda á, að það virðist mjög óhentugt til nota hans. Það er langt, en tiltölulega mjótt og liggur í miklum halla. Tvær umferðargötur, önnur 15 metra, hin 25 metra breið, skipta landinu í 3 hluta. Þetta hlýtur að vera mjög óhentugt og eykur mjög girðingarkostnað, auk þess sem landið er mjög óaðgengilegt til ræktunar, nema að nokkru leyti neðanvert við Hringbraut. Mundi það verða ærið kostnaðarsamt að koma löndum þessum í það ástand, að Háskólanum hæfði og hann gæti haft þeirra nokkur not. — Ef það er rétt skoðun, að Háskólinn þurfi 8–9 hektara land til sinna þarfa í framtíðinni, en um það skal ég ekki deila, jafnvel þótt mér þyki hér ekki skorið við neglur, þá virðist mér mjög óhyggilegt að ætla honum það land, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, enda tel ég, samkvæmt framansögðu, ógerlegt fyrir bæjarstjórnina að láta af hendi það land, sem ætlað er fyrir aðrar skólabyggingar. — Ég hefi því reynt að koma auga á einhvern annan stað, þar sem Háskólinn gæti verið vel settur í borginni, og þar sem nægilega stórt landrými væri til að færa út kviarnar eftir þörfum, og leyfi ég mér að benda á svæðið austan við Suðurgötu gegnt Íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut. Þar hagar svo til, að Reykjavíkurbær á land allt næst fyrir austan Suðurgötu, en þar fyrir neðan taka við erfðafestulönd, kálgarðar og tún. Á þessum stað er mögulegt að ætla jafnvel allt að 16,5 hektara stórt samfellt land til þarfa Háskólans, og



Melar og Grímsstaðaholt 1930. Þar vildi Knud Zimsen, borgarstjóri, að bæjaryfirvöld útveguðu Háskólanum stóra byggingarlóð, og það var gert nokkrum árum síðar. Ljós.m.: ókunnur.

megnið af því, sem er ræktað land, þyrfti ekki að kaupa fyrir en Háskólinn hefði þess þörf. Aðalbyggingin mundi verða reist efst í landinu nálægt Suðurgötu á lóð bæjarins og öll lóðin yrði ein heild, suður og austur frá byggingunni. — Læt ég fylgja uppdrátt . . . , sem sýnir afstöðu þessa lands. — Háskólaráðið boðaði mig á fund með sér síðastliðinn laugardag út af lagafrumvarpinu og benti ég ráðinu á þennan stað. Háskólaráðið skoðaði báða stöðina, ásamt bæjarverkfræðingnum og mér. Álit ráðsins er í fundargerð þess 22. þ. m., sem mér hefir verið sent afrit af í því skyni, að ég láti það fylgja þessari umsögn minni, og legg ég það hér með. — Ef lög um byggingu fyrir Háskóla Íslands verða sett á þessu þingi, er tæplega hægt að gera ráð fyrir því, að lóðamálið verði útkljáð áður, þar sem bæjarstjórnin hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til þess, og að sjálfsögðu þurfa kennslumálaráðherra og nefndir Alþingis að kynna sér þessa nýju uppástungu. Samningar um þetta hljóta að taka nokkurn tíma, en eins og ég hefi áður tekið fram, virðist ekki geta komið til greina, að Alþingi sama sem skyldi bæjarstjórn Reykjavíkur með lögum til þess að leggja fram úr

bæjarsjóði fé til tryggingar fyrir Háskóla Íslands. Slíka aðferð mætti skoða sem lítilsvirðingu á bæjarstjórninni og gæti hæglega orðið til þess að hefja úrlausn málsins. Mundi ég því telja hagkvæmast að orða 2. gr. frumvarpsins þannig: „Landsstjórninni er falið að leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhendingu hæfilegrar lóðar til háskólabyggingarinnar á þeim stað og með þeim kjörum, sem kennslumálaráðherra og háskólaráð aðhyllast.“ – Jafnframt þyrfti að breyta 1. gr. frumvarpsins á þá leið, sem háskólaráðið hefir bent á. – Ef menntamálanefndin skyldi óska frekari upplýsinga í tilefni af þessu máli, er ég fús að koma til viðtals við hana.“

Hugleiðingar tveggja prófessora, 1930

Að vonum var mjög rætt um fyrrgreint frumvarp og byggingarmálin meðal háskólamanna, og Stúdentablaðið 1. desember 1930 var t. d. helgað „byggingu háskóla“. Voru þar ýmsir mætir menn, m. a. nokkrir prófessorar, fengnir til að rita hugleiðingar um þetta mál. Skulu hér birtir kaflar úr greinum tveggja háskólakennara, þeirra *Magnúsar Jónssonar*, guðfræðiprófessors, og *Ólafs Lárussonar*, lagaprófessors.

Prófessor Magnús Jónsson segir m. a.:⁹⁾

„Um háskólahúsið er það . . . sannast að segja, að allar hugmyndir um það eru mjög svo óljósar og lítið annað en draumsýnir. Það eina, sem tjóðrar þessar hugmyndir nokkuð við jörðina, er það, að stungið hefir verið upp á álitlegum stað handa væntanlegu húsi. En þó að menn viti, að í þessu húsi eiga að vera kennslustofur, vinnustofur, bókasöfn, hátíðasalur o. fl., þá er eftir að koma þessu öllu fyrir og láta sér detta fleira í hug og búa yfirleitt svo um, að sem fæst rekist á þegar tímar líða. – Það er bezt að gera sér það ljóst, að háskólabyggingin er ákaflega vandasamt verk, og að enginn maður er til hér á landi sem er fær um að leysa þetta vandaverk af hendi án frekari undirbúnings. – Eg ætla því ekki að fara að birta hér á prenti mínar sérstöku draumsýnir um háskólabygginguna og eru þær þó margar, ekki sízt um bókasöfnin og vinnustofurnar og útlit hússins. Því að eg ímynda mér, að þær og aðrar draumsýnir myndi falla fyrir því, sem er betra, en það er reynsla og þekking á málinu. – Hvað á þá að gera? – Á að láta sér nægja gamla orðatiltækið, að „málið þurfi rækilegan undirbúning“, og vonast eftir því, að

9) Tilv. rit, bls. 4–5.



Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor.

einhverjar vitranir komi yfir menn, ef þeir bara bíða svo sem 10 ár? – Vitanlega ekki. Það á að hefja undirbúninginn. Og fyrsti undirbúningurinn er fólgin í því, að vita eitthvað um það, hvernig húsið á að vera. Þessa vitneskju á ekki að sækja fyrst og fremst með því að setjast með hönd undir kinn og láta sig dreyma, heldur á að sækja hana til þeirra, sem sjálfir hafa reynt. – Mín tillaga er því þessi: Eins fljótt og því verður við komið á að fara rannsóknarför mikla til annarra landa, til þess að grannskoða og þaulreyna, hvað aðrar þjóðir hafa gert í sínum háskólabyggingum. Þar er lang bezt skólinn, bæði í því, sem ber að gera, og því, sem ber að forðast. Til þessarar farar ætti að veljast sá húsameistari, sem helzt er ætlað að sjá um verkið. Og með honum ættu að fara tveir menn, einn af háskólakennurunum, valinn til þess af háskólakennurunum eða háskólaráði og einn af stúdentunum, valinn af stúdentum háskólans eða stúdentaráði. – Sendimenn þessir þyrftu ekki að ferðast eins og dularbúnir kongar, en annars ætti ekkert að spara til þessarar ferðar. Þeir yrðu að fara geysi víða og safna afar miklu efni, og væri þá eitthvað meira en lítið bogið við þessa för, ef ekki fengist þarna sá fróðleikur, sem væri margfaldlega þess virði, sem förin gæti kostað. – Þessi

rannsóknarleidangur, sem standa myndi yfir fáa mánuði, myndi þoka málinu miklu lengra áleiðis en margra ára „undirbúningur“, þ. e. bið. Og eg er sannfærður um, að það verður aldrei hafizt handa um háskólabygging fyrir en þessari rannsókn hefir verið lokið. — Þessa för þarf að fara sem allra fyrst meðal annars vegna stúdentagarðsins. Það mætti ef til vill fara að byrja á honum peninganna vegna. En það ætti ekki að gera það, fyrir en þessari rannsóknarför væri lokið. Því að bæði getur vel verið, að í henni fengjust svo góðar hugmyndir og tillögur, að betra væri að bíða, og svo álit eg, að nauðsynlegt sé, að uppdrættir af báðum húsunum, háskólahúsinu og stúdentagarðinum, sé gerðar í einu. Það eru svo mörg húsakynni, sem vandi er að vita, hvort heldur eiga að vera í háskólahúsinu eða stúdentagarðinum, að eg tel alveg nauðsynlegt, að húsin sé gerð samræm, þannig, að engu sé sleppt og ekkert tvítekið að óþörfu og ekkert sett á þann staðinn sem síður skyldi.“

Prófessor Ólafur Lárusson segir hins vegar:¹⁰⁾

„Húsnæðisvandræði háskólans eru jafngömmul honum sjálfum. Á einum af fyrstu fundunum, sem háskólaráðið hélt, var rætt um það, hver tók væru á því, að koma upp sérstöku húsi fyrir háskólann. Þetta var 23. nóv. 1911. Af þeim fimm mönnum, sem voru á þessum fundi, eru fjórir horfnir frá háskólanum. Stúdentarnir, er þá voru þar við nám, eru nú orðnir miðaldra menn. En háskólinn býr enn í sömu, dimmu og þröngu herbergjunum, sem hann bjó í þá. — Háskólaráðið er búið að senda þingi og stjórn margar málaleitanir og áskoranir um húsnæðismálið síðan 1911, og undirtektirnar hafa til skamms tíma jafnan verið á eina leið. Málið hefir ekki mætt neinni samúð hjá þeim, sem fjárráðin hafa haft, og áskoranirnar hafa engan árangur borið. Þessi daufheyrn þeirra hefir fyrst og fremst orðið til þess, að háskólaráðið hefir ekki vogað annað, en að fara svo skammt í óskum sínum, sem frekast hefir verið unnt. Og mörgum hefir virst ástæða til að örvænta um það fullkomlega, að nokkrar viðunanlegar umbætur fengjust, fyrir en þá ef til vill seint og síðarmeir. — Þess vegna má það vera öllum vinum háskólans mikið gleðiefni, að í ár hefir rofað svo til í þessu máli, að nú má vænta alls hins besta. Stjórnin hefir lagt frumvarp til laga um háskólabyggingu fyrir alþingi, og horfur eru á því, að mjög æskilegur staður fáist handa háskólanum. Er skylt að minnast þess með þakklæti, að þessi reksþölur, sem málið er nú komið á, er mest að þakka tveimur mönnum utan háskólans, þeim Jónasi Jónssyni dómsmálaráðherra, er frumvarpið bar fram, og Knud Zimsen borgarstjóra, er benti á háskólastaðinn. — Eg gat þess áðan, að háskólaráðið

10) Tilv. rit, bls. 5–6.



Ólafur Lárússon, lagaprófessor.

hefir jafnan verið hógvært og smátækt í óskum sínum í þessu máli. Það hefir ekki þorað öðru. Þegar bæjarstjórnin á sínum tíma gaf kost á því, að háskólinn fengi 1 ha. land við Skólavörðutorg, þá lét háskólaráðið sér það nægja, og taldi, að meira væri þar fengið en við hefði mátt búast. Það er dómsmálaráðherra, er fyrstur kvað upp úr um það, að ætla háskólanum miklu meira land en þetta. Landið, sem gjört var ráð fyrir í frumvarpinu, að háskólinn fengi, var, ef eg man rétt, nálægt 9 ha. Þetta er að minni skoðun mikilsverðasta atriðið í málinu. Hér er horft langt fram í tímann. Hér er ekki aðeins verið að efna til háskólabyggingar heldur til háskólahverfis höfuðborgarinnar. — Landið á Melunum, sem borgarstjóri benti á handa háskólanum, mun vera fullir 12 ha. Það er ágætlega fallið til bygginga. Jarðvegur er nógur og sólar nýtur vel, svo ræktunarskilyrði eru þar góð. Leikvelli o. þ. h. er auðvelt að gjöra þar. Mýrin fyrir neðan verður gjörð að skemmtigarði á sínum tíma, svo útsjón verður ávalt opin til austursins. Landið er alt í samfellu, engar götur skera það í sundur. Gata kemur innan skamms tíma norðan við lóðina, sunnan við Tjarnarendann yfir á Laufásveg, og er þá fengin bein og stutt leið frá háskólanum upp í Austurbæinn, t. d. fyrir læknanema upp að Landsspítalanum. Og landið er svo stórt, að þar á að verða nægilegt rúm fyrir háskólann og alt, sem í kringum hann verður, um

óyfirsjáanlega framtíð. Þar er rúm fyrir heilt háskólahverfi, og þar á það að rísa upp. Þar eiga að verða, fyrst og fremst byggingar háskólans sjálfs. Þar eiga að verða stúdentagarðar, fleiri en einn eða tveir. Markið á að vera það, að allir stúdentar háskólans fái bústað þar í hverfinu. Þar eiga að verða bústaðir háskólakennara. Og þar eiga að verða hús fyrir ýmiskonar söfn og rannsóknarstofur. Áður en langt um líður verður að sjá ýmsum söfnum ríkisins fyrir nýju og betra húsnæði, náttúrugripasafninu, þjóðmenjasafninu, þjóðskjalasafninu. Þær byggingar ættu að rísa upp þarna suður frá, og sum söfnin a. m. k., ætti að tengja við háskólann sem fyrst. Náttúrugripasafnið ætti að verða stofninn að náttúrufræðiseild háskólans. Háskólinn á að verða miðstöð íslenskra náttúruvísinda, miðstöð rannsókna á hinni margbreyttu og merkilegu náttúru lands vors. Og fleira mætti telja sem þarna á að verða. – Það hefir nokkrum sinnum komið fyrir, að útlendir gestir hafa beðið mig að sýna sér háskólann. Eg hefi alltaf reynt að hliðra mér hjá því. Mér hefir fundist, að salakynni háskólans séu ekki svo prýðileg, að vert sé að halda sýningu á þeim. En eg vona, að þeir tímar komi, að kennarar háskólans og aðrir geti haft ánægju af því að sýna útlendingum háskólahverfið suður á Melunum, að það verði eitt af því sem mest prýði verður á höfuðstaðnum. En þetta er þó ekki höfuðatriðið. Hitt skiftir meiru máli, að háskólahverfið á að verða umgjörðin um menntalíf þjóðar vorrar. Þar eiga skilyrði að skapast fyrir íslensku vísindalífi, og fara batnandi ár frá ári. Þá mun það sannast, að þar verða mörg handtök unnin, sem þjóð vorri verða þörf og holl, og að þaðan munu renna ýms tillög til hinnar sameiginlegu fjárhirslu allra þjóða, vísindanna, þekkingarinnar á því sem satt er og rétt.“

Frumvarpið endurflutt í breyttri mynd

– *Andstaða á Alþingi – Lög um byggingu fyrir Háskóla Íslands nr. 31/1932*

Eftir að fyrrgreint álit háskólaráðs og borgarstjóra var fram komið, árið 1930, var hugmyndin um byggingu háskólahúss á Skólavörðuholti í raun réttri úr sögunni, svo sem þegar kemur fram í umsögn Menntamálanefndar Efri deildar Alþingis frá 11. apríl það ár, en þar segir m. a.:¹¹⁾

„Nefndin fellst eindregið á það, að staður sá austan við Suðurgötu, gegnt Íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut, sem borgarstjóri bendir á í bréfi sínu, sé miklu betur fallinn fyrir Háskólann en staður sá í

11) Alþt. 1930, A, bls. 1305–1306.



Alþingismennirnir Jón Jónsson frá Stóradal og frú Guðrún Lárusdóttir voru í hópi þeirra þingmanna, sem töldu ekki tímabært að setja lög um háskólabýggingu.

Skólavörðuholtinu, sem frv. ráðgerir í samræmi við uppástungur skipulagsnefndar, og telur borgarstjóra hafa unnið máli þessu þarft verk með því að gefa yfirlit yfir hina miklu annmarka, sem eru á því að reisa Háskólann í Skólavörðuholtinu, og benda jafnframt á hinn staðinn. Stúdentagardinum hefir einnig verið fyrirhuguð lóð í Skólavörðuholtinu, við hlið lóðar þeirrar, sem eftir skipulagsupprættinum var ætluð Háskólanum, og vill nefndin, þótt eigi komi þessu máli beinlínis við, láta uppi það álit sitt, að mjög æskilegt væri að fá samkomulag við bæjarstjórn Reykjavíkur um skipti á lóðum fyrir Stúdentagardinn, þannig að hann gæti fengið lóð við hlið háskólalóðarinnar á þeim stað, sem borgarstjóri hefir stungið upp á.“

Eftir þetta hlaut frumvarpið samþykki í Efri deild, með breytingu í ofangreinda átt, en komst eigi til umræðu í Neðri deild. Árið 1931 var það enn borið upp, með breytingum varðandi staðsetningu byggingar, en dagaði uppi. Í þriðja sinn var það lagt fram á Alþingi 1932, og reyndu þá ýmsir þingmenn að eyða málinu. Meirihluti Menntamálanefndar, *Jón Jónsson frá*

Stóradal og frú *Guðrún Lárusdóttir*, lagði til, að frumvarpinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og segir í nefndarálitinu (frá 18. mars 1932):¹²⁾

„Frv. þetta hefir legið fyrir tveim síðustu vetrarþingum og verið samþykkt hér í deildinni, en orðið svo óútrætt. Bendir það heldur til, að frv. hafi ekki fast fylgi í Neðri deild. —Tilgangur frv. mun vera sá, að skuldbinda Alþingi til að reisa veglegt háskólahús innan 8 ára. Það skal og játað, að mjög æskilegt væri, að háskólinn fengi áður langt um líður betri húsakynni en nú hefir hann. Aftur ber á það að líta, að nú er ægileg fjárkreppa í landi, sem enginn sér fyrir, hvaða dilk dragi eftir sér, og ótal verkefni liggja fyrir. Virðist því ekki bein nauðsyn né æskilegt að binda fyrirfram hendur fjárveitingavaldsins með því að samþykkja frv. þetta. —Hinsvegar virðist nauðsynlegt, að sem fyrst sé unnið að því að tryggja háskólanum nægilegt og hentugt landrými fyrir framtíðina, og virðist það mjög vel til fallið, að Reykjavíkurbær leggi landið til, ef hann nýtur þeirra forréttinda, að háskólinn verði reistur í bænum. Mundi slík fórnfýsi Reykjavíkur mjög flýta fyrir því, að háskólinn yrði reistur og greiða mjög fyrir stúdentagarðinum, sem þegar mun hafa safnað allmiklu fé. —Í samræmi við það, sem nú hefir sagt verið, er lagt til, að málið verði afgreitt með svofelldri

Rökstuddri dagskrá:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leiti hjá bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðinna tilboða um land á hentugum stað handa háskólanum og leggi árangur af þeirri málaleitun fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Páll Hermannsson, alþm., sem var í minnihluta, vildi hins vegar láta samþykkja frumvarpið lítið breytt.

Miklar umræður urðu í þinginu um frumvarp þetta,¹³⁾ og er tilgangslítið og reyndar ógerningur að rekja þær hér. Þess eins skal getið, að í umræðum og atkvæðagreiðslum kom fram talsverð andstaða nokkurra þingmanna a. m. k. Í Efri deild talaði t. d. *Jakob Möller* á móti frumvarpinu og í Neðri deild beittu þeir *Halldór Stefánsson*, *Hannes Jónsson* og *Magnús Guð-*

12) Alþt. 1932, A, bls. 516–517.

13) Þær eru birtar í Alþt. 1932, B, bls. 1241–1287.

mundsson sér gegn því. Kennslumálaráðherrann, *Jónas Jónsson*, varði frumvarpið af kappi, svo sem við var að búast, og sagði m. a. í þingræðu í Efri deild:¹⁴⁾

„Við höfum nú síðan árið 1911 haft háskóla hér í landinu án þess að sjá honum fyrir sérstöku húsi, og það er ekki hægt að segja, að það húsnaði, sem hann hefir búið við, sé viðunanlegt, þó það geti eftir atvikum talizt afsakanlegt vegna fátæktar landsins og margra annara nauðsynjamála, sem þurft hefir að sinna. Hitt er aftur á móti ekki afsakanlegt að láta undirbúning dragast ótakmarkað. Þegar frv. þetta kom fyrst fram, var að vísu ekki sú kreppa á komin, sem nú er. Það var því að öllu leyti eðlilegt tímatakmark, sem sett var þá í frv., að það ætti að framkvæmast á 3–4 árum. Þetta hefir nú að vísu breytt sem stendur vegna þeirrar kreppu, er nú stendur yfir, svo að ekki er hægt að telja líklegt, að Alþingi muni álíta rétt að byrja á næstu misserum á nýjum stórbyggingum. En það er engu að síður nauðsynlegt að undirbúa þetta mál, svo að ekki strandi á því og hægt verði að hefjast handa þegar við fyrsta tækifæri. — Það hefir nú dálítið verið gagnrýnt í hv. Ed og verður kannske einnig gert hér, að það þykir sumum sem lítið sé fengið með þessu frv., þar sem ekki er gert ráð fyrir, að ákveðin fjárveiting verði tekin upp í ákveðin fjárlög, og það má segja, að lögin feli raunar ekki í sér nema eitt atriði, er máli skipti, en það er líka afarstórt atriði, sem sé það, að gerðir verði samningar við Rvíkurbæ um lóð á hentugum stað og nægilega stóra fyrir þær háskólabyggingar, sem hér verður talin þörf á að reisa á næstu öldum. — Ég hygg eftir undirtektum bæjarstjórnar Rvíkur, að það séu miklar líkur til, að hagkvæmir samningar muni takast í þessu efni, ef líkur væru fyrir því, að landið gæti staðið við þær áætlanir, sem gerðar eru í frv. . . . Ég skal að sönnu játa það, að með 1. gr. frv. er því ekkert slegið föstu í sjálfu sér, hvenær verði byggt, en með henni er þó bæjarstj. gefin ástæða til þess að gefa ákveðin svör um málið, og stj. gæti þá í samráði við háskólaráðið unnið að samkomulagi um þetta mál. Það eru miklar líkur til, að það fáist land á heppilegum stað hér fyrir sunnan bæinn og hefir borgarstjóri sjálfur einmitt bent þar á mjög æskilegt svæði milli Hringbrautar að norðan og vestan og tveggja annara vega að norðvestan og vestan. Þetta háskólahverfi yrði því afskammtað af vegum á þrjár hliðar, en við fjórðu hliðina mundi koma fyrirhugaður skemmtigarður bæjarins, neðan og sunnan við háskólalóðina. Skammt þar frá standa einnig tvær reisulegustu menningarstofnanir ríkisins í þessum bæ, landsspítalinn og sundhöllin. — Áður en hugmyndin um þetta framtíðarskipulag skólaþorpsins kom til umr. var hugmynd

14) Alþt. 1932, B, bls. 1258–1260.

manna að ætla væntanlegri háskólabyggingu og stúdentagarði stað á lítilli lóð við Skólavörðuna. Þar hefði verið hægt að reisa skólabyggingu, sem sniðin væri við þarfir yfirstandandi tíma og ennfremur heimavist fyrir um 40 stúdent, en ekki meira. Það hefðu engin ráð verið fyrir seinni tíma að bæta við þær byggingar, þó þörf krefði. Þær byggingar hefðu sennilega ekki fullnægt þörfum tímans í tíð núlifandi manna, hvað þá lengur, og hefði þá farið hér eins og víða í stórborgum Evrópu, að háskólinn hefði orðið inniluktur á þröngu svæði og brátt orðið að taka lóðir á öðrum stöðum undir byggingar fyrir einstakar deildir, til þess að fullnægja húsnæðisþörf skólans, en það hefði orðið stofnuninni til hins mesta tjóns. Í þessari sögu málsins felast eiginlega sterk rök fyrir því, að réttara sé að búa þegar fastara um hnútana heldur en brtt. hv. 1. þm. N.-M. gefa tækifæri til. Stúdentar og þeirra styrktarmenn hafa þegar safnað allmiklu fé til byggingar stúdentagarðs, og höfðu þeir með bæði 2. og 4. þm. Reykv. í broddi fylkingar hafizt handa með framkvæmdir á lóðinni hjá Skólavörðunni með sjálfbodavinnu við grjótsprengingu, er kostaði um 20 þús. kr. Þetta var gert áður en hugmyndin um hinn nýja stað kom fram. En þegar hún kom fram, varð sammæli um það milli þessara manna og stjórnarinnar að láta þessar framkvæmdir eiga sig á þessum stað, og var það möglunarlaust gefið eftir, þó það sé mála sannast, að stúdentar eiga erfitt með húsnæðisleysið, en hitt mátti sín meir, að aðstaðan verður svo miklu betri á hinum nýja stað. — Með frv. er það tryggt, að tækifæri gefst til að byrja á byggingu stúdentagarðs, þegar til hans hefir safnast svo mikið fé, að ástæður leyfi að byrjað sé, og nú hafa stúdentar og hjálparmenn þeirra þegar dregið saman svo mikið fé, að full ástæða er til að láta ekki standa á að leysa þetta lóðarspursmál.“

Prátt fyrir allnokkra andspyrnu fóru svo leikar, að frumvarpið náði meiri hlutafylgi á þinginu og varð að lögum þá um vorið. Verður eigi annað séð en það hafi mest verið að þakka harðfylgi Jónasar Jónssonar.

Lögin um byggingu fyrir Háskóla Íslands, nr. 31. frá 23. júní 1932, voru svohljóðandi:

1. gr.

„Á árunum 1934–1940 er landsstjórninni heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands. Höfuðbyggingin má kosta allt að 600 þúsundum króna, og skal verkið framkvæmt eftir því, sem fé er veitt í fjárlögum. Skal svo hagað byggingunni, að taka megi nokkurn hluta hússins til afnota fyrir háskólann, þótt byggingin sé ekki fullger.“

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til háskólabyggingar samkvæmt 1. gr., er það, að samkomulag náist við bæjarstjórn Reykjavíkur um, að Reykjavíkurbær gefi háskólanum til kvaðalausrar eignar 8–10 hektara af landi á þeim stað, sem kennslumálaráðherra og háskólaráði þykir hentugt.

3. gr.

Landsstjórninni heimilast að ætla húsrúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum í væntanlegri háskólabyggingu, og að ætla svæði undir heimavistarhús fyrir kennaraefni á þeim hluta lóðarinnar, sem ætlaður verður fyrir sjálfstæðar smábyggingar.

Leita skal samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um vatn úr hitaveitu bæjarins, til þess að hita höfuðbygginguna og væntanlegan stúdentabústað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.“

Enda þótt sá „veikleiki“ fylgdi þessum lögum, að þau veittu einungis *heimild* til að láta reisa bygginguna, voru þau samt sem áður nauðsynlegur grundvöllur frekari framkvæmda, og í þeim fólst mikilvæg stefnuyfirlýsing hinna æðstu stjórnvalda. Til hliðsjónar má í því sambandi minna á, að háskólalögin frá 1909 voru einnig *heimildarlög*, sem leyfðu stofnun háskóla, *þegar fé yrði veitt til þess*, og þarf þó víst enginn að efast um mikilvægi þeirra laga.

Stúdentagarður byggður


Tveir tillöguupprættir frá 1930

Eftir ummæli og yfirlýsingar borgarstjóra og háskólaráðs frá 1930, sem fyrr var greint frá, var með öllu horfið frá hugmyndinni um byggingu stúdentagarðs á Skólavörðuholti, og beindust augu manna þá vitanlega að svæði því, sem borgarstjóri hafði bent á, þ. e. austast á Melum, sunnan Hringbrautar.

Í Stúdentablaði 1. desember 1930 birtist eftirfarandi grein, er nefnist „Stúdentagarðurinn – Tveir nýir tillöguupprættir“:¹⁾

„Við hreyfingu þá er komst á byggingamál Háskólans í fyrravetur, er nú orðið sýnt, að lóðir þær er valdar höfðu verið undir stúdentagarð og skóla-byggingu, verða ekki notaðar til þess, heldur leitað á annan stað og hagkvæmari. Þar með er uppdráttur sá, er fenginn var að stúdentagarði á Skólavörðuhæð, úr sögunni, og liggur því fyrir að afla nýrrar teikningar, þegar hin nýja lóð hefir verið ákveðin. – Blaðinu hafa borist tveir tillögu-upprættir að stúdentagarði, báðir miðaðir við þann stað, er ætla má að háskólahverfi bæjarins verði valinn. Er hinn fyrri gjörður af tveim stúdentum, er nema byggingafræði, í sumarfrí þeirra nú í sumar. Kalla þeir hann sjálfir „lauslegan“, og ber á engan hátt að skoða hann sem fullnaðartillögu. Til skýringar myndunum skal eftirfarandi tekið fram: Stúdentagarðinum er ætlað stæði austanvert við Suðurgötu, eins nærri Hringbraut og bygt verður. Sunnan hans er gert ráð fyrir að Háskólinn og aðrar byggingar í sambandi við hann verði reistar. Gardurinn er hornbygging með aðalálmu meðfram Suðurgötu, en mjórri og styttri álmu sem snýr að Hringbraut. Í horni byggingar er turn, og standa útveggir hans 65 cm utar en aðalveggir. Einnig er turninn mun hærri en aðalbyggingin. Úr turninum er gengt út á þak byggingarinnar. Aðalálman er ca. 39×10,4 m. en austurálman gengur ca 24 m. til austurs og


1) Tilv. rit., bls. 10–12.



Tillöguuppráttur að stúdentagarði, 1930, eftir Einar Sveinsson og Gunnlaug Halldórsson. (Úr Stúdentablaði 1930).


er 8 m. breið. Undir byggingunni er kjallari, sem stendur allur jafnhátt upp úr jörð (ca. 1 m.), en öll hæð byggingarinnar er ca 11 m. Innrjettingin hefir aðeins verið lauslega ákveðin og er ekki gert ráð fyrir að grafa þurfi allan kjallarann, sem annars er ætlaður fyrir geymslur, þvottahús og leikfimi. Fyrsta hæð er ætluð fyrir borðsal $14 \times 7,4$ og útskot ($6,2 \times 4$) lestrarstofu (7×10) og er innangengt úr henni í tvö lítil herbergi fyrir blöð og tímarit, og síðan önnur herbergi samanber myndina. Í turnbyggingunni er stigahöll, og er henni svo fyrir komið, að á hverri hæð getur verið nokkurskonar setu-
stofa, fyrir þá, sem þá hæð byggja. Á efri hæðum hússins verða eingöngu íbúðarherbergi, einbýlisstofur fyrir 46 stúdentu. Vegna þess að í austurálm-
unni er aðeins ein herbergjaröð er gert ráð fyrir að þau sjeu stærri. Það þarf ekki að hafa neinn verulegan kostnað í för með sjer, en væri hinsvegar vel til fallið, að þar væru þau herbergi, sem sýslur, bæjarfjelög eða aðrir hafa keypt. Hæð íbúðarherbergja er ætluð 2,7 m. Til hliðar við gluggann í hverju herbergi er ætlað að komi rúm eða legubekkur, og í áframhaldi af því klefi ($2 \times 0,9$) fyrir þvottaskál og fatageymslu, en í framvegg hans, framan dyra, innfeld bókahilla. Má draga tjald, sem þá er í beinu áframhaldi af hlið þvottaklefans, fyrir rúmið að deginum til. — Höfundur síðari teikning-
arinnar hefir óskað að láta nafns síns ekki getið. — Myndunum til skýringar lætur hann þessa getið: „Stúdentagarðinum er valinn staður við Suðurgötu, hjer um bil 170 m. frá vegamótum Hringbrautar, eða svo fjarri að nægilegt pláss sje fyrir Háskóla og aðra stórbyggingu norðan hans. Aðalhúsið er

STÚDENTAGARÐUR BYGGÐUR



Tillöguuppráttur að stúdentagarði, 1930, eftir Einar Sveinsson og Gunnlaug Halldórsson. (Úr Stúdentblaði 1930.)

samhliða Suðurgötu, austan hennar 37,5×11,3 m. að stærð. — Frá þessari aðalbyggingu norðanverðri er álma til austurs 7,0×28,8 m. Húsið er 2 hæðir og hár kjallari. Hæð götuhliðar (móti vestri) er um 8 m. upp að þakbrún. Móti austri, þeim megin er frá götu veit, er allur kjallari upp úr jörðu, enda stendur húsið í halla. — Syðsti hluti aðalhússins (10,5 m.) er 1 hæð hærri. — Í kjallara er: borð- og samkvæmissalur 9,9×11,1 m. og við hlið hans gildaskáli 9,5×8,6 m. Eldhús 7,0×7,0 búr, þvottahús, þerristofa, allskonar geymslur, snyrtiklefi og salerni, íþróttastofa og henni tilheyrandi klæðaherbergi, baðklefar og salerni. Auk þessa er íbúð ráðskonu og vinnukvenna. Aðalinnangangar í kjallara eru frá garði og forsal stofuhæðar. Grunnflötur kjallara er nokkru stærri en annara hæða hússins, þar eð hann nær undir svalir stofuhæðar. Á stofuhæð er íbúð prófessors, 4 stofur og eldhús, auk lítillar




Afstöðumynd:

- 1. Stúdentagardur.
- 2. Háskóli.
- 3. Safn.

Tillöguuppráttur að stúdentagarði frá 1930. Höfundur er ónafngreindur. (Úr Stúdentblaði 1930).

skrifstofu. Þar er lestrarsalur $11,1 \times 6,4$ m. og íbúðarherbergi fyrir 17 stúdentu, þar af 3 tveggja manna herbergi. Auk þessa eru salerni, baðklefi, anddyri og stór forsalur ($7,0 \times 7,0$ m.). Í forsali eru stigar niður í kjallara og upp á efri hæðina. Svalir eru móti suðri og austri. — Á efri hæð eru íbúðarherbergi fyrir 28 stúdentu, þar af eru 5 tveggja manna herbergi. Þar er auk forsalsins baðherbergi, salerni og stofur fyrir stúdentaráð og stúdentablað, þar er og stigi upp á efstu hæðina. — Á efstu hæð er 1 salur, jafnstór lestrarsal stofuhæðar, en hæð undir loft er 3,7 m., er salurinn ætlaður fyrir söng og hljóðfærslátt. Við hlið salsins er 1 íbúðarherbergi. Úr forstofu þessarar hæðar er innangengt í lága þakhæð hússins, sem notuð yrði sem geymslupláss. — Í húsinu er alls íbúð fyrir 46 stúdentu, en ef íbúð prófessors væri ekki höfð, kæmust þar fyrir 6–7 stúdentar. — Að húsabaki er gert ráð fyrir garði móti suðri og austri. — Alt rúmmál hússins (reiknað niður fyrir kjallaragólf) er ca. 7000 m^3 , þar af 500 m^3 þakhæðin.“ — Stúdentablaðið birtir þessa tvo upprætti vitanlega ekki í þeim tilgangi að halda höfundum þeirra fram á kostnað annara byggingameistara, hvorki þeirra, er áður hafa lagt hönd á verkið, nje hinna, er einhvers má vænta af við framhalds-framkvæmdir. En stúdentar mega vera hverjum þeim manni þakklátir, er leggur fram nýtar tillögur í þessu máli og sýnir því áhuga. Það þakklæti vill blaðið láta í ljósi á þann hátt er bestur má þykja: með því að birta teikningarnar og kynna þær stúdentum. Verða þær vonandi til þess að nýr og aukinn áhugi færir í málið, nýtt fjör, er hrindi því í bráða framkvæmd.“

STÚDENTAGARÐUR BYGGÐUR




Tillöguuppdráttur að stúdentagarði frá 1930. Höfundur er ónafngreindur. (Úr Stúdentablaði 1930).

*Tillöguuppdráttur Guðmundar Hannessonar
frá því um 1932*


Í Stúdentablaði 1. desember 1932 ritaði prófessor *Alexander Jóhannesson* grein, er hann nefndi „Háskóli og Stúdentagarður“.²⁾ Þar segir m. a.:

„Komið hefir fram hugmynd um, að reisa heldur tvö hús, og hefir hún ýmsa kosti, einkum þann, að unnt væri að byrja þegar á annarri bygging-


2) Tilv. rit, bls. 1-3.




LOFTSHÆÐ



II HÆÐ



I HÆÐ



Stúdentagarður. Grunnteikningar (tillögur) eftir Guðmund Hannesson, prófessor. Líklega frá 1932. (Úr Stúdentblaði 1932).

unni. Í framtíðinni má gera ráð fyrir, að á háskólalóðinni verði reistar margar byggingar, rannsóknarstofur o. fl., en hún er svo stór, að auðvelt yrði að koma fyrir stúdentagarði löngu áður en háskólabyggingin yrði reist. Skipuleggja þarf háskólalóðina og mun það væntanlega verða gert í vetur. – Guðmundur prófessor Hannesson hefir gert uppdrátt af stúdentagarði fyrir 35 nemendur og er hér sýnd herbergjaskipun og fyrirkomulag. Í kjallara er gert ráð fyrir eldhúsi ásamt nokkrum herbergjum fyrir þjónustufólk, íþróttasal, billiardsal, fataklefa, smíðaklefa, geymslu o. fl. Á fyrstu hæð er borðstofa og lestrarsalur, bókaherbergi, 3 einbýlisstofur og 2 tvíbýlisstofur. Lestrarsalurinn nær upp úr á 2. hæð og eru þar svalir í kring, en á henni eru 8 einbýlisstofur og 4 tvíbýlisstofur. Á efstu hæð eru loks 4 einbýlisstofur og 4 tvíbýlisstofur. Uppdráttur þessi virðist að mörgu leyti mjög hentugur, þótt gera þurfi ef til vill á honum nokkrar breytingar. Stúdentagarður þessi yrði nál. 32 metra á lengd, en byggingarverð nál. 125.000 krónum. Stúdentagarðsnefnd og stúdentaráð mun bráðlega ræða þetta mál, hvort halda eigi fast við gömlu hugmyndina um að reisa einn stúdentagarð eða hvort hallast verður að því að gera ráð fyrir tveim stúdentabyggingum. Ef hið síðara verður ofan á, má vænta, að byrjað verði á fyrri byggingunni að vori komanda. – Íslenzkir stúdentar verða að gera sér ljóst, að hin mikla fjárkreppa ríkissjóðs og þjóðarinnar geti enn um stund tafið framlög þings og stjórnar til háskólabyggingar og stúdentagarðs. Stúdentar hafa sjálfir safnað allálitlegri fúlgu til stúdentagarðs og þeir mega einnig vera við því búnir að taka þátt í fjársöfnun til háskólabyggingar, ef máli þessu á ekki enn að slá á frest um ófyrirsjáanlegan tíma. Virðist því, eins og nú horfir við, vera hentugt að byrja á næsta vori að reisa stúdentagarð af svipaðri stærð og Guðm. prófessor Hannesson gerir ráð fyrir. Það mun koma í ljós, að því fyr sem byrjað verður á stúdentagarði, því fyr verður háskólabygging reist. En sómi þjóðarinnar getur ekki beðið eftir því, að á þessum málum verði enn langur dráttur.“

Teikningar Sigurðar Guðmundssonar og bygging stúdentahéimilis

Stúdentagarðsnefnd notaðist ekki við fyrrgreindar teikningar, en þess í stað fól hún *Sigurði Guðmundssyni, arkitekt*, að gera uppdrátt að stúdentahéimilinu, sem hér er birtur. Mun það hafa verið haustið 1932. „Byrjað var að grafa fyrir kjallara 19. júlí 1933, en 1. des. sama ár var húsið komið undir þak. Var það fullbúið í september 1934 og tekið til notkunar 1. október. Vígsla fór fram á Þorláksmessu.“³⁾

3) Guðni Jónsson, Saga Háskóla Íslands, bls. 238.



Sigurður Guðmundsson, húsameistari, teiknaði stúdentagarðinn við Hringbraut.

Í Stúdentablaði, 1. desember 1933, birtist grein um stúdentagarðinn (undirrituð T. J.),⁴⁾ og segir þar m. a. um áætlaðan byggingarkostnað:

„Stúdentagarðsnefndin hefir áætlað að garðurinn muni kosta allt að 230 þús. kr. og sundurliðast áætlunin þannig: Húsið sjálft, án allra leiðslna en að öðru leyti fullbúið til íbúðar, þar með taldir klæðaskápar og bókahyllur, 167 þús. krónur skv. tilboði Jóns múrarmeistara Bergsteinssonar, sem hefir tekið að sér að reisa húsið í ákvæðisvinnu. Miðstöð, með leiðslum og ofnum, vatns- og skolpleiðslur, þvottaskálar, baðker og önnur hreinlætistæki um kr. 25 þús., þar af kr. 23.300.00 skv. tilboði Ísleifs Jónssonar kaupmanns. Raflögn kr. 5026.00 skv. tilboði Júlíusar Björnssonar. Gröftur fyrir kjallara og annar undirbúningur hefir kostað ca. kr. 5000.00 og lóðin kr. 5010.00 reiknikostnaður og eftirlit mun nema ca. kr. 18000.00 og loks er ófyrirséður kostnaður áætlaður ca. kr. 5000.00. Þess má geta að lóðarverðið hefir verið greitt fyrri erfðafestuhafa til bráðabirgða og er von um að það fái endur-

4) Tilv. rit, bls. 1–3.


greitt síðar, er samningar verða gerðir á milli ríkisstjórnar og bæjarstjórnar um alla háskólalóðina, en garðurinn er reistur á fyrirhugaðri háskólalóð, sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurbær láti af hendi án endurgjalds.“

Í sama tölublaði Stúdentablaðs er eftirfarandi viðtal við Sigurð Guðmundsson, húsameistara, um bygginguna, sem þá var orðin fokheld:


„Stúdentablaðið sendi mann á fund Sig. Guðmundssonar húsameistara, til þess að fá upplýsingar um hvernig Stúdentagarðurinn væri byggður. – Nú kem ég að dyrum „á Garði“ og hvað tekur þá við þegar inn kemur? – var fyrsta spurningin til húsameistara. – Þegar komið er inn um aðaldyr, segir húsameistari, tekur við anddyri og þar inn af stór skáli (Hall). Úr skálanum er gengt inn í íbúðirnar og samkomusal og þar að auki er útfrá skálanum fatageymsla, salerni og símaklefi. – Úr skálanum má ganga upp á efri hæðina og í kjallarann, einnig má þaðan ganga út á þak álmunnar og niður í garðinn. Við fatageymsluna er tafla með númeri hvers herbergis og jafnvel nafnspjöldum stúdenta. Vilji einhver hafa tal af vissum stúdent, styður hann á hnapp, sem á við ákveðið númer eða nafnspjald, og heyrir þá hringing í því herbergi, sem númerið á við. Ef stúdentinn er heima gefur hann þegar hringingarmerki til þess, sem niðri er. Þetta er gert til að koma í veg fyrir ónáði af umferð óviðkomandi manna um íbúðirnar. – Hvernig er íbúðum stúdenta annars háttáð? – Á fyrstu hæð eru 16 eins manns herbergi og eitt tveggja manna, en á annari hæð eru 18 eins manns herbergi og ein tvíbýlisstofa. Stærð einbýlisstofu er ca. 12 fermetrar en tvíbýlisstofurnar ca. 18 fermetrar. – Hverju herbergi fylgir vaskur með heitu og köldu vatni og fastur klæðaskápur er þar einnig. Annars eru steypiböð á hverri hæð og kerlaugar í kjallara. – En er nokkur sérstök hljóðeinangrun milli herbergja? Það hlýtur að vera mikilsvert atriði fyrir stúdenta, að sem minnstur hávaði heyrir milli herbergjanna. – Það hafa nú ekki verið gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til hljóðeinangrunar, segir húsameistari. En veggirnir eru ca 15 cm þykkir og ætti það að vera nægilegt þar sem veggirnir eru heilir. Of dýrt hefði orðið að korkleggja veggina. Um mötuneyti stúdenta er það að segja, að því er ætlað rúm í kjallaranum og eru þar einnig íbúðir þeirra, sem að því starfa og þar er líka tveggja herbergja dyravarðaríbúð. Kaffistofa og matstofa eru mjög rúmgóðar og í þeim eru eikarpiljur upp á miðja veggi. Samkomusalur og íþróttasalur eru jafnstórir, 7×12 m. Inn af samkomusalnum er bókaherbergi og þar eru einnig útvarpshátalarar. Í borðsal er líka gert ráð fyrir slíkum hátalara. – Er ekki sími nema á einum stað í Garðinum? – Jú. Það er gert ráð fyrir símum á hverri hæð. Skemmtilegt hefði verið að geta haft úvarpsmíkrófón í hverju herbergi. – Það er nú líklega ekki mikið fleira

STÚDENTAGARÐUR BYGGÐUR

I. hæð



II. hæð.



Stúdentagarðurinn við Hringbraut. Teikningar Sigurðar Guðmundssonar, húsameistara. (Úr Stúdentablaði 1933).




Herbergi á Garði.

sem hægt er að segja, svo langt sem nú er komið? – Nei. Það má aðeins geta þess að gert er ráð fyrir að teak-tré verði í gluggaumgerðum og útidyrum, en hái hornlugginn (sem greinilega sést á perspektivmyndinni) er úr mörgum þykkum glerjum, sem greypt eru inn í steypuna. Skálagluggann má lýsa þannig að innan, að hann verði að einum björtum fleti á húsinu þegar kvöldi tekur.“

Stúdentablað, 1. desember 1934, hefur að geyma grein, er nefnist „Stúdentagarðurinn“⁵⁾ (undirrituð E. S.), og hljóðar hún svo:

„Í haust er stórmáli, sem stúdentar hafa barist fyrir um margra ára skeið, vikið heilu í höfn. Stúdentagarðurinn, sem hefir kostað svo mikla baráttu og

5) Tilv. rit, bls. 4–6.



Borðsalur og samkomustaður stúdenta á Garði.


erfiðleika, er kominn upp. – Eigi er hér rúm til að geta allra þeirra, sem stutt hafa að byggingu Garðs, en þar hafa margir unnið ósleitilega og verið gefnar stórgjafir, og fyrir dugnað og drenglund slíkra manna, er nú til heimili fyrir 34 stúdenta, sem hafa þar ódýrt og gott húsnæði og um leið betri skilyrði til að búa sig undir þau störf, sem bíða þeirra. Ennfremur mun allt félagslíf stúdenta glæðast mikið, því húsleysið hefir staðið því tilfinnanlega fyrir þrifum. – Á Garði búa nú 37 stúdentar og fluttu flestir þangað 1. okt., en þá var Garður fullbúinn til notkunar. Fyrstu íbúar Garðs eru: Hinrik Jónsson stud. jur., A. Taylor stud. mag., Friðgeir Ólason stud. med., Þorvaldur Þórarinsson stud. jur., Kjartan Guðmundsson stud. jur., Kristján Jónasson stud. med., Örn Snorrason stud. theol., Jón Sigurðsson stud. jur., Ólafur Thorarensen stud. med., Jón Sigtryggsson stud. med., Björn Sigurðsson stud. med., Þórður Oddsson stud. med., Ketill Gíslason stud. jur., Sverrir Einarsson stud. med., Jakob Havsteen stud. jur., Jóhann Havsteen



Séð eftir gangi á fyrstu hæð Garðs.

stud., jur., Snorri Hallgrímsson stud. med., Jóhann Sveinsson stud. mag., Þórarinn Sveinsson stud. med., Steingrímur Pálsson stud. mag., Hólmgrímur Jósefsson stud. theol., Albert Sigurðsson stud. med., Ólafur Briem stud. mag., Sigurjón Jónsson stud. med., Steinn Jónsson stud. jur., Jóhann G. Salberg stud. jur., Friðrik Einarsson stud. med., Kristján Hannesson stud. med., Erlendur Björnsson stud. jur., Baldur Magnússon stud. jur., Oddgeir Magnússon stud. jur., Gunnlaugur Pétursson stud. jur., Ólafur Halldórsson stud. med., Ólafur Kristmundsson stud. jur. og Ragnar Jóhannesson stud. mag., Þorsteinn Björnsson stud. theol., Sveinn Bergsveinsson stud. mag. – Næstum allir þessir stúdentar búa í eins manns herbergjum, aðeins eru tvö tveggja manna herbergi. – Í hverju herbergi er skrifborð með bókahillu, legubekkur, sem nota má fyrir rúm á næturnar, einn stóll, fastur skápur, handlaug með heitu og köldu vatni; þar að auki eru gluggatjöld, speglar, rúmföt o. fl., og getur því stúdentinn flutt inn, án þess að hafa nokkuð til herbergis. Ennfremur átti að vera einn armstóll úr stáli, en vegna fjárhags-

STÚDENTAGARÐUR BYGGÐUR



Stúdentar flytja á Garð. (Úr Stúdentblaði 1933).

örðugleika er eigi hægt að koma því við strax. — Hvað fjárreiðum Garðs viðvíkur, þá var til í reiðu fé um 195 þús. kr., sem safnast hafa á undanförn-um árum með ýmsum hætti, t. d. happdrætti og hátíðahöldum. Ýms sýslufélög og kaupstaðir hafa og gefið herbergi, þ. e. 5000 krónur og fengið með því rétt til að veita stúdent forgangsrétt að þeim herbergjum. Þó hefir höfuðstaður landsins ekki séð sér fært að eignast herbergi á Garði. Lán hefir verið tekið með ríkisábyrgð að upphæð kr. 48.500, svo að til er af handbæru fé 243.500 kr. Ennfremur eru ógreidd loforð frá sýslu- og bæjarfélögum, sem greiðast eiga á næstu 5 árum, ca. 29. þús. kr. — Kostnaður við bygginguna hefir orðið sem hér segir: Byggingin, múr- og naglföst, mun hafa kostað ca. 246 þús. kr. Húsgögn í Gardinn ca. 31 þús., eða kostnaður samtals 277 þús. kr. Vantar því nokkuð á, að Garður verði skuldlaus, þegar hann er kominn upp, og væri vonandi, að Alþingi sæi sér fært að ábyrgjast annað lán í viðbót fyrir Garð, þar sem ríkið er ekki í ábyrgð fyrir nema 50 þús. kr., en á fjárlögum undanfarinna ára hefir verið allt að 100 þús. kr. ábyrgðarheimild til Garðsins. — Stjórn Garðs, sem þó mun eiga að breyta að einhverju leyti,

skipa 5 menn: Prófessorarnir Niels Dungal og Ásmundur Guðmundsson, kjörnir af Háskólaráði, Gunnlaugur Einarsson læknir, formaður, tilnefndur af kennslumálaráðherra, Ólafur P. Jónsson og Eggert Steinþórsson, valdir af Stúdentaráði Háskólans. Stjórnin úrskurðar hverjir hljóti garðvist og ræður starfsmenn Garðsins. Garðprófastur er Gústav Pálsson verkfræðingur. Bryti er Jónas Lárusson og dyravörður Kjartan Lárusson. — Þótt stúdentagarðurinn sé nú kominn upp, mega stúdentar ekki leggja hendur í skaut sér og álíta, að takmarkinu sé náð, heldur hafa það hugfast, að þetta er aðeins hjalli á leiðinni, og enn eru margir stúdentar, sem þarfnast ódýrara húsnæðis, og því nauðsynlegt að lyfta öðru grettistaki til, því að fyrst, þegar hægt er að sjá öllum stúdentum fyrir ódýru húsnæði, er takmarkinu náð.“

Háskólabyggingin á Melunum – undirbúningur og framkvæmdir

Stofnun Háskólahappdrættis

Í Háskólasögu Guðna Jónssonar er ágætur kafli um stofnun Háskólahappdrættis skv. l. 44/1933 (tók til starfa 1. janúar 1934), en án starfsemi þess og tekna hefði háskólabyggingin alls ekki komist upp á þessum kreppu-tímum. Segir þar m. a., að snemma árs 1933 hafi prófessor *Alexander Jóhannesson* hafið baráttu sína fyrir þeirri snjöllu hugmynd að fá Alþingi til að veita Háskólanum einkaleyfi til að reka peningahappdrætti hér á landi í því skyni að afla fjár til háskólabyggingar – eftir að í ljós kom að ríkisstjórnin taldi sér ekki fært að veita fé til byggingarinnar á fjárlögum fyrir árið 1934.¹⁾

Þetta baráttumál Alexanders Jóhannessonar á sér þó forsögu, sem nú er að vísu ördugt að fá sönnur á í smáatriðum, en heimildir benda til, að frumhugmyndin hafi ekki fæðst hjá Alexander sjálfum, heldur hjá *Guðjóni Samúelssyni*, húsameistara, síðari hluta árs 1932 (eða jafnvel hjá Jónasi Jónssyni, sem þá hafði nýlega látið af embætti kennslumálaráðherra). Í grein, er Jónas ritaði í blaðið *Landvörn* 1. desember 1951 og 1. janúar 1952 og hann nefndi „Ævintýrið um háskólabygginguna“, segir hann um þetta (í síðari greininni):

„Nú voru komin lög um háskólabyggingu og fyrirheit um miklar landgjafir handa þessari stofnun. En þá vantaði fé. Útlitið var ekki álitlegt. Kreppa var í algleymingi. Ríkið á gjaldþrotsbarmi. Þingið var búið að skera niður fjölmargar framkvæmdir, þar á meðal Þjóðleikhúsið og verkamannabústaðina. – Prófessorarnir gerðu ráð fyrir að byggingarlög háskólans yrðu pappírsgagn um óákveðinn tíma. Þá komum við Guðjón Samúelsson okkur saman um að reyna nýtt herbragð. Húsameistari var þá nákominn vinur

1) Saga Háskóla Íslands, bls. 207.



Fyrsti dráttur í happdrætti Háskólans fór fram í Iðnó 10. mars 1934. Ljósni.: ókunnur.

Alexanders Jóhannessonar, en hann var líklegastur af prófessorunum að geta staðið að framkvæmdum við stórbyggingar. Guðjón skoraði á Alexander að beita sér fyrir að prófessorarnir bæðu þingið að stofnsetja happdrættis- lög og láta tekjurnar um nokkurra ára skeið ganga til að reisa háskólahús. Alexander var í fyrstu hikandi. Þessi leið var framandi honum og stéttar- bræðrum hans. En hann sannfærðist skjótlega um að happdrætti var eina leiðin til að bjarga málinu í sýnilegri framtíð. Alexander sneri sér nú að happdrættishugmyndinni með miklum dugnaði, sem ekki hefur rénað alla þá stund, sem liðin er síðan húsameistari kom til hans með þetta úrræði.“

Í ritinu „Íslensk bygging“ (Rvík 1957) segir Jónas einnig um þetta:²⁾

„Húsameistari ríkisins, sem annars blandaði sér aldrei í stjórnsmál, hafði trú á málinu og gekk á fund háskólarektors, Alexanders Jóhannessonar, og

2) Tilv. rit, bls. 127.



Happdrætti Háskólans. Dregið í fyrsta sinn 10. mars 1934, á senunni í Iðnó. Fyrir miðri mynd er Pétur Sigurðsson, háskólaritari, sem var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Háskólahappdrættis. Hægra megin við hann (sitjandi) er Sigurður Ólason, lögfræðingur, sem var í Happdrættisráði. Við hlið hans situr Jørgen Hansen, starfsmaður Háskólahappdrættis og lengst af skrifstofustjóri þess, en lengst til hægri (standandi) er Ármann Jakobsson, síðar lögfræðingur og bankastjóri, sem þá var starfsmaður Háskólahappdrættis. Ekki er nú vitað um nöfn barnanna tveggja, sem eru að draga úr hjólunum. Í stærra hjólinu (sem stúlkan stendur við) voru númerin, en vinningsupphæðir í því minna (þar sem drengurinn stendur). Ljós m.: ókunnur.

lagði til við hann, að forráðamenn háskólans leituðu til alþingis um að veita háskólanum einkaleyfi til happdrættis um nokkurra ára skeið, ef ágóðanum yrði varið til að reisa háskólabýggingu á þeirri miklu lóð, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hafði lagt fram undir háskólahverfi. Bætti húsameistari því við, að þetta mál ætti víst fylgi hjá fulltrúum samvinnumanna á alþingi, og væri ósennilegt að lærisveinar úr háskólanum í öðrum þingflokkum létu sinn hlut eftir liggja. Rektor tók málinu nokkuð seinlega í fyrstu, ekki sökum skorts á áhuga, heldur kom hitt til, að hann og fleiri í starfsliði háskólans töldu sennilegt, að ef málið væri tekið upp meðan kreppa ríkti í landinu, yrði hugmyndin um happdrætti að vísu notuð, en ekki til eflingar háskólabýgginga, en frekar til að bæta úr almennum eyðsluþörfum. Þó var hætt á að fara þess á leit. Happdrættismálið var borið fram og samþykkt án verulegrar mótstöðu. Nokkrir bændaflokkspingmenn skárust þó úr leik og komu því til


leiðar að í nokkur ár runnu 20% af happdrættisgróðanum í ríkissjóð. Síðar fengu vinir háskólans breytt þessu ákvæði og var atvinnudeild háskólans reist fyrir það fé, sem ríkinu hafði um stund áskotnast með þessum hætti.“

Í viðtali, sem Nýja-Dagblaðið tók við Guðjón Samúelsson og birti 6. desember 1936, segir Guðjón, aðspurður um hlutdeild sína í happdrættis-málinu (þar telur hann sig reyndar hafa rætt við Jónas Jónsson að frumkvæði Alexanders Jóhannessonar):

„Eiginlega var það tilviljun, að ég kom inn á það mál... Þegar búið var að velja háskólanum stað samkvæmt frv. frá 1930, og byrjað á stúdentagarðin-um á þeirri lóð, þá var ég að brjóta heilann um hvernig hægt væri að hrinda mínum gamla æskudraum, háskólabyggingunni, nógu fljótt í framkvæmd. Og þá datt mér í hug ríkishappdrætti í þessu skyni“. – Og hvað gerðuð þér svo? – „Ég fór til dr. Alexanders Jóhannessonar, sem er gamall vinur minn og sagði honum frá hugmyndinni. . . Honum leizt að vísu vel á hugmyndina, en taldi mikla erfiðleika á framkvæmdinni. Hann óttaðist, að erfitt yrði að fá þingmenn til að ganga inn á þesa leið, allra helst eins og á stóð með krep-una þá. Við bollalögðum þá og síðar um málið og nefndum nöfn ýmsra þing-manna, sem líklegir væru til liðveizlu eða mótstöðu. Rektor hélt því fram, að ég yrði að tala við góðvin minn Jónas Jónsson, og leit svo á, að ef hann fengist ekki til að vinna fyrir málið á þingi, þá myndi vera lítil von um framgang þess“. – Og hvernig gekk ykkur félögum liðsbónin? – „Mér gekk vel. Fyrir Jónas var hér um að ræða áframhald af margra ára undirbúningi. Hann hét málinu öllu sínu fylgi. Upp frá þessu tók dr. Alexander málið að sér, beitti sér fyrir áróðri, bæði í háskólanum og þinginu.“

Það, að Guðjón Samúelsson hafi borið upp hugmyndina um happdrætt-ið, staðfesti Alexander Jóhannesson sjálfur í ræðu, sem hann hélt í há-degisverðarboði því, er Háskólinn efndi til 1. desember 1936 í tilefni af lagn-ingu hornsteins háskólabyggingar (sbr. síðar). Ræða Alexanders er birt í dagblaðinu Vísi þann dag, og segir þar m.a.:

„...Þá hvatti vinur minn, póf. Guðjón Samúelsson, mig mjög að bera fram frumvarp um happdrættisleyfi fyrir Háskólann, í því skyni, að fá á þann hátt fé til þess að reisa Háskólann fyrir. Ég varði jólafríi mínu til þess að athuga þetta mál, og skömmu eftir nýár 1933 boðaði ég til almenns kennarafundar og flutti þar erindi um stofnun happdrættis. Var þar samþykkt, að Háskóla-ráðið skyldi taka málið upp“.



Fyrsta stjórn Háskólahappdrættis. Frá vinstri: Prófessorarnir Bjarni Benediktsson, Alexander Jóhannesson og Magnús Jónsson. Ljós.: ókunnur.

Athyglisvert er, að þegar Guðjón Samúelsson bar þessa hugmynd upp við Alexander Jóhannesson, hafði hann enn engum formlegum skyldum að gegna við Háskólann, því að hann var ekki ráðinn til að hanna nýbygginguna fyrr en a.m.k. hálfu öðru ári síðar.

Fleira kemur þó til álita í þessu efni, og í Morgunblaðinu 1. desember 1936 segir t.d., að *Magnús Jónsson*, guðfræðiprófessor, hafi hreyft þessari hugmynd í stúdentahófi haustið 1932, „en taldi nokkuð varhugavert að flíka hugmyndinni mjög, meðan hagar ríkissjóðs stæði jafn-illa og þá, því að viðbúið væri, að ef á leiðina væri bent, yrði hún tekin til annarra þarfa.“

Um framvindu happdrættis-málsins á Alþingi segir prófessor Alexander síðar í fyrrnefndri ræðu:


„Nú var eftir að koma frv. á framfæri við þingið. Það gekk erfiðlega í byrjun. Fjárhagsnefnd Neðri deildar neitaði að flytja frv. fyrir Háskólann. Þá tók mentamálanefnd málið að sér. Ég þakka Halldóri Stefánssyni,



Happdrætti Háskólans náði fljótt miklum vinsældum. Fólk fylgist hér með vinningaskrá í glugga Morgunblaðsins. Ljósma.: Ókunnur.

Þáverandi alþm., manna mest, að málið komst inn í neðri deild. Stjórnin vildi fá $\frac{1}{4}$ af arði happdrættisins fyrir að veita sérleyfið. Það tókst að þoka þessu niður í 20%. Þáverandi þingm. Dalamanna, Jónas Þorbergsson, liðkaði málið í sínum flokki, og loks stóð Tryggvi Þórhallsson upp og lýsti því yfir, að hann teldi, að Háskólinn hefði helgað sér þetta mál og því mundi hann fylgja því. Þá var sigur fenginn í neðri deild. Í efri deild var Jónas Jónsson alþm. eindreginn stuðningsmaður málsins og bjargaði hann málinu í deildinni. Mjög margir sjálfstæðismenn studdu málið og mun próf. Magnús Jónsson hafa sótt málið fastast innan flokksins, en jafnaðarmenn voru málinu yfirleitt andvígir, enda höfðu þeir áður tekið þetta mál á sína framkvæmdaskrá, fyrir málefni síns flokks. Þannig komst málið í gegn um þingið með stuðningi tveggja aðalflokkanna.“

Sigurður Nordal, prófessor, segir þannig frá aðdraganda að stofnun Háskólahappdrættis (í minningargrein um Alexander Jóhannesson í Vísi 15. júní 1965):



Gömul auglýsing Háskóla-
hæppdrættis úr dagblöðum.

„Í febrúar 1933 kvaddi rektor saman kennarafund og bar fram þá tillögu, að Háskólinn sækti til Alþingis um einkaleyfi til peningahæppdrættis í því skyni að afla fjár til háskólabýggingar. Málinu var vísað til háskólaráðs, og þar voru síðan þrír menn kosnir í nefnd til þess að vinna að því, rektor og við Magnús Jónsson. Af því að ég átti þá ekki sæti í háskólaráði, komu þeir Alexander og Magnús heim til mín þegar að fundi ráðsins loknum. Magnús gerði fyrstur grein fyrir sinni skoðun, enda var hann þaulreyndur alþingismaður og öllum hnútum kunnugur. Hann sagði, að eins og nú blési í þinginu, væri það allra skásta, sem fyrir slíkt hæppdrættisfrumvarp gæti komið, að það yrði steindrepið. En að öllu líkindum mundi málinu jafnvel reida svo vel af. Hugmyndinni yrði stolið frá Háskólanum og hæppdrætti sett á stofn í þágu einhverra verkefna, sem arðvænlegri þættu, eða jafnvel til þess að bæta lélegan hag ríkissjóðs. Hér væri ekkert vit í öðru en fara sem dulast með hugmyndina og reyna að bíða betri tíma og tækifæris. Alexander svaraði þessum úrtölum með fáum orðum, án þess að fara út í frekari rökræður: „Ég hef einu sinni komið frumvarpi gegnum Efri deild (það mun hafa verið um síldarleit á flugvélum), þó að þeir Jónas Jónsson og Jón Þorláksson greiddu báðir atkvæði á móti því, – og ég skal koma þessu

fram.“ Mér er nær að halda, að þessi nefnd hafi ekki haldið fleiri fundi. En málið var tekið upp í þinginu og happdrættisfrumvarpið samþykkt sem lög 3. maí um vorið. Vitanlega áttu margir góðir menn innan þings og utan, meðal annarra Magnús Jónsson, góðan hlut að úrslitunum. Og þó hygg ég ekki ofmælt, að hlutur Alexanders hafi verið drýgstur. Áhugi hans og trú á málstað sinn, mannheill hans og lagni orkuðu þar ótrúlega miklu.“

Byggingarnefnd skipuð

Um þetta segir í Háskólasögu Guðna Jónssonar:³⁾

„Hinn 10. maí 1934 boðaði rektor til almenns fundar háskólakennara um byggingarmál háskólans. Skýrði hann þar frá góðum horfum um ágóða af happdrættinu og taldi sjálfsgagt að hefja þá þegar undirbúning að háskóla-byggingu. Fékk það mál góðar undirtektir og þótti einsýnt að hefjast þegar handa. Á fundi háskólaráðs 16. s. m. var samþykkt með öllum atkvæðum svofelld tillaga: „Háskólaráðið ályktar að fengnu álit almenns kennarafundar að fela umráð og umsjón með byggingarmáli háskólans 5 manna nefnd, sem starfi þangað til háskólabyggingin er fullgerð. Formaður nefndarinnar sé kosinn af öllum prófessorum háskólans, en síðan kjósi hver hinna 4 háskóladeilda sinn fulltrúa í nefndina. Nefndarmenn fái sanngjarna þóknun fyrir störf sín eftir samkomulagi við háskólaráð. Nú gengur maður úr nefndinni, og skal þá eftirmaður hans kosinn á sama hátt og áður er sagt. Jafnframt beinir háskólaráð þeim tilmælum til deildanna, að þær hafi komið fram með bráðabirgðakröfur sínar um húsnæði í væntanlegri háskóla-byggingu eigi síðar en 17. júní n. k.“ — Í byggingarnefndina voru kosnir prófessorarnir Alexander Jóhannesson, er var formaður nefndarinnar alla tíð, Magnús Jónsson, Guðmundur Hannesson, Ólafur Lárusson og Sigurður Nordal. Sú breyting varð á nefndinni, að er Guðmundur Hannesson lét af embætti fyrir aldurs sakir, kom próf. Jón Steffensen í nefndina. Guðmundur sat þó áfram fundi nefndarinnar samkvæmt óskum hennar vegna áhuga hans og þekkingar á byggingarmálum. Nefnd þessi annaðist allan undirbúning byggingarinnar, fjárreiður hennar og annað, sem þurfti. Þegar háskólinn var vígður, hafði byggingarnefndin haldið 100 fundi, en síðasti fundur hennar var haldinn 26. júní 1940, skömmu eftir vígsluna.“

Um starfsemi byggingarnefndar ræðir einnig hér á eftir, sbr. og viðtal við *Jón Steffensen*, prófessor, í bókarakauka.

3) Tilv. rit, bls. 223–224.

*Guðjón Samúelsson ráðinn sem
húsameistari og uppdrættir gerðir*

Í fyrstu mun ekki hafa verið einhugur í byggingarnefnd eða meðal annarra framámanna Háskólans um það, hvernig haga skyldi gerð uppdráttar af lóð og byggingu né um það, hvernig ætti að standa að ráðningu arkitekts, en bráðlega var þó leitað til Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, og honum falið þetta verkefni. Um þetta segir Jónas Jónsson í riti sínu „Íslensk bygging“:⁴⁾ „Ekki skorti þó raddir um, að heppilegast væri að reyna útboð og samkeppni, en þar sem vitað var, að happdrættistekjurnar yrðu ekki mjög riflegar í fyrstu, var réttilega litið svo á, að mikill léttir væri fyrir háskólann að fá teikningu og byggingarforstöðu ókeypis frá ríkisstjórninni.“

Hann 1. júlí 1934 ritar byggingarnefnd bréf til Guðjóns (afrit varðveitt í skjalasafni Háskólans), þar sem segir:

„Byggingarnefnd háskólans hefir á fundi 30. júní samþykkt að fela yður, herra húsameistari, að gera frumteikningu að háskólahúsi. Deildir háskólans hafa þegar lagt fram þær tillögur, er þær vilja gera hver fyrir sig, og byggingarnefndin hefir komið sjer saman um sameiginlegar þarfir háskólans, en vitaskuld ber þó að líta á þessar tillögur sem bráðabirgðatillögur, er kunna að breytast að einhverju leyti síðar. Byggingarnefndin væri yður þakklát fyrir að vinna nú úr þessu efni og gera frumteikningu að væntanlegri háskólabyggingu á þessum grundvelli.“

Í bréfi til Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytis frá 31. ágúst 1934 (afrit í skjalasafni Háskólans) tjáir háskóla- og rektor síðan ráðuneytinu, að hann vænti þess, að ráðuneytið sé samþykkt fyrrgreindri ráðstöfun og það „leggi fyrir húsameistarann að hefja nú þegar undirbúning verksins.“

Með áður nefndu bréfi til Guðjóns Samúelssonar fylgdi allnákvæm lýsing á „þörfum hveirrar deildar og öllu sameiginlegu húsnæði“, sem hann skyldi hafa til leiðbeiningar og sem veganesti við gerð uppdráttar að húsinu. Er afrit þessa „óskalista“ varðveitt í skjalasafni Háskólans, og hljóðar þessi lýsing þannig:

„I. Tillögur heimspekisdeildar:

- a) Bókasafn fyrir 30.000 bindi. Í safninu sjeu sæti og vinnuborð fyrir 20 menn, og í sambandi við það skrásetningaherbergi.
- b) 3 vinnuherbergi fyrir kennara.
- c) 1 herbergi fyrir uppdrætti og kort.

4) Tilv. rit, bls. 127.



Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, var ráðinn til að teikna háskólabyggingu á Melunum og hafa yfirumsjón með byggingu hins nýja stórhýsis.

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM

- d) Kenslustofa fyrir 40 nemendur.
- e) Auditorium fyrir 150 manns.
- f) 1 kenslustofa fyrir 50–60 manns.
- g) Bókasafn fyrir 12.000 bindi (heimspeki).
- h) 1–2 kennaraherbergi (heimspeki).
- i) Sálfræðistilraunastofa.
- j) E. t. v. 1 pædagogicum með kensluáhöldum.
- k) Æfingabekkur fyrir börn.
- l) W. C. og fatageymsla.

II. Tillögur guðfræðisdeildar:

- a) 1 góð kenslustofa.
- b) Bókasafn.
- c) 1 stór vinnustofa (laboratorium) í sambandi við bókasafn.
- d) 3 herbergi handa kennurum til að vinna í.
- e) Kenslustofa fyrir praktiska kenslu útbúin eins og kirkja eða kapella.
- f) Deildin telur heppilegt, að bókasöfn deildanna væri sameinuð þannig, að hægt væri að hafa gagn af einum bókaverði, þó þannig að hver deild hefði sitt safn sjer og góðan aðgang að því frá vinnustofum kennara og nemenda.


III. Tillögur lagadeildar:

- a) Kenslustofa fyrir hjerumbil 50 manns.
- b) Önnur kenslustofa fyrir um 30 manns. Þessar stofur gætu aðrar deildir e. t. v. notað, en lagadeild þarf að vera tryggður aðgangur að þeim.
- c) Vinnustofur fyrir kennara, 1 handa hverjum, því að minsta kosti 4 að tölu.
- d) Um bókasafn leggur deildin það til fyrst og fremst, að komið verði upp sémilegu bókasafni fyrir allar deildir og 1 aðalsal í sambandi við það. Verði þessi tillaga ekki aðhyllt, þarf deildin sjerstaka bókastofu fyrir að minsta kosti 30.000 bindi og vinnustofu stúdenta í sambandi þar við.

IV. Tillögur læknadeildar:


Anatomi:

- 1. Kenslustofa. Hækkaðir bogabekkir. Eingöngu fyrir læknadeild, 7×8 m.
- 2. Líffærasafn, aðliggjandi 1. Stærð 6×8 m.
- 3. Lestrasalur, aðliggjandi 2. Stærð 6×6.



Háskólabyggingin móttast á teikniborði Guðjóns Samúelssonar.

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



Endanleg útlitsteikning Guðjóns Samúelssonar af háskólabygggingunni. Í ritinu „Íslensk bygging“ (Rvík. 1957), bls. 69, segir, að súlurnar þrjár yfir anddyrinu tákni þrjár vísindagreinar: guðfræði, læknisfræði og lögfræði.

4. Vinnuherbergi kennara, aðliggjandi 1. Stærð 4×6 m.
5. Toiletherbergi og salerni, ca. 2×4 m.
6. Klefi fyrir kenslutæki, aðliggjandi 1, stærð 3×4.

Fysiologi og histologi:

7. Laboratorium, 9×7 m.
8. Vinnuherbergi kennara, ca. 4×4 m.
9. Operationsherbergi, 4×4 m.
10. Dýraklefi, 2×4 m.
11. Toilet og W. C., ca. 2×4.


Líkskurður:

12. Líkskurðarstofa, 8×5.5 m.
13. Vinnuklefi, 2×4 m.
14. Maserationsklefi, 2×3 m.
15. Toilet o. fl., 3×5 m.
16. Kenslu- og vinnuherbergi, 3×4 m.

Efnafræði: (kjallari?)

17. Kenslulaboratorium, 6×9 m.

HÁSKÓLINN



Reykjavík, 1. apríl 1935
Gunnar Guðmúndsson

Þannig þróuðust hugmyndir og ákvarðanir um ráðstöfun húsrýmis í háskólabyggingunni. Hér hefur Guðjón Samúelsson krotað á teikningu af kjallara hússins, en sumu var þá enn óráðstafað þar, 1935.

18. Kennaraherbergi, 3×4 m.
 19. H₂S herbergi, 2×3 m.
 20. Hliðarklefi við 19., 2×2 m.
 21. Toilet, W. C. o. fl., 2×4 m.
- Heilsufræði:* (Laboratorium sama og við efnafræði)
22. Gripa- og áhaldasafn, 5×5.
- Lyfjafræði:*
- Aðgang að kenslustofu.
23. Áfast henni lítið lyfjasafn, 4×5 m.
- Samtals 509 m₂.

Kensla í handlæknisfræðum, lyflæknisfræðum og yfirsetufræði fer að líkindum fram á landsspítalanum, en eigi að síður má gera ráð fyrir, að kennararnir þurfi að hafa aðgang að kenslustofu á háskólanum. Kensla í meinafræði og bakteriologi fer fram á rannsóknastofu háskólans. Deildin þarf auk þess að halda á aðgang að kenslustofu fyrir kenslu í ýmsu aukánámi, nef og háslækningafræði, augnlækningum o. s. frv. en sem stendur eru mikil vandræði að hafa hvergi pláss fyrir ókeypis lækningar, þar sem kenna megi sjergreinar og aðrar lækningar verklega. Þó að meiningin sje, að ókeypis lækningar komist einhverntímann á við landsspítalann, þá hefir verið óskað eftir, að húsnæði fengist til þessara þarfa í háskólanum, ef þar skyldi vera pláss afgang, sem síðar yrði notað fyrir bókageymslu eða til annara framtíðarþarfa.

Það var tekið fram, að fullkomin áætlun yrði ekki gerð fyr en athugað hefði verið fyrirkomulag á öðrum erlendum stofnunum og sömuleiðis betur rætt við alla kennara deildarinnar.

V. Sameiginlegar þarfir:

Fallist hefir verið á svólútandi bráðabirgðayfirlit:

1. Samkomusalur háskólans með sætum fyrir hjerumbil 250 manns.
2. Skrifstofa háskólaritara, 2 herbergi, þar sem annað sje notað fyrir skólakenslu. Eldfastur skápur. Stærð 3×4 og 4×5.
3. Skrifstofa rektors í sambandi við skrifstofu háskólaritara. Sje hún útbúin sem fundarherbergi háskólaráðs og nefndar. Stærð ca. 5×7.
4. Kennarastofa háskólakennara og lestrastofa, ca. 5×8 m.
5. Íbúð dyravarðar með sjerinngangi, liðlega 100 m² (4 herbergi).
6. Lestrastofa stúdenta, ca. 7×10 m.
7. Miðstöð, W. C., geymslur.
8. Geymsla reiðhjóla og stæði bifreiða.“

Svo virðist sem frumteikningar þær, að útliti háskólabyggingar, sem hér eru birtar, hafi verið gerðar síðari hluta árs 1934, en hinar endanlegu útlitsteikningar undirritaði Guðjón í marsmánuði 1935. Herbergjaskipun o. þ. h. var þó ekki fullmótuð þá þegar.

Til fróðleiks má geta þess, að varðveist hefur heimild um áætlaðan stúdentafjölda, sem byggingin skyldi miðuð við. Hinn 1. september 1936 ritaði prófessor *Alexander Jóhannesson* greinargerð um bygginguna á dönsku, er hann síðan sendi sænskum manni (sjá kaflann: Formaður byggingarnefndar leitar álitis . . .), og segir þar m. a.:

„Universitetet i Reykjavik bestaar for Tiden af 4 Fakulteter: juridisk, medicinsk, teologisk og filosofisk. Antal Studenter f. t. ca. 170, som fordeles saaledes: juridiske studenter 50–60, medicinske ca. 70–80, teologiske 10–20, filosofiske 10–20. Man regner med, at der senere kommer et Lærerseminarium (Studenter som skal uddannes 2–3 Aar, aarlig Tilgang 20–30), desuden handelsskole (2 Aars Kursus), aarlig Tilgang maaske 10–20. Paa den Maade bliver Studenternes Antal ca. 200–225. I Løbet af 50 Aar kan man regne med Fordobling, maaske 400–500 Studenter. Da der er Overproduktion af Jurister og Medicinere, vil dette Antal næppe blive oversteget.“


Eftir því sem best verður vitað, átti húsameistari gott samstarf við háskólayfirvöld og aðra aðilja um alla hönnun og byggingarframkvæmdir. Í ritinu „Íslensk bygging“ segir þó Jónas Jónsson,⁵⁾ „að einn af prófessorunum, Niels Dungal, beitti sér um stund mjög ákveðið fyrir því, að háskólabyggingunni yrði skipt í tvennt og læknadeildin reist á lóð Landspítalans. Húsameistari og rektor háskólans mótmæltu tvískiptingu, enda hefði háskólabyggingin þá verið limlest í fæðingunni.“

Heimildir í skjalasafni Háskólans sýna, að snemma var farið að viðá saman ritum, sem að gagni máttu koma við hönnun háskólabyggingar, sbr. t. d. þetta bréf byggingarnefndar til firmans „P. Haase & Søn“ í Kaupmannahöfn, dags. 6. október 1934:

„Vi beder Dem tilstille os saa hurtigt som muligt, den nyeste Litteratur om Universitetsbygninger, især saadanne Böger, som er forsynede Billed-


5) Tilv. rit, bls. 127.

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM




1. hæð, eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar. Kennarstofa, rektorsherbergi, skrifstofa, lestraralur og bókasafn, 2 kennslustofur, rannsóknarstofur Læknadeildar.

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS




2. hæð. Hátíðarsalur, kappella, 9 kennslustofur og söfn Læknadeildar.

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



3. hæð. Vinnuherbergi kennara og óráðstafað húsnæði.



Þetta líkan af háskólabyggingunni smíðaði Guðjón Samúelsson eða lét smíða, áður en byggingarframkvæmdir voru hafnar. Líkanið er mjög vandað, þótt nú sé það farið að láta á sjá, og er það m.a. þakið smágerðum skeljasandi. Það er nú í vörslu embættis húsameistara ríkisins, en þessi mynd af líkaninu nýju er geymd í Ljósmyndasafninu.

materiale og Tegninger af de moderne Universitetsbygninger, der i de sidste Aar er blevet opført rundt om i Verden. Vi er i Besiddelse af vedkommende Bind af Handbuch der Architektur saavel som Problems of Medical Education udg. af The Rockefeller Foundation.“


Í Háskólasögu Guðna Jónssonar segir,⁶⁾ að Guðjón Samúelsson hafi tvívegis „farið utan ásamt formanni nefndarinnar, 1935 og 1937, og heim-sóttu þeir nýjar háskólabyggingar í Osló og Árósum, Köln í Þýskalandi og Bern í Sviss og viðuðu að sér miklu efni frá ýmsum háskólum í Evrópu og Ameríku til athugunar og samanburðar.“ Af háskólaskjölum má sjá, að ferðir þessar voru greiddar af happdrættisfé. Í ræðu, er prófessor Alexander Jóhannesson hélt í árdegisverðarboði Háskólans að Hótel Borg 1. desember 1936 segir hann, að byggingarnefndin hafi m. a. „kynnt sér útlit 40–50 háskóla í Evrópu og Ameríku og innra fyrirkomulag ýmissa nýrra háskóla og stofnana . . . og yfirleitt víðað að sér mjög miklu efni.“⁷⁾

Að sjálfsögðu hafa störf Guðjóns Samúelssonar við háskólabygginguna verið krefjandi og tímafrek og verið örðugt fyrir hann að sinna öðrum verkefnum á meðan. Á fundi byggingarnefndar 5. mars 1936 samþykkti nefndin að skora á stjórnvöld „að veita nú þegar húsameistara ríkisins leyfi frá öðrum störfum til þess að hann geti óskiptur unnið að uppdráttum háskólans og gengið frá þeim, svo að hægt sé að hefja verkið og halda því áfram með eðlilegum hraða,“ (sbr. afrit af bréfi frá nefndinni, dags. sama dag, sem varðveitt er í skjalasafni Háskólans).


6) Tilv. rit, bls. 224.

7) Vísir, 1. desember 1936.


HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



Pennan uppdrátt af fyrirhuguðu „háskólahverfi“ gerði Guðjón Samúelsson 1937. Svo sem sjá má, hugsaði hann sér, að í framtíðinni kæmu byggingar fyrir einhverja háskólastarfsemi báðu megin Suðurgötu og hið næsta aðalbyggingunni.



Tillega til framtíðarskipulags á háskólalóðinni eftir Guðjón Samúelsson. Freymóður Jóhannsson, listmálari, teiknaði myndina undir umsjá Guðjóns.



Þessa mynd af háskólabyggingunni gerði Freymóður Jóhannsson, listmálari, eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, og var hún oft birt, meðan húsið var í smíðum. Í ritinu „Íslensk bygging“ (Rvík. 1957), bls 74, segir: „Teikningin gefur, ef vel er að gáð, nokkra hugmynd um, hvernig húsameistari hugsaði sér bakkann framan við bygginguna og tröppurnar niður á grasflötina framan við skólann. Var það hugmynd hans, að steypur væri „ásbyrgisveggur“, en tröppurnar að nokkru leyti faldar í honum. Þessu var breytt og er nú grasbrekka með gangbraut í miðjum hliðum, en tröppurnar breiða úr sér í mikilli víðáttu með stöllum og stöplum. Er þetta frávik frá hugmynd húsameistara umdeilt“.

Umleitanir um lóðarmál Háskólans – Lóðin afhent formlega árið 1936

Enda þótt vilyrði hafi fengist fyrir lóð undir háskólabyggingar, frá bæjar-
yfirvöldum, þegar á árinu 1930, liðu enn allnokkur ár, þar til land þetta var
afhent Háskólanum formlega. Sóttu háskólayfirvöld á um, að afhending
landsins færi fram, svo sem fram kemur af afritum skjala um það efni, sem
geymd eru í skjalasafni Háskólans.

Hinn 23. febrúar 1934 ritar háskólarektor til bæjarstjórnar Reykjavíkur:

„Eg leyfi mér fyrir hönd háskólaráðs að snúa mér til háttvirtrar bæjarstjórnar Reykjavíkur um lóðamál háskólans. — Einsog háttvirtri bæjarstjórn er kunnugt, var gert ráð fyrir því í frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands, er lagt var fyrir Alþingi 1930, að væntanleg lóð undir háskóla væri landssneið frá Skólavörðutorgi milli lóðar Landsspítalans og væntanlegs íþróttavallar niður að Hringbraut og 5 ha. af landi neðanvert við Hringbraut í áframhaldi af ofanefndri byggingarlóð Háskólans. Lóð þessi var af ýmsum álitin óheppileg, og á fundi háskólaráðs 22. marz 1930 mælti þáverandi borgarstjóri K. Zimsen, er kom þangað samkvæmt ósk háskólaráðs, gegn þessari tillögu um lóð og tók þá m. a. fram, að „land háskólans hlyti með þessum hætti að verða tvískorið af götum, og lóðin væri að öðru leyti mjög óhagkvæm.“ Bauð hann þá fram núverandi lóð, er gert er ráð fyrir að notuð verði til að reisa háskóla á og Stúdentagarður þegar stendur á, og samþykkti háskólaráðið á þeim fundi að aðhyllast tillögu borgarstjóra. Samþykkti háskólaráðið þá um leið að gera uppástungu um breytingar á frv. til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands, er þá lá fyrir, í þá átt, að í frv. yrði gert ráð fyrir 8–10 ha. landi til kvaðalausrar eignar og afnota. Borgarstjóri bauð síðan landsstjórninni hina nýju lóð með bréfi dags. 15. ág. 1932 til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Segir í því bréfi: „Í tilefni af bréfi ráðuneytisins dags. 27. maí þ. á. viðvíkjandi ákvörðun um lóð til að vísa á byggingu fyrir Háskóla Íslands hefir bæjarstjórnin samþykkt að leggja til háskólans ókeypiss land, sem bærinn á óútvísað fyrir austan Suðurgötu milli Hringbrautar og vegar yfir Vatnsmýrina gegnt loftskæptastöðinni og jafnframt að afsala til háskólans rétti bæjarins til erfðafestulanda á þessum slóðum eftir þörfum, enda ætlast bæjarstjórnin þá til, að stúdentagarður verði einnig reistur á þessu landi og falli þá niður sá réttur, sem stúdentagarðsnefndin hafði áður fengið til lóðar við Skólavörðustíg.“ Borgarstjóri skrifaði síðan ráðuneytinu enn um þetta 5. nóv. 1932 og 7. apríl 1933. — Skv. bréfi borgarstjóra til ráðuneytisins dags. 21. sept. 1932 er lóð sú 16.47 ha., sem bærinn vildi á framansagðan hátt leggja til háskólans, og skiftist þannig:

2.75 ha.	kvaðalaust		
1.56 ha.	á 30 au. pr. m ²	=	4680 kr.
1.71 ha.	á 25 au. — —	=	4275 —
4.27 ha.	á 20 au. — —	=	8540 —
6.18	eftir mati		

Auk þessa girðingar þær og mannvirki, er reist hafa verið á þessum lóða-

spildum. — Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ritaði háskólaráðinu bréf 30. sept. 1932 og sendi því um leið uppdrátt af lóð undir háskólabyggingu og leitaði umsagnar háskólaráðs, hvort það teldi fullnægt 2. gr. laga nr. 31 frá 1932. Háskólaráðið svaraði ráðuneytinu (á fundi 8. okt. 1932) eftirfarandi:

„Í tilefni af bréfi ráðuneytisins 30. sept. s. l. viðvíkjandi lóð undir byggingu Háskóla Íslands vill háskólaráðið lýsa því yfir, að það telur land það, er til boða stendur, mjög æskilega lóð undir háskóla og skorar eindregið á ráðuneytið að taka þessu rausnarlega boði bæjarstjórnarinnar og sjá um, að endanlegir samningar um afsal landsins verði undirskrifaðir hið allra fyrsta.“ — 17. des. 1932 ritaði háskólaráðið ráðuneytinu bréf og bað um, að væntanleg háskólalóð yrði skipulögð. Var síðan unnið að því og 30. jan. 1933 var lagður fram í háskólaráði skipulagsuppdráttur á væntanlegri háskólalóð. Ráðuneytið skrifaði háskólaráðinu 8. febr. 1933 bréf um skipulagsuppdrátt á væntanlegri háskólalóð. 22. febr. 1933 kom skipulagsnefnd á háskólaráðsfund, og féllst háskólaráðið á þeim fundi á framlagðan skipulagsuppdrátt í aðaldráttum og mælti með að væntanlegum stúdentagarði yrði ætluð lóð á norðausturhluta byggingarlóðarinnar þar sem Bjarkargata og Hringbraut koma saman. — Síðan var hafist handa um bygging stúdentagarðs, og varð stúdentagarðsnefndin að leysa inn áhvílandi kvaðir með mannvirkjum fyrir samtals kr. 5010.-, og var það gert í því trausti, að þessi upphæð yrði endurgreidd, þegar endanlega yrði gengið frá samningum um afhending allrar lóðarinnar og þá um leið ákveðið, hver leysti inn allar áhvílandi kvaðir á lóðinni. — Síðastliðið haust var mér skýrt frá, að bæjarráðið hefði ákveðið að láta leggja akveg yfir lóð þá sem háskólanum er ætluð, og skýrði ég háskólaráðinu frá þessu á fundi 6. jan. þ. á. Var á þeim fundi samþykkt (með öllum atkvæðum): „Háskólaráðið er mótfallið því, að lagður verði fyrirhugaður akvegur yfir háskólalóðina og felur rektor að gæta í þessu efni hagsmuna háskólans.“ — Hefi ég þá rakið í stórum dráttum sögu þessa lóðamáls fram að þessum degi. Skal ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál. Háskólaráðið er bæjarstjórninni þakklátt fyrir að hugsa um jafn myndalega lóð og raun ber vitni um fyrir væntanlegan háskóla. En háskólaráðið hefir ætíð gert ráð fyrir að lóð þessi yrði sama sem lokað land, með gangstígum, íþróttavöllum og ef til vill tilraunastöðvum fyrir íslenskan landbúnað þegar fram í sækti. Háskólaráðið væntir því að mega ráða öllu um fyrirkomulag þessarar lóðar og byggingaframkvæmda þegar þar að kemur, og telur það mikla skerðing á hinni rausnarlegu gjöf ef akvegur verður lagður þvert yfir lóðina og sker hana þannig í sundur. Má í þessu sambandi benda á, að fyrverandi borgarstjóri K. Zimsen taldi það mikla skerðing á hinni gömlu lóð á Skólavörðuholtinu, ef hún yrði skorin sundur af götum.

Það eru þá eindregin tilmæli háskólaráðs til bæjarstjórnar, að fram úr þessu akvegamáli verði ráðið á annan hátt, er háskólinn megi við una. — Háttvirtri bæjarstjórn er það kunnugt, að háskólinn er þess lítt megnugur að leysa inn kvaðir þær, er hvíla á lóðaspildunum, og eru einnig litlar líkur til þess að Alþingi muni fást til þess að greiða fé það, sem nauðsynlegt er til innlausnarinnar. En hinsvegar er öllum ljóst, að nauðsynlegt er að reisa háskólabygging eins fljótt og unnt er. Meðferð þings og stjórnar á þessari æðstu menntastofnun landsins hefir verið landinu til mikillar vansæmdar, og er nauðsynlegt að hefjast nú handa til þess að rétta við hag þessarar stofnunar. En slíkt er ekki unnt nema með samvinnu ríkis og bæjar og þá er það, að ég leyfi mér fyrir hönd háskólaráðs að fara fram á að Reykjavíkurbær taki að sér að leysa inn kvaðir þær, er hvíla á lóðinni, eftir því sem þarfir háskólans krefjast. Um hina stóru spildu (6.18 ha.) er leysa á inn eftir mati, er mér kunnugt um að bæjarverkfræðingur áætlar andvirðið nál. 60.000 kr. (land þetta er metið til fasteigna á kr. 11.900 - afgjaldskvöð 5000 kr. = nettó kr. 6900. Þar við bætast byggingar kr. 5200). Allar kvaðirnar myndu þá, samkv. þessu, nema nál. 80.000 kr. Háskólaráðið leyfir sér því að fara fram á:

- 1) að hætt verði við fyrirhugaðan akveg yfir lóðina,
- 2) að bærinn taki að sér að leysa inn áhvílandi kvaðir,
- 3) að afsal verði síðan gefið fyrir lóðinni, og
- 4) að stúdentagarðsnefndinni verði hið fyrsta endurgreiddar kr. 5010.“

24. október 1934 segir rektor síðan í bréfi til kennslumálaráðherra:

„Þar sem engar ákvarðanir hafa enn verið teknar af bæjarstjórn Reykjavíkur um stærð og skipulag fyrirhugaðrar háskólalóðar, leyfi eg mér að fara fram á, að þér, hæstvirtri ráðherra, biðjið skipulagsnefnd að gera tillögur um, hversu lóð þessi verði bezt skipulögð með væntanlega háskólabygging fyrir augum.“

Og enn ritar rektor til ráðherra 7. febrúar 1935:

„Með skírskotun til viðtals við yður, hæstvirtri ráðherra, leyfi eg mér að mælast til þess, að þér nú þegar gerið gangskör að því að leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhending háskólalóðarinnar. — Eg leyfi mér að senda yður afrit af bréfi mínu til bæjarstjórnar frá ársbyrjun 1934, en við því bréfi hefir enn ekkert svar komið frá bæjarstjórn.“

Það var svo ekki fyrr en snemma árs 1936, eða sama ár og byrjað var á



Pétur Halldórsson, borgarstjóri í Reykjavík.

byggingu háskólahússins, að *Pétur Halldórsson*, þáverandi borgarstjóri, afhenti Háskólanum lóðina formlega, með bréfi dags. 21. febrúar það ár. (varðveitt í skjalasafni Háskólans). Þar segir:

„Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur í gær var samþykkt að Háskóla Íslands verði fengin lóð undir fyrirhugaðar byggingar sínar sunnan Hringbrautar, á milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingu af Tjarnargötu, suður að vegi gegnt Loftskeytastöðinni. Land þetta fái Háskólinn án endurgjalds, þannig að úr bæjarsjóði verði greitt það, sem erfðafestuhöfum ber samkv. samningum, og jafnframt heimilar bæjarstjórn bæjarráði að taka erfðafestulöndin eftir því sem þörf krefur. – Ennfremur heitir bæjarstjórnin því um næstu 25 ár að ráðstafa ekki til frambúðar landi suður af þessu svæði, allt suður að framlengingu Fálkagötu, án samþykkis stjórnarvalda Háskólans.“

Rektor sendi síðan borgarstjóra þakkarbréf, dags. 6. apríl:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, herra borgarstjóri, dags. 21. febrúar þ. á., þar

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 21. febr. 1936

/BA

Gjafir svo vel að auðkenna öll brjet vörkjandi þessu máli þannig:

D/188

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur í gær var samþykkt að Háskóla Íslands verði fengin lóð undir fyrirhugaðar byggingar sínar sunnan Hringbrautar, á milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingu af Tjarnargötu, suður að vegi gegnt Loftskæptastöðinni. Land þetta fái Háskólinn án endurgjalds, þannig að úr bæjarsjóði verði greitt það, sem erfðafestuhöfum ber samkv. samningum, og jafnframt heimilar bæjarstjórn bæjarráði að taka erfðafestulöndin eftir því sem þörf krefur.

Ennfremur heitir bæjarstjórnin því um næstu 25 ár að ráðstafa ekki til frambúðar landi suður af þessu svæði, allt suður að framlengingu Fálkagötu, án samþykkis stjórnarvalda Háskólens.

Þetta tilkynnist hér með.



Háskóli Íslands.

sem þér fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur bjóðið háskólanum endurgjaldslaust lóð undir fyrirhugaðar byggingar háskólans sunnan Hringbrautar milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingar Tjarnargötu, vill háskólaráðið hér með lýsa yfir því, að það tekur með þökkum við þessari höfðinglegu gjöf.“

*Byrjunarframkvæmdir 1936. – Grunnur grafinn
og byrjað á kjallara*

Vorið 1936 var undirbúningur að byggingarframkvæmdum það langt á veg kominn, að byggingarnefnd taldi tímabært að hefja framkvæmdir þá um sumarið, svo sem heimildir í skjalasafni Háskólans bera með sér.

Hinn 7. maí ritar rektor til kennslumálaráðherra:

„Fyrir hönd byggingarnefndar háskólans leyfi eg mér að fara fram á það við yður, hæstvirti ráðherra, að þér hlutist til um, að veitt verði innflutningsleyfi á byggingarefni í kjallara væntanlegrar háskólabyggingar. Háskólinn leggur kapp á, að byrjað verði á háskólabyggingunni í sumar, m. a. af þeirri ástæðu, að háskólinn á 25 ára afmæli á þessu sumri. – Uppdrættir háskólabyggingarinnar eru nú bráðum fullbúnir, og hefir húsameistari ríkisins tjáð mér, að erlent byggingarefni í kjallara myndi nema ca. 40000 kr., ef loft yrði steipt yfir kjallarahæðina, en ca. 30000, ef kjallarinn yrði steiptur án lofts.“

Í framhaldi af þessu ritar formaður byggingarnefndar til Innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, 5. júní:

„Eg leyfi mér f. h. byggingarnefndar Háskóla Íslands að sækja um, að veitt verði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á byggingarefni í kjallara væntanlegrar háskólabyggingar. Þar eð uppdættir háskólans eru næstum fullbúnir, er það eindregin ósk háskólaráðs og byggingarnefndar, að byrjað verði á byggingunni á þessu sumri, er háskóli vor hefur starfað í 25 ár. Húsameistari ríkisins hefur tjáð oss, að erlent byggingarefni þyrfti fyrir allt að 40000 kr., ef steypa á allan kjallarann með þaki yfir. Bygging þessi er nálega 73 metrar á lengd og 16 á breidd, auk úturbyggingar (með bókasafni og hátíðasal). Gert er ráð fyrir að byrja á verki þessu í ágúst, og þarf því ekki innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyr en eftir þann tíma. Síðan er áformað að steypa byggingu



Alexander Jóhannesson, prófessor, var formaður byggingarnefndar Háskólans og forystumaður um byggingarframkvæmdir.

þessa upp sumarið 1937, og þarf því að gera ráð fyrir innflutningi erlends byggingarefnis á næsta ári.“

Skömmu síðar, eða 2. júlí, skrifar formaður byggingarnefndar síðan til kennslumálaráðherra:


„Hér með leyfi eg mér að senda yður uppdrætti af væntanlegri háskóla-byggingu. Hefur byggingarnefnd háskólans komið sér saman um alla inn-réttingu, eins og á uppdráttunum sést, og má því gera ráð fyrir, að engar verulegar breytingar verði að ræða. Er gert ráð fyrir, að allskonar við-bótarkennsla fái nægilegt húsrúm í byggingu þessari, eins og t. d. aukin málakennsla og kennaradeild. Byggingarnefnd hefur borizt bréf frá sam-bandi íslenzkra barnakennara, dags. 1. júní, og sendi eg yður eftirrit af því bréfi. Hefur byggingarnefnd tekið tillit til óska þeirra, er um ræðir í nefndu bréfi, að mestu leyti, og telur að unnt verði að koma kennaradeild, ef hún kemst á, fyrir í háskólabyggingunni. Þó hefur nefndin gert ráð fyrir að reisa ef til vill síðar lítinn tilraunabarnaskóla á háskólalóðinni, er stæði í sambandi við kennaradeildina. – Um útlit háskólans liggja fyrir tvær tillögur frá húsameistara ríkisins, og sendi eg yður einnig uppdrætti af þeim tillögum. Er þar um óverulegan mun að ræða, og má telja víst, að önnurhvor tillagan verði samþykkt af byggingarnefnd. – Þar sem undirbúningi er svo langt komið, eru það eindregin tilmæli byggingarnefndar, að hafizt verði handa nú þegar á þessu sumri um að byrja á að reisa háskólann, og eru það eindregin tilmæli mín fyrir hönd nefndarinnar, í fyrsta lagi að þér samþykkið uppdrættina eins og þeir liggja fyrir og í öðru lagi að þér hlutist til um, að veitt verði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á byggingarefni fyrir allt að 40.000 krónum, svo að hægt verði að steypa upp kjallarann á þessu sumri. Er áform bygg-ingarnefndar að steypa síðan upp alla bygginguna á næsta ári. – Um kostnað byggingarinnar vil eg geta þess, að húsameistari ríkisins hefur áætlað ca. 900.000 kr., en gera má ráð fyrir 1 milj., þegar búið er að skreyta bygg-inguna og koma fyrir öllum nauðsynlegum húsmunum.“

Með bréfi dags. 7. júlí synjaði Innflutnings- og gjaldeyrisnefnd fyrrnefndri umsókn um leyfi til innflutnings byggingarefnis, og hafa horfur þá verið þungar um sinn. Eigi að síður var byrjað að grafa fyrir grunni háskólabyggingarinnar 15. ágúst, og unnu stúdentar mestmegnis að því verki, og voru verkfærin að sjálfsögðu einungis haki og skófla, sbr. viðtöl við Rögnvald Þorláksson og Ólaf Tryggvason í bókarauka. Öllum uppgeftri var ekið á hestkerrum niður í Vatnsmýrina. Og einhvern veginn hefur ræst úr innflutningsleyfinu, því að þá um haustið var einnig farið að steypa upp kjallarann.

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS



HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



Stúdentar og aðrir verkamenn í grunni háskólabyggingar síðsumars 1936.

1. Verkamaður, óvíst hver; 2. Flokksstjóri, óvíst um nafn; 3. Matthías Hreiðarsson, síðar tannlæknir; 4. Guðjón Klemensson, síðar læknir; 5. Jón Magnússon, þá stud. jur.; 6. Gunnar Jónsson, síðar lögfræðingur; 7. Finnbogi Lassen Kristjánsson, síðar prestur; 8. Geir Stefánsson, síðar lögfræðingur; 9. Esra Pétursson, síðar læknir; 10. Sverrir Einarsson, þá stud. med.; 11. Birgir Einarsson, þá stud. jur.; 12. Friðgeir Ólason, síðar læknir; 13. Kristján Jóhannesson, síðar læknir; 14. Kjartan Lárusson, þá og síðar húsvörður á Garði; 15. Halldór Jakobsson, síðar stórkaupmaður; 16. Albert Sigurðsson, síðar cand. mag.; 17. Ævar Kvaran, síðar lögfræðingur og leikari; 18. Óvíst um nafn; 19. Benedikt Sigurjónsson, síðar hæstaréttardómari; 20. Óskar Bjarnasen, síðar fyrsti húsvörður Háskólans; 21. Bjarnþór Þórðarson, þá stud. mag.; 22. Vilhjálmur Jóhannsson, síðar læknir; 23. Skarphéðinn Þorkelsson, síðar læknir; 24. Sigurður M. Helgason, síðar borgarfégeti; 25. Sigurður Ólafsson, síðar lyfsali; 26. Ólafur Tryggvason, síðar læknir; 27. Jóhann Sveinsson frá Flögu, síðar cand. mag.; 28. Kjartan Jónsson, síðar lyfsali; 29. Jóhann Steinason, síðar lögfræðingur; 30. Áki Pétursson, síðar starfsmaður á Hagstofu Íslands; 31. Óvíst um nafn; 32. Óvíst um nafn; 33. Ásgeir Hjartarson, síðar cand. mag. og rithöfundur; 34. Gísli Gíslason, síðar cand. mag.; 35. Rögnvaldur Þorláksson, síðar verkfræðingur. Ljós m.: Þorlákur Ófeiggsson, byggingameistari.

Formaður byggingarnefndar leitar áhlts sænsks arkitekts

Athyglisvert er, að sumarið 1936, þegar framkvæmdir eru um það bil að hefjast, hefur byggingarnefndin séð ástæðu til að leita áhlts erlends arkitekts um áætlað fyrirkomulag byggingarinnar. Hlýtur þetta þó að hafa verið gert í samráði við Guðjón Samúelsson eða a. m. k. með hans vitund.

Hinn 2. júlí ritar *Alexander Jóhannesson*, formaður byggingarnefndar, vini sínum prófessor *Sven Tunberg*, rektor „Stockholms Högskola“, og lætur fylgja með teikningar af byggingunni. Er afrit bréfsins varðveitt í skjalasafni Háskólans. Í bréfinu segir m. a.: „Bygningskommissionen vilde være Dem

taknemmelig, hvis De vil forelægge disse Tegninger for en svensk Arkitekt, og vi vil med Tak modtage Bemærkninger angaaende Enkeltheder i vore Planer.“ Skömmu seinna, eða 18. ágúst, ritar Alexander sama manni persónulegt bréf (en afrit þess er þó einnig geymt í skjalasafni Háskólans) og áréttar þessa beiðni:

„Vi har allerede sat nogle Studenter í Arbejde med at grave for Universitetets Kælder. Da der er en Mulighed for, at vi om en Maaned Tid tager fat paa at støbe hele Kælderen op, vil jeg være meget taknemmelig for, hvis jeg inden kort Tid fik høre den svenske Arkitekts Mening om hele Indretningen og Udseendet. Jeg vil sætte meget stor Pris paa at faa disse ventede Udtalelser fra en Fagmand, da nogle af mine Kolleger har fremsat en Del kritiske Bemærkninger om Byggekommissionens Arbejde. Hvis den svenske Arkitekts Gennemgang af Tegningerne er forbundet med Udgifter, er vi selvfølgelig rede til at erstatte disse. – Jeg er dig meget taknemmelig for den store Interesse du har vist for vore Byggeforetagender og sender dig min hjertelige Hilsen.“

Í byrjun septembermánaðar sendi síðan Alexander skriflega lýsingu á hinni fyrirhuguðu byggingu – en eigi verða nú fundnar heimildir um það, hvort umsögn barst frá sænskum arkitekt né hvers eðlis hún hefur verið, hafi hún á annað borð borist byggingarnefndinni. Þessar bréfaskriftir sýna þó, hvað sem öðru líður, að byggingarnefndin hefur ekki verið alls kostar örugg með sig á þessum tíma og störf hennar eða húsameistara hafa sætt einhverri gagnrýni.

Hornsteinn lagður 1. desember 1936

Hinn 1. desember 1936 var bygging kjallarans nokkuð á veg komin og var þá hornsteinn byggingarinnar lagður við hátíðlega athöfn. Þegar þetta var, hafði Háskólinn starfað um aldarfjórðungs skeið.

Hátíðahöldunum þennan dag er svo lýst í Morgunblaðinu 2. desember 1936:

„Hátíðahöld stúdenta voru nokkuð með sjerstökum blæ í gær, vegna þess að lagður var hornsteinn að háskólabyggingunni, þeirrar mentastofnunar, sem á komandi öldum á að vera útvörður sjálfstæðis og menningar þjóðarinn-



Prófessor Alexander Jóhannesson, formaður byggingarnefndar, ávarpar gesti á byggingarstaðnum 1. desember 1936. (Úr Morgunblaðinu 2. des. 1936).

ar. —Ekki er minsti vafi á að háskólabyggingin er mesta menningarsporið, sem þjóðin hefir stigið, eftir að hún varð fullvalda. Svo er til ætlast, að byggingin verði fullgerð árið 1940, eða einmitt um sama leyti sem þjóðin á að taka þýðingarmestu ákvörðun um framtíð sína. Spáir það góðu að þetta tvent skuli falla saman.

Skrúðgangan.

Hátíðahöldin hófust að þessu sinni kl. 10,30 árd. með skruðgöngu stúdentna frá Garði niður að Alþingishúsi. Lúðrasveit Reykjavíkur gekk í farar-



Haraldur Guðmundsson, kennslumálaráðherra, múrar hornstein háskólabýggingar 1. desember 1936. (Úr Morgunblaðinu 2. des. 1936).

broddi og spilaði; þvínæst gengu stúdentar undir íslenska fánanum og fána Háskólans. Skrúðgangan staðnæmdist fyrir framan Alþingishúsið.

Ávarp Ólafs Lárussonar.

Kl. 11 stje Ólafur prófessor Lárusson fram á svalir Alþingishússins og ávarpaði mannfjöldann . . .

Hornsteinninn lagður.

Að lokinni ræðu Ólafs prófessors Lárussonar var haldið í skrúðgöngu

suður í Háskólahverfið, og staðnæmst við hina nýju háskólabyggingu, sem enn er aðeins kjallarinn einn. — Þar hófst annar þáttur hátíðahaldanna — aðalþátturinn — lagning hornsteins að háskólabyggingunni. — Sú athöfn hófst með því að próf. Alexander Jóhannesson flutti, í fjarveru háskólarektors, próf. Nielsar Dungals, stutta ræðu, og las þvínæst upp það, sem skráð hafði verið á bókkfell, sem lagt var í blýhylki og geymist nú um aldir í hornsteini byggingarinnar . . .

Haraldur Guðmundsson, kenslumálaráðherra, tók við bókkfellinu, setti í blýhylkið og múraði síðan hornsteininn niður. Þessu næst flutti ráðherrann stutta ræðu og mintist m. a. á þjóðskólahugmynd Jóns Sigurðssonar. — Að lokinni ræðu ráðherrans var sungið: Jeg vil elska mitt land.

Árdegisverður að Hótel Borg.

Háskólinn hafði boðið til árdegisverðar að Hótel Borg að lokinni athöfninni við háskólabygginguna. Var þangað boðið mörgum mönnum, ráðherrum og æðstu embættismönnum, sendiherra Dana, borgarstjóra og ýmsum fleirum. Margar ræður voru þarna fluttar; stýrði dr. Alexander Jóhannesson þeim mannfagnaði.

Dansleikurinn.

Um kvöldið var dansleikur stúdenta að Hótel Borg, og hófst hann með borðhaldi. Þar var fjölmenni mikið og stóð gleðskapurinn fram á morgun.“

Í hinni fyrrnendu ræðu sinni, sem birt er í Vísi 1. desember, vék prófessor Ólafur Lárusson m. a. að háskólabyggingunni og sagði:

„Vér hverfum héðan innan stundar til þess að vera við er hornsteinn verður lagður að húsi, sem nú er í smíðum hér fyrir sunnan bæinn. Það er hús Háskólans, æðstu mentastofnunar þjóðarinnar. Það hús er bygt fyrir framtíðina, fyrir æsku þjóðarinnar. Það verk er ekki unnið fyrir þarfir líðandi stundar, það er ekki unnið fyrir þá kynslóð eina, sem nú er uppi, eða hinar næstu. Það er unnið fyrir alda og óborna æsku landsins um margra alda skeið. Löngu eftir að nöfn vor, sem nú lifum, eru falin gleymsku, löngu eftir að dægurpras vort er orðið að hismi og hégóma mun æska landsins ár hvert leita til þess húss, húss hinnar eilífu æsku, til þess að afla sér þar veganestis til fullorðinsáranna. Æskan mun koma þangað ung og djörf með miklar fyrirætlanir, glæsilegar vonir, fagrar hugsjónir og sterka trú á mátt sinn og megin. Vér skulum óska þess, að þjóð vor og sú stofnun, sem æskan leitar til í þessu húsi, megi bera giftu til að búa svo að henni, að sem flestar vonir hennar rætist, að sem flestar hugsjónir hennar verði að veruleika, að þaðan

komi kynslóð eftir kynslóð sífellt vaxandi að viti og mannkostum, að atgerfi og atorku, að hver ný kynslóð verði færari en sú sem á undan henni var, til að vinna þau hlutverk, sem þjóð vorri er ætlað að vinna. Ef þjóð vor ber giftu til þessa, þá mun vel fara, þá er framtíð hennar borgið og þá getum vér á þessari skammdegisstund horft vonglöð fram í tímann, í voninni um vaxandi þroska, vaxandi menningu, vaxandi gæfu þjóðar vorrar, og þessa viljum vér öll óska henni.“

Í ræðu sinni í árdegisverðarboðinu, sem áður var getið um, sagði prófessor *Alexander Jóhannesson* m.a.:

„Háskóli vor er afkvæmi, er arfur fortíðarinnar og trú á framtíð Íslands hafa skapað. Hann er hugsjón um æðstu menning þjóðarinnar, sem er ætlað það hlutverk, að bera blys inn á vegi framtíðarinnar. Hann á að ala upp leiðtoga hins ókomna tíma, en um leið að vera leiðarstjarna í vandamálum þjóðfélagsins. Háskólinn og þjóðfélagið er eitt og óaðskiljanlegt. Háskólinn á að vera lifandi þáttur í starfi þjóðarinnar. Háskólinn og ríkisvaldið verða að starfa saman. Ríkisvaldið framkvæmir vilja þjóðarinnar og skapar pólitíska sögu hennar, sem er í því fólgin, að hagnýta sér þekking fortíðar og nútíðar og sækja fram á öllum þeim sviðum, er ríkisvaldið á hverjum tíma álitur, að sé þjóðinni fyrir bestu. En jafnhliða þessari pólitísku sögu skapast önnur saga, menningarsaga þjóðarinnar, og þar á Háskólinn að vera í broddi fylkingar. Háskólinn á að sínu leyti að vera samvíska þjóðarinnar, hin vísindalega samvíska hennar. Háskólanum er ekki það hlutverk ætlað, að veita forgöngu í stjórnámálum þjóðarinnar, en honum er það hlutverk ætlað, að glæða í brjósti hinna ungu ættjarðarástina, sem stendur fyrir ofan alla pólitíska flokka og er jafngömul þjóðinni. Án hennar fer hvert þjóðfélag í mola. Trú á guð, trú á ættjörðina, trú á vísindin á Háskólinn að glæða. —Eg hefi með nokkrum orðum bent á sérstöðu Háskólans í þjóðfélaginu. Eg hefi bent á, að Háskólinn hefir sitt sérstaka háleita starf að vinna í lífi þjóðarinnar. Menning hennar mun ætíð verða að mörgu leyti miðuð við störf og afrek Háskólans. Háskóli vor er enn kornungur og stendur nú á tímamótum. Hann hefir þó á þessum stutta tíma, er hann hefir starfað, öðlast vinsældir meðal þjóðarinnar, sem sjá má m.a. af gjöfum þeim og sjóðstofnunum, er hann hefir fengið á undanförnum árum. . . Eg ber þá von í brjósti, að allir stjórnámálflokkar landsins virði þá sérstöðu Háskólans, er eg hefi bent á, og geri sér far um að gera veg þessarar stofnunar, sem enn er að nokkru leyti aðeins hugsjón, sem mestan. Vegur Háskólans er vegur þjóðarinnar“.

Texti skjals þess, sem fór í blýhólkinn, er birtur í bókarauka.



Háskólahúsið í byggingu sumarið 1937. Búið er að steypa upp 1. hæðina og sjást menn þar á plötunni. Atvinnudeildarhúsið, sem þarna sést, hafði verið byggt skömmu áður. Í litla húsinu norðan við nýbygginguna (vinstra megin við hana á myndinni) mun hafa verið búið á þessum tíma og fyrr. Myndin er tekin úr turni Landakotskirkju og er hér aðeins sýndur líttill hluti hennar, mjög mikið stækkaður. Ljós m.: Ólafur Magnússon.


Ýmislegt um byggingarstarfið og bygginguna

Um vorið 1937 var byrjað að steypa alla bygginguna, og varð hún fókheld fyrir árslok sama árs. Var verkinu síðan haldið sleitulaust áfram og þó mest eftir að styrjöldin skall á. „Var þá um að velja að leggja árar í bát og fresta verkinu um óákveðinn tíma eða að reyna að fullgera það eins fljótt og auðið væri. Sá kostur var tekinn og munu flestir fagna því, að sú leið var farin,“ sagði *Alexander Jóhannesson*, háskólarektor, í hátíðarræðu sinni við vígslu byggingarinnar 1940.⁸⁾ Við það tækifæri lýsti rektor byggingunni svo:⁹⁾

„Er hún 73 metrar að lengd og að rúmmáli 21770 teningsmetrar. Er óþarfi að lýsa einstökum herbergjum, þar eð háttvirtum gestum mun gefast kostur

8) Árbók Háskóla Íslands 1939–1940, á bls. 58.

9) Tilv. rit, bls. 59–60.




Haskólabýggingin vorið 1940 (nokkurn veginn fullgerð) ásamt Atvinnudeildarhúsi og Garði. Þetta voru þá einu húsin á háskólalóðinni.
Ljósgr.: Vignir.

á að lokinni þessari athöfn að skoða bygginguna, og öðrum mun verða fyrirkomulagið ljóst af myndariti því, er háskólinn hefir gefið út í dag. En vert er að minnast á, að gerðar hafa verið allmargar tilraunir með íslenzkt byggingarefni, einkum við skreyting hússins, og má líta þannig á, að með byggingu þessari skapist tímamót í sögu íslenzkrar byggingarlistar, ekki aðeins vegna þess, að hús þetta mun vera veglegasta bygging landsins, heldur einnig vegna hagnýtingar þeirrar á íslenzku byggingarefni, er ég gat um og nú skal nokkru nánar lýst. Veggir í anddyri byggingarinnar eru þaktir hellum, er gerðar eru úr skeljum, er muldar hafa verið og blandaðar steinlími, en síðar steyptar í mótum og fágaðar. Hvelving anddyris er gerð úr silfurbergi, sem hefir verið hlaðið og lagt eins og tiglaskraut, og glitrar hvelvingin öll í ljósbroti í hæfilegri birtu. En loftið utan um hvelvinguna er lagt hrafntinumolum á bláleitum grunni. Anddyri hátíðasals er lagt brúnum hellum, og eru þær steyptar úr rauðu líparíti og síðan fágaðar. Gólf í anddyri byggingarinnar er þakið hellum úr íslenzkum grásteini og sömuleiðis stigar úr anddyri, og hefir grásteinn þessi verið sagaður í vélum og síðan fágaður og olíuborinn. En allt efni í þrep á bakstigum og víðar hefir verið gert úr ýmsum íslenzkum steintegundum. Altari og hliðarbríkur í kapellu eru gerðar úr silfurbergssteypu og steinlími, sem fágað hefir verið. En efri brún altaris er lögð silfurbergskrystöllum, er hlaðnir hafa verið og gulllagðir á innhlið. Allt, sem nú hefir verið nefnt, hefir verið gert í fyrsta sinn hér á landi. Sama gildir um súlurnar milli glugga miðhluta byggingarinnar að utanverðu og einnig gaflglugga; eru þær lagðar hellum úr silfurbergi, er blandað hefir verið steinlími og síðan fágað. Ennfremur eru grænu hellurnar utan um aðaldyr alger nýung; eru þær gerðar úr grænu líparíti, er blandað hefir verið fínmulinni hrafntinnu. Loks er vert að geta þess, að öll utanhúðun byggingarinnar er gerð úr kvartsi samkvæmt aðferð húsameistara, og hefir hún mjög rutt sér til rúms hér á landi hin síðustu ár. — Hér hefi ég þá farið nokkrum orðum um það, er telja má merkilegast við þessa bygging. Erfiðleikar þeir, sem hafa verið á innflutningi erlends byggingarefnis, hafa mjög ýtt undir ýmsar tilraunir, er gerðar hafa verið. Því ánægjulegra er, hve vel hefir tekizt, og hafa þessi vandræði því rutt braut þekkingu á hagnýtingu íslenzkra efna og þar með skapað íslenzka tækni, er vafalaust getur orðið að ómetanlegu gagni í framtíðinni og opnað nýjar leiðir í þróun íslenzkrar byggingarlistar.“

Um bygginguna, byggingarefnið og atbeina húsameistarans segir *Jónas Jónsson* í ritinu „Íslensk bygging“:¹⁰⁾

„Við þessa húsagerð beitti húsameistari margháttaðum nýjungum, bæði

10) Tilv. rit, bls. 128.



Háskólinn og Garður. Myndin er tekin úr Hljómskálagarðinum, e.t.v. snemma vors 1940. Ljóssm.: Ólafur Magnússon.

sökum fenginnar reynslu og af þörf, þar sem erfitt var um gjaldeyri fyrir útlend efni. Húsið er steint með íslenzkri kvarzblöndu eftir formúlu og uppgötvun húsameistara. Gólfíð í forhöllinni er lagt stórum hellum úr Öskjuhlíð, björgin söguð með stórvirkum vélum, hellurnar felldar saman og gerðar seigar og nálega óslítandi með heppilegri efnablöndu. Súlurnar þrjár á gluggahlið forhallarinnar eru klæddar með hellum úr gulum skeljasandi. Hver hella var steipt í glerflöt, framhliðin fægð, en bakhliðin krækt og límd að múrveggjum. Í forhöllinni, framan við inngang hátíðasals, eru súlur klæddar fægðum hellum úr hrafntinnu. Rauðleitar hellur eru við inngang hátíðasalarins, steiptar úr baulusteini. Efst í forhöllinni er loftið klætt silfurbergi. Guðmundur Einarsson myndhöggvari hlóð þá hvelfingu úr dýrum steini. Er þvífkt skraut ekki til í neinu öðru húsi á jörðinni. – Kapella háskólans er sérstakt listaverk. Gerði húsameistari sjálfur allar teikningar af steinskrauti kapellunnar, nema rismyndum Ásmundar Sveinssonar. Ósvald Knudsen málaði kapelluna með mikilli snilld. – Það var mikið afrek, að einn húsameistari skyldi geta afkastað, með fálíðaðri hjálparsveit, hinni

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



Haskólabýggingin vorið 1940. Ljósma.: Vignir.

Þúsund þættu vinnu við háskólabygginguna. En helzt til mikils sparnaðar gætti frá hálfu valdhafanna í garð húsameistara. Hann hafði engan bíl og var þrásinnis á gangi í snjó og bleytu vetrarmánuðina á leið suður í háskóla til að líta eftir verkinu og ræða við iðnaðar- og verkamenn um hin fjölpættu verk, sem unnin voru við daglegar framkvæmdir. Allar nýjungar sem fram komu við þessa húsagerð voru verk hans.“

Meyvant Sigurðsson á Eiði starfaði á þessum árum á vegum Alexanders Jóhannessonar, formanns byggingarnefndar, m. a. sem bifreiðarstjóri, og hafði á þann hátt afskipti af byggingunni. Um aðföng byggingarefnis segir hann í endurminningum sínum:¹¹⁾

„Fór ég meðal annars með Birni Rögnvaldssyni, byggingameistara hjá húsameistara ríkisins, vestur á Snæfellsnes þar sem við leituðum að hentugu grjóti í Drápuhlíðarfjalli. Ekki tókst okkur þó að finna nægilega stórar hellur þar. Síðar var haldið á Suðurnes og fóru þeir þangað, húsameistari ríkisins, sem þá var Guðjón Samúelsson, Alexander og Magnús dósent Jónsson. Ég ók bílnum. – Á flösinni við Garðskagann fundum við þrýðis góða skel, sem ákveðið var að nota. Þangað átti ég eftir að sækja mörg hlöss af skelinni ásamt öðrum öikumanni. Skelina þurfti að sækja nokkuð langt út á flösinu og var það aðeins mögulegt þegar lágsjávað var. Þorðum við ekki annað en að vera tveir saman, því betra var að hafa annan bíl til taks, ef hinn festist. Allt gekk þó eins og í sögu og efnið komst á réttan stað. – Úr þessum skeljum voru steiptar hellur í hvítu sementi, en hellurnar síðan slípaðar. Þessar hellur voru notaðar til að klæða með súlur í háskólabyggingunni og sóma þær sér vel enn þann dag í dag. – Í gólfín á neðstu hæðinni og stigann upp á þá næstu voru notaðar grásteinshellur. Grjótið var tekið í holtinu fyrir ofan Múla við Suðurlandsbraut. Var það klofið og flutt í steiniðju Magnúsar Guðnasonar við Einholt og sagaðar þar með sérstakri sög, sem flutt hafði verið inn í þessum tilgangi. Þar voru þær slípaðar, en síðan fluttar í flöskuverksmiðju, sem þá var við Þverholtið. Þar voru hellurnar hitaðar og þrífborin á þær fernisolia, sem gekk langt inn í steininn og hann yfirfarinn aftur í slípivél. Þá voru hellurnar sagaðar til í ákveðnar stærðir og síðan fluttar til Háskólans og lagðar þar. Þessar hellur hafa reynzt afbragðsvel og eru sem nýjar eftir áratuga langa notkun.“

Húsameistari lagði sérstaka alúð við hönnun og skreytingu *háskólakapell-*

11) Bóndinn og bílstjórinn Meyvant á Eiði (Rvík 1975), bls. 144–145.




Háskólabýggingin, líklega snemma vors 1940. Ljósma.: Ólafur Magnússon

unnar. Í Árbók Háskólans 1939–1940 lýsir *Magnús Jónsson*, prófessor, kapellunni svo, fullbúinni ásamt munum hennar, 1940:¹²⁾

„Kapellan nær upp í gegnum tvær hæðir. Er hvít hvelfing yfir og fellur þaðan ljósflóð yfir húsið, án þess að nokkurt ljós sjáist. En auk þess er ljósrák allt í kring, því að hvelfingin er laus frá veggjum öllum. Er þetta mjög til prýði. Altari er gert úr íslenskum hellum steiptum úr silfurbergi. En á brúninni eru silfurbergskristallar lagðir á gullpynnur. Á altarinu eru sjö afarhá kerti, og er á bríkina, er þau standa á, letruð með gylltum stöfum orðin „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ En framan á altarinu er gyllt merki, fangamark Krists dregið saman úr X P. Öðru megin við altarið er skrudhús, en hinu megin prédikunarstóll, en framan á þeim eru snilldarvel gerðar lágmyndir af táknum guðspjallamanna fjöggra, eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara. Er bæði skrudhús og prédikunarstóll úr samskonar hellum og altarið. — Á altarinu eru nú: Krossmark, fagurlega skorið af Ágúst Sigurmundssyni, er prófessor Guðbrandur Jónsson gaf kapellunni, silfurkaleikur og patína, er Jónatan gullsmiður Jónsson hefir smíðað. Var kaleikurinn gefinn prófessor Magnúsi Jónssyni af nemendum hans á fimmtugsafmæli hans, en hann gaf kapellunni hann á vígsludegi hennar. Þá

12) Tilv. rit, bls. 88–89.



Guðjón Samúelsson notaði margvíslegar íslenskar bergtegundir í háskólabýggingunni. Loftið í forsalnum er t. d. klætt silfurbergi, og hlóð þá hvelfingu Guðmundur Einarsson frá Miðdal, myndlistarmaður.

er þar biblía, sem fjölmargir nemendur prófessors Haralds Niélssonar gáfu honum, en hún var nú gefin kapellu háskólans af Haraldi, syni Sveins M. Sveinssonar og frú Soffíu Haraldsdóttur. En honum hafði hún verið ánöfnuð af frú Aðalbjörgu Sigurðardóttur. Enn er þar helgisíðabók prófessors Sigurðar P. Sívertsen, gefin af dóttur hans, frú Steinunni, og manni hennar, Gústav A. Jónassyni skristofustjóra, og Helga Sívertsen forstjóra. — Yfir anddyri kapellunnar er orgelpallur, og kemur þar pípuorgel, er Ísólfur Pálsson byggir. Undir orgelpalli er löng lágmynd eftir Ásmund Sveinsson með fornkirkjulegum táknmyndum. Gluggar eru allir með lituðu gleri og eru táknmyndir í sumum í rúðum. Kapellan er máluð í bláum lit, er dvínar eftir

því, sem ofar kemur, og gefur húsinu einkennilegan svip og rými. Máluðu hana þeir Ósvaldur Knudsen og Daníel Þorkelsson. Bekkir eru úr skyggðum ahorn, hvítir, og eru smíðaðir af Hjálmar Þorsteinssyni. Messingstjakar á altari eru gerðir af Kristni Péturssyni blikksmið eftir uppdrætti húsameistara, dr. Guðjóns Samúelssonar prófessors, sem ráðið hefir gerð kapellunnar allrar eins og hússins yfirleitt.“

Margt innanstokksmuna í byggingunni teiknaði húsameistari sjálfur, þ. á m. borð og bekki í kennslustofur, og mikla vinnu og metnað lagði hann í hönnun hátíðarsalarins, sem með réttu var talinn einn fegursti salur í landinu. Enn eru til í skjallasafni húsameistaraembættisins teikningar hans af stólum í hátíðarsalinn, sem voru hinir glæsilegustu, úr ljósum víði og með rauðu áklæði. Hafði salurinn yfir sér sérstakan tignarsvip, en nú er þar öðruvísi umhorfs og var flestum stólunum t. d. fleygt fyrir allmörgum árum!

Yfirumsjón með allri smíði hússins hafði *Þorlákur Ófeigsson*, byggingarmeistari, sjá nánar í bókarauka. Háskólastúdentar fengu kærkomna sumarvinnu við bygginguna –sbr. nánar viðtölin við Rögnvald Þorláksson og Ólaf Tryggvason í bókarauka –en einstakir verkþættir voru annars almennt boðnir út. Í *Alþýðublaðinu* 21. september 1936 er t. d. birt eftirfarandi frétt og listi yfir þá, sem buðu í steypu kjallarans þá um haustið, og um úrslit þess máls:

„Tilboð í byggingu kjallara Háskóla Íslands voru opnuð fyrir helgina, og var tekið næst lægsta tilboðinu, frá Driðriki Helgasyni. Var það upp á 57.500 kr. En tilboðin voru, eins og sést á eftirfarandi, alt frá 54.000–122.000 krónur.

Tilboðin voru þannig:

Böðvar Bjarnason o. fl.	kr.	54.000	Filippus Guðm. o. fl.	–	86.000
Driðrik Helgason	–	57.500	Hjálmar Jóhannsson	–	86.000
Ingólfur Guðm. o. fl.	–	63.000	Zophonías Snorrason	–	88.000
Ingib. Þorkelss. o. fl.	–	65.000	Haflíði Jóhannsson	–	88.500
Einar Kristjánss. o. fl.	–	66.400	Guðbj. Jóhannss. o. fl.	–	93.000
Jón Gíslason o. fl.	–	67.700	Guðjón Vilhjálmsson	–	94.000
Teitur Magnússon	–	69.825	Einar Einarsson	–	96.700
Þorsteinn Einarsson	–	74.700	Sigurður Ásbjörnsson	–	98.000
Gísli Þorleifsson o. fl.	–	76.500	Ragnar Bárðars. o. fl.	–	119.800
Kristinn Sigurðsson	–	78.900	Jens Eyjólfsson	–	122.000
Einar Sveinsson	–	79.000			

Í Árbók Háskólans 1939–1940 er birt eftirfarandi skrá yfir þá, sem tóku að sér verk þau, er unnin voru við bygginguna:¹³⁾

„Kjallarasteypu: Diðrik Helgason, múrarameistari.

Steypu ofan kjallara: Sigurður Jónsson, múrarameistari og Einar Kristjánsson, húsasmíðameistari.

Skolp- og vatnsæðar undir kjallaragólfi: Óskar Smith, pípulagningameistari, og Steinsteypan h. f.

Utanhúðun: Sigurður Jónsson, múrarameistari.

Þakið: Ingibergur Þorkelsson, húsasmíðameistari, Magnús Jónsson, húsasmíðameistari og Þorkell Ingibergsson, múrarameistari.

Gluggar: Magnús Jónsson, húsasmíðameistari.

Gluggaísetning: Þorvarður Steindórsson og Guðjón Jónsson, húsasmíðameistarar.

Gluggagler: Versl. Brynja.

Formgler: Eggert Kristjánsson & Co.

Innigler: Jón Loftsson, stórkaupmaður.

Gluggaventlar: H. f. Ofnasmiðjan.

Útihurðir úr tré: H. f. Dvergur.

Útihurðir úr óryðgandi stáli: G. J. Johnsen, stórkaupmaður.

Vikureinangrunarplötur: Vikurfélagið h. f.

Innihúðun og inniverk: Sigurður Jónsson, múrarameistari, og Einar Kristjánsson, húsasmíðameistari.

Innihurðir og lista: Völundur h. f.

Hurðajárn: Versl. Brynja og Vélsm. Héðinn.

Gluggajárn: Nýja Blikksmiðjan og L. Storr, kaupm.

Handriðsjárn á stiga: Gísli J. Johnsen, stórkaupm., Jón Sigurðsson og Páll Magnússon, járnsmíðameistarar.

Tréhandrið: Sigurgeir Albertsson, trésmiður.

Korkplötur á gólf: Jón Loftsson, stórkaupmaður, lagt af Hallgrími Finnsyni, veggfóðrarameistara.

Terrassolögn: Ingólfur Waage o. fl.


Grásteinshellur: Steiniðjan.

Slípun vegghefna: Magnús Guðnason og Ársæll Magnússon, steinhöggvarameistarar.


Járngrindur og hlerar í bókasafn: Landssmiðjan.

Málun og málningu: Verksmiðjurnar „Harpa“ og „Litir og lökk“. Málarameistarar: Lúðvig Einarsson, Ósvaldur Knudsen og Daníel Þorkelsson.

13) Tilv. rit, bls. 89–90.



Guðjón Samúelsson lagði sérstaka alúð við hönnun háttíðarsalarins. Þannig leit salurinn út í sinni réttu mynd, en seinna var þessum glæsilegu sætum fleygt.



Hátíðarsalurinn í
upphaflegri mynd.

Innipiljur í hátíðasal: Friðrik Þorsteinsson og Hjálmar Þorsteinsson, húsagnasmíðameistarar.

Innipiljur í bókasafn: Þorsteinn Sigurðsson, húsagnasmíðameistari.

Innanstokksmuni í rannsóknarstofu: Dvergur h. f.

Innanstokksmuni í safn- og dýradeild: Þorst. Sigurðsson, húsagnasmíðameistari.

Hillur og húsgögn í bókasafn: Magnús Jónsson, húsasmíðameistari.

Bekki í kapellu: Hjálmar Þorsteinsson & Co.

Bekki í kennslustofu: Jón Magnússon og Kjarval, húsagnasmiðir.

Bekki og stóla í hátíðasal: Þorsteinn Sigurðsson, húsagnasmíðameistari.

Bekki og borð í kennslustofu læknadeildar: Þorsteinn Sigurðsson, húsagnasmíðameistari.

Húsgögn í kennaraherbergi: Þorsteinn Sigurðsson, húsagnasmíðameistari.

Húsgögn í sérlestrarstofu: Dvergur h. f.

Húsgögn í kennarastofu: Dvergur h. f.

Húsgögn í lestrarsal: Dvergur h. f.

Húsgögn í rektorsherbergi: Friðrik Þorsteinsson, húsagnasmíðameistari.


Áklæði: Haraldur Árnason, kaupm., Karolína Guðmundsdóttir o. fl.

Raflögn og ljósatæki: Eiríkur Hjartarson, rafvirki.

Upphitun og hreinlætistæki: Richard Eiríksson, pípulagningameistari.

Kyndingartæki: H. f. Hamar.

HÁSKÓLABYGGINGIN Á MELUNUM



Guðjón Samúelsson teiknaði margt innanstokksmuna í háskólabýggingunni, þ. á m. stólana í hátíðarsalnum.

Loftupphitunartæki: Landssmiðjan.

Uppdrætti: Húsameistari ríkisins.

Járnútreikninga og uppdraetti: Guðstaf Pálsson og Árni Snævarr verkfræðingar.

Hitaútreikninga og uppdraetti: Benedikt Gröndal, verkfræðingur.

Rafmagnsuppdraetti: Jón Gauti, verkfræðingur.“

Í skjalasafni embættis húsameistara ríkisins eru enn varðveitt fjölmörg skjöl, reikningar og samningar, um tiltekna verkþætti og um kaup á efni til hússins, bæði í bygginguna sjálfa og til innréttinga.

Vorið 1940 var húsið að mestu fullbúið að utan og ýmsir hlutar þess orðnir nothæfir. Í frétt í Morgunblaðinu 15. júní 1940 segir m. a., að byggingarkostnaðurinn sé þá kominn í kr. 1.600.000, en enn þá var ýmislegt ógert, og þegar byggingarnefnd gerði fullnaðar-reikningsskil haustið 1943 nam heildarbyggingarkostnaður kr. 2.152.759.93.¹⁴⁾


14) Guðni Jónsson, Saga Háskóla Íslands, bls. 227.

Þetta þótti mikið fé á þeim tíma, og byggingarfé lá svo sannarlega ekki á lausu á kreppuárunum. Enda þótt happdrættisféð nýttist vel til byggingarinnar, þurfti engu að síður að afla mikils lánsfjár, sem þó var ekki auðfengið. Er víst óhætt að fullyrða, að *Alexander Jóhannesson*, formaður byggingarnefndar, neytti allra tiltækra ráð til að verða Háskólanum úti um lán í þessu augnamiði og leitaði til ýmissa aðilja. *Sigurður Nordal*, prófessor, sem átti sæti í byggingarnefndinni með Alexander, segir um þetta í minningargrein, er hann ritaði um Alexander látinn og sem birtist í Vísi 15. júní 1965:

„Svo stórt spor sem stigið var með happdrættislögnum, var það fé, sem árlega féll til, ekki líkt því nægilegt til skjótra framkvæmda. Og þetta voru krepputímar, erfitt að útvega lán. Alexander sýndi í því sem öðru, er að byggingu háskólahússins laut, bæði hugkvæmni og þrautseigju. Hann hafði auga á hverjum fingri. Allar lántökur varð að bera undir háskólaráð til samþykktar. Það gekk vitanlega greiðlega. En einu sinni, þegar Alexander bað um leyfi til þess að taka að láni 10 þúsund krónur úr sjóð Þingvallahrepps, nenntu háskólaráðsmenn ekki að rétta upp hendurnar. Við klöppuðum! Og það er líklega í eina skiptið í sögu þessa virðulega ráðs, sem samþykkt hefur verið gerð með lófataki, svo að það á skilið að vera fært í letur, ef það skyldi ekki vera bókað í fundargerðinni.“

Um bókamál Háskólans og bókasafn í hinni nýju byggingu

Bókamál Háskólans voru lengi í hinum mesta ólestri. Nokkuð af þeim bókum, sem Háskólinn eignaðist smátt og smátt, var geymt í stofum háskóladeilda og í kennarastofu á neðstu hæð Alþingishússins, meðan Háskólinn var þar til húsa. Talsvert af bóka- og tímaritaeign stofnunarinnar var þó geymt á Landsbókasafni sökum þrengsla í húsnæði Háskólans. Þessu fylgdi óhagræði og bækurnar nýttust ekki sem skyldi fyrir kennara og stúdenta, og um skipulega bókaörslu var ekki að ræða í húsakynnum Háskólans. Þegar skólinn flutti í hið nýja hús sitt 1940, rættist mjög úr þessu máli, því að þar var háskólabókasafni ætlað ríflegt húsrými. Var áætlað, að þar ættu að geta rúmast allt að 180.000 bindi. *Dr. Einar Ólafur Sveinsson*, síðar prófessor, var þá ráðinn sem hinn fyrsti forstöðumaður safnsins. Áður en háskólabyggingin var tekin í notkun, höfðu Háskólanum eða einstökum deildum hans iðulega borist veglegar bókaörslu og munaði þar einna mest um hið góða fræðibókasafn *Finns Jónssonar*, prófessors, er hann hafði ánað Háskólanum og sem var komið fyrir í kennslustofu Heimspeki-



Finnur Jónsson, prófessor í Kaupmannahöfn.

deildar árið 1934. Hin mesta og merkasta bókagjöf, sem Háskólanum hefur áskotnast, kom þó frá *Benedikt S. Þórarinssyni*, kaupmanni í Reykjavík. Gerði hann gjafabréf fyrir safninu 10. júlí 1935, en á þeim tíma var Háskólanum ógerningur að taka við þessu mikla og vandaða safni, sem var alls um 8.000 bindi. Benedikt andaðist í ágústmánuði 1940, en þá var enn ekki búið að koma safni hans fyrir í sal þeim í háskólabygggingunni, þar sem því var ætlaður samastaður til frambúðar. Um bókagjöf Benedikts og gildi hennar fyrir Háskólan farast *Sigurði Nordal*, prófessor, svo orð í grein, er hann ritaði í Lesbók Morgunblaðsins haustið 1940¹⁵⁾:

„Í apríl 1929 gerði jeg í samráði við hina kennarana í Heimspekideild tillögur um húsnæði það, sem deildin þyrfti í háskólabygggingu, ef reist yrði, m.a. um bókasafn. Þar var gert ráð fyrir að í íslenskum fræðum yrði safn Finns Jónssonar, sem hann hafði þegar ánað Háskólanum með erfðaskrá árið 1909, stofn handbókasafns, sem síðan mætti ætla, að yxi upp í hjer um bil 20.000 bindi. Allskömmu eftir að þessar tillögur voru prentaðar í Árbók

15) „Benedikt S. Þórarinsson og bókasafn hans“. Lesbók Morgunblaðsins 8. sept. 1940, 281–287, á bls 285–286.



Benedikt S. Þórarinnsson, kaupmaður í Reykjavík, gaf Háskólanum hið mikla og vandaða bókasafn sitt. Ljós.m.: ókunnur.

háskólans, átti jeg erindi á Laugaveg 7. Mjer þótti Benedikt venju fremur óblíður í fasi. Og eftir stundarkorn hreytti hann því út úr sjer, að hann hefði stundum verið að hugsa um, að þessar skruddur sínar væru best komnar í eigu háskólans eftir sinn dag, en nú sæi hann á tillögum mínum, að háskólinn kærði sig ekki um að eiga bækur. Jeg fann, að nú varð að duga eða drepast, og svaraði í sama tón, að miðað hefði verið við það sem menn vissu nú. En eignaðist háskólinn slíkt safn, sem hjer væri um að ræða, væri enginn kennari sá fáráðlingur, að hann ætlaði það til daglegs slits og áníðslu, heldur mundi það verða geymt í sjerstöku sal og hirt svo vendilega sem það ætti skilið. Benedikt svaraði fáu, en við skildum sæmilega. Og þegar hann í nóvember 1935 bað mig að skreppa til sín, afhenti mjer gjafabrjefið – þar sem hann gaf og afsalaði Háskóla Íslands alt bókasafn sitt, „frá einblöðungi til hinnar þykkustu bókar“ – og fól mjer að koma því áleiðis til háskólaráðs, þá fann jeg, að hann hafði fyrirgefið mjer, að jeg skyldi ekki hafa þorað að



Benedikt S. Þórarinnsson í bókasafni sínu á Laugavegi 7. Ljósmynd: Ókunnur.

hugsa hærra um bókaeign háskólans en jeg hafði gert 1929. . . –Háskólinn hefur ekki verið þess um kominn fyrir en nú í sumar að taka bókasafn dr. Benedikts í sínar vörslur, enda var það best hjá honum sjálfum komið, meðan hans naut við að efla það og prýða. Það var samt ætlun hans að flytja safnið sjálfur í hina nýju háskólabyggingu, ef honum hefði enst líf og heilsa, en ekki mundi hann hafa slept af því hendinni fyrir því. Nú fór þetta á annan veg. Hann sá aldrei Benedikts-herbergið í háskólanum, eftir að fullgengið var frá því. Það stendur fullbúið, með járnhurð og járnhlerum fyrir gluggum og hinu ágæta brjóstlíkneski Benedikts eftir Ríkharð Jónsson, sem horfir við dyrum, eins og það bíði eftir bókunum, sem von er á. Þetta herbergi heitir að vísu hvorki kapella nje hátíðasalur, en það á að verða vígður reitur fyrir því. Hvergi annars staðar í byggingunni er svo margt saman komið, sem trauðla yrði bætt með fje einu saman. Þótt margir ágætir menn hafa hlúð að háskólanum með ráðum og dáðum, sker gjöf dr. Benedikts sig úr að tvennu



Brjóstmynd af Benedikt S. Þórarinnssyni eftir Ríkharð Jónsson, sem komið var fyrir í stofu þeirri í háskólabýggingunni, er hýsir bókagjöf hans.

leyti: verðmæti hennar fer vaxandi með ári hverju, en vöxtur sjóðanna er ekki nema sífellt tap vegna verðhruns peninganna, –og hún er komin frá manni, sem engum böndum var bundinn þessum Háskóla nje neinum öðrum, nema þeim að hafa *ekki* fengið að njóta háskólamentunar, og frá manni, sem átti marga erfingja, sem af virðingu fyrir þessu æfistarfi hans ljetu sjer vel líka, að hann ráðstafaði þessari stóreign eins og honum var sjálfum ljúfast. Þetta safn í hinu nýja húsi er þegar frá upphafi sögustaður. Það er mótað af elju og skörungsskap gefandans, ást hans á íslenskum mentum og trú hans á framtíð háskólans. Það verður brýning að stíga þangað fæti, lögeggjan að vinna þar í þeim anda, sem gefandanum er samboðinn“.

Safn Benedikts var flutt í háskólabýgginguna og því komið fyrir þar á útmánuðum 1941.

Þess skal að lokum getið, að 1. desember 1935 var Benedikt S. Þórarinnsson kjörinn heiðursdoktor í Heimspekideild, í tilefni af því, að hann hafði gefið Háskólanum bókasafn sitt, og vegna viðurkenndrar bókfræðipekkingar hans.

Vígsla háskólabyggingar 1940 – og „eftirmáli“

Þann 17. júní 1940 fór fram vígsla háskólabyggingarinnar nýju við mjög hátíðlega athöfn, en daginn áður hafði háskólakapellan verið vígð við sérstaka athöfn. Í Morgunblaðinu 18. júní 1940 er hátíðinni lýst svo (úrfellur eru auðkenndar):

„Vígsla hinna glæsilegu, nýju húsakynna Háskóla Íslands í gær fór mjög hátíðlega og virðulega fram, og mjög í anda hins djarfa frumkvöðuls háskólahugmyndarinnar, Jóns Sigurðssonar forseta. – Öll athöfnin mótaðist af festu og virðugleika og í ýmsu gætti alvörupunga hinna geigvænlegu tíma, sem nú standa yfir. – Vígsla hins nýja Háskólahúss hófst með guðsþjónustu í hinni fögru kapellu Háskólans kl. 10 árdegis, en hún hafði verið vígð daginn áður. Sjálf megin vígsluathöfnin fór svo fram frá kl. 2 1/2–4 1/2 í gær. – Kl. rúmlega 2 tóku gestir, ríkisstjórn og alþingismenn, fulltrúar erlendra ríkja, próffessorar, háskólastúdentar og aðrir gestir að safnast saman. Íslenskir fánar blöktu við hún fyrir anddyri Háskólans og við veginn sem þangað liggur frá Hringbraut. Lúðrasveit ljek ættjarðarlög á tröppum hússins. Kl. 2.25 gengu fylkingar íþróttamanna í íþróttabúningum undir fánum fram fyrir Háskólann, en próffessorar með rektor í broddi fylkingar gengu fram á tröppur hússins. – Þá flutti forseti Íþróttasambands Íslands, Bened. G. Waage Háskólanum árnaðarorð íþróttamanna. Að loknu ávarpi hans hylti hin glæsilega fylking íþróttamanna Háskólann með ferföldu húrrahrópi. – Rektor þakkaði íþróttamönnum komuna og óskaði þeim allra heilla.


...

Upphaf háskólavígslunnar í kapellunni

Klukkan 10, að morgni þess 17. hófst sjálf háskólavígslan með stuttri guðsþjónustu í háskólakapellunni. – Prófessor Magnús Jónsson messaði og



Háskólabyggingin á vígsludaginn 17. júní 1940. Ljósma.: Vignir.



Háskólakapellan á vígsludegi-hennar 16. júní 1940. Ljósma.: Vignir.



Við vígslu háskólabapellu 16. júní 1940. Hátíðarguðsþjónusta í háskólabapellu. Fyrir altari standa Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands, og Magnús Jónsson, prófessor. Ásmundur Guðmundsson, prófessor, situr til hliðar við þá. Ljós.: Vignir.

lagði út af Matt. 5, 14–16. Kandídat í guðfræði, Stefán Snævarr las bæn í kórdyrum. Sungið var: Vor guð er borg á bjargi traust, Ó hversu sæll er hópur sá og loks: Son guðs ertu með sanni.

Athöfnin í hátíðasalnum


Kl. 2.30 stundvíslega hófst megin vígsluathöfnin í hinum mikla hátíðasal. Prófessorar og kennarar Háskólans sátu í öndvegi á upphækkuðum palli, er nær yfir þveran salinn fyrir gaffli. — Íslenskur silkifáni, sem Háskólanum barst að gjöf síðastl. haust, prýddi baksviðið. Nýútskrifaðir stúdentar sátu svo beggja megin hins upphækkaða sviðs. — Athöfnin hófst með því, að sunginn var fyrsti þáttur Hátíðaljóða eftir Jak. Jóh. Smára, undir kantötu Emils Thoroddsen. Að því loknu kvaddi rektor prófessor Magnús Jónsson til þess að stjórna athöfninni.



Á vígsludegi háskólabyggingarinnar 17. júní. Íþróttamenn koma að byggingunni. Ljós.: Vignir.

Ræða rektors

Þá tók til máls rektor Háskólans próf. Alexander Jóhannesson. Bauð hann alla velkomna. Hann kvaðst hafa vonað að bjartara yrði yfir þessum degi í sögu Háskólans en nokkrum öðrum. En nú bæri svartari skugga á íslenskt þjóðlíf en nokkru sinni fyr. Land vort væri orðinn vettvangur örlagaríkustu atburða. En það væri í samræmi við norrænt þrek og þrótt að vjer stefndum engu að síður ótrauðir áleidis gegn örðugleikum. Hin íslenska þjóðarsál væri mótuð við eld og ísa, við himinn, hauður og haf. Hinn norræni kynstofn væri samur nú og fyrir þúsundum ára. — Máttur hans væri ennþá mikill. Vjer Íslendingar hefðum aldrei fundið svo glögglega sem nú hin nánu tengsl við hinn norræna anda. Með þennan skilning á uppruna og edli þjóðar vorrar mættum vjer erfiðleikum dagsins í dag og á morgun. — Í dag mintumst vjer þess hjer, sem best hefði verið unnið með þjóð vorri og við það væri nafn Jóns Sigurðssonar órjúfanlega tengt. Háskóli Íslands mintist Jóns Sigurðssonar og brautryðjanda starfs hans með miklu þakklæti.



Á vígsludaginn. Íþróttamenn við Háskólann. Fánaberi fremst á myndinni er Kristján Vattnes. Ljósni.: Vignir.

– Rektor lýsti síðan framvindu byggingarmála Háskólans alt frá því að stúdentar byrjuðu sjálfir að grafa fyrir grunni hans og þar til nú. Hann kvað Háskólann standa nú á tímamótum. Framundan lægi starfs- og vaxtartíma- bil. Háskólinn hefði ekki brugðist þeim vonum, sem í upphafi stóðu til hans. – Mikið starf hefði verið unnið. Oft væri mest á því starfi byggjandi, sem unnið væri í kyrþei. Háskólinn hefði nú gefið út skrá um ritverk prófessora sinna frá upphafi. Bak við hana lægi hið þögula starf. Vísindin væru í eilífri leit að sannindum. Og vísindamaðurinn yrði að hafa ríka ábyrgðartilfinningu. Hlutverk hins ísl. Háskóla væri að hafa forystu um andleg mál þjóðarinnar. – Og starf hans yrði nú fjölþættara en áður. Kvað rektor það ósk sína og forráðamanna Háskólans að hann mætti verða hinni íslensku þjóð til blessunar í starfi hennar og baráttu, að hann yrði í samræmi við hina glæsilegu hugsjón Jóns Sigurðssonar, sannur þjóðskóli, sem allar greinar hins starfandi þjóðlífs sæktu lifandi þrótt til. – Þá flutti rektor öllum þeim þakkir, sem hug og hönd hefðu lagt að þeirri miklu framkvæmd sem nú væri

VÍSINDIN EFLA ALLA DAÐ
ORKUNA STYRKJA, VILJANN HVESSA,
VONINA GLÆÐA, HUGANN HRESSA,
FARSÆLDUM VEFJA LÝÐ OG LÁÐ.



Á vígstuðaginn. Séð inn í hátíðarsalinn, áður en athöfnin hefst. Ljósma.: Vignir.



Á vígsludaginn. Háskólarektor og prófessorar á tröppum háskólabyggingar. Rektor ávarpar íþróttamennina, sem stóðu fyrir framan húsið í heiðursfylkingu. Í fremstu röð frá vinstri má m.a. sjá Alexander Jóhannesson, háskólarektor; Ágúst H. Bjarnason, prófessor; Ólaf Lárusson, prófessor; Magnús Jónsson, prófessor, og Sigurð Nordal, prófessor. Í annarri röð frá vinstri má m. a. sjá Benedikt G. Waage, þáverandi forseta Íþróttasambands Íslands; Einar Ólaf Sveinsson, háskólabókavörð; Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor, og litlu fjær prófessor Ásmund Guðmundsson og prófessor Guðmund Thoroddsen. Ljós.: Vignir.

lokið. – Að lokum ávarpaði rektor forsætisráðherra og afhenti ríkisstjórninni hið veglega hús.

Ræða forsætisráðherra

Þá tók til máls forsætisráðherra Hermann Jónasson. Hann kvað það táknrænt, að á sama tíma sem sprengjum rigndi yfir mentasetur margra mestu menningarþjóða vígðu Íslendingar sjer glæsilegt mentasetur. Háskóli vor væri tákn þroska og friðar. Mikið hefði verið gert fyrir ísl. æsku. – Nú hefði miklu átaki verið lyft, ísl. menningu hefði verið reist glæsilegt musteri. Hlutverk Háskóla vors væri ekki að eins að varðveita menningararf þjóðarinnar, heldur og að ávaxta hann. Þetta væri meginviðfangsefni stofnunarinnar. – Háskólinn yrði að vera í fararbroddi í baráttu þjóðarinnar til þess að hagnýta sjer möguleika lands síns, hafa forystu í viðleitni þjóðarinnar til þess




Við vígsluathöfnina. Háskólakennarar. Í fremstu röð frá vinstri: Ásmundur Guðmundsson, prófessor; Guðmundur Thoroddsen, prófessor; Sigurður Einarsson, dósent; Sigurður Nordal, prófessor, og Magnús Jónsson, prófessor. Ljósma.: Vignir.

að þekkja land sitt sem best. —Íslenskrar æsku biði mikið hlutverk í þessum efnum. Háskólinn hlyti að hvetja þá æsku sem til hans sækti til skapandi starfs. —Í dag, 17. júní, hlytum vjer að minnast þess manns, sem glæsilegasta mynd hefði dregið upp af hlutverki hins ísl. Háskóla, Jóns Sigurðssonar, forseta. Hin skýra og raunsæa hugsun hans hefði verið leiðarljós í baráttu þjóðarinnar fyrir eflingu þessarar stofnunar. Og í anda hans yrði að starfa í framtíðinni. —Í samræmi við kenningu hans yrðum vjer að taka vísindin í þágu hins starfandi þjóðlífs. Vísindin ættu ekki aðeins að vera hið andlega ljós, heldur og hið andlega afl. —Lauk forsætisráðherrann máli sínu með því, að óska þess að frá Háskóla Íslands kæmu í framtíðinni sem flestir menn, sem unnið gætu þjóðfjelagi sínu nýt störf. —Fjekk hann síðan rektor og stjórn Háskólans forráð hinnar veglegu byggingar og árnaði stofnuninni og þeim mönnum, sem við hana störfuðu, allra heilla.

Doktorskjör

Þá tók til máls forseti heimspekideildar próf. Sigurður Nordal. Skýrði hann frá því að heimspekideild Háskólans hefði einróma kjörið prófessor



Við vígsluathöfnina. Háskólakennarar. Í fremstu röð frá hægri: Niels Dungal, prófessor; Ágúst H. Bjarnason, prófessor; Ólafur Lárusson, prófessor; Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor; Alexander Jóhannesson, háskólarektor. Í annarri röð frá hægri má m. a. sjá Bjarna Benediktsson, prófessor, og Guðmund Hannesson, prófessor. Ljós m.: Vignir.

Guðjón Samúelsson doktor philosophiae honoris causa í viðurkenningarskyni fyrir hið mikla starf, sem hann hefði unnið í þágu Háskólans. Kvað hann verkið lofa meistaran. — Þá lýsti rektor magnificus doktorskjöri og afhenti hinum nýkjörna doktor doktorsbrjefið. — Síðan var sunginn annar þáttur hátíðarljóðanna og söng Pjetur Jónsson einsöng.

Ávörp erl. ríkja

Þá fluttu fulltrúar erlendra ríkja ávörp. Komu fyrst fram fulltrúar Norðurlanda og þeirra fyrstur sendiherra Dana Fr. la Sage de Fontenay og mælti á latínu. Þá aðalræðismaður Norðmanna, Bay, þá aðalræðismaður Svía, Otto Johanson og þá aðalræðismaður Finna, Ludvig Andersen. Þá flutti ávarp sendih. Breta Mr. Howard Smith. Mælti hann á latínu. Afhenti hann rektor ávarp frá Cambridgeháskóla, skráð á pergament í vandaðri umgerð. — Næstur flutti ávarp aðalræðismaður Frakka M. Voillery. — Að lokum flutti svo prófessor Guðbrandur Jónsson ávarp frá Háskólanum í Dublin og mælti á latínu. — Þessu næst var svo sunginn síðasti hluti hátíðaljóðanna.



Við vígsluathöfnina. Alexander Jóhannesson, háskólarektor, flytur hátíðarræðu sína. Ljósmynd: Vignir.

Vígslulok

Þá flutti rektor Háskólans ávarp á latínu. — Þakkaði hann hinar hlýju kveðjur, sem Háskóla vorum hefðu borist á þessum tímamótum. Kvaðst hann vonast til, að Háskólinn mætti um aldur og ævi verða blysberi sannrar menningar í landinu. Að lokum var svo sunginn þjóðsöngurinn . . . Síðan var húsið gestum og bæjarbúum til sýnis til kvelds. Leiðbeindu Háskólastúdentar fólki um bygginguna.“

Nákvæmar upplýsingar um hátíðarathafnirnar í tilefni af vígslu háskóla-kapellunnar 16. júní og háskólabyggingarinnar 17. júní 1940 er að finna í Árbók Háskóla Íslands 1939–1940. Þar segir einnig m.a.:¹⁾

„Þegar stríðið skall á 1. sept. 1939 var byggingarnefnd í miklum vanda stödd, því að þá var byggingunni ekki svo langt komið, að horfur væru á, að henni yrði lokið fyrr en 1941 eða 1942, enda þá fyrirsjáanlegt, að kostnaður yrði miklu meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Var það einróma álit bygginganefndar að hraða verkinu sem mest, en þetta var ekki unnt nema

1) Tilv. rit, bls. 47–48.



Við vígsluathöfnina. Hermann Jónasson, forsætisráðherra, flytur ávarp. Ljósni.: Vignir.



Við vígsluathöfnina. Prófessor Sigurður Nordal, forseti Heimspekideildar, lýsir heiðursdoktorskjöri Guðjóns Samúelssonar. Ljósni.: Vignir.

Herra rektor, hálfríða samkoma!
 Frakkneski rit höfundurinn Alfred de
 Vigny hefur sagt þessi eftirminni-
 lega orð: „Qu'est ce qu'une
 grande vie? Une pensée de la
 jeunesse, réalisée dans l'âge
 mur.“ „Kvað eru niðil ör löng?
 Lát framkvæma mýsion þá elsku-
 árinu á þessum aldri“. Orkuinni
 er langt að druggna stóra drauma.
 Þeir draumar verða lítils virði,
 nema umið sé vitan að þú
 að láta þá verast. En maður
 þá hokklegar geta hins vegar ~~stær~~
 framkvæmdir fullbrotins árinu e
 elmi orvit, ef menn gefa
 sig niður: lífsþar áttu lítandi
 skundar og hafa gleymt öllu
 þú, sem þeir áður höfðu djarf-
 ast allan þeir og vonað. Það



Við vígsluathöfnina. Heiðursboðsgestir. Í fremstu röð frá vinstri: Jón Helgason, fyrrverandi biskup Íslands; Þórður Eyjólfsson, forseti Hæstaréttar; Sveinn Björnsson, sendiherra og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum; Stefán Jóhann Stefánsson, ráðherra; Haraldur Guðmundsson, forseti Sameinads Alþingis; Fr. le Sage de Fontenay, sendiherra Dana; Hermann Jónasson, forsætisráðherra; Howard Smith, sendiherra Breta; Ólafur Thors, ráðherra; Jakob Möller, ráðherra; Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands. Ljósrm.: Vignir.

stórlán yrði tekin og sérleyfi háskólans til að reka happdrætti til fjáröflunar yrði framlengt til 1946. Hvorttveggja heppnaðist, og veitti Alþingi 1940 hið umbeðna leyfi, og lán þau voru tekin, er nauðsynleg voru til að fullgera verkið. Var þá sú ákvörðun tekin í aprílmánuði, að vígslan skyldi fram fara á stofndegi Háskólans, 17. júní. . . —Eins og venja er til við slíkt tækifæri, var erlendum háskólum, stofnunum og nokkrum fræðimönnum boðið að vera viðstaddir vígsluna eða senda fulltrúa. Slík boð voru send milli 40 og 50 erlendra háskóla í Evrópu og Ameríku, en boðsbrefið var á íslensku og latínu. . . —Ennfremur var öllum íslenskum heiðursdoktorum erlendis boðið til vígslunnar. Mörg af þessum boðsbrefum komust aldrei á áfangastað, og varð því erlend þátttaka með öðrum svip en ella hefði orðið“.



Við vígsluathöfnina. Heiðursboðsgestir. Í fremstu röð frá hægri: Meulenberg, biskup kaþólskra; Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins; Jakob Möller, ráðherra; Ólafur Thors, ráðherra; Howard Smith, sendiherra Breta. Ljós m.: Vignir.

Sem sýnishorn þeirra ávarpa, sem Háskóla Íslands bárust frá erlendum háskólum í tilefni af vígslunni, skal hér birt íslensk þýðing kveðjuávarps Parísarháskóla, sem barst Háskólanum skömmu eftir vígsludaginn (birtist í Lesbók Morgunblaðsins 8. september 1940). Þannig ávarpar einn hinna elstu og virtustu háskóla veraldar einn hinna yngstu og smæstu:

„Háskólinn í París til Háskólans í Reykjavík.

Háskólinn í París sendir Háskólanum í Reykjavík sínar einlægustu kveðjur og heitustu óskir um frasæla framtíð í tilefni af hátíðahöldum þeim, sem fram fara í dag. Honum er kunnugt um, hverja þýðingu hefir fyrir alla Íslendinga þessi dagur, 17. júní, afmælisdagur Jóns Sigurðssonar, föðurlandsvinarins mikla, sem svo ötullega barðist fyrir sjálfstæði ættjarðarinn-



Nr. 3125 29. orð. þann. 17-6 1940, bl. 15.

Háskóli Íslands

Reykjavík .

Studentafjelag Reykjavíkur samfagnar Háskóla Íslands á vígsludegi hinnar veglegu háskólabýggingu og árnar stofnuninni vega og gengis .

Stjórn Studentafjélags Reykjavíkur
Ludvig Guðmundsson Egill Sigurgeirsson
Ármann Snævarr .

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskóli Íslands, er stofnaður var 17. júní 1911, á 100 ára afmæli þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar, hefir nú eftir 29 ára starf eignast nýja veglega byggingu, er verða mun framtíðarheimkynni háskólans, og verður þessi bygging tekin til afnota og vígð hátíðlega næstkomandi 17. júní. Hefst þá nýr þáttur í sögu háskólans, þar eð skilyrði hafa verið sköpuð til aukinnar vísindastarfsemi við hann. Háskóli Íslands mun minnst þessara tímamóta með hátíðahöldum í sambandi við vígsluathöfnina og væri ánægja og heiður, ef hinn nafnfrægi háskóli yðar vildi sýna háskóla vorum þann sóma, að taka þátt í þessum hátíðahöldum með því að senda fulltrúa eða á annan hátt.

Með alúðarkveðjum og fullvissu um virðing þá, er háskóli vor ber fyrir hinum ágæta og viðfræga háskóla yðar.

Reykjavík, 17. apríl 1940

rektor Háskóla Íslands.

CONSILIUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

COLLEGIS ET ACADEMICIS SALUTEM

UNIVERSITAS ISLANDIAE A. D. XV KAL. IUL. ANNI P. C. N. MCMXI, DIE NATALI IONAE SIGURDII, PROPUGNATORIS PATRIAE NOSTRAE PRAESTANTISSIMI, CENTESIMO CONSTITUTA NOVUM IAM POST UNDETRIGINTA ANNORUM LABOREM INDUSTRIAMQUE AEDIFICIUM MAGNIFICUM, QUOD AEDIFICANDUM CURAVIT, QUODQUE DOMICILIUM FUTURUM UNIVERSITATIS ERIT, POSSIDET, QUOD AEDIFICIUM A. D. XV KAL. IUL. PROXIMAS IN USUM RECIPIETUR ATQUE SOLLEMNITER INAUGURABITUR. TUM VERO, QUONIAM CONDITIONES, QUAE AD DOCTRINAS ARTESQUE LIBERALES EXCOLENDAS ATQUE FOVENDAS CONFERANT, ADSUNT, QUASI ACTUS HISTORIAE UNIVERSITATIS NOSTRAE NOVUS INCIPIET.

ILLUM IGITUR DEDICATIONIS DIEM LAETUM CELEBRANTES HOSPITALITER ENIXEQUE VOS ORARE ET OBSECRARE VELIMUS, UT FESTUM NOSTRUM LEGATO ALIQUO EX UNIVERSITATE VESTRA PRAECLARISSIMA MITTENDO ORNETIS ALIOVE MODO CONCELEBRETIS.

MAGNAM NOSTRAM ET SINCERAM ADMIRATIONEM REVERENTIAMQUE ACADEMIAE VESTRAE NOBILISSIMAE PROFESSI
SUMMAN VOBIS SALUTEM
DICIMUS.

VALETE.

DABAMUS REYCIAVICAE, IN URBE CAPITALI ISLANDIAE,
A. D. XV KAL. MAIAS ANNI DOMINI MCMXL

ALEXANDER JÓHANNESSON
RECTOR UNIVERSITATIS

UNIVERSITY OF CAMBRIDGE

E. HARRISON, M.A., *Registrar*
J. T. SAUNDERS, M.A.,
Secretary General of the Faculties
W. J. SARTAIN, M.A., *First Assistant Registrar*
H. CLAYE, M.A., *Assistant Registrar*



UNIVERSITY REGISTRY
CAMBRIDGE
TELEPHONE: Cambridge ■■■ 5451

When replying please quote: |

| H. 5/5965 | 22 May 1940.

Dear Mr Rector,

This University received with great pleasure your courteous invitation to take part in the ceremony arranged for June 17. We are unable to send a delegate to Iceland for that occasion, but a Latin Address to your University will be despatched through the Foreign Office to the British Minister in Iceland, Mr Howard Smith.

With best wishes for the success of the inauguration of your new buildings and for the continued prosperity of your University,

I am, dear Mr Rector,

Yours very sincerely,

E. Harrison

Registrar.

The Rector,
University of Iceland.

P.S. It is possible that the address may be presented by Mr A. L. Williams, of the British Consular Service, who is a graduate of Cambridge.

Svar Cambridge-háskóla við boðsbréfi háskólarektors (Úr skjalasafni Háskólans).



Mr. Charles Howard Smith, fyrsti sendiherra Breta á Íslandi, var fulltrúi háskólanna í Oxford og Cambridge við vígslu háskólabyggingarinnar.

ar. Nú þegar Frakkland heyrir stríð fyrir sjálfstæði sínu, minnst Háskóli Parísar, af hrærðum hug, hinnar djarflegu baráttu ættjarðarvinnarins íslenska, sem fæddist 17. júní 1811. — Háskólinn í París hefir fylgst af hinum mesta áhuga með starfi hins unga Háskóla Íslands, sem settur var á stofn fyrir 29 árum. Íslendingar hafa á öllum öldum haft frábæran skilning á andlegum verðmætum. Ísland er land skálda og sagnaritara. Þegar á miðöldum varðveittu Íslendingar, af sjerstakri kostgæfni, þá minnisvarða bókmenta, sem bera hinni háu menningu þeirra svo fagran vott, Eddukvæði, skáldakvæði, sögur og sagnfræðirit, sem síðan urðu sameiginlegur fjársjóður Norðurlandþjóða, þar sem þær fundu mynd fortíðar sinnar og öðluðust skilning sögu sinnar. — Seinna, þegar fræðimenn Norðurlanda tóku að rannsaka þessa minnisvarða, sem varðveitst höfðu á Íslandi, vou það Íslendingar, sem liðsintu þeim við skýringar þeirra og túlkanir. Það voru íslenskir fræðimenn, sem af óþreytandi elju söfnuðu saman handritum, sem dreifð voru um alt landið. Síðan gátu bókasöfn Norðurlanda rjettilega stært sig af þessum frábæru handritasöfnum, því þau geyma endurminningar heils kynstofns. — Þegar Háskóli Íslands 1911 byrjaði því starf sitt, gerði hann ekki annað en halda áfram á braut dýrðlegrar fortíðar. Hann hefir gert það af

*Gudfræðisdeild Háskóla Íslands biður yður að sjna sér
þá velvild að vera viðstaddur vígslu hinnar nýju kapelli Háskólans,
sem áformað er að fari fram sunnudaginn 16. júní næstkomandi,
kl. 2 síðdegis.*

*Þrestviðir menn eru beðnir að vera helst í hennu, og koma í
Háskólann klukkan 1³⁰—1⁴⁵, til þess að taka þátt í skriðgöngu
í kapelluna.*

Herra prófessor Jón Steffensen & frú

Svar óskast fyrir 10. júní til skrifstofu Háskólans (sími 3372).

Boðskort á vígsluathöfn háskólakapelli og háskólabýggingar 16. og 17. júní 1940.

þrautseigju og með góðum árangri, ekki einungis við rannsóknir bókmenta og rjettar, þar sem Íslendingar hafa á öllum tímum skarað fram úr, heldur einnig á sviði náttúruvísinda og læknisfræði. —Nú uppsker háskólinn verðlaun fyrir tuttugu og níu ára starf, fyrir elju, sem ósjerhlífir menn, og þá fyrst og fremst núverandi rektor hans, hafa sýnt við að tryggja framfarir hans. Vegna þessa starfs ósjerhlífanna manna og hins brennandi áhuga allra landsmanna fyrir málefnum, getum vjer nú komið saman í þessari undurfögru bygginu. Hátíðahöldin í dag eru trygging þess, að starf Háskóla Íslands heldur áfram, margþættara, ennþá frjórra. Háskólanum í París er mikil ánægja að því að taka þátt í þessari hátíð andans; hann gleðst af öllu hjarta með yður og fylgir yður í vonum yðar“.

Rektor Háskóla Íslands Alexander Jóhannesson
og háskólaráð bjóða yður

herra prófessor Jón Steffensen
að vera viðstaddur gudspjónustu í kapelli
Háskólans, er fer fram 17. júní næstk. kl. 10
um morguninn.

Hádegisbúningur.

Svar óskast fyrir 10. júní til skrifstofu háskólans (sími 3372).

Rektor Háskóla Íslands Alexander Jóhannesson
og háskólaráð leyfa sér að biðja yður

herra prófessor Jón Steffensen
að vera viðstaddur vígslu háskólabýggingarinnar,
er fer fram 17. júní næstk. kl. 2³⁰ e. h.
Óskad er eftir, að gestir komi milli kl. 2 og 2²⁵.

Hlidarþúningur.

Svar óskast fyrir 10. júní til skrifstofu háskólans (sími 3372).

Óskast sýnt við innganginn.



Stundaklukka þessi var gjöf til Háskólans frá Jörgensen, úrsmíðameistara í Kaupmannahöfn, í tilefni af vígslu háskólabýggingarinnar. Gefandinn var ættmenni Jörundar hundadagakonungs. Ljós.: Vignir.

Í fyrrnefndu hátíðarljóði *Jakobs Jóh. Smára* segir m.a.:

„Rísi hér af helgum grunni
hárra mennta tigin vé,
og af Mímis björtum brunni
bergt hér oft og mikið sé.
Hér skal rækta, hendi og munni,
heimsins aldna vizku-tré, –
hrímlenzk fræði yfir unni
öðrum þjóðum láta í té.

Aðalsmerki manndóms æðsta,
markviss, ótrauð sannleiksprá,
beini sá að himni hæsta,
hvert sem ber um tímans sjá, –
greini í korni sandsins smæsta,
sólnafjöldi, á mannsins brá,
furðu bæði hins fjærsta og næsta,
fegurð alls, sem heimur á.“

Vígsluathöfnin vakti að sjálfsögðu mikla athygli á Háskólanum og málefnum hans, og má m.a. ráða af heimildum, að sumir hafa að henni lokinni gagnrýnt bygginguna nýju vegna stærðar hennar og kostnaðar. Af því tilefni ritaði *Sigurður Nordal*, prófessor, stutta „varnargrein“ í Tímarit Máls og menningar 1940,²⁾ þar sem hann segir:

„Háskólabyggingin nýja var vígð 17. júní síðastl., á 29. afmælisdegi Háskólans og 129. afmælisdegi Jóns Sigurðssonar. Vígsluathöfninni var útvarpað, og fór hún á allan hátt vel fram, hátíðlega, en yfirlætislaust. Voru engin veizluhöld í sambandi við hana, því að hvorki ástandið hér á landi né í veröldinni yfirleitt, þótti með þeim brag, að efnandi væri til slíks mannfagnaðar. – Þúsundir manna skoðuðu bygginguna að kvöldi vígsludagsins og næstu daga. Mun það samróma álit manna, að hún sé hin glæsilegasta, svo að aldrei hafi verið reist jafn veglegt hús hér á landi og það mundi vekja eftirtekt, þótt með stórþjóð væri. Athygli manna beinist ekki sízt að því, hvernig íslenzkt efni hefur verið notað þar á nýstárlegan hátt til

2) 2. hefti 1940, bls. 89–90.

ýmiss konar þrýði, og má búast við, að það hafi mikil áhrif á húsagerðarlist hér á landi framvegis. —Það er sagt, að húsið muni alls kosta hátt á aðra milljón króna, þegar gengið hefur verið frá hinni stóru lóð, sem fylgir því og Reykjavíkurbær hefur gefið. Þetta er mikið fé, enda hafa einstakir pólitískir leiðtogar látið sér vaxa það í augum, annaðhvort hneykslast á slíkri eyðslu-semi eða afsakað að hafa verið við hana riðnir. —Um þessa byggingu gegnir þó að einu leyti sérstöku máli. Hún er, eins og kunnugt er, reist fyrir fé það, sem Háskólanum hefur áskotnast og á enn eftir að áskotnast af rekstri happdrættisins. Enginn skildingur til hennar er innheimtur með tollum né sköttum, heldur er hverjum frjálst, hvort hann styður gott málefni með því að taka þátt í happdrættinu, um leið og hann freistar gæfunnar. Þess er líka að gæta, að Háskólinn varð að fá hús, því að engri íslenskri menntastofnun hefur verið svo herfilega búið með húsakynni á síðari árum. Það hús hlaut að verða alldýrt, ef það væri miðað við vöxt. Ef til vill hefði mátt eitthvað spara í bráð, með því að hafa húsið minna, og í lengd, með því að hafa það ljótara. En annars er það hreint ekki allt af ódýrara að byggja ljót hús en falleg. Þar koma aðrir hlutir til greina. —Einn þingmaður hefur í sambandi við þessa byggingu talað um „musterisstefnu“, sem væri háskaleg fátækri þjóð, og bent á, hversu mörg sveitabýli hefði mátt reisa fyrir þetta fé. Hann neitaði samt ekki, að Háskólinn þyrfti hús, og er þá ekki um annað að ræða en muninn á minna og óvandaðra húsi og þessu. Gerum ráð fyrir, að nýi Háskólinn kosti 1 milljón og 800 þús. krónur, en viðunandi hús hefði fengizt fyrir helming þess fjár. Fyrir hinn helminginn fæst það, að nóg rúm er fyrir nýjar starfsdeildir í byggingunni, stúdentar og kennarar starfa í fallegu umhverfi og þjóðin hefur eignast hús, sem er listaverk, henni til sóma og almenningi upplýfting að skoða. —Tæpum þrem vikum eftir vígslu Háskóla-byggingarinnar var ný kirkja vígð að Tjörn á Vatnsnesi. Samkvæmt blaðafregnum kostaði hún rúmar 18 þúsundir króna, en í söfnuðinum eru alls um 70 manns. Ef borið er saman, hvað íslenska þjóðin hefur kostað til Háskólahússins og Tjarnarsöfnuður til kirkju sinnar, þá verður útkoman sú, að á hvern Íslending koma tæpar 15 krónur til Háskólans, en á hvert mannsbarn í Tjarnarsöfnuði rúmar 257 krónur til kirkjunnar. Líklega er fremur fátækt fólk á Vatnsnesinu og kirkjan sjaldan notuð. En hvað sem öllum trúmálum viðvíkur, þá hefur þessi fátæki og fámenni hópur viljað hafa kirkjuna sína vandaða, úr því að þurfti að reisa hana á annað borð. Það er hvorki heimska né hégómaskapur. Það er myndarskapur. —Það er stundum talað um *kotungslegan hugsunarhátt*. En er ekki „kotungunum“ gert rangt til með þessum orðum? Er ekki mikið af þessum hugsunarhætti bruggað af leiðtogum, sem halda, að fátækt og smásálarskapur fylgist að og þeir snerti með fortölum sínum viðkvæma strengi hjá kjósendunum? Dæmi Tjarnarsafnaðar



Á vígsludaginn. Mannfjöldi við Háskólann. Almenningi var gefinn kostur á að skoða bygginguna að vígsluatöfninni lokinni. Ljós.: Karl Nilsen.

sýnir að minnsta kosti, að musterisstefnan er ekki nein nýtízkuleg uppfinning eins húsameistara í höfðuborginni og ráðunauta hans, heldur lifir góðu lífi meðal sveitafólksins og á sér eldgamla rætur hjá þeirri þjóð, sem hefur sýnt það frá fornu fari í menningarviðleitni sinni, að hún hefur ekki viljað „láta baslið smækka sig“. Alþýðan má vara sig á að gína við þeirri flugu, að hún eigi að hugsa kotungslega, þótt laglega og vinsamlega sé beitt á öngulinn.“

Háskólabyggingin tekin í notkun – Hernám – Nýr stúdentagarður byggður

Vorið 1940 var Ísland hernumið, og tók hernámliðið þegar í stað eða fljótlega ýmsar opinberar byggingar til sinna nota, um skemmri eða lengri tíma. Lögðu hermennirnir m. a. undir sig Þjóðleikhúsbygginguna og hús Menntaskólans í Reykjavík, en háskólahúsið nýja létu þeir í friði. Sennilega hafa þó Bretar haft augastað á húsinu, og e. t. v. má trúá þeim ummælum Jónasar Jónssonar í ritinu „Íslensk bygging“, „að þegar háskólinn var vígður, skömmu eftir að Bretar hersettu Ísland vorið 1940, lýsti sendiherra Breta yfir, að vegna þess hve byggingin væri fögur og vel gerð hefði herstjórnin látið vera að taka húsið til hernaðarþarfa, þó að þess hefði verið ærin þörf.“¹⁾

Háskólinn hélt því húsi sínu, og hófst kennsla þar haustið 1940. Var skólinn settur í hátíðarsalnum á fyrsta vetrardag 26. október.

Í fyrstu stóð til, að Kennaraskólinn fengi ókeypis húsnæði í byggingunni, og átti reyndar að stofna kennaradeild við Háskólann, sem væri til húsa á efstu hæð, en þetta komst ekki til framkvæmda. Eftir að Menntaskólinn varð húsnæðislaus, var honum hins vegar fengið rými í háskólabyggingunni (og reyndar einnig í fyrrverandi húsnæði Háskólans í Alþingishúsinu) og gaf Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem Háskólinn heyrði þá undir, fyrirmæli um það með bréfi, dags. 20. ágúst 1940. Kostnaður við innréttingu norður-enda efstu hæðar af þessu tilefni var greiddur úr ríkissjóði. Var þetta ákveðið gegn vilja háskólaráðs, sbr. eftirfarandi bréf rektors til forsætisráðherra, dags. 25. júlí 1940 (afrit geymt í skjalasafni Háskólans):

„Eg hef lagt fyrir háskólaráð, hæstvirti forsætisráðherra, málaleitun yðar um að taka inn í háskólabygginguna í haust einhverja ríkisskóla, ef nauðsyn ber til. Háskólaráðið samþykkti á fundi í gær eftirfarandi:

Háskólaráðið lítur þannig á, að gersamlega ókleift sé að taka mennta-

1) Tilv. rit, bls. 128.



Breski fáninn við hún á Menntaskólanum í Reykjavík 13. júní 1940. Ljós m.: Þórey Þorleifs-dóttir.


skólann inn í bygginguna vegna allsendis ónógs húsnæðis, enda mikil hætt á, að húsið og húsbúnaður yrði fyrir spjöllum af völdum nemanda á því reki, en vill hinsvegar athuga, hvort fært sé að koma fyrir öðrum minni skólum með þroskaðri nemöndum, eins og t. d. vélstjóraskóla og stýrimannaskóla, á efstu hæð hússins, þar sem kennarskólanum er ætlað það húsrúm, sem afgangur verður á miðhæðinni.

Vér erum reiðubúnir, eins og lofað var s. l. vetur, að taka við kennarskólanum, og mundum reyna að koma fyrir vélstjóraskóla og stýrimannaskóla, ef þörf krefur. En þá þarf að fullgera efstu hæðina, og yrði því að taka ákvörðun um þetta mjög bráðlega. Eg vil benda á, að ef úr þessu yrði, ætti að vera hægt að nota húsnæði stýrimannaskólans og þau herbergi í alþingishúsinu, er háskólinn hefur notað, fyrir menntaskólann. Sá skóli þarf a. m. k. 9–10 kennslustofur, auk herbergja fyrir söfn, kennarastofu og skrifstofu, en í háskólabyggingunni eru aðeins 11 kennslustofur, og er ein af þeim sérkennslustofa fyrir læknadeild og önnur of stór fyrir venjulega bekki (auditorium maximum), enda eru þar aðeins stólar (110), en engin borð. Verða þá eftir 9 kennslustofur, og af þeim á kennarskólann að fá 4, en



Þjóðleikhúsið var tekið og gert að birgðaskemmu hersins. Daga 18.–22. maí 1940 unnu Bretar við að koma þar fyrir vörum sínum. Ljós.: Svavar Hjaltested.

háskólinn þarf hinna 5, og er varla nóg, ef nýjum kennslugreinum verður bætt við, eins og eg hef farið fram á. Á efstu hæð væri hægt að gera 6 stofur, en nokkurn hluta þessa húsnæðis er í ráði að nota fyrir aðalskrifstofu happdrættisins, og væri því í mesta lagi hægt að koma þar fyrir áðurnefndum vélstjóraskóla og stýrimannaskóla. – Ef ráðuneytið óskar, að gert yrði ráð fyrir þessum skólum, er æskilegt, að eg fengi vitneskju um það eins fljótt og unnt er, enda geri eg þá ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann kostnað, er fullgerð efstu hæðarinnar hefur í för með sér.“



Pegar á fyrstu dögum hernámsins tók hernámsliðið hluta stúdentagarðsins við Hringbraut til sinna þarfa. Í fyrstu var einnig slegið upp tjöldum á lóðinni, en síðar voru byggðir þar fjölmargir hermanskálar (braggar). Hernámsliðið lét Garð eigi lausn fyrr en í stríðslok þrátt fyrir eindregin mótmæli stúdenta, og var hann notaður sem hersjúkrahús öll þessi ár. Ljós m.: Svavar Hjaltested.

Eftir tvo vetur fékk þó Menntaskólinn hús sitt aftur.

Áður en Háskólinn flutti starfsemi sína í nýja húsið, hafði m.a. komið til álita, að Hæstiréttur fengi þar samastað. Í bréfi ráðuneytis frá 23. febrúar 1940 (sem geymt er í skjalasafni Háskólans) var þeim Guðjóni Samúelssyni, Þórði Eyjólfsyni og háskólarektor falið að „framkvæma athugun á því, hvort ekki myndi fært að veita Hæstarétti viðunandi húsakynni í hinni nýju háskólabyggingu.“ Af því tilefni ritaði rektor, Alexander Jóhannesson, eftirfarandi bréf til ráðuneytisins, dags. 16. mars (afrit í skjalasafni Háskólans):

„Fyrir hönd húsameistara Guðjóns Samúelssonar, dr. Þórðar Eyjólfs-sonar og mín, er með bréfi ráðuneytisins 23. febr. vorum beðnir að framkvæma athugun á, hvort ekki myndi vera hægt að veita Hæstarétti viðunandi húsakynni í hinni nýju háskólabyggingu, leyfi eg mér að skýra ráðuneytinu frá, að þessi athugun hefir farið fram með þeim árangri, að hæstaréttardóm- ararnir sjálfir telja húsnæði það, er til greina gæti komið, óhentugt, og virðist

ekki mögulegt að gera þær breytingar á því, er nauðsynlegar væru fyrir starfsemi dómstólsins.“

Notkun háskólahússins var frá upphafi mikil og varð það þegar eftirsótt fyrir hverskyns fundarhöld og samkomur – og hefur svo verið lengst af síðan, eða þar til nýrri byggingar tóku að nokkru við því hlutverki á síðari árum. Til fróðleiks skal hér birt „skýrsla um athafnir í háskólabyggingunni frá júní 1940 til 1. jan. 1941“, sem umsjónarmaður Háskólans sendi rektor (í skjalasafni Háskólans):

- „Júní: Prestastefnan haldin í St. nr. I (3 daga).
 Sept. 17.: Fundur skólastjóra ofl. í sambandi við hið breytta ástand útaf hernáminu.
 – 18.: Læknafélag Rvíkur heldur fund í stofu Nr. I.
 Okt. 9.: Læknafundur.
 – 10.: Rektor boðar á sinn fund tungumálakennara v/væntanl. tungumálakennslu í skólanum.
 – 10.: Fundur verkfræðinga.
 – 21.: Safnaðarfundur, Fr. Hallgrímsson.
 – 24.: Páll Ísólffson heldur æfingu með kór.
 – 25.: Fundur guðfræðinga, Ásm. Guðmundsson.
 – 26.: Rektor tekur á mótí ca. 80 manns í kennarastofu og skrifst. rektors. Veitingar. Tilefni byrjun starfsins hér.
 – 29.: Skilafundur stúdenta.
 – 30.: Rektor á fundi með landlækni, rektor Mentask. ofl.
 Nóv. 3.: Ág. H. Bjarnason, fyrirlestur, opinber í hátíðarsal.
 – 6.: Fundur stúdenta.
 – 7.: Orator, fundur í stofu I.
 – 13.: Læknafundur í stofu I.
 – 13.: Fundur tannlækna í stofu IV.
 – 14.: Þorkell Jóhannesson, fyrirlestur í stofu I.
 – 15.: Bj. Ólafss., Ág. Kristj., hljótleikar í hátíðarsal.
 – 16.: Fundur guðfræðinga í kennarastofu.
 – 18.: Hljótleikar B.Ó., Á.K., hátíðarsal.
 – 19.: Fyrirlestur, S.J. Ágústsson, stofu I. Skuggamyndir.
 – 20.: Vaka, fundur stúdenta.
 – 21.: Þork. Jóhannesson, fyrirlestur í stofu I.
 – 24.: Niels P. Dungal, opinb. fyrirlestur í hátíðarsal.
 – 26.: Fundur stúdenta í st. II.
 – 28.: Þork. Jóhannesson, fyrirlestur opinb. í st. I.

- 30.: Afmælistónleikar Eggerts Stefánss. í hátíðarsal.
- 30.: Har. Nielssonar fyrirlestur í hát.sal., Nordal.
- Des. 1.: Fullveldishátíð stúdenta í hát.sal.
- 6.: Fyrirl., Þórh. Þorgilsson í st. II.
- 8.: Guðm. Thoroddsen, opinb. fyrirl. í hát.sal.
- 11.: Læknafundur, st. I.
- 11.: Hljómleikar Bj. Ólafss. & Ág. Kristj. í hát.sal.
- 12.: Fundur læknanema í stofu II.
- 13.: Hljóml. Bj. Ólafss. & Ág. Kristj. í hát.sal.
- 13.: Fundur stúdenta.
- 14.: Kaffikvöld Mentaskólans, í norðurkjallara.
- 14.: Fundur laganema., st. II.
- 15.: Kosningar til prests, Nesprestakall, í norðurkjallara.
- 18.: Fundur verkfr.félagsins, kennarastofu.
- 18.: Fundur stúdenta í st. II.
- 18.: Læknafundur í st. I.
- 21.: Votur „rannsóknarfundur“ í kennarastofu.
- 31.: General-prufa „Faust“, í hát.sal.
- 31.: Nýársfagnaður stúdenta í veitingast. matsölnunnar.

Frá upphafi var ljóst, að kostnaður við rekstur hússins yrði mikill og var vandséð, hvernig það vandamál yrði leyst – þótt ýmiskonar sparnaðarhugmyndir væru uppi – svo sem sjá má af bréfum, sem geymd eru í skjalasafni Háskólans. Fyrst í stað var húsið hitað með kolakyndingu, sökum þess að hitaveita brást, og virtist sá kostnaðarliður ætla að verða óbærilegur, en þá gerðist það, að sendiherra Breta hér á landi, *Howard Smith*, ritaði utanríkisráðherra og bauð, fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar, Háskólanum 250 lestir af kolum á sérlega lágu verði. Bréf sendiherrans er dagsett 26. ágúst 1940 og hljóðar svo:

„Realizing the great inconvenience and difficulties to which Iceland had been put by the non-arrival of the hotwater pipes from Denmark, and at the same time desiring to mark in some small way their admiration of Icelandic education and especially of the achievement of the new University building, His Majesty's Government have thought that the Rector and Senate of the University might be willing to accept a consignment of coal for the heating of the University during this winter at a considerably reduced price. The suggestion is that 250 tons of coal should be supplied at £2 a ton which would include freighting and handling charges and it would be available in the early days of September. I should be very grateful if your Excellency would lay



Breskir hermenn reisa tjöld sín á háskólalóðinni í maímánuði 1940. Ljósma.: Svavar Hjalte-
sted.

this suggestion before the Rector of the University and inform me of Dr. Johannesson's views in due course, in order that the necessary arrangements can be made."

Þessu athyglisverða tilboði var komið á framfæri við háskólayfirvöld og 3. september segir háskólarektor í bréfi til utanríkisráðherra:

„Háskólaráðið hefir fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga, að kaup-
tilboði þessu sé tekið, en telur, að mál þetta heyri undir kennslumálaráðuneyt-
ið, enda varðar það ekki háskólann einan, heldur einnig menntaskólann,
sem hefir afnot af húsi háskólans í vetur.“

Afrit bréfa þessara eru varðveitt í skjalasafni Háskólans.

Stúdentagarðinn hernámu Bretar skömmu eftir komu sína hingað til lands 1940, og var húsið notað fyrir hersjúkrahús og smám saman byggðir margir skálar þar á lóðinni og í námunda við háskólabyggginguna, svo sem sjá má af myndum frá þessum tíma, sem hér eru birtar. Var þá fyrst í stað komið upp




Hermannatjöld við Loftskæptastöðina 1940. Til hægri á myndinni sést í Háskólann. Ljós-
m. Svavar Hjaltsted.

mötuneyti stúdenta í háskólabýggingunni og heimavist stúdenta var þar einnig um skeið. Garðurinn varð eigi laus aftur handa stúdentum fyrr en 1945.

Forsvarsmenn stúdenta beittu sér mjög fyrir því, að námsmenn fengju Garð aftur, en án árangurs. Í Stúdentablaðinu 1. desember 1941 ritaði *Einar Ingimundarson*, þáverandi formaður Stúdentaráðs, skelegga grein, er hann nefndi „Vér krefjumst Garðs“. Fer hún hér á eftir.²⁾


„Í hálf tannað ár hafa stúdentar lagt krók á leið sína, er þeim hefir orðið gengið fram hjá Stúdentagarðinum. Einkennisklæddir hermenn hafa varnað

2) Tilv. rit, bls. 18–20.



Herflokkur á gangi á Suðurgötu 1940. Háskólinn í baksýn. Ljós.: Svavar Hjaltested.

þeim inngöngu í sitt eigið heimili. — Öllum stúdentum og sjálfsagt mörgum fleiri er kunnugt, hvernig það atvikaðist, að stúdentar voru hraktir af Garði. Ég mun þó lítillega drepa á tildrög þess, til þess að skýra málið fyrir þeim, sem það er ekki þegar kunnugt. — Hin brezku hernaðaryfirvöld munu ekki hafa dvalizt lengi hér á landi, er þau fengu augastað á Garði sem sjúkrahúsi. Hernaðaryfirvöldin munu hér, sem endranær, ekki hafa spurzt ítarlega fyrir um það, hvort eigendur hússins væru fúsir til að sleppa því við þau, þótt ekki væri nema um stundarsakir, heldur gáfu ótvírætt í skyn, að mótbárur gegn aðgerðum þeirra væru þýðingarlausar. Átti því Garðstjórn ekki annars úrkostar en að semja við hin brezku yfirvöld um leigu Garðs. Leigusamningurinn mun hafa verið sæmilega hagkvæmur út af fyrir sig, ef miðað væri við það, að Bretar hyrfu fljótlega af Garði aftur, en ef miðað væri við það, að samið hefði verið um leigu hússins um langan tíma, ef til vill mörg ár, gæti




Stúdentagarðurinn við Hringbraut ásamt herskálum. Ljósni.: ókunnur.

enginn leigusamningur orðið svo hagkvæmur, að hann skapaði mótvægi gegn þeim óþægindum, sem stúdentar verða fyrir vegna setu Breta á Garði. – Garðstjórn mun þegar frá upphafi hafa lagt á það höfuðáherzlu, að fá skýr og ákveðin loforð Breta um, að þeir sætu aðeins skamman tíma í húsinu, og hin brezku yfirvöld munu ekki hafa tekið því ólíklega, en fremur virðast loforð þeirra hafa verið loðin og óákveðin allt frá byrjun, eftir því, sem Garðstjórn skýrði frá á almennum stúdentafundi, sem haldinn var nýlega. Það varð einnig ljóst af upplýsingum Garðstjórnar á þessum sama fundi, að í heilt ár hefir Garðstjórn gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá Breta til að rýma Garð. En Bretarnir hafa alltaf þæft fyrir, þegar slíkt hefir borið á góma, en aldrei neitað kröfum Garðstjórnar harðlega. En nú er svo komið, *að stúdentum er tekið að leiðast þófið og krefjast nú Garðs skilyrðislaust og það sem allra fyrst.* – Þegar svo var komið, að stúdentar búsettir úti á landi gátu ekki lengur leitað athvarfs á Garði, varð að sjálfsgöðu að reyna að sjá þeim fyrir öðru húsaskjóli. Garðstjórn og Stúdentaráð hófust því handa í fyrrihaust um útvegum herbergja til handa stúdentum, sem úti á landi bjuggu og komu til bæjarins með haustinu til að stunda nám sitt. – Þessi viðleitni Garðstjórnar og Stúdentaráðs bar þá allgóðan árangur, svo að



Herskálar við Stúdentagarðinn. Ljós m.: Stefán Nikulásson.

öllum þeim, sem leitað höfðu aðstoðar um útvegum herbergja, var veitt úrlausn. Nærri má þó geta, að herbergi þau, sem Stúdentaráði og Garðstjórn tókst að útvega, stóðust fæst eða engin samanburð við hin ágætu herbergi, sem hægt var að bjóða stúdentum upp á á Garði. Þar að auki var með þessu komið í veg fyrir, að stúdentar nytu þess hagræðis að borða á sama stað og þeir bjuggu á, en eins og kunnugt er, var á Garði rekið mótuneyti, þar sem stúdentum var gefinn kostur á ódýru og góðu fæði. Mótuneyti með svipuðu sniði er nú rekið í kjallara Háskólans og á Garðstjórn þakkir skilið fyrir að hafa komið því á laggirnar. Annars tjáir ekki að leitast við að telja upp svo að tæmandi sé allt það óhagræði, sem hernám Garðs hefir bakað stúdentum, ef það skyldi gert, myndi sú upptalning sennilega fylla alla dálka þessa blaðs. — Á síðastliðnu hausti tókst ekki eins vel til um útvegum herbergja handa stúdentum. Garðstjórn og Stúdentaráð voru enn sem fyrr öll af vilja gerð til að greiða götu stúdenta í þessum efnum, en varð nær ekkert ágengt. Um 60 stúdentar sendu umsóknir til Stúdentaráðs, en aðeins 2 herbergi tókst að útvega. Var nú ekki annað sýnna en að öllum hinum húsnæðislausu stúdentum yrði vísað á götuna sem hinn eina fáanlega bústað. Hinum brezku hernáðaryfirvöldum mun nú hafa verið sagt frá, hvernig komið væri fyrir húsnæðismálum stúdenta og tjáð, að hin eina leið til úrbóta væri, að þeir hyrfu þegar í stað af Garði. Ekki munu Bretarnir hafa verið fúsir til þess, en buðust hinsvegar til þess að byggja 2 skála af sömu gerð og hina venjulegu




Garður og herskálar. Ljós.: Stefán Nikulásson.

hermannaskála setuliðsins. Annar þessara skála skyldi notaður til íbúðar fyrir stúdenta, en hinn fyrir mótuneyti þeirra. Það er skemmst frá að segja um tilboð þetta, að það var svo fáránlegt og óaðgengilegt í alla staði, að furðu sætti, enda var því hafnað bæði af Garðstjórn og Háskólaráði. Voru nú reyndar ýmsar leiðir, til þess að bæta úr húsnæðisvandranum, en flestar reyndust ófærar, eins og að líkum lætur eftir þeim húsnæðisvandranum, sem nú eru í bænum. Mörgum húsnæðislausum stúdentum tókst þó að fá húsaskjól hjá kunningjum sínum hér í bænum, en allmargir áttu hvergi höfði sínu að að halla og leit nú ekki út fyrir annað, en að þeir neyddust til að hverfa heim aftur og leggja nám sitt á hilluna um stundarsakir vegna húsnæðisskorts. – Garðstjórn tókst þó að afstýra þessum vandræðum í bili með




Pannig var umhorfs við garð 1944. Ljós m.: ókunnur.

Því að fá 5 kjallaraherbergi Háskólans til íbúðar fyrir þá, sem verst voru staddir. Búa nú þar 15–20 stúdentar. . . aðbúnaður í þessum vistarverum er ekki og getur ekki verið allskostar ákjósanlegur. Verður manni ósjálfrátt á að bera saman þessi kjallaraherbergi og hin björtu og vistlegu herbergi á Garði. — Hefi ég nú stuttlega drepit á hernám Garðs, öngþveiti það í húsnæðismálum stúdenta, sem af því leiddi og leiðir þær, sem valdar voru til úrbóta. — Hvernig sem málum þessum er vikið til, hlýtur niðurstaðan æfinlega að verða sú sama, og hún er sú, að endurheimta Garð stúdentum til handa sem allra fyrst, sé það eina, sem að fullu geti bætt úr húsnæðisvand-ræðum þeirra undir þessum kringumstæðum. — Stúdentar viðurkenna, að Bretum hafi verið full þörf á húsi, sem nota mætti sem sjúkrahús, meðan þeir voru að búa um sig hér á landi. En, að þeim hafi ekki ennþá unnizt tími til að reisa sjúkrahús fyrir sjúklinga sína, hús, sem þeir gætu flutt í af Garði, því trúu stúdentar *aldrei*. En þá grunar, að viljaleysi Breta sé um að kenna, en ekki ómöguleika á að rýma Garð. Og eins og ég gat um fyrr, er nú stúdentum tekið að leiðast þófið um Garð og krefjast nú heimilis síns skilyrðislaust. — Öllum háskólastúdentum ber að fylkja sér um hverja skynsamlega tilraun, sem miðar að því að endurheimta Garð. Stjórn mála-skoðanir þeirra koma vitanlega þessu máli ekkert við og þær tilraunir, sem gerðar hafa verið og gerðar kunna að verða hér eftir, til að gera Garðsmálin að pólitísku áróðursefni, ber harðlega að víta. — Sundrung og samtakaleysi



Hinn 15. september 1942 var haldið reisugildi Nýja-Garðs, og birtist hér mynd af byggingunni, eins og hún leit út þá. Um byggingu hússins segir í Stúdentblaði 1. desember 1942: „Á s. 1. vetri var ákveðið á almennum stúdentafundi að reisa nýjan stúdentagarð til að reyna að bæta úr þeim vandræðum, sem hernám gamla Garðs hefur valdið stúdentum. Var samþykkt að fela sjö manna byggingarnefnd að sjá um framkvæmdir í því efni. Í nefndinni eiga sæti prófessor Alexander Jóhannesson og prófessor Ágúst H. Bjarnason tilnefndir af Háskólaráði. Lárus Pétursson stud. jur. og Ásberg Sigurðsson stud. jur., tilnefndir af Garðstjórn, Benedikt Bjarklind stud. jur. og Pétur Thorsteinsson stud. jur. tilnefndir af Stúdentaráði og Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri stjórnskipaður. Stjórn nefndarinnar skipa: Prófessor Alexander Jóhannesson formaður, Lárus Pétursson, gjaldkeri og Pétur Thorsteinsson, ritari. Í maímánuði s. l. var vinna við bygginguna hafin, og hefur henni miðað vel áfram. Fjöldi stúdenta hefur gefið dagsverk í Nýja-Garð. Í allt sumar hefur verið unnið sleitulaust að byggingunni, og hafa margir stúdentar unnið þar að staðaldri. Ásberg Sigurðsson, núverandi formaður stúdentaráðs, stjórnaði verkinu“.

myndi tefja fyrir úrlausn þessa máls, sem allra annara. Látum slíkt ekki henda okkur, en fylkjum okkur öll um hverskonar skynsamlega viðleitni, sem miðar að því að endurheimta Garð. Þá skulu Bretar vita það, að bak við kröfur um, að þeir hverfi af Garði sem skjótast, hver, sem ber þær fram, standa stúdentar allir fylktu liði, reiðubúnir til að fylgja fram máli sínu til sigurs.“



(Úr Stúdentblaði 1943).

Dæmi eru þess, að til árekstra kæmi milli stúdenta og hermanna á háskólalóðinni, sbr. eftirfarandi frétt úr Morgunblaðinu, 28. október 1941:

„Stúdentar héldu dansleik í kjallara Háskólans s. 1. laugardagskvöld. Var eingöngu ætlast til að þar væru stúdentar og gestir þeirra. En um eitt leytið komst nokkur truflun á dansleikinn, er þrír amerískir hermenn birtust óboðnir í danssalnum. — Hermennirnir höfðu komist inn með því að skrifa inn um glugga. Stúdentar báðu hina óboðnu gesti að hverfa af dansleiknum

þar sem þetta væri dansleikur stúdenta en ekki annarra. Tóku hermennirnir því ekki illa en einn hermannanna skoraði á einhvern stúdent að koma og slást við sig, ef nokkur fyndist svo djarfur. – Tveir stúdentar gáfu sig fram og fóru út með hermönnum. Er út var komið, fóru þeir, sem berjast áttu, úr jökkum sínum, tókust í hendur og einvígið hófst. Lauk því með að hermaðurinn lá óvígur og blæddi nokkuð úr honum. – Eftir þessi málalok hurfu hinir erlendu hermenn á brott. – Skömmu síðar kom allstór hópur amerískra hermanna að Háskólanum og krafðist inngöngu á dansleikinn. Tóku stúdentar því fjarri. Urðu hermennirnir þá allágengir og var kallað á ameríska herlögreglu. – Tvístraði herlögreglan óróaseggjunum og tók þrjá þeirra fasta. Eftir það gátu stúdentar dansað í friði. – Ragnar Jónsson, fulltrúi sakadómara rannsakaði mál þetta í gær og tók skýrslur af stúdentum er voru viðstaddir. – Síðan verður málið sent til amerískra heryfirvalda.“

Þegar ljóst varð, að stúdentar fengju ekki Garð að sinni, höfðu þeir frumkvæði að því, að byggður var nýr stúdentagarður á háskólalóðinni. Var byrjað á því verki vorið 1942, en fullbúinn var Nýi-Garður í septembermánuði 1943.

Lokaorð

Háskólabyggingin við Suðurgötu var á sínum tíma eitt hið mesta stórhýsi á landinu og þótti þá – og þykir enn – glæsilegt hús með listrænu yfirbragði. Á orði var haft, hversu vel var vandað til byggingarinnar, eins í hinum smæstu atriðum, og enn undrast þeir, sem best til þekkja, hversu byggingin og innviðir hennar margir hafa staðist vel hið þunga álag í hálfan fimmta áratug. Þess var fyrr getið í þessu riti, að um það leyti, sem hafist var handa um bygginguna, 1936, var það ætlun Alexanders Jóhannessonar, formanns byggingarnefndar og eldhugans í byggingarmálinu, að eftir 50 ár mætti reikna með því, að háskólastúdentar væru orðnir 400–500 talsins, eða tvöfalt fleiri en þá var, og hefur þá sjálfsagt einhverjum blöskrað tilhugsunin um allan þann fjölda! Sé þetta haft í huga, má sjá, að háskólabyggingin var sniðin vel við vöxt. Nú, þegar þessi 50 ár eru liðin og tala þeirra stúdenta, sem í Háskólann sækja, er nálega tíföld frá því, sem spáð var, er ekki nema von, að háskólabyggingin fái eigi risið undir öllum þeim kröfum, sem til hennar voru gerðar í upphafi. Kom það reyndar snemma í ljós, að þörf var á að byggja útbýli frá höfuðbólínu, og er sú þróun alkunn og augljós hverjum þeim, sem lítur yfir háskólahverfið. Stofnunin hefur vaxið örar en nokkurn gat órað fyrir um 1940 og starfsemin margfaldast að umfangi og fjölbreytileika. Miklar kröfur eru nú gerðar til aðbúnaðar í öllum greinum, og flestum þykir ekki nema sjálfsagt og krefjast þess reyndar, að skjótt sé brugðist við öllum óskum og þörfum, sem þróunin leiðir af sér. Á árunum um og eftir 1930 var aðstaðan önnur. Hætt er við, að þeir ungu stúdentar, sem nú líta yfir háskólahverfið með öllum þess glæsilegu byggingum, viti almennt lítið um þá baráttu, sem allt þetta hefur kostað, allan undirbúninginn, vonbrigðin og sigrana, og allra síst verður með sanngirni ætlast til þess, að þeir skynji ævintýrið um háskólabygginguna og stúdentagarðinn – draumahallir jafnaldra þeirra á kreppeárunum. Aðdragandi þeirra bygginga var langur og ekki þrautalaus, en þar voru unnin afrek og stórvirki, ef rétt mið er haft af

aðstæðum öllum á þeim tímum. Þótt allir, sem láta sig háskólamálefni varða, fagni hverju nýju húsi, sem rís í háskólahverfinu, og vita, að þar hefur góðum áfanga verið náð, er víst, að sú ánægja kemst aldrei í samjöfnuð við þá hrifningu, sem ríkti meðal háskólaborgara – kennara jafnt sem nemenda – og alls almennings á vígsludegi háskólahússins í júnímánuði 1940. Á þeim björtu vor- og sumarmánuðum, þegar þáttaskil urðu í sögu landsins og varðandi stöðu okkar í samfélagi þjóðanna, urðu einnig straumhvörf í sögu Háskólans, þegar almenningur í landinu gaf honum framtíðarhúsakynni, er hæfðu hlutverki hans. Og enn skipar háskólabyggingin veglegan sess sem höfuðból og miðstöð háskólastarfseminnar.

Bókarauki

I

Texti skjalsins, sem lagt var í hornstein háskólabyggingar 1. desember 1936*

„Hús þetta er reist yfir Háskóla Íslands, og var byrjað á byggingu þess árið 1936, þegar háskólinn hafði starfað í 25 ár.

Haraldur Guðmundsson kennslumálaráðherra lagði hornsteininn 1. desember 1936, á 25. ríkisstjórnarári Kristjáns konungs X og Alexandrínu drottningar.

Ráðherrar voru þá: Hermann Jónasson, Haraldur Guðmundsson og Eysteinn Jónsson.

Forseti sameinaðs alþingis: Jón Baldvinsson.

Borgarstjóri í Reykjavík: Pétur Halldórsson.

Háskólarektor: Niels Dungal.

Í byggingarnefnd háskólans prófessorarnir dr. Alexander Jóhannesson, dr. Magnús Jónsson, Guðmundur Hannesson, Ólafur Lárusson og dr. Sigurður Nordal.

Uppdrátt hússins gerði húsameistari ríkisins prófessor Guðjón Samúelsson.

Háskóli Íslands er stofnaður samkvæmt lögum nr. 35, 30. júlí 1909, en var settur í fyrsta sinni 17. júní 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. En Jón forseti hafði borið fram á hinu fyrsta endurreista alþingi árið 1845 tillögu um „þjóðskóla“ á Íslandi, „er veitt geti svo mikla menntun hverri stétt, sem nægir þörfum þjóðarinnar“, og er það hinn fyrsti vísir háskólahugmyndarinnar. Þetta mál féll þá niður, en prestaskóli var settur á stofn árið 1847, læknaskóli 1876, og lagaskóli tók til starfa 1908. En háskólamálinu var ekki hreyft aftur á alþingi fyrr en árið 1881, er Benedikt Sveinsson sýslumaður flutti frumvarp um stofnun háskóla. Var háskólamálið fyrir þingunum

* Textinn er birtur í Árbók Háskóla Íslands 1936–1937, bls. 14–16.

1881, 1883, 1885, 1891 og 1893 og náði tvisvar samþykki þingsins, en var í bæði skiptin synjað staðfestingar af konungi. Árið 1907 var samþykkt þingsályktunartillaga þess efnis, að skora á stjórnina að endurskoða lög in um embættismannaskólana og semja frumvarp um stofnun háskóla. Tillagan bar þann árangur, að stjórnin lagði fyrir alþingi 1909 frumvarp til laga um stofnun háskóla, sem náði samþykki þingsins og staðfestingu konungs.

Háskóla Íslands var til bráðabirgða fengið húsnæði á neðsta lofti alþingis-hússins. Var þetta skoðað sem bráðabirgðaráðstöfun, og þegar á fyrsta misseri, sem háskólinn starfaði, tók háskólaráðið málið upp. Málið tafðist af ýmsum orsökum: fyrst styrjöldin 1914–1918, síðan óhægur fjárhagur ríkissjóðs, en lá þó aldrei í þagnargildi lengi í senn, heldur var því hreyft á ýmsan hátt. Árið 1930 lagði ríkisstjórnin fyrir alþingi frumvarp til laga um byggingu fyrir Háskóla Íslands, en frumvarpið varð ekki útrætt, og á sömu leið fór á alþingi 1931. Loks var frumvarpið afgreitt sem lög frá alþingi 1932 og staðfest af konungi 23. júní sama ár. Er svo fyrir mælt í lögnum, að landstjórninni sé heimilt að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands á árunum 1934–1940, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

Þótt nú væri fengin lagaheimild til þess að reisa hús yfir háskólann, var eftir að fá fjárveitingu til framkvæmdarinnar. Með því að fjárkreppa mikil gekk um öll lönd og fjárhagur ríkissjóðs mjög óhægur, beiddist háskólinn þess, að fá heimild til stofnunar peningahappdrættis í fjáröflunarskyni. Var frumvarp þess efnis flutt á alþingi 1933; hlaut það góðan byr og var afgreitt sem lög frá alþingi og staðfest af konungi 19. júní 1933. Í lögum þessum var ríkisstjórninni heimilað að veita háskólanum einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis um 10 ára skeið, í því skyni, að afla fjár til þess að reisa hús handa háskólanum. Var einkaleyfið veitt samkvæmt þessu 4. júlí 1933, en happdrættið tók til starfa 1. jan. 1934. Hinn 16. maí 1934 skipaði háskólaráð nefnd til þess að annast allar framkvæmdir í byggingarmálinu. Byggingarnefndin fól húsameistara ríkisins, próf. Guðjóni Samúelssyni, að gera uppdrætti að húsinu. Sumarið 1936 var byrjað á byggingu hússins; hófst kjallaragröftur 15. ágúst og unnu háskólastúdentar að greftinum. Boðið var út í ákvæðisvinnu að steypa kjallara hússins, og var Diðrik Helgasyni múrarameistara falið verkið. Eftirlitsmaður við bygginguna af hálfu háskólans er Þorlákur Ófeigsson trésmíðameistari.

Með lögum nr. 97, 3. maí 1935 var ákveðið að setja á stofn rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands. Háskólinn lagði fram fé til þess, að reisa hús yfir þá stofnun á háskólalóðinni; var byrjað á að grafa fyrir grunninn þess 9. maí 1936, og er það nú nálega fullgert.

Reykjavíkurbær gaf lóð þessa undir háskólann, og er hún 7,16 ha. að stærð.“

II

Viðtal við dr. Jón Steffensen, prófessor

*sem var m. a. í byggingarnefnd Háskólans 1937–1940**

I


Ég er gestkomandi á fallettu heimili dr. Jóns Steffensen, fyrrverandi prófessors, að Aragötu 3. Gestgjafinn er hávaxinn og virðulegur rosinn maður, fóstri íslenskra læknanema um áratuga skeið og kunnur vísindamaður í mannfræði og sagnfræði. Jón, sem fæddur er árið 1905, lauk læknaprófi 1930 og var prófessor við Læknadeild frá 1937 til 1970. Voru kennslugreinar hans einkum líffærafræði auk lífeðlisfræði og lífefnafræði (til 1957). Í byggingarnefnd Háskólans var hann frá 1937–1940.

Svo sem við er að búast, hefur Jón frá ýmsu að segja um nám sitt og störf, þ. á m. um aðstöðu stúdenta og Háskólans sjálfs fyrr á tíð og um byggingarmálin síðar. Hér birtist brot af viðtalinu.

II

Ég innritaðist í Læknadeildina sem nýbakaður stúdent haustið 1924. Háskólinn hafði keypt húsið Kirkjustræti 12, sem verið hafði íbúðarhús Halldórs Friðrikssonar, yfirkennara, og var rannsóknarstofa Háskólans til húsa þar frá 1919. Hús þetta stóð við Alþingishúsið, vestanmegin, og sneri að Austurvelli. Þá stóð þannig á, að Stefán Jónsson, dósent, sem hafði kennt patólógíu, og svo míkróskópíu fyrir 1. hluta, var nýhættur, og kennsla í þessu fékk ég og minn árgangur í rauninni aldrei, og ég kom aldrei í þá rannsóknarstofu, sem Stefán hafði. Þetta var eins konar millibilsástand, því að Dungal var þá enn að fullnuma sig, og Thoroddsen hafði þá patólógíuna að hluta, en kennsla í míkróskópískri anatómíu fór ekki fram. Guðmundur Hannesson, prófessor, kenndi hana aldrei sjálfur. Hann hafði disseksjón og makróskópísku anatómíuna, og disseksjónin okkar fór fram í Halldórs

* Páll Sigurðsson tók viðtalið 8. maí 1986.



Dr. Jón Steffensen, prófessor. Ljósma.: Páll Sigurðsson.

Friðrikssonar-fjósi, svokölluðu („Fjósínu“), sem var lítill timburkofi viðbyggður íbúðarhúsinu eða rannsóknarstofunni – sunnan megin við hana.

Minn árgangur fékk aldrei kennslu í smásjárskoðun á heilbrigðum vef, og kom það sér ekki vel, þegar maður var kominn í miðhlutann og til Dungals. Það var ekki nógu gott að hafa ekki séð heilbrigðan vef, áður en maður fór að skoða það, sem sjúkt var. En þetta bjargaðist nú.

Jón réttir mér nú tvær myndir, sem teknar voru af honum og bekkjarfélögum hans, þegar þeir voru að fást við líkskurð í „Fjósínu“. Myndirnar, sem báðar eru birtar hér, með leyfi Jóns, voru teknar við sama tækifærið, líklega 1925, á öðru ári Jóns í læknanámi.

Jón segir:

Á myndunum er enginn leiðbeinandi með okkur, enda vorum við stúdentarnir oft einir við krufninguna, nema hvað prófessor Guðmundur Hannes-



Læknanemar í 1. hluta við líkskurð í „Fjósínu“, 1925. Frá vinstri: Karl Vilhjálmur Guðmundsson, Björn Bjarnason (andaðist á námsárum sínum), Gísli Friðrik Petersen, Stefán Guðnason, Högni Björnsson, Bjarni Sigurðsson, Jón Steffensen (með pípu, sem félagar hans kölluðu „klósettið“). Fremst til hægri er Valtýr H. Valtýsson. Óvist er, hver myndina tók.

son leit til okkar annað veifið og lét nemandann gera grein fyrir því, sem hann hafði krufið. Venjan var að byrja krufninguna þannig, að líkið lá upp í loft, eins og hér á myndinni, og voru þá teknir þeir partar, sem þar voru, og svo þegar það var búið – sem auðvitað hafði tekið talsverðan tíma – var líkinu vent við og þá byrjað á bakinu. Líkin, sem við fengum, voru oftast af einstæðingum frá Kleppi, sem ekki áttu nána aðstandendur og sem fáir hirtu um, en í staðinn annaðist þá Læknadeildin um útförina. Þegar efnahagur batnaði í stríðinu, var ekki lengur sóst eftir því að láta Háskólann kosta útfarir, og varð þá erfitt að fá lík til kennslunnar. Þeir voru og fáir, sem voru það skilningsgóðir að arfleiða Læknadeild að líki sínu. Eftir stríðið var farið að senda læknanema til Skotlands í þessu augnamiði. Í „Fjósínu“ var þröngt um okkur, en þó var ekki afleitt að vera þar við krufningarnar. Ofn var þar

inni, sem sjá má á myndinni. Við vorum vanir því, félagarnir, að hafa spotta niður úr loftinu yfir borðinu, sem við stóðum við, og í honum hékk vænn skrobíti, sem við bitum svo í, allir, þegar okkur langaði í skroið. Þá þurftum við nefnilega ekki að snerta á skroinu með kámugum höndum! Annars vorum við ekki miklir skromenn, og ég tuggði t.d. aldrei í annan tíma en barna.

Það hefur, sem sagt, verið nokkuð sérstök „stemming“ við þetta starf.

Já, og ég get sagt þér, að venja var, að tekinn var tappi úr flösku, þegar líkinu var „snúð“. Ég held, að þessar myndir hafi verið teknar af því tilefni, að það átti að fara að „snúa“!

Eftir að ég fór að kenna við Háskólann, notaði ég síðan „Fjósið“ fyrir krufningar og hafði rannsóknarstofu mína í húsinu að Kirkjustræti 12 og kom mér þar upp tækjabúnaði. Háskólinn lagði mér til húsnæðið, en rannsóknirnar voru á sviði físiólógíu og efnafraði. Byrjunarlaun prófessors voru þá u. þ. b. þau sömu og laun skrifstofustúlku í Landsbankanum – sem ég ætti best að vita, því að konan mín vann þar þá – og var því nauðsynlegt að drýgja tekjurnar með því að reka rannsóknarstofu, sem tók við verkefnum fyrir aðra. Prófessorarnir í seinni hluta fögunum höfðu á hinn bóginn allt önnur kjör, því að auk prófessorslaunanna voru þeir með hálf yfirlæknislaun.

Viðmælanda Jóns, P. S., þykir rétt að láta þess getið í þessu sambandi, að hann fann eftirfarandi bréf frá Jóni í skjalasafni Háskólans. Er það stílað til byggingarnefndar og dagsett 18. maí 1937:

„Hér með leyfi ég mér, að fara fram á það við byggingarnefnd Háskólans, að hún veiti af fé því, er ætlað er til innréttingar læknadeildarinnar í háskólabyggingunni, þegar á þessu sumri 1500 kr. til kaupa á kennsluáhöldum í lífeðlisfræði og lífefnafræði. Ástæðurnar fyrir því, að ég fer fram á, að fá þetta fé nú í sumar eru eftirfarandi: 1) Að fyrir þetta fé væri hægt að kaupa nægjanleg áhöld til þess að halda uppi verklegri kennslu í ofantöldum greinum og tel ég mjög aðkallandi að hún geti hafist sem allra fyrst, helst á næsta kennslumisseri. 2) Að vegna áhaldaskorts hef ég engan möguleika til þess að gera sjálfstæðar athuganir í þessum fræðigreinum, en nokkur bót myndi fást á því, að þessum áhöldum fengnum. 3) Að með þessum áhöldum hefði ég jafnframt möguleika til þess að geta aflað mér einhverra aukatekna með kliniskum rannsóknum fyrir lækna og jafnframt fengist þá einnig hentugt „materiale“ til að nota við verklegu kennsluna.“




Læknanemar fyrir utan „Fjósið“, 1925. Frá vinstri: Jón Steffensen, Stefán Guðnason, Gísli Friðrik Petersen, Högni Björnsson, Bjarni Sigurðsson, Valtýr H. Valtýsson, Björn Bjarnason (á bakvið) og lengst til hægri Karl Vilhjálmur Guðmundsson. Glugginn er á rannsóknarstofuhúsinu, en dyrnar eru inn í líkskurðarhúsið, „Fjósið“. Óvíst er um ljósmyndarann.

En hvað um kennsluhúsnæði Læknadeildar í Alþingishúsinu og um aðbúnað stúdenta þar?

Ja, Læknadeildin hafði til afnota tvær kennslustofur¹⁾ þar á neðstu hæðinni og auk þess tvær eða þrjár geymslur, fyrir kennslugögn, þ. á m. líffærasafn, sem Guðmundur Hannesson hafði komið upp að hluta til – en hann var snillingur við að setja upp preparasjonir og margar þeirra voru frá tíð hans við Læknaskólann. Þar voru líka geymd lyfjasýnishorn. Það dót, sem var í

¹⁾ Læknadeildin hafði ætíð eina fasta kennslustofu í Alþingishúsinu, sbr. grunnmyndina af neðstu hæð hússins, sem birt er fyrir í þessu riti, en á þeim tíma, sem hér um ræðir, hefur deildin jafnframt átt „innhlaup“ í einhverja aðra stofu, P.S.



Jón Steffensen og Kristján Eldjárn virða fyrir sér beinagrind úr fornmannskumli á gólfinu í lífsskurðarstofu í kjallara norðurálmú háskólabyggingar, 1957. Jón Steffensen telur, að þetta sé eina myndin, sem tekin var í þessari stofu meðan hún var notuð í upphaflegum tilgangi. Frú Halldóra Eldjárn kallaði mynd þessa í gamni: „Að lokinni máltíð.“ Ljósma.: Gísli Gestsson.

Þessum geymslum, var síðan flutt í háskólabygginguna nýju árið 1940 og komið fyrir í líffærasafninu þar, á 2. hæðinni. Þar var sérstakt geymsluherbergi fyrir þetta fyrst um sinn, með lokuðum skápum. Ég hafði þá umsjón með líffærasafninu, og síðar, þegar þrengslin í hinum nýju húsakynnum voru orðin það mikil að segja mátti, að allt væri í hers höndum, vaknaði áhugi minn á að forða þeim munum, sem höfðu sögulegt gildi, frá tortímingu, og urðu þeir stofninn að Nesstofusafninu, sem síðar varð. Þangað hef ég safnað mörgu, sem til féll en annars hefði glatast. Beinarrannsóknir og beinasöfnun hóf ég hins vegar 1939, þegar ég var fenginn til að athuga beinin, sem upp komu við fornleifauppgröftinn í Þjórsárdalnum, og þá kviknaði áhugi minn á fornleifafræði og sagnfræði.

Nú, – þessar kennslustofur deildarinnar í Alþingishúsinu voru náttúrulega heldur þröngar og óhentugar. Þar var t. d. ekki hægt að hafa bókasafn deildarinnar og þá var gerður samningur við Landsbókasafn, um að þangað færu öll læknisfræðitímarit, sem deildin keypti, með þeim skilmála, að safnið léti binda það allt, og hafði Læknadeildin þá líka aðgang að einu herbergi í Landsbókasafninu, þar sem hægt var að lesa tímaritin.

Innrétting í kennslustofunum var mjög einföld, trébekkir – frumstæðir langbekkir með baki – en fyrir framan voru samfelld og mjó langborð, þannig að maður gat skrifað. Bókaskápar voru ekki þarna inni, minnir mig, nema í annarri stofunni (þó ekki læknabækur), en hins vegar var eitthvað um bækur í kennslustofum hinna deildanna. Í frímínútum var gangurinn fyrir framan eina afdrepið fyrir alla stúdentana, en hann var í sjálfu sér nokkuð rúmgóður á þessum tíma, því að á mínum námsárum voru þrengsli ekki orðin svo mjög til baka. Við vorum þó eitthvað 9 eða 10, sem byrjuðum í læknisfræðinni 1924 og þóttu náttúrulega allt of margir! Háskólinn hafði neðstu hæð hússins og um önnur afnot Alþingishússins fyrir okkur var ekki að ræða. Seinni hluta fögin í læknisfræðinni voru hins vegar kennd annars staðar að nokkru leyti, sumpart í sóttvarnarhúsinu í Þingholtsstræti, þar sem einnig var líkskurðarstofa Dungals fyrir patólógíuna. Þar var ég viðstaddur a. m. k. eina réttarkrufningu – út af morðmáli. Svo fór verkleg kennsla í kírurgíu fram á Landakoti, á mínum námsárum, en þá var Landsspítalinn enn ekki kominn til sögunnar. Eftir það batnaði hins vegar sú aðstaða mjög mikið, en minn árgangur naut, sem sagt, ekki góðs af því.

Eftir að ég hafði lokið embættisprófi, 1930, var ég fyrst við framhaldsnám í Bergen og Kaupmannahöfn í nokkra mánuði, en frá október 1930 til maímánaðar 1932 starfaði ég sem héraðslæknir á Hvammstanga. Síðan var ég í framhaldsnámi í Kaupmannahöfn (einkum í lyflækningum) fram á haust 1934, en var síðan læknir á Akureyri fram á vor 1935. Um það leyti fóru forráðamenn í Læknadeild fram á það við mig, að ég héldi aftur utan til framhaldsnáms í anatómíu og físiólógíu með það fyrir augum að ég tæki við embætti Guðmundar Hannessonar, prófessors, sem senn myndi láta af störfum. Lét ég tilleiðast og stundaði þessi fræði í München og Kaupmannahöfn fram í janúar 1937. Til þessa náms hafði ég ágætan styrk úr legati Guðmundar prófessors Magnússonar og Katrínar Skúladóttur, en sá sjóður var svo öflugur á þeim tíma, að hann gat styrkt tvo menn til framhaldsnáms í einu, mig og Kristinn Stefánsson lækni, sem seinna varð svo prófessor í lyfjafræði.


Í febrúarmánuði 1937 tók ég svo við prófessorsembætti í Læknadeild. Það var embættið, sem Guðmundur Hannesson hafði gegnt, en hann lét þá af störfum fyrir aldurs sakir. Bráðlega tók ég sæti Guðmundar í bygging-



Jón Steffensen sem ungur prófessor.
(Teikning eftir Halldór Pétursson í Stúdentablaði 1938).

arnefnd Háskólans, en sú nefnd hafði þá starfað í nokkur ár. Guðmundur var þó beðinn um að sitja áfram á fundum nefndarinnar og var mikill fengur að því, sökum þess að hann var manna fróðastur um byggingarmál, eins og kunnugt er, og hafði verið áhrifamaður í nefndinni. Með mér í nefndinni voru prófessorarnir Ólafur Lárusson, Magnús Jónsson, Sigurður Nordal og loks Alexander Jóhannesson, sem var formaður nefndarinnar. Guðjón Samúelsson, húsameistari, vann síðan með nefndinni og hafði náið samband við hana, og þá auðvitað einkum við Alexander.

Þegar ég kom inn í nefndina, var búið að steypa upp háskólabygginguna, þ. e. hússkrokkinn, og búið að ákveða nokkurn veginn, hvar í byggingunni hver deild yrði til húsa. Læknadeildinni var ætlað mikið pláss í norðurendanum, en þegar hér var komið, sáu við, að þar hafði ekki verið gert ráð fyrir vinnustofum með nútímasniði og þess vegna allar leiðslur – rafmagns-, skól- og vatnsleiðslur og leiðslur fyrir þrýstiloft – allt of fáar. Ég hafði alveg ákveðnar skoðanir í því efni og fylgdi því fast eftir – og svo reyndar nefndin öll – að þetta yrði leiðrétt og fært í forsvaranlegt stand. Lagnirnar voru allt of fáar þarna í norðurálmunni, þar sem átti að vera aðstæða fyrir lyfjafræði, heilbrigðisfræði og svo fyrir mín fög. Þetta gat ekki gengið fyrir rannsóknarstofur, og það var mitt fyrsta verk í nefndinni að benda á þetta. Erfiðleikar sköpuðust þó vegna þess, að það gleymdist að færa þessar



Byggingarnefnd Háskólans. Fremri röð frá vinstri: Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem starfaði með nefndinni; Alexander Jóhannesson, háskólarektor og formaður nefndarinnar; Guðmundur Hannesson, fyrrverandi prófessor. Í aftari röð frá vinstri: Ólafur Lárusson, prófessor; Jón Steffensen, prófessor; Magnús Jónsson, prófessor, og Sigurður Nordal, prófessor. Myndin er sennilega tekin 26. júní 1940, eftir 101. fund nefndarinnar, sem jafnframt var síðasti fundurinn. Ljósma.: Ólafur Magnússon.

breytingar á leiðslum inn á teikningar. Ekki hafði verið gert ráð fyrir neinum „stinkskápum“ svokölluðum, þ. e. skápum fyrir efnafræði, þar sem mátti gera ráð fyrir óhollum gufum. Þá var komið fyrir loftdælu upp á háalofti, sem átti að dæla upp loftinu frá þessum skápum, sem settir voru upp. Á þessum enda hússins urðu því allmiklar breytingar, og varð að brjóta mikið upp til að koma þessu í lag. Ef það hefði ekki verið gert, hefði ekki verið hægt að vinna þarna við neina verklega kennslu eða við rannsóknir. Það var varla von, að Guðjón Samúelsson áttaði sig á þessu, og Guðmundur Hannesson hafði aldrei verið í öðru en disseksjón og ekki komið nálægt efnafræði eða físiólógíu. Aðstaðan fyrir disseksjónir var hins vegar í norður-enda kjallarans, og þar þurfti engu að breyta. Eftir að búið var að benda á þetta, þótti öðrum nefndarmönnum sjálfsagt að reynt yrði að lagfæra þessa ágalla.

Fundir í byggingarnefnd voru haldnir alloft og alltaf þegar ástæða þótti til, og starfið gekk vel framanaf, en eftir að stríðið skall á, 1939, breyttist það, og allt var þyngra og örðugra. Húsið var þá raunar komið upp, en það átti eftir að kaupa allskonar búnað í það, t. d. ljósabúnað. Það var einmitt búið að panta mjög vandaðan ljósabúnað o. fl. frá Pýskalandi, sem aldrei komst hingað vegna stríðsins, því að þá lokaðist allt. Þetta gerði mikið strik í reikninginn. Við urðum þá að kaupa tæki og búnað, sem hægt var að fá hér – sem menn lágu uppi með hér í bænum – en það var margt heldur óvandað og ófullkomið. Það sem bjargaði Læknadeildinni var, að við fengum Rockefellerstyrk í byrjun stríðsins og notuðum hann til tækjakaupa fyrir vestan haf, í Bandaríkjunum. Innréttingar voru smíðaðar hér, og man ég ekki til að yrðu neinir erfiðleikar í því sambandi. Í innréttingunni var að vísu margt vandað, en sumt var frá upphafi ófullkomið. Einkum voru innréttingar í kennslustofunum ómerkilegar, að mér fannst, t. d. ómögulegt að fá almennilegt efni í töflur. Ég vildi engar bráðabirgðatöflur – því að það er hætt við að maður verði að sitja uppi með þetta bráðabirgðadót til eilífðarnóns – en Alexander vildi endilega að við fengjum, frekar en ekki, lakkaðar trétöflur, þungar og hrjúfar, sem voru alltaf ómögulegar. Annars hefur húsið að mörgu leyti reynst vel og fyrir mestu er, að þakið hefur ekki lekið.

Fjármálin við bygginguna hvíldu mest á Alexander, og hann hafði öll spjót úti til að ná í fé til byggingarinnar. Mikið fé varð að fá að láni þrátt fyrir framlögin úr Happdrættinu. Mestu munaði, að byggingunni var að miklu leyti lokið, áður en stríðið skall á, því að í kjölfar þess upphófst mikil dýrtíð. Við sluppum hins vegar að mestu leyti við hana. Mér er ekki grunlaust um, að Alexander hafi fengið einhverja aðstoð eða milligöngu frá Sturlubræðrum í sambandi við lánamálin – þeir voru tengdir honum – en um það vil ég þó ekki fullyrða nánar.

Guðíón Samúelsson lagði sig hins vegar allan fram um að fá sem best efni í bygginguna og gerði allskonar tilraunir með efni, eins og menn vita. Það var t. d. óvíst, hvernig væri að slípa sumar þessar bergtegundir. Það var augljóst, að hann lagði metnað sinn í að hafa allt, sem hægt var, úr íslensku efni, t. d. bergtegundum, sem hann fékk víða að. Hann fylgdist nákvæmlega með byggingarstarfinu og var mikið á byggingarstaðnum.

Magnús Jónsson, sá skemmtilegi maður, var að mig minnir ritari nefndarinnar, en ekki man ég hvort nokkur okkar kallaðist varaformaður nefndarinnar, enda reyndi víst aldrei á það.

Það var gott að vinna með þessum mönnum öllum.

Síðasti fundur í nefndinni var víst haldinn skömmu eftir vígsluna, í júní 1940, líklegast 101. fundurinn, og þá héldum við upp á tilefnið. Við fórum allir til Ólafs Magnússonar, ljósmyndara, og létum taka af okkur mynd, sem

BÓKARAUKI

ég á hér og skal lána þér, en eftir myndatökuna fórum við, að mig minnir, heim til Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi, sem var tengdasonur Guðmundar Hannessonar, og fengum þar hrossingu, en síðar um kvöldið, fóru sumir okkar, a. m. k. Alexander og Magnús auk mín, heim til mín – en ég bjó þá á Hverfisgötunni – og þar gerðum við okkur glaðan dag!

III

„Háskóli undir kórónu Kristjáns IX“


*Rætt við dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskólabókavörð (f. 1905) um námsdvöl hans í Háskólanum árin 1929–1934 og um sambúð Alþingis og Háskóla.**

Aðspurður um fyrstu kynni sín af þeirri tvíþættu og ólíku starfsemi, sem fram fór í Alþingishúsinu, segir Björn:

Ég var bóndaefni fyrir norðan; en sneri að því að ljúka kennaraprófi, sem ég tók 1928, og gerði ráð fyrir að verða síðar meir skólastjóri fyrir einhverjum héraðsskóla eða eitthvað því um líkt. Ég hafði áhuga á barna-kennaranámi en ekki eingöngu til að fylgja hlutverki þeirrar stéttar, heldur áttu öll hlutverk á Íslandi nema sjómennska part í mér.

Það var ekki hægt að sitja í kennaraskóla undir forystu Magnúsar Helgasonar án þess að finna, að Alþingi og ríkisstjórn var einn flöturinn á þjóðinni og þjóðlífinu. Alþingi varð við þetta partur af manni sjálfum. Stuttu eftir að þing hafði verið sett haustið 1925, fórum við nokkrir kennaraskólanemar að sjálfsögðu niður á þingpalla Alþingis og komum þar oftast enn um sinn, virtum fyrir okkur þingmenn, þangað til við þekktum þá alla í sjón eða að minnsta kosti kollana á þeim, séða ofan af áheyrendapöllum, og höfðum grun um, hvers mátti vænta af hverjum þingmanni, þegar hann stóð upp og mælti: Herra forseti! Svo lifandi var pólitík, en ekki síst héraðapólitík. Það var ákaflega gaman að heyra þegar einvígi kom upp milli þingmanna úr landshlutunum. Ég man t. d. glögg, þegar þeir voru að rifast um eyðingu refa mörgum árum síðar, Einar á Geldingalæk og Hákon í Haga, og hafði Hákon, sem sjaldan var vel máli farinn nema hann gæti farið út í kímní sína, haft einhverjar dylgjur við þennan þingmann Rangæinga. Reis þá Einar á Selalæk upp, svaraði hvatskeytlega fyrir sig og sagði: „Eitt var þó satt hjá háttvirtum þingmanni Barðstrendinga, að þar í sýslu hans muni refir vera

* Páll Sigurðsson tók viðtalið 22. maí 1986.



Björn Sigfússon á kennaraskólaárum sínum, áður en hann hóf háskólanám.

ekki færri en 300, að þingmanninum ekki undanskildum.“ Forseti hringdi bjöllu! En virðingin fyrir Alþingi markaðist ekki aðeins af skemmtunum þeirrar óvenju, heldur fannst manni framtíð lands vera í höndum þessarar göfugu samkundu og maður fann, að þetta voru menn algerlega sömu tegundar og við sveitamennirnir eða bæjarbúarnir, sem komum á pallana til að horfa á sjónarspil.

Þegar ég kom í þinghúsið 1925 til að kynna Alþingi varð ég þess á neðri hæðinni var, að einhverjir Reykjavíkustrákar voru þar við nám og höguðu sér alveg eins og síður var í menntaskólanum. Enn datt mér ekki í hug að þessi framhaldsskóli í viðbót við Lærða skólann við Lækjargötu kæmi mér neitt við. Það var ekki fyrr en 1929 sem þetta hús, undir kórónu Kristjáns IX., gerbreyttist snögglega frá því að vera hús þess Alþingis, sem kom mér við, yfir í það að vera háskólahús, sem kom mér um skeið ennþá meira við. Í háskólann kom maður til að hlusta á strjála fyrirlestra og fá leiðbeiningar um heimaverkefni. Námið allt var í rauninni á eigin spýtur. Ef maður gat gert eitthvað skynsamlegt í einhverjum þeirra mörgu greina, sem Heimspeki-

deildin tók gildar til prófs, þá slapp maður gegnum þennan háskóla. En það var líka hægt að velta út úr þessu námi ef maður vissi ekki sjálfur hvað maður ætlaði að læra. Þarna var ringulreið húsakostsins og ringulreið skipulagningar í námi hvort öðru samboðið. En einhvern veginn fannst manni þetta þó vera skóli til þess að mannast og menntast. Þegar maður kynntist seinna námsskipulagi annars staðar, t. d. í Osló, fann maður hvað það var miklu fullkomnara.

Þú hefur væntanlega sest í Háskólann þegar að loknu stúdentsprófi?

Já, ég lauk stúdentsprófi utanskóla frá Menntaskólanum í Reykjavík, vorið 1929 og hóf um haustið nám í Heimspékideild. Ég hafði einkunn til þess að geta fengið fjögurra ára styrk til náms utanlands, en notaði mér ekki þann möguleika því íslensk fræði áttu þá allan hug minn. Þess hef ég ekki iðrast, en að sjálfsögðu hefði mér komið vel að kunna margt annað, sem þessi háskóli hefur að gefa, en einnig og ekki síður aðrir háskólar. Eftir meistaraþróf í íslenskum fræðum 1934 fékk ég styrk til ársdvalar erlendis og hlustaði þá á allmikið af fyrirlesturum í Oslóarháskóla og í Kaupmannahöfn. Sú hlustun kom mér að engum notum fyrr en ég varð háskólabókavörður 1945. Þá kom það mjög að gagni, ekki síst eftir að ég vissi hvernig víkkun námsefna hlaut að gerast í okkar háskóla. Hann þurfti að verða eitthvað líkari skandinavískum háskólum en til mála kom á árabílinu 1911 til 1944.

Í Háskólanum voru kennarar mínir uppteknir við marga hluti, oft þarflega. Þeir sinntu því lítið að yfirheyra nemendur. Það var, sem sagt, undir heimanámi komið, hvort maður lærði það, sem til var ætlast í íslenskum fræðum eða ekki, og próf voru ekki ströng. Ég fékk þar ágætiseinkunn að lokum; ekkert vissi ég fyrir hvað.

Kennarar eru mér ógleymanlegir sem hæfileikamenn, en áttu að öðru leyti fátt saman nema að þeir hétu háskólakennarar.

Háskóli kreppuáranna var í átakalíttli ringulreið, sem húsnæðisleysið átti mikla sök á. Smæð skólastofunnar í íslenskum fræðum var að sjálfsögðu ekkert að meini. Þetta voru 10 til 20 eða í hæsta lagi 25, sem gátu sótt einn og sama fyrirlestur. En Lagadeild og Læknadeild höfðu afarslæm þrengsli og þar sátu stúdentar uppí í hverjum glugga vegna sætaleyssis, ef einhver markverður fyrirlestur var. Stúdentar gátu skröpað eins og þeir vildu, en allir sóttu fyrirlestra Ólafs Lárussonar og sumra fleiri kennara Lagadeildar, t. d. Bjarna Benediktssonar, en ég má ekki fara að telja upp lagadeildarkennara, sem höfðu lélega aðsókn! Þetta kom mér ekki við annað en það, að ég sá oft bakhlutann á tveim eða þrem læknaefnum í flestum gluggum, því í Læknadeild var ekki hægt að skröpa sér að skaðlausu. Það var alveg

skaðlaust í Lagadeild að skröpa frá því, sem læra mátti beint af bókum, eins og við gátum líka í Heimspekideildinni.

Hvernig fór kennslan fram í þinni deild?

Það voru ýmist fyrirlestrar eða samtöl. Auðvitað var nemendum oft fengin verkefni að endursegja einhvern kapítula eða leysa verkefni, og dreifðist það mjög misjafnt, því það mun hafa verið algengt í öllum deildum Háskólans að gefa þeim nemendum frí frá slíkum endursögnum, sem höfðu ekki frásagnargetu eða íslenskukunnáttu til að tala skýrt um hlutina. Þá var ekki búið að innleiða reglu, sem síðar kom í barnaskólum og þaðan upp eftir, að þeir tregustu ættu að fá mesta æfinguna, þar til þeir yrðu jafnsnjallir þeim skýrustu. Heimaverkefni, sem menn gerðu grein fyrir í þessum stundum undir leiðsögn og gagnrýni kennarans, skiptust þannig mjög ójafnt eftir dugnaði og getu stúdenta, sem í þetta voru fánlegir. Þetta var auðvitað því meira notað sem stúdentar voru færri í deildinni, svo að komist varð yfir það að þjálfra alla til slíkrar greinargerðar. Ég veit ekki um Læknadeildina, hvernig þessu var hagað þar. Þar voru að sjálfsögðu yfirheyrslur stríðastar og prófin þyngst. Í minni deild var reglan sú, ef þú gast gert góða grein fyrir einhverjum hlut, jafnvel þó að hann lægi dálítið utan við prófsverkefnið, að þá féllst þú ekki. Sigurður Nordal gaf hnitmiðuð prófsefni, sem hægt var að falla á. Alexander Jóhannesson hafði hins vegar stundum svo óskýrt orðað verkefnið eða öllu heldur svo feiknarlega viðtækt, að mestur vandinn var að þrengja efnið svo að það yrði viðráðanlegt. Allt var í lagi, sagði Alexander, þó maður hefði ekki komist yfir nema part af efninu, ef það sem tekið var kom ítarlega og rétt fram. Slíkt var frjálsslyndið góða í þeirri deild í þeirri tíð. Svo að stúdentar máttu vel una vistinni. Hún var fullkomnust andhverfa, sem við þekktum, við *Svartaskóla*. Kvæði Einars skálds um hann kunnum við margir að vitna í og heimfæra til hvers boðskapar, sem okkur var verst við.

Íslendingum var tamt allan tímann milli stríða að vitna til einhvers, sem gekk og gerðist í Noregi. Hitt þótti heldur benda á framfarabraut að geta sýnt fram á að hlutir væru hafðir öðruvísi hér en í Danmörku. Þetta var eðlilegt út frá þeim nationalisma, sem þá var uppi, en prófessorar háskólans höfðu hér um bil allir stundað eitthvert nám í Hafnarháskóla eða dvalið í dönskum sjúkrahúsum eða dönskum stofnunum á sínum námsferli. Menn þekktu vel allt hið danska, eða nógu vel til að geta bæði sótt þangað fyrirmyndir og þagað um að þeir höfðu þær þaðan. Hart var kítiserað það, sem engan veginn átti við hér á landi. Noregur var rómantískari, kannski vegna þess að menn þekktu hann ekki nógu náið, en þó að góðu einu. Og



Dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskóla-
bókavörður. Ljós.: Páll Sigurðsson.

víst var það gott að geta sótt hina og aðra fyrirmynd þangað. Og í háskólann í Osló áttu Íslendingar ævinlega vináttu að sækja. Enginn efaðist um, þegar norskur háskólakennari vildi kynna sér hvernig hér gengi í Reykjavík, að þá gerði hann það í trú á, að Íslendingar megnuðu að efla háskólanám hér heima á vissum sviðum, en eldri kynslóð Hafnarprófessora lét sér aldrei detta í hug, að í íslenskum háskóla yrði stundað nema fúsk.

Hvað er að segja af svokölluðum „rannsóknaræfingum“, með þátttöku kennara og nemenda, sem prófessor Sigurður Nordal stofnaði til í Heimspekideild? Voru þær ekki sérstæðar og eftirminnilegar?

Þær fóru fram í kennslustofu Heimspekideildar og eru mér að sönnu eftirminnilegar. Þetta voru eiginlega samdrykkjur að fornum sið; víndrykkja og menntandi samræður og samvera.

Sigurður Nordal var sjálfskipaður „magister bibendi“ framanaf á rannsóknaræfingum, en vera kann að hann hafi dæmt það síðar yfir á Árna Pálsson. Það voru drukkin full í heiðnum stíl blótveislna, en ekki get ég nú



Árni Pálsson, prófessor. (Úr Stúdentablaði).

farið með það, hverjum þau full voru helguð. Árni Pálsson mundi hafa látið drekka minni kvenna, en tilfyndni var þar einhver, hvers minni eða með heillaóskum til hvers þetta og þetta staup skyldi drukkið. Hitt var þó vítalaust að bera tæmt glas að vörum.

Ekki man ég ræðuhöld þau, sem fóru þarna fram yfir borðum, í þeirri kennslustofu, sem Heimspékideildin eða íslensku fræðin höfðu á neðri hæðinni í suðvesturhorni hússins. En hrifning fylgdi oft og aldrei datt þar maður undir borð. Þó kann einhver að hafa sofnað fram á borðið.

Tveir af prófessorum okkar, þeir Árni Pálsson og Sigurður Nordal, höfðu báðir mætur á víni. Sigurður hélt að það væri hægt að kenna mönnum að drekka rétt, með því að fara nógu hægt í sakirnar. Það væri besta vörnin gegn því að menn skelltu sér í ofdrykkju í stað þess að ráða við tilfinningar sínar og vandamál sjálfir: Vínið opnar og það er til bóta að stúdentar drekki ef þeir gera það hægt og smátt. Sama er hvert vínið maður drekkur, hvort það er svartidaudi eða hvítvín, bara að skammta sér nógu naumt af svartidaudanum, þá drepur hann engan. „Eitur dræmt skal drekka í dropatali, – eykur innri hita“ (vitnaði í Grím).

Á einhverri fyrstu rannsóknaræfingu minni sat ég andspænis Árna Pálssyni við stórt borð. Tók ég eftir því, að það var farið að svífa á einhverja, sem sátu þar, þó ekki á Árna, en svartidaudi var skenktur í lítil og mjó glös.

Nú vildi ég „vera með“, fékk mér eitt glas og annað glas í viðbót og slokraði bæði. Þá leit á mig Árni Pálsson föðurlegum augum yfir borðið og segir: „Annað hvort eruð þér vanur víni eða þér verðið að vara yður á þessu, að byrja svona snögg.“ Ég þakkaði Árna Pálssyni fyrir ráðið, því reynsluna hafði hann nóga, og þetta var sá skammtur, sem ég ætlaði mér það kvöldið til að vera eins og hinir og langaði ekkert í meira. Ég held að Sigurður Nordal hafi haft þarna fjölbreyttari og skynsamlegri ástæður en ég er dómbær um fyrir því hvernig venja beri stúdentana við vín. „Húvetningar byrja á sterku brennivíni, leggja sig ekki niður við þunnt gutl og langt, marklaust þjór,“ sagði Sigurður. Þar með var réttlætt sú regla að panta eingöngu svartadauda, þá fengjust áfengisáhrifin ódulin og hæfilega mikil fyrir minnstan pening og minnsta fyrirhöfn. Munnlega vorum við hins vegar fræddir um vinvönd skáld og göfgi ólíkt þróaðra vintegunda. Árni Pálsson var á hinn bóginn sá spámaður Bakkusar, sem gat miðlað okkur í verki mestri þekkingu á víni og hættum þess, þó að Sigurður Nordal segði: „Hann Árni er ekki drykkjumaður, hann er svolgrari.“ Í sömu andrá sagði svo Sigurður: „Jóhann Sigurjónsson var drykkjumaður og prófaði allar tegundir, fór að því hægt og með viti.“ Formlegheit voru lítil þarna, en hiti og andagift komst stundum að. Allir kunnu ljóð Árna, þegar fyrst voru leyfð Spánarvín til landsins. Þá kvað Árni:

Er sem þiðni um þagnar lönd
þeli margra ára,
þegar hnígur heim að strönd
heilög vínsins bára.

Ég man ekki eftir neinni stúlku á rannsóknaræfingu, fyrr en eftir að ég var horfinn úr námi, eftir meistarapróf mitt. Þegar eitthvað dró nær stríðsárum, naut ég þess að vera gestur „æfinga“ endrum og eins. Þá var orðið töluvert fleira lið í deildinni, og voru námsmeyjar komnar. Úr ofþrengslum mátti bæta eins og í bílferðum með því að stúlkurnar sætu á hnjakollum piltanna.

Á háskólaárum þínum munt þú hafa haft meiri tengsl við Alþingi en almennt var um stúdentana, sem gengu um garð á neðstu hæð Alþingishússins. Hvernig var því háttað?

Það vildi svo til, að ég varð eins og grár köttur á tveim hæðum Alþingishússins. Grunnhæðin var Háskólans, hitt sem ofar var þingsins. Eitt af því, sem aðskildi, var að íslensk fræði lifðu öll í sögulegri könnun eða í grun um breytta þjóðmenningu eftir daga okkar. Alþingi var ótrúlega fast tjóðrað við

afkomu næstliðins og næstkomandi árs. En hitt máttu þingmenn eiga í þá tíð, að þingmennska var þeim ekki embætti og þeir voru úr stéttum, sem báru hita og þunga þjóðarstrits og nægar áhyggjur.

Til þess að standast námskostnað þurfti ég að hafa ýmsa vinnu utanhjá og tók því þingskrifarapróf haustið 1929. Ég var svo meira og minna við þingskriftir alla vetur næsta áratug nema einn, sem ég var kennari á Laugum í Reykjadal, og prófveturinn 1933–34 var ég víst lítið við þá vinnu. Margvíslegar minningar hef ég frá því að vera oft á ferð upp og niður milli tveggja stofnana sama húss, þingsalanna og háskólahæðarinnar. Það voru ólíkir heimar og það var eiginlega hin óskráða húsregla, að þeir heimar ættu ekki að talast mikið við. Hún hjálpaði til þess, að þetta þrönga húsnæði nýttist vandræðalaust. Háskólastúdentar áttu ekki að fara upp á efri hæðina, þegar þeir voru þar í húsinu í námserindum, og þeir stúdentar, sem voru þingskrifarar, vissu vel, að þegar þeir komu yfir þröskuld Alþingis, var háskólinn og allt, sem honum tilheyrði, annar heimur. Þetta var fast í vitund manns. Á neðri hæðinni þekkti maður rödd allra fastra háskólakennara og nokkurra tuga af samstúdentum sínum. Á efri hæðinni þekkti maður rödd hvers þingmanns, þingvarðar og sumra sendisveinanna og skóhljóð sumra manna. Hinn heimurinn var merkilega þurrkaður út úr vitund manns á meðan. Þannig var mér farið að minnsta kosti. Báðir þessir heimar stækkandi þjóðarhlutvërka voru mér til mikils yndis. Ég hafði enga löngun né ástæðu til þess að láta fara mikið fyrir mér í þeim heimum, heldur að vera einn af hinum þögulu, sem áttu þar innangengt í hvorn staðinn. Á efri húshæðinni var skrifara þingræðna meira lifað sem tilgangsríku tæki; hann átti ekkert í hugmyndum skráðrar þingræðu, þó hann hefði sem leikari getað endurflutt hana.

Áðan gaf ég í skyn, hve *vídd tímans* virtist á þingsalahæðinni skammæ, líkt og ræður við afgreiðslu fjárlaga. Á háskólahæðinni fannst mér, sveitapiltinum, líðandi dagur varla eiga sér virkileika nema firrtan; hann var tóma hléið milli þjóðarsögunnar og hins væntanlega þjóðlífs, sem beið handan einhvers tjalds. Þannig heimtaði *vídd tímans* af námsmönnum skæðan persónuklofning, sumpart milli dreifbýlis og borgar. Þó var ekki um 1930 runnin upp öld hinna miklu búferla „suður“. Núna ber ólíkt síður í háskóla á hugkleyfni milli ókomins árþúsunds og hins næstliðna heldur en bar á þeirri kleyfni, sem sprungum og vonleysi olli í kreppulífi skömmu eftir dýrlega 1000 ára Alþingishátíð.

III – A

Dr. Björn Sigfússon, fyrrverandi háskólabóka-
vörður:

Fyrr en sól Alþingishátíðar reis var formgerðarkreppa

Íslenski háskólinn var afleiðing af því, að vér hlutum að taka sjálfstæði og sjá ríki fyrir embættisliði, sem stæði í eigin augum jafnfætis slíku liði í fyrrverandi Aldinborgarríki, sem hafði misst Noreg 1814, en Ísland árin 1904 og 1918. Þörfin á kjörliði, heldra fólki, breyttist annars mjög hægt. Háskóli var æðsta hjálparkæmi til heilbrigðis- og stjórnvaldssköpunar, auk kröfu vorrar um guðrækni og nasjónalisma í tveim hinum fáskipaðri af fjórum deildum. Þær mynduðu háskóla vorn frá 1911, þar til stríðsógirnir 1940 og innilokun knúðu þingið til að lögtaka fleiri deildir við hann og styðja allan þann skólavöxt, sem undir varð risið. Greinarstúfur þessi snýst ekki neitt um hið yngra sem við tók í háskóla, þó höfundur yrði brátt þeirri andhverfu og lýðveldi fylgjandi.


Eiginreynsla af fagfræðslu reykvískra skóla gæti ég í 1. persónu aðeins lýst árin, sem ég naut hennar, 1925–33, fyrst við kennaranám, síðan meistara- prófsnám íslenskra fræða. Ágæti kennara minna, sem ég naut í hvorutveggja einkum manna, sem stórt var í spunnið, en mismikið gagn var að, fölnar ekkert né kólnar, þó ég lýsi markvissuskorti námsbrautanna af takmarkaðri hlýju; þar átti kerfi en sjaldnast einstaklingar sök. Með því að skynja nýorðna framför komumst við ekki heldur hjá að smækka álitnið á hinu sem úreltist.

Formgerð og tröppugangur innan skóla vorra hlýddu danskri og stundum norskri fyrirmynd, náskyldri, og verra hefði það getað verið. Úr þeirri átt var allt fengið, sem okkur heppnaðist að stæla. En hlutfallastærðir voru hér ekki nema til að aumkast yfir, neðan við það sem heimsvönnum manni finnst taka að hagræða. Þegar ég stóð með gilt kennaraskírteini og gott stúdents-

ÚR HÚSNÆÐIS- OG BYGGINGARSÖGU HÁSKÓLANS



BÓKARAUKI



Stúdentar og aðrir verkamenn við grunngröft að háskólabýggingunni síðsumars 1936. Myndin er tekin við stúdentagarðinn.

1. Sigurður M. Helgason, síðar borgarfégeti; 2. Kristján Jóhannesson, síðar læknir; 3. Guðjón Klemensson, síðar læknir; 4. Kjartan Jónsson, síðar lyfsali; 5. Jón Magnússon, þá stud. jur.; 6. Geir Stefánsson, síðar lögfræðingur; 7. Áki Pétursson, síðar starfsmaður á hagstofu; 8. Jóhann Steinason, síðar lögfræðingur; 9. Jóhann Sveinsson frá Flögu, síðar cand. mag.; 10. Sverrir Einarsson, þá stud. med.; 11. Rögnvaldur Þorláksson, síðar verkfræðingur; 12. Ólafur Tryggvason, síðar læknir; 13. Gunnar Jónsson, síðar lögfræðingur; 14. Óvíst um nafn; 15. Birgir Einarsson, þá stud. jur.; 16. Albert Sigurðsson, síðar cand. mag.; 17. Matthías Hreiðarsson, síðar læknir; 18. Skarphéðinn Þorkelsson, síðar læknir; 19. Sigurður Ólafsson, síðar lyfsali; 20. Halldór Jakobsson, síðar stórkaupmaður; 21. Óvíst um nafn; 22. Óvíst um nafn; 23. Bjarnþór Þórðarson, þá stud. mag.; 24. Kjartan Lárusson, þá og síðar húsvörður á Garði; 25. Gísli Gíslason, síðar cand. mag.; 26. Benedikt Sigurjónsson, síðar hæstaréttardómari; 27. Ásgeir Hjartarson, síðar cand. mag. og rithöfundur; 28. Vilhjálmur Jóhannsson, síðar læknir; 29. Esra Pétursson, síðar læknir; 30. Ævar Kvaran, síðar lögfræðingur og leikari; 31. Óskar Bjarnasen, síðar fyrsti húsvörður Háskólans; 32. Finnbogi Lassen Kristjánsson, síðar prestur; 33. Flokksstjóri, óvíst um nafn. Ljós.: Þorlákur Ófeigsson, byggingameistari.

próf, við háskólainnritun til náms í 15 eða 18 námsmanna heimspekideild, var skólinn sem ákafast að banda mönnum frá að byrja á svo óhagnýtu námi. Á undanförunum vetri, 28.11.1927, hafði birst nefndarálit, sem fimm hinir vitrustu prófessorar, mest deildarforsetar, undirrituðu og ráðlögðu að nema-fjöldi við Háskóla Íslands yrði, ef tók þættu á, lækkaður niður í þriðjung þess sem hann þegar var í reynd. Samkvæmt töflu, er þeir reiknuðu út, var hæfilegi fjöldinn af stúdentum í deildum þessi, en í aftari dálkinn er sett tala þeirra, sem óhætt mundi að innrita hvert ár:

Guðfræðideild	16	þar af nýstúdentar	4
Læknadeild	20	— — —	4
Lagadeild	15	— — —	3
Heimspekideild, ísl.fr.	2	— — —	1 þriðja hvert ár.

Skyn kandiðatsefna á möguleika þrátt fyrir krepputíma og aflabrest, sem bælt hafði okkur niður, kemur gagnstætt þessu í ljós, ef ég nefni til dæmis stúdentafjölda eftir deildum 1933/34, sem var síðasti stúdentsvetur minn. Guðfræðingsefni höfðu hlýðnast nefndinni, af þeim voru nú aðeins 15 við sitt nám. Í læknadeild voru 65 skráðir og 53 í lagadeild. Íslensku fræðin stunduðu 12 eldri stúdentar og annar jafnstór hópur nýstúdentar. Í Reykjavík og á Akureyri sást, að stúdentaafgangar færu eftir það að stækka hratt. Taka ber fram, að stopul varð oft atvinna háskólagenginna manna, uns heimsstríði lauk, en hitt er þó fjær sanni, að atvinnuspár þær hafi ræst, sem höfðu verið drýgstu rökin 1927 fyrir nauðsyn niðurskurðar í háskóla.

Þetta samræmisleysi milli þjóðfélagsvits prófessora og straums aldarinnar jók mér forvitni. Ég spurði Ásgeir Ásgeirsson, þingmann og fræðslumála-stjóra, um misgengið, hafði lært sumt af grein hans, *Gengi*, í tímaritinu *Vöku* 1927. Ásgeir skýrði ástæður þeirra, sem þrengja háskóla sinn, út frá tvennu markmiði, sem væri þeim e. t. v. ómeðvitað. Þeir efuðu ekki sérrétt sinn til að vera gullfordi, sem dómgreind borgarans og menning var tryggð með; fáeinir embættatugir, sem háskóli ætti að sjá um, að fylltust hæfum mönnum, afmörkuðu e. t. v. það bankagull, sem má ekki rýrna síðar í neinar smákrónur. Séu útgefnar ofmargar sedlakrónur, upp á þá trygging, getur gengið á þeim hrunið, líkt og gengið hrynur á flibbaöreigum framtíðar. Hitt markmiðið er, að ekki skuli róttækni aukast innan þingræðisins eftir því sem fleira er af menntamönnum, sem deila kjörum með alþýðu, enda yrðu þeir gjarnan fleiri sprotnir úr alþýðu en tíðkast hefur.

Fyrir rúmri hálfri öld var þetta samtalsefni enn á fárra vörum, varð síðar tamara. Hrun á gullgengi þingræðis, nátengt öðrum hrunótta í háskóla-

umræðu, knúði mig og fleiri til endurlestrar á ritgerðinni *Þingræðið á glapstigum*, eftir Árna Pálsson, sem nokkurt árabíl í millitíð hafði verið söguþrófessor minn. Árni hefur víst fullgert þá ritgerð, áður en stjórnarskiptin 1927 fóru fram og skoðanaandstæðingar hans fengu hér stjórntaumana. En uggur að svo færi, blandinn sannleikshetjumóral brandesíanismans, sýndi oss í greininni hræðilegu glapstigina, sem þingræði og háskóli eru komin á; hún birtist í sama Vökuhefti og *Gengi Ásgeirs*. Hér kemur útdráttur úr miðbiki greinar Árna:

„Frá því verður eigi greint í stuttu máli hvað menn finna þingræðinu til fóratú . . . En það höfuðatriði mun þó flestum koma saman um að þingin séu afarilla fallin til fjárforráða . . . Ekki stendur mönnum þó síður stuggur af þeirri pólitísku bardagaaðferð, sem nú tíðkast í flestum þingræðislöndum . . . Þá telja og flestir hinn mesta ófagnað að hinni hóflausu lagasmíð þinganna . . . unga út nýjum lögum, sem færri eru þörf en óþörf og hafa vitanlega margvíslegan tilkostnað og vafstur í för með sér, bæði beinlínis og óbeinlínis . . . Þingin virðast og allsstaðar hafa ríka tilhneigingu til þess að seilast út fyrir verksvið sitt. Þau sletta sér fram í umboðsstjórnina, skipta sér af embættaveitingum o. s. frv. og trufla á þann hátt allt heilbrigt stjórnarfar. — Það þykir og víðast við brenna að þingsætin séu ekki skipuð úrvalsmönnum . . . Þá er enn ótalin ein hin allra háskalegasta meinsemd þingræðisins á vorum tímum en það er flokkatvístringin á þingunum . . . en enginn þeirra einn ræður yfir meirihluta atkvæða. Afleiðingarnar af þessu ástandi eru hræðilegar . . . En þar að auki sprettur af þessu slík óvissa, ringulreið og stefnuleysi í löggjöf og stjórnarfari að það verður aldrei málum mælt.“ — „Alþingi hefir verið borið á brýn að það kunni ekki með fjárráð að fara . . . Þá hefir og lagasmíð þingsins, — 1300 lög á 50 árum, — ekki vakið óblandna aðdáun almennings . . . Meðan svo búið stendur heldur Alþingi áfram að vera paradís pólitískra lausamanna og bitlingabráskara [og síðan] . . . hið ógeðslega og löðurmannlega dekur við þjóðarviljann, sem venjulega er alls ekki til.“

Það er kostur á kennara sögulegra viðfangsefna að ekkert fari dult fyrir stúdentum hverja afstöðu hann tekur til framvindu í samtíð og hinu liðna. Þetta gekk Árna vel þann áratug, sem reyndi verulega á sögutúlkun hans; þó fann hann hug stúdenta sinna fælast yfir að gagnstæðu skauti í skoðunum, líkt og fleiri málsvarar horfins tíma.

Í fljótu bragði sýnast lítil tengsl milli átaka um markmið og formgerð (strúktur) ríkisháskólans annars vegar og svo þeirra tvennra glapstiga Alþingis er það brúðlar enn með skattaféð og ungaði 1875–1926 út 1300 lögum

og hagræðingum á lagatexta. En kennarar við lagaskóla eða lagadeild og dómarastéttin þeim tengd höfðu stöðugt þann tíma verið kvödd til ráða og vinnu við þá löggjöf. Án þess varð ekki hönnun íslensks nýríkis í lagi. Árni kaus oft stétt „júrista“ fyrir skotspæni. Það var ekki tóm vanafesta og afturhald, sem gerði þar háskólamönnum mótbyr. Háðglósur, sem Hafnarprófessorar iðkuðu langt fram á 20. öld um þessa „nasjónalísing“ danska lagastofnsins, sem þeir höfðu áður gefið okkur, grófu sitt „mene tekkel“ í heilavefi langvistarstúdentna vorra við Eyrarsund hversu mikil sem önnur þjóðrækni þeirra var. Alþingishátíð 1930 styrkti alla drætti í sjálfsmynd vorri svo lítið bar þaðan af á þessu nema helst hjá lögskilnaðarmönnum 1943. Lengri nót þarf að draga ef veiddir skyldu í hana allir bitlingar og bruðl fjárlaga á 50 ára viðmiðunartíma sagnfræðingsins (1926) hvað þá á 60 vetrum næstu, til 1986. Summa sakargifta¹⁾ um dekur við þjóðarviljann, íhlutun í umboðsstjórn (konungs), truflun á lögmætri stjórnýslu embætta og velferðarútgjöldin, hún hefði dugað til að farga þingræði voru nema hitt hjálpaði, að menntastéttir frá háskólanum – og fleiri menntabrunnum – margfölduðust í tæka tíð og endursömdu formgerð mennta og þjóðfélags.

18.5.1986

Björn Sigfússon

1) Slík hneykslun er óskiptanleg manneðlisgáfa, þeirra sem hana eignast; því reynist summa þessi alger og jafnhá í nýrri kynslóð þótt ádeilduefnin verði umskiptanleg. Summan er því svipuð t. d. í hayekisma og brandesíanisma þó dr. Páll Ísólffsson kvæði í söknuði upp þann snjalla dóm að með láti Árna prófessors (1952) hafi öll og hin síðasta hneykslun á Íslandi gengið í gröf.

IV

Viðtal við Rögnvald Þorláksson, verkfræðing

(f. 1916), sem vann við háskólabýgginguna sumurin 1936 og 1937*

Hvenær hófst þú störf við háskólabýgginguna, Rögnvaldur?

Ég réðist þangað síðsumars 1936 og vann þá við að taka grunninn. Tengsl mín við þetta verk voru annars með nokkuð sérstökum hætti, því að faðir minn, Þorlákur Ófeigsson, byggingameistari, (f. 1887, d. 1955), tók að sér alla umsjón með háskólabýggingunni, frá upphafi til enda, og var starfsmaður Guðjóns Samúelssonar, húsameistara, og um leið trúnaðarmaður byggingarnefndar Háskólans. Einstakir verkþættir voru hins vegar boðnir út og verktakar sáu um þá, en faðir minn samræmdi verkin og fylgdist með þeim fyrir hönd Háskólans. Grunngröfturinn, 1936, mun þó víst ekki hafa verið boðinn út, og stóð þá faðir minn fyrir því verki. Áður en þetta var, hafði hann lengi fengist við smíði einbýlishúsa, en stærstu verkefni hans til þessa höfðu þó eflaust verið samvinnubústaðirnir í Vesturbænum, verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Ásvallagötu og Bræðraborgarstíg og svo hús Atvinnudeildar Háskólans, en síðar tók hann að sér eftirlit og umsjón með ýmsum stærri byggingum, t. d. Þjóðleikhúsinu (þegar farið var að vinna í því aftur eftir stríðið) og vinnuheimilinu að Reykjalundi.

Nú, ég fór sem sagt að vinna þarna í grunninum, en gröfturinn hófst 15. ágúst 1936, og vann þar fram á haust. Öllum greftri – þ. m. t. skurðir fyrir allar lagnir – var lokið 24. september, þegar skóflum og hökum var skilað, nýskerptum, til Vegagerðar ríkisins. Þarna vann allstór hópur ungra manna, sem víst allir, eða nær allir, voru stúdentar eins og ég – úr öllum deildum Háskólans og misjafnlega langt komnir í námi. Þetta var mikill gröftur, því að byggingin er stór um sig, og nú á dögum fengist víst enginn maður til að vinna svona verk með þeim tækjum og aðferðum, sem þá voru. Við strákarnir notuðum bara haka og skóflur og öllum uppgreftrinum var mokað upp

* Páll Sigurðsson tók viðtalið 14. maí 1986.



Rögnvaldur Þorláksson, verkfræðingur.
Ljósma.: Páll Sigurðsson.

í hestkerrur, sem dregnar voru upp úr grunninum eftir eins konar braut, sem lá upp á bakkann og áfram niður fyrir grunninn, þar sem efnið var notað til uppfyllingar. Leiðin var það stutt, að ekki var hagkvæmt að nota vörubíla við flutningana. Efsta jarðvegslagið var auðvelt viðfangs, en þegar neðar dró í grunninn, og nær klöppinni, varð uppgröfturinn erfiðari, fannst okkur.

Mig minnir, að vinnutíminn hafi verið 10 tímar á dag og unnið á laugardögum. Faðir minn var ánægður með vinnubrögð stúdentanna og taldi þá góða verkmennt. Ekki man ég betur en við höfum byrjað kl. 7 á morgnana, en margir fóru síðan heim til sín í hádegismat. Ég fór t. d. alltaf heim í hádeginu, inn á Laugaveg 97, og þá víst oftast hjólandi. Þetta voru reyndar töluverðar ferðir þá, fannst manni, því að Háskólinn var eiginlega reistur fyrir „utan bæ“, þótt einhver smá-byggð væri þá reyndar komin í Grímsstaðaholtinu.

Þetta var glöðvær hópur, sem þarna vann í grunninum, og sumarið næsta á eftir, 1937, voru þetta mikið til sömu mennirnir, minnir mig. Við höfðum góðan vinnuskúr þarna á staðnum, þar sem við gátum drukkíð kaffið okkar, og þar var mikið skrafað og skeggrætt, eins og gengur. Þarna í hópnum voru

líka hagnæltir menn, innanum, og vísur urðu til um menn og málefni – og ekki allar sérlega hátíðlegar. Á þessum árum geisaði borgarastyrjöldin á Spáni og fréttir af henni bárust þá hingað. Um borgarastyrjöldina var mikið rætt í kaffiskúrnum, og eitthvað voru skoðanir skiptar um gang mála. Flestir okkar voru víst áreiðanlega „lýðræðissinnar“, en einn og einn stóð með Franco! Um þetta mál urðu afar heitar umræður, og man ég t. d. vel eftir því, hvað Finnbogi Lassen Kristjánsson, þá guðfræðistúdent og síðar prestur,¹⁾ var sannfærður í sinni skoðun á styrjöldinni, en hann var mikill „lýðræðissinni“. Finnbogi var besti drengur, en dálítið sérstæður. Sumir stríddu honum smávegis, en hann var viðkvæmur fyrir gangi mála á Spáni. Þegar sem mest var barist um Saragossa, var Finnbogi hvað andríkastur og varð þá til þessi vísa í einhverjum kaffitímanum (ekki man ég hver var höfundurinn):

Söng með oss á sálmaþók
Saragossaprestur.
Ákaft bossinn undir tók,
eins og hrossabrestur!

Gísli Gíslason, stud. mag., var einn þeirra, sem vann þarna við bygginguna á þessum tíma, en hann andaðist fáum árum síðar. Gísli var í okkar augum hálfgerður undramaður vegna þess, hve hann var minnugur, en minni hans var með fullkomnum ólíkindum. Vorum við vinnufélagar hans oft að prófa þetta. Einn okkar spurði Gísla t. d., hvort það væri rétt, sem heyrst hefði, að hann gæti munað heila ræðu utanað, ef hann hefði einu sinni heyrt hana flutta. Gísli sagðist nú ekki vera viss um þetta, en að það mætti reyna. Var honum þá sett fyrir að fara í messu hjá séra Bjarna næsta sunnudag og þylja svo ræðu prestsins, þegar hann kæmi í vinnuna á mánudag. Þetta gerði Gísli, og efaðist víst enginn um, að ræða séra Bjarna skilaði sér þarna í kaffiskúrnum!, enda mun einn vinnufélaganna hafa farið með honum í messuna.

Þú vannst svo einnig við bygginguna sumarið 1937?

Já, ég vann þarna við smíðar fram á haust 1937 og tók þá sveinspróf í húsasmíði, ári eftir stúdentspróf, en fór nú utan til náms í byggingarverkfræði við háskólann í Þrándheimi.

1) Finnbogi lauk raunar embættisprófi í guðfræði í júnímánuði 1936 og var því fullnuma, er þetta var, en hann vígðist hins vegar ekki til prests fyrr en nokkrum árum síðar. (Athugasemd mín, P. S.).

Mig minnir, að notaðar hafi verið litlar hrærivélar við steypuna. Það var vandað vel til steypunnar og veggir voru þykkir, eins og almennt var í húsum, sem Guðjón teiknaði. Mitt starf þetta sumar var nú annars nokkuð einhæft, því að ég vann mikið við að reka tappa í boltaför í gluggapóstunum, en gluggarnir voru óskaplega margir og tapparnir óteljandi, fannst manni. En ég vann einnig við önnur störf, eftir því sem þörf var á. Eftir sumarið 1937 vann ég hins vegar ekki við bygginguna.

Þú minntist áðan á samstarf Guðjóns Samúelssonar og föður þíns.

Já, Guðjón fylgdist auðvitað vel með byggingunni og mun hafa komið oft á byggingarstaðinn, þótt ég fylgdist ekki mikið með ferðum hans. Stundum kom einnig Alexander Jóhannesson. Guðjón lagði mikla áherslu á að nota íslenskt byggingarefni, eftir því sem mögulegt var, og gerði alls konar tilraunir í því augnamiði, sérstaklega með ýmsar bergtegundir, sem lítið eða ekki höfðu áður verið notaðar til þeirra hluta. Faðir minn hjálpaði honum mikið við þetta. Í kjallaranum heima á Laugavegi hafði pabbi verkstæði, og þar geymdi hann mikið af sýnishornum úr fallettu grjóti, sem Guðjón hafði hug á að nota í háskólabygginguna. Pabbi lét steypa úr þessu plötusýnishorn, sem hann fór með til steinsmiða og lét þá slípa. Síðan fór hann með sýnishornin til Guðjóns, og það, sem Guðjón valdi, má svo sjá í byggingunni.

Þetta hefur þótt góð sumaravinnu fyrir stúdenta á þessum árum?

Já, flestir litu á það sem mikla heppni að komast í þessa vinnu. Þetta var á krepputímum og ekki alltaf auðvelt að fá sumaravinnu. Kaupið þætti víst ekki hátt núna, en okkur fannst það gott þá.

V

Viðtal við Ólaf Tryggvason, lækni

(f. 1913), sem vann við háskólabygginguna sumurin 1936 og 1937.*

Aðspurður um starf hans við bygginguna, segir Ólafur:

Ég komst í það að grafa grunninn, þegar byrjað var á því verki seinni part sumars 1936. Ég taldi mig heppinn að komast í þessa vinnu, því að erfitt var þá fyrir háskólastúdenta að fá sæmilegt sumarstarf, og margir urðu að láta sér nægja alls konar íhlaupastörf hingað og þangað og oft stuttan tíma í einu. Þarna um sumarið, áður en ég byrjaði í grunninum, hafði ég t. d. um stuttan tíma verið við slátt uppi í Mosfellssveit og þar áður í einhverri lausavinnu frá því um vorið.

Uppgröfturinn gekk í sjálfu sér nokkuð vel, frekar auðvelt var að grafa fyrir meginhúsinu (frá norðri til suðurs), en þegar grafið var fyrir álmunni, sem gengur til vesturs, þar sem er bókasafnið og hátíðarsalurinn, lentum við í erfiðleikum. Þar komum við ofan á glerharða móhellu, sem ekki virtist árennileg, en hana varð þó að brjóta og fjarlægja með einhverju móti til að komast niður á klöppina. Þorláki Ófeigssyni, byggingarmeistara, sem þarna var æðstráðandi, leist ekki á blikuna og hafði orð á því, í okkar eyru, að nú væri sennilega eina ráðið að fá lánaða eða leigða loftpressu til að brjóta móhelluna. Loftpressur voru þá víst áreiðanlega sjaldséðir gripir hér á landi, og maður hafði varla fyrr heyrt talað um slíkt verkfæri. Þá skutum við stúdentarnir, sem þarna unnum, á fundi og réðum ráðum okkar. Við sáum það í hendi okkar, að ef fengin yrði loftpressa, yrði hún svo skjótvirk og afkastamikil, að lítið starf yrði afgangs fyrir okkur, en það var lífsspursmál fyrir marga okkar að halda vinnunni þarna, þar til Háskólinn byrjaði um haustið. Varð niðurstaðan sú, að við ákváðum að ráðast á móhelluna með hakana eina að vopni, þannig að ekki þyrfti að leita eftir loftpressunni. Þegar til kom, gekk þetta sæmilega, þótt erfitt væri, og höfðum við þokkalega undan. Ekkert þurfti að sprengja í grunninum.

* Páll Sigurðsson tók viðtalið 14. maí 1986.



Ólafur Tryggvason, læknir. Ljósma.: Páll Sigurðsson.

Þessum uppgreftri var hagað þannig, að þrír menn voru í „holli“ um hverja hestkerru, þ. e. við að haka og moka í hana. Skiptust menn á um að haka, því að það var þreytandi, einkum auðvitað þar sem móhellan var. Síðan var einn maður, sem teymdi fyrir kerrunni, og munu þeir menn líklega hafa verið á vegum Þorláks Ófeigssonar eða þess, sem hestana átti, og voru það ekki stúdentar.

Það var Magnús Jónsson frá Selalæk (faðir Sigurðar A. Magnússonar, rithöfundar), sem átti eða lagði til hestana, sem þarna voru notaðir, og stjórnaði hann öllu kerrustandinu.

Tímakaup okkar var ein króna og þrjátíu og sex aurar og þótti bara gott. Þetta var venjulegt verkamannskaup á þessum tíma. Unnar voru 10 vinnustundir á dag, þ. e. frá kl. 7 á morgnana til 7 á kvöldin, en tveir tímar gengu þá frá í matar- og kaffitíma. Eftir daginn fengum við því þrettán krónur og sextíu aura, og launin fyrir sex daga vinnuviku voru áttatíu og ein króna og sextíu aurar. Kaupið var óbreytt bæði sumurinn, sem ég vann þarna í byggingunni. Í hádegismatartímanum fór ég stundum heim – ég átti þá heima á Leifsgötu – en iðulega fór ég líka ásamt einhverjum vinnufélögum

mínum á matsöluhúsið „Heitt og kalt“ niður í miðbæ, en þar var hægt að fá ágætan og vel útlátinn hádegismat fyrir eina krónu og tuttugu og fimm aura (sem var tæpt tímakaupið).

Vorið 1937, strax að skóla loknum, fór ég að vinna aftur við bygginguna. Þá var a. m. k. búíð að steypa upp kjallarann, en nú var hafist handa við að slá upp og steypa allt húsið. Var steypunni lokið að miklu leyti, þegar ég fór aftur í skólann um haustið. Allt þetta sumar vann ég við járnabindingar – var járnamaður – og gerði ekki annað, enda var það ærið starf. Feiknin öll fóru af járnnum í húsið, enda var bindingin öll óvenjulega traust og vönduð. Í öllum útveggjum var tvöföld járngrind (ytri og innri grind), en þær voru síðan tengdar saman með sterkum járnkrókum. Öll járn – jafnvel sverustu bitajárn – voru beygd á staðnum með handknúnum verkfærum, og voru sérstakir menn við það verk. Ég man sérstaklega eftir því, hve vel var gengið frá loftinu yfir kapellunni, en loftið er þar tvöfalt, með „lofthólfum“ og sverum járnbitum (krossbitum).

Öll steypa var hrærð í litlum hrærivélum, sem tóku nokkrar hjólbörur, og efninu mokað í þær úr malar-, sements- og sandbingjum. Eftir að hvolfst hafði verið í hjólbörurnar, voru þær halaðar upp á taliu og þeim síðan trillað út á veggina. Tipluðu menn með börurnar eftir mjóum plönkum eða sliskjum, og gat þá verið betra að vera ekki að horfa mikið niður á meðan! Ekki man ég til þess, að nein steypa væri hrærð á palli. Öll gekk þessi steypuvinna afar fljótt og vel, og ég man varla eftir neinum töfum, sem heitið gætu. Þegar ég hugsa til þessara tíma núna, finnst mér sem oftast hafi verið gott veður bæði þessi sumar, sem ég vann þarna, nema hvað seinna sumarið, 1937, kom mikið vatnsveður einn daginn, og urðum við þá að hætta eitthvað fyrr þann dag en ella.

Alexander Jóhannesson, sem var helsti drifkrafturinn í þessum byggingarmálum, fylgdist nákvæmlega með öllu verkinu og var mikið þarna á staðnum. Var hann óspar á að láta skoðanir sínar í ljósi. Á neðstu meginhæðinni a. m. k. voru felld málmstykki í dyrakarma til að auka slitþol þeirra, og man ég vel eftir því, að Alexander var ákaflega hrifinn af þessari hugmynd. Í því sambandi sagði hann, að málmurinn kæmi sér vel þarna, ef honum (þ. e. Alexander) yrði það á að vingsa stafnum sínum kröftuglega utan í karminn, því að þá skemmdi hann ekkert! Setti hann þetta reyndar á svið með leikrænum tilburðum.

Okkur stúdentunum, sem unnu við háskólabygginguna, þótti hún ótrúlega stór og höfðum gaman af að mæla hana á ýmsa lund. Okkur reiknaðist t. d. til, að ef við stikuðum eftir henni endilangri fjórtán sinnum (þ. e. sjö sinnum fram og til baka) værum við búnir að ganga heilan kílómeter!

Ég vann ekki við bygginguna eftir sumarið 1937, en þegar húsið var vígt

17. júní 1940, hafði ég enn ekki lokið læknanámi. Var ég þá í hópi þeirra stúdenta, sem fengnir voru til að sýna gestum húsið, en almenningi var boðið að skoða bygginguna eftir vígsluathöfnina. Var þá hverjum stúdent úthlutaður staður í húsinu til að sýna. Við vorum þá allir saman á „smóking“ og með húfurnar að sjálfsögðu, þannig að „leiðsögumennirnir“ þekktust frá gestunum.

Þá um vorið höfðu Bretar hernumið landið, eins og kunnugt er, og tekið ýmsar opinberar byggingar í sínar þarfir, þ. á m. Stúdentagarðinn, en háskólabygginguna létu þeir í friði af einhverjum ástæðum. Sú saga gekk þá í bænum, a m. k. í hópi stúdenta, að til hafi staðið, að háskólabyggingin, sem þá var um það bil tilbúin, yrði tekin skömmu eftir komu hersins. Hafi hermenn komið að byggingunni þeirra erinda, en þeir þá mætt prófessor Alexander í aðaldyrunum, og hafi hann varnað hermönnum inngöngu með orðunum: „Over my dead body!“ En þessa sögu sel ég nú ekki dýrara en ég keypti hana.

VI

Úr byggingardagbók Háskólans

Gripið niður í byggingardagbók Þorláks Ófeigssonar, byggingameistara, sem var trúnaðarmaður húsameistara ríkisins og byggingarnefndar Háskólans. Dagbókin, sem er mjög nákvæm og útarleg, nær yfir allan byggingartímamann allt til 17. júní 1940. Hún er í vörslu sonar Þorláks, Rögnvalds verkfræðings, sem leyfði birtinguna. Hér er aðeins birt úr dagbókarfærslum fram til ársloka 1938, auk ljósmynda af síðustu færslunum, fyrir dagana 15., 16. og 17. júní 1940.

1936

15. ág.

Ár 1936, hinn 15. dag ágústsmánaðar er byrjað að grafa fyrir grunni háskóla Íslands. Aðaluppdráttur af byggingunni er þá þegar gerður af húsameistara ríkisins, prof. Guðjóni Samúelssyni.

Gröfturinn var ekki boðinn út, heldur unninn í tímavinnu af ungum stúdentum. Uppmökstri ekið frá í hestvögnum. Flutningurinn er stuttur og þess vegna verður hann miklu ódýrari á þennan hátt heldur en ef flutt er á bílum. Vinna hófst kl. 7 í morgun. 10 stúdentar byrjuðu auk þeirra 2 menn sem fylgja hestunum og verkstjórinn Guðm. Auðunsson. Kl. 9 kom húsameistari á vinnustaðinn og í fylgd með honum byggingarnefnd háskólans. Húsameistari ákveður að jarðhæð umhverfis húsið verði í enda hæð 1080, en það er jarðhæðin eins og hún er við norður enda hússins ofan til. Byggingarnefnd hásk. féllst á þessa ákvörðun. Veður er gott, hægviðri, skýjað, en úrkomulaust .

17. ág.

Í morgun bættust við 6 stúdentar í vinnuna. Auk þeirra 2 ökumenn og 4 hestar. Maður að nafni Ragnar Hall biður mig að taka sig í vinnu við



Þorlákur Ófeigsson, byggingameistari.

gröftinn, ég vísa honum til dr. Alexanders sem hefir ráðið stúdentana til vinnunnar.

Upphaflega hafði ég hugsað mér að grafa í einu lagi niður í botn, en móhellan er það hörð neðan til að minnsta kosti sumstaðar að það mun borga sig betur að höggva ekki upp það sem harðast er fyrir en eftir á til að tefja ekki burtflutninginn. Ákvað ég því að grafa ekki nema niður á það harðasta fyrir en hestunum yrði skilað eða a. m. k. fækkað. Gott veður, norðangola, úrkomulaust og milt.

18. ág.

Sex stúdentar bættust við í morgun. Stúdentunum var í sjálfsvald sett hvort þeir vildu taka sér frí eftir háð. í tilefni af hátíðahöldum vegna 150 [ára] kaupstaðar afmælis Reykjavíkur. Sýndist sitt hverjum. Bað ég þá um atkv.greiðslu með nafnakalli og kusu 13 að vinna allan daginn, 9 vildu taka frí, 1 greiddi ekki atkv. Meiri hlutinn réði og var unnið til kvelds.

Húsameistari óskar eftir því í símtali að ég athugi hvort allir stúdentar sem í vinnuna hafa verið teknir séu búsettir í Reykjavík, en það kvað hafa verið

skilyrði frá v. m. fél. Dagsbrún fyrir því að stúdentum yrði leyft að vinna að greftinum. Sagðist húsameistari vilja forðast að misklíð gæti risið upp út af þessu. Eg hefi ennþá ekki spurt stúdentana um heimilisfang, nema þá sem byrjuðu 1. daginn, en ég geri ráð fyrir að þeir eigi allir heimili í Rvík vegna þess að þeir eru ráðnir til vinnunnar af Birni Sigurðssyni formanni stúdentaráðs eftir því sem húsameistari sagði mér, en B. S. hafði áður gert mér boð um að enginn stud. mætti vinna við gröftinn nema hann ætti heimili í Reykjavík. . . .

22. ág.

Vinnan gengur vel. Stúdentarnir eru yfirleitt ágætir verkmenn. Alls vinna nú með öikumönnum 34 við gröftinn. Vinnulaun greidd í dag. Veður stirt, suðaustan hvassviðri og slagviðri síðari hluta dagsins, en drengirnir láta það ekki á sig fá.

25. ág.

Byggingarnefnd háskólans kemur á vinnustaðinn. Kemur til orða að færa húsið eitthvað norðar. Sýndist sitt hverjum. Ég álít vafasamt að það bæti afstöðu háskólabygginganna. Myndi líka hafa talsverðan kostnað í för með sér þar sem allmikið er þegar búið að grafa. Veður allgott hægviðri, skýjað, en úrkomulaust að mestu.

26. ág.

Vinnan gengur mjög vel. Stúdentarnir eru ágætir verkmenn. Hitti húsameistara á teiknistofunni. Hann ákveður að húsið standi á þeim stað sem ákveðið var þegar mælt var fyrir grunninum. Veður ágætt, hæg suðv. gola oftast bjartviðri.

5. sept.

Kjallarinn auglýstur til útboðs í dag.

10. sept.

Gröfturinn er langt kominn. Hestum sagt upp í dag (þeim síðustu). Ágætt veður austan kaldi úrkomulaus og hlýtt.

24. sept.

Í dag var skilað til áhaldahúss vegagerðar 26 hökum og 27 skóflum. Hakarnir voru sendir í landsmiðjuna til skerpingar fyrir háskólans reikning, voru allir skerptir þegar þeir voru afhentir til okkar og telst því rétt að skila þeim í jafngóðu ástandi . . .

26. sept.

Búið að slá upp undirstöðu mótum í norðurenda að vestur álmu. Byrjað að steypa kl. 2 1/2. Áður enn byrjað var aðgætti ég nákvæmlega sementsmálið í hlutfalli við sand- og malar mál. Gengur liðugt að steypa og steypan er vel þétt og góð.

28. sept.

Danska sementið er þrotið og fæst ekki í bænum fyr en Selfoss kemur (29–30 þ. m.) . . .

2. okt.

Byrjað aftur að steypa í morgun kl. 7. Verið að leggja frárenslispípur í grunninn. Vinnu laun greidd. Diðrik fær útb. kr. 2000.00. Veður allgott allhvas suðaustan lítil úrkoma og fremur milt.

10. okt.

Steypt gólf að Ketilhúsi (neðra lag). Byrjað að leggja frárenslispípur í skurð meðfram húshlið. Lögð vatnspípa frá götu æð (afleggjari) að skurði, og er þá tilbúið til að setja í samband á mánudag. Rigning allan daginn, sunnan kald, fremur hlýtt.

12. okt.

Steypt gólf í suðurenda. Asfalterað í norðurenda að Ketilhúsi. Gröndal ákveður í símtali við mig að innanmál reykháfs skuli vera 50×60 sm. Ágætt veður. Léttskýjað og kyrt. Hiti 3–6°

20. okt.

Unnið við mótauppslátt. Smíðuð steypumót af pallastiga í vesturálmu, eftir aðaltekningu . . .

6. nóv.

Í dag er 2 st. frost, kyrt veður og léttskýjað. Ekkert steyp, efnið frosið. Unnið við mótauppslátt og að binda járn í loft.

11. nóv.

Frost var harðara í morgun, 3 stig í útjöðrum bæjarins. Veðurstofan segir alltaf nokkuð minna frost, einkum þegar lygnt er og hlýjan upp af borginni liggur innibyrð undir kolareyknum. Ekki hægt að steypa. Vakti máls á því við Diðrik og O. Th. að setja upp timburskýli yfir efnið svo hægt væri að hita það upp með kolaofnum, mætti þá oft steypa þó annars væri ófært . . .

17. nóv.

Steyptir veggir undir aðaltröppum . . .

18. nóv.

Húsameistari tilkynnir að byggingarnefnd háskólans hefði í gær á fundi ákveðið að leggja hornsteininn 1. des. n. k. og skyldi gera gróp í vegginn neðst í austur útskoti við aðalinngang en þar var í morgun búið að steypa upp að tröppum. Ákvað húsameistari þá að leggja hornstein í útvegg forhliðar syðst og neðst í vegg ofan á undirstöðu. Sunnan hvassviðri og rigning öðru hvoru í dag . . .

28. nóv.

Í morgun kl. 8 var byrjað að steypa suðurhlutann, vestri helming. Unnið til kl. 6. Suðvestan hvassviðri, hryðjur. Hiti 3–5 stig. Snjór sá sem var í gær var allur horfinn í morgun og allt frost úr efninu. Í dag var verið að slá saman palli fyrir boðsgestina við hornsteinslagninguna þann 1. n. m., útvegaðar flaggstengur og flögg o. s. frv.

2. des.

Ekkert unnið við kjallarann, nema við að leggja grjót með rorum, taka niður flögg og rífa palla sem settir voru fyrir boðsgesti við hornsteinslagninguna og hljómsveitina sem aldrei kom. Austan gola, bjartviðri, frost 10–11 st.

1937

27. jan.

Byrjað að steypa kl. 2 og steyp til 5 1/2. Botninn alveg hreinn. Var að síðustu helt heitu vatni í mótin þar sem leifar voru af klaka. Veður ágætt, austankaldi, úrkomulaust. Hiti 3–1 st. Í steypunni 0,5 st. Sandur og mól snjólaust og ófrosið. Húsameistari taldi vafasamt hvort rétt væri að byrja að steypa aftur fyr enn með vorinu svo örugt væri um veðurfar, en setti mér í sjálfsvald hvort ég léti byrja eða ekki. Verksalinn leggur hinsvegar áherslu á að nota tækifærið og ljúka verkinu sem bráðast. Að öllu athuguðu tel ég mig ekki geta hindrað verksala í að ljúka verkinu nú ef veður leyfir, þar sem mér virðist allt verkinu viðkomandi vera í svo góðu lagi, (eins og er) að ekkert sé því til fyrirstöðu að haldið sé áfram . . .

2. apr.

Allan tímann síðan 29. jan. hafa verið frátök að steypa . . .

10. maí

Í dag er verið að rífa utan af útveggjum og slá upp mótum fyrir auka tröppunum (sunnan við vestur álmuna).

13. maí

Húsameistari hefir ákveðið að taka tilboði Sigurðar Jónssonar og Einars Kristjánssonar þar sem Böðvar Bjarnason gat ekki lagt fram áskilda tryggingu kr. 25000. Verða samningar undirritaðir í dag eða næstu daga. Í dag er verið að flytja mótatimbur að kjallaranum.

4. júní

Verið að slá undir loft í N. V. hluta aðalbyggingar (1. hæð) og smíða mál fyrir stiga (þar). Komu bílar með möl frá pípuvsm. (Kjalarnes). Var hún svo óhrein að frágangssök var að taka við henni. Lét ég þá bílstjóran skila til þeirra sem afhentu úr prammanum að þeir yrðu að þvo mölina. Næsti bíll var skárri en hvergi nærri góður. Var auk þess talsvert af þangi saman við. Lét ég þá stöðva aðflutninginn. Alls komu 4 bílar, sem verður að þvo aftur, áður en steipt verður.

5. júní

Í dag kom annar prammi með möl. Var hún stórum betri, og samþykkti ég að taka hana.

7. júní

Verið að koma fyrir hrærivél og lyftikrana . . .

15. júní

. . . Gústav tilkynti E. Erl. að blöndunin yrði að vera hér eftir 1: 2 1/2 : 3 1/2.

16. júní

Byrjað að steypa úr þessari blöndu (sjá 15 þ. m.), legst vel niður. Járngrindin er tvöföld bæði í útveggjum og gangaveggjum. Vilja steinar festast beggja megin milli járna og móta um leið og steypunni er helt í mótin, en þeir hindra það að steypan falli vel að, einkum fyrir neðan steinana. Bað ég verksala að láta smíða spaða og krók til að ná burt þessum steinum og halda járngrindinni sem opnastri þar til steypan kemur í vegginn . . .

21. júní

Í dag hafa verksalar fjölgað smiðum og er nú verið að stilla upp í vestur álmu og suður enda aðalhúss . . .

9. júlí

Lokið að steypa loft yfir norður hluta aðalbyggingar, 1. hæð. Síðari hluta dags sólskin og hiti. Loftið sem þegar er steyp t vökvað þrisvar, og einu sinni undir kveldið það sem steyp t var í dag fyrri partinn.

10. júlí

Þjartviðri, oft sólskin, loftið vökvað vel tvisvar sinnum. Byrjað að rífa mót utan af útveggjum á norður gaffli.

15. júlí

Steyp t með báðum vélum bæði í gær og í dag, gengur liðugt. Ágætt vinnuveður. Járnið komið fyrir nokkrum dögum og enginn hörgull á neinu sem stendur . . .

19. júlí

Í morgun var ekki hægt að byrja að steypa vegna þess að afgreiðsla fékkst ekki á sementi hjá H. B. & co vegna vinnudeilunnar, en J. Þorl. & Norðmann gátu afgreitt vegna þess að þeirra menn hafa mánaðar kaup. Fékkst svo sement þaðan og var byrjað að steypa kl. 9 1/2 (eftir kaffið).

3. ág.

Loft steyp t yfir forsal . . .

6. ág.

Byrjað að steypa veggi 2. hæðar norðurhl. Steyp t með einni vél, og hefir oft ekki verið nema önnur vélin í gangi í einu við það sem búið er að steypa. Mótatimbrið er ekki nóg til þess að vinnan geti gengið hratt. Smiðir eru 16 . . .

9. ág.

Byrjað að steypa loft yfir 1. hæð suðurenda . . .

10. ág.

. . . Í dag er steyp t loft yfir fyrirlestrasal á 1. hæð (kapellugólfíð).

12. ág.

Byrjað á ný að steypa norður hluta 2. hæðar. Steyp t í báðum vélum eftir hádegi. Bilaði önnur í gærkvöld og var ekki komin í lag fyr en þetta. Veður var svo vont í dag að smiðirnir urðu að hætta að vinna . . .

16. ág.

Húsameistari kom í dag í fyrsta sinn eftir utanförina. Þótti honum verkið skamt á veg komið. Er og sýnilegt að því verður ekki lokið á þeim tíma sem ákveðinn er í samningi. Sagði húsameistari að ákvæði verksamningsins um dagsektir myndi verða beitt ef verkinu yrði ekki lokið á tilsettum tíma. Verksalar telja sig hins vegar hafa orðið fyrir óviðráðanlegum tögum í byrjun vegna skorts á timbri, örðugleikar á að fá möl eða mulning o. fl. . . .

25. ág.

Lokið að steypa loft í norðurhluta yfir 2. hæð . . .

3. sept.

Steypt loft yfir forsál (2. hæð). Unnið við mótauppslátt í norðurenda. Steypan í forsalsloftinu hefir aukist dálítið frá því sem gert var ráð fyrir í útboði . . .

14. sept.

Lokið að steypa vegg 3. hæðar norðurhluta. Rifið undan skyggni fram af andyri. Byrjað að binda járn í loft 3. hæðar n. hl. Kom teikning af ljósopum í loftið. G. P. mældi fyrir þeim á loft undir sláttinn og sagði fyrir um járn kringum þau.

21. sept.

Steyptir veggir hátíðasals og innveggir að forsál. Í dag kom möl sem var svo óhrein að ég neitaði að taka við henni, enda var steypu verkstjórinn sammála um það að ekki væri tiltök að nota hana óþvegna . . .

1. okt.

. . . Byrjað að flytja uppfyllingu að húsinu, suður og austur hlið, þar sem jarðvegur er lægstur. Var það nýlega ákveðið af húsameistara og byggingarnefnd hússins, þótti vissara að gera þetta fyrir veturinn svo að tryggt væri að frost færi ekki undir veggina.

2. okt.

Verið að binda járn í loftplötur yfir hátíðasal og steypa vegg 3. hæð suður enda.

4. okt.

Tilbúið að steypa loft yfir hátíðasal, en í dag er svo vont veður að ófært er

að aka steypu eftir pöllum sem liggja þvert ofaná bitunum eftir endilöngum salnum. Vindhraði 10–11 vindstig og mikið regn . . .

5. okt.

Steypt vestur hluti lofts yfir hátíðasal. Byrjað að slá upp palli undir loft yfir forsal.

6. okt.

Lokið að steypa loft yfir hátíðasal og vegg 3. hæðar í suðurenda . . .

2. nóv.

Lokið að steypa turnveggi, nema ytra borðið þar sem veggir eru tvöfaldir til beggja hliða, verður það steyp um leið og loftplata, til þess að fá sem best samband milli lofts og veggja. Veður ágætt hæg austan átt, úrkomu lítið hiti 5–6 stig.

3. nóv.

Steypt loftplata (neðri) yfir turn. Suðaustan hvassviðri regn öðru hvoru hiti 6–8 stig. Bað Magnús Jónsson sem er að smíða gluggana, að saga rauf í undirstykkinn á kjallara gluggunum fyrir bryddingu.

6. nóv.

Unnið við að rífa mót utan af útveggjum og við þakið (3–4 menn). Efni sem pantað hefur verið í þakið er ennþá ókomið og er því hlé á verkinu sem stendur.

8. nóv.

. . . Samkvæmt tilmælum Óskars Bjarnasen gaf ég honum meðmæli til byggingarnefndar háskólans um að ég teldi hann færan til að takast á hendur næturvárðarstarf við húsið í vetur. Hafa þeir húsameistari og dr. Alexander komið sér saman um að láta vaka, en ætla að leggja þetta fyrir nefndarfund. Lagði ég til að vökutíminn yrði ákveðinn frá því að vinna hætti á kvöldin kl. 4–5–6 eftir atv. í skammdeginu, og til kl. 3 að nóttu. Tel eg litla hættu af næturslarki eftir þann tíma og myndi að mínu áliti ekki svara kostnaði að hafa tvískifta vakt þess vegna. Hins vegar álit ég ekki að sami maður geti haldið út frá því vinna hættir á kvöldin og þar til vinna hefst á morgnana því það getur í skammdeginu áður en farið er að vinna við ljós inni orðið allt að 17–18 klst.

18. nóv.

Húsameistari leggur mikla áherslu á að pappinn komist á þakið. En nú er

altaf regn daglega og súðin þar af leiðandi blaut og ómögulegt að leggja brætt bik á. Er ekki annað fyrir hendi en að bíða tækifæris.

8. des.

Ágætt veður, unnið við þakbrúnina. Byrjað að setja glerið í kjallara gluggana. Byrjað að smíða skýli fyrir næturvörð sem verður um leið skrifstofa fyrir eftirlitsmann. Tel ég best að það standi á miðju gólfi laust frá öllum veggjum, svo hægt sé að vinna alt sem þarf við veggi og loft án þess að hreyfa við skýlinu. Verður það í stórri stofu á 2. hæð og er stærð þess ekki meiri en það að ætlast er til að það verði dregið í hinn enda stofunnar þegar slitlag verður lagt á gólfíð.

9. des.

Kl. um 10 í dag vildi það slys til á þakinu að piltur að nafni Sigurður, lærlingur hjá Magnúsi Vigfússyni, brendist á vinstri kinn og vinstri hendi. Vildi það til þannig að pilturinn rann á þakinu því hálka var. Slettist þá á hann vinstra megin heitt asfalt úr fötu sem hann var að færa að þeim sem límdu niður pappann. Hlífðu fötin nema á andliti og höndum. Var þegar í stað hringt eftir bíl og fór ég og annar maður til með piltinn upp á Landsspítala . . .

28. des.

Unnið við ísetningu glugga og glers. Glerið halað upp í kössunum upp á 2. hæð. Gerði ég það eftir ósk G. Ól. J. og Þorv. að setja glerið upp þangað, enda munaði það mjög litlu á verki í stað þess að setja það inn á 1. hæð, sem verkkaupanda hefði skilyrðislaust borið að gera.

1938

9. jan.

Í dag stakk ég upp á því við húsameistara að húsið væri hreinsað út, því allmikið er af sand- og malarhröngli á gólfunum, síðan steypt var, og mun verkkaupandi verða að láta hreinsa það burt áður en inni vinna byrjar. Ætlaði ég þá að láta Grím vinna þetta. Húsameistari vildi ekki að þetta væri unnið nú.

12. jan.

Kom í dag krafa frá áhaldahúsi Vegagerðarinnar um 4 haka og 3 járnkalla

sem enn þá hefði ekki verið skilað. Einn af þessum hökum tapaðist í fyrra, en þremur þeirra skilaði ég héðan í haust og vissi ekki annað en að þeir hefðu komist til skila . . .

17. jan.

Í dag er verið að rífa undirslátt undan forsals loftinu. Var byrjað á því í síðast liðinni viku . . .

19. jan.

Húsameistari kom í dag. Átti hann tal við Guðjón og Þorvarð og óskaði eftir að þeir legðu meiri kraft á ísetningu glugganna. Lofuðu þeir að bæta við tveim mönnum. Húsameistari lofaði þess í stað að losa þá við að troða bráðabirgðartróði með körmum að innan, og bað mig að sjá um það. Lagði ég þá til að troðið yrði með tjöruhampi, því að bréf eða trúull myndi koma að litlu gagni . . .

1. febr.

Lokið að setja í glugga á 3. hæð. Er þá ósettir gluggar í útibygginguna 42 stk. og 4 gl. í stigagangana. Gluggarnir í forsalnum (yfir andyrinu) verða ekki af þessari gerð og hefir verið slegið upp í götin.

2. febr.

Húsameistari tilkynti mér í dag að gluggarnir í Kapelluna yrðu ekki smíðaðir fyrst um sinn, og yrði því að slá upp í götin. Bað ég E. Kr. að skaffa efni og láta gera þetta.

3. febr.

Í dag kom húsameistari ásamt Gústaf E. Pálssyni verkfr. og verksölum S. J. og E. Kr. til að yfirlíta verkið í heild. Höfðum við G. P. áður viðurkent að allt væri vel af hendi leyst af hálfu verktaka. Húsameistari viðurkendi það einnig fyrir sitt leyti og verða reikningar fyrir verkið greiddir að fullu samkv. samningi . . .

11. febr.

Húsameistari kom í gær til að athuga hvað mikið hefði verið mulið af steinum sem Tr. Ól. hefir tekið að sér að mylja með áhöldum Atv.deildarinnar. Steinar þessir eru libarit rautt og grænt. Ætlar húsam. að gera sýnishorn af plötum innan í forsalinn. Það sem búið er að mylja er ekki nóg til að byrja með. Trausti þarf að fá sett niður og smíðað borð undir mulningsvélar og lofaði húsameistari að það skyldi gert og bað mig að sjá um það.

14. febr.

Í dag var settur í annar hái glugginn í forsalinn norðanmegin andyris, er þá aðeins eftir hinn glugginn á móti. Gekk vel að koma þessum í og voru þó að mestu aðeins tveir menn við verkið . . .

25. febr.

Undanfarna daga hefir verið unnið við að prófa raflagnir. Jón Loftsson kom með vikursteypuvél (pressu) og setti hana hér inn í kjallarann. Verður nú farið að steypa plötur ef veðráttá leyfir þannig að frostlaust verði í kjallaranum.

7. mars

Í dag komu hingað tveir piltar og óskuðu eftir að fá vinnupláss (í húsinu) til að smíða model flugur. Sögðust þeir hafa talað um þetta við dr. Alexander og hefði hann verið því meðmæltur. Hringdi ég til hans og sagði hann það rétt vera. Vísaði ég þeim á hentugasta stað sem um er að ræða og afhenti þeim lykil að útidyrum. Þar sem dr. Alexander var samþykkur þessu taldi ég ekki ástæðu til að ómaka húsameistara með fyrirspurn um leyfi hans, af því hann er ennþá ekki kominn á fætur eftir legu. Býst líka við að honum sem öðrum er hér eiga hluta að máli sé ánægja að geta gert model flugfélaginu þennan greiða. Hurð í herbergið og upphitun verða modelsmiðirnir að kosta sjálfir. Agnar Koefod Hansen átti upptökin að því að útvega drengjunum hér vinnustað og kom hann hér fyrir nokkrum dögum til að athuga hvar hentast væri að vera.

15. mars

. . . Dr. Alexander sagði mér að nægt fé væri nú fyrir hendi til að halda áfram með húsið af fullum krafti. Mun verða byrjað á utanhúðun með vorinu og kvaðst hann leggja áherslu á að hafist yrði handa sem fyrst og hafði nýlega átt tal um það við E. Erl. í fjarveru húsameistara að byrja nú þegar á undirbúningi útboðs að utanhúðun. Ennfremur sagðist hann hugsa sér að kensla gæti byrjað hér á 1. hæð haustið 1939. m. ö. o. eftir 1 1/2 ár. Sagði ég honum að til þess að ná því takmarki mætti ekki eina stund úr þessu slá slöku við með framkvæmdir og sérstaklega riði á að hafa fyrirhyggju um allan undirbúning og veltur þar vitanlega fyrst og fremst á byggingarnefnd hússins og húsameistara ríkisins.

Í þessu sambandi minntist ég á miðstöðvarlagningu í húsið. Benti ég á að sjálfsagt væri að nota íslenska ofna í húsið frá ofnagerðinni hér, en til þess þyrfti að rannsaka í tæka tíð hvort járníð þyldi hvera vatn sem eflaust verður notað hér til hitunar í framtíðinni, því fremur ætti að nota íslenska fram-

leiðslu þar sem við ættum nú undir högg að sækja með yfirfærslu á hverri krónu, og innflutningurinn væri altaf of mikill í hlutfalli við útflutning. Sagðist dr. Alexander hafa átt tal um þetta við húsameistara og hafði hann sagt að ofnarnir yrðu sennilega keyptir frá Þýskalandi, þar sem við værum viðskipta vegna bundnir við að kaupa fyrir vissa upphæð af Þjóðverjum. Ég benti á að ýmislegt annað myndi vera hægt að kaupa fyrir þá upphæð, af vörum sem við gætum ekki framleitt í landinu sjálfu. Tel ég það ekki vansalaust að nota ekki, að öðru jöfnu, íslenska framleiðslu í háskólann.

7. apr.

Húsameistari kom til að steypa tilraunaplötur úr libaritsandi og silfurbergi. Notaði nú grænt sement í sumar plöturnar, og kemur þá græni liturinn í libaritinu betur fram, mun þó þurfa að nota grófari sand til þess að meira beri á steinlitnum þegar platan er slípuð. Voru steyptar 3 hellur í dag. Húsameistari kvað vikursteinana þurfa að verða sem fyrst tilbúna í tilraunaveggina. J. L. taldi tormerki á að geta steyppt þá eins fljótt og húsameistari krafðist og bauðst ég þá til að losa hann við það og sjá um að það yrði gert. Fengum við mót sem hann hafði látið smíða í Hamri og einnig ljær hann okkur hlera undir steinana.

11. apr.

Í dag var boðin út utanhúðun hússins . . .

13. apr.

Dr. Alexander kom í dag. Vakti hann máls á að fallett myndi vera að húða húsið utan úr silfurbergi eingöngu. Var ég því samþykkur. Minntist hann síðan á þetta við húsameistara, en hann taldi að það myndi ekki þola vel og yrði af þeim ástæðum ekki nothæft.

30. apr.

Í dag var unnið fyrir Jón Loftsson . . . Húsameistari kom í dag til að steypa eina plötu (sýnishorn). Hvítur libaritsteinn var sagaður sundur og sárið olíuborið, leist dr. Alexander mjög vel á útlitid og sömuleiðis húsmeistara. Sendum við allstórar hellur tvær til M. Guðnasonar á Grg. 29 til þess að fá tvo stóra slétta fleti og sjá útlit þeirra. Tilboð Sigurðar Jónssonar í utanhúðun sem samþykkt var í gær er að upphæð kr. 35600. Mulningur í hraunhúðun ekki innifalinn.

10. maí

Undanfarna daga höfum við gert tilraunir með að saga niður og slípa

steina í veggflísar innan á forsalinn. Steinar þessir eru austan úr Hornafirði, ljósleitir með gulbrúnum eitlum. Aðalliturinn er nærri hvítur með ígrænum blæ. Steinninn er linur, álíka og mjúkur hverfisteinn en eitlarnir allharðir. Talið er að hægt sé að saga steininn með hjólsög af þar til gerðri tegund. Slípun mjög auðveld. Að öllu athuguðu mun steinninn verða svo dýr að hann kæmi tæpast til mála, þrátt fyrir að útlitið myndi verða mjög sémilegt. Aðrar tilraunaplötur höfum við einnig gert úr hvítum kalksteini? til utan húðunar á bönd og glugga súlur. Unnið við uppsetningu vinnupalla á hverjum degi.

11. maí

Húsameistari sá í dag sýnishornin úr hvíta steininum. Plöturnar voru tvær 15×15 sm að stærð önnur með límdum mulningi eins og utan húðun úr kvarsí og tinnu, en hin þannig gerð að mulningurinn var lagður á botn mótsins og síðan steipt ofan í hann. Þegar steypan var orðin hörð var platan slípuð. Húsameistara leist betur á þá síðarnefndu og verða að líkindum gerðar plötur úr þessum steini utaná súlurnar milli forsalsglugganna.

17. maí

Í dag átti ég tal við E. Erl. um blöndun sands og sements í utanhúðun. Að nokkru leyti eru þessi hlutföll tilgreind í útboðslýsingu af verkinu en ekki að öllu leyti. Taldi E. Erl. hæfilegt 1:2 í ákastið (afrétting) og áleit að gengið myndi vera útfrá því. Lagði ég til að múrhúð sú sem kemur yzt – utaná ákastið – og kvars mulningurinn er límdur í væri blönduð 1:1, því að mestu vandkvæðin við að kvars og tinnu húðun endist eru þau að mulningnum er hætt við að losna úr fyrir áhrif veðurs, sérstaklega á slagviðris áttum A-S. Er til lítills að seilast með ærnum kostnaði eftir hörðustu og bestu steintegundum ef álímingin svarar ekki að miklu leyti til hörku grjótsins, að minnsta kosti er sjálfsagt að vanda álíminguna, bæði efni og vinnu, eins og framast má verða. E. Erl. vildi ekki ákveða um þetta, en ég mun færa þetta í tal við húsameistara næst er við tölum saman.

18. maí

Fékk tilkynning frá teiknistofu húsameistara um að vaka þyrfti yfir kvarsí sem von er á frá Miðdal. Kvars þetta á að flytja í dag að mulningsvél vegagerðar ríkisins á Digraneshálsi og verður mulið þar á morgun. Fékk ég strax mann til að vera þar í nótt. Dr. Alexander sagði mér í dag að sementskaupmenn myndu ekki vegna gjaldeyris skorts, geta skaffað sement til innanhúðunar á þessu sumri. Gæti þó ef til vill verið hugsanlegt að fá norskt sement hjá Jóni Loftssyni. Reyndum við að ná tali af honum en hann var fjarverandi. Mun dr. Alexander leitast fyrir um þetta.

19. maí

Í dag var mulið og flutt hingað það kvars sem sent var í gær frá Miðdal að mulningsvélinni á Digraneshálsi. Voru það tveir bílar. Eftir er að fínmylja alt og sikta úr sallanum það sem þar er af hæfilegri stærð. Einnig kom í dag fullmulið kvars á þremur bílum frá Erlendi Einarssyni. Allt kvarsíð var borið inn í kjallara.

24. maí

Í dag fór ég með sýnishorn af kvarsmulningi sem fluttur hafði verið hingað frá Erl. Einarssyni, og sýndi þeim húsameistara og E. Erl. Álitu þeir að mulningurinn væri of smámulinn. Talaði ég um þetta við Erlend, en hann sagði að upphaflega hefði hann engin fyrirmæli fengið um kornastærðina og héðan af væri ekki hægt að breyta þessu þar sem alt kvarsíð væri fullmulið og ef nú ætti að fara að harpa úr hið smæsta yrði svo mikill úrgangur að ekki væri hægt að selja kvarsíð fyrir það sem ákveðið hafði verið. Hins vegar sagðist hann hafa kaupendur að því sem hann hefði til og væri sér sama þó að kaupin gengi til baka. Utan húðunin gengur vel. Vökvað í morgun það sem kastað var á í gær.

25. maí

Húsameistari ákvað að nota ekki kvars mulninginn frá Erl. Ein., sökum þess að hann væri of smár, og einnig af því að honum virtist hann dekkri en hann bjóst við eftir sýnishorni [sem] skoðað var og miðað við áður en byrjað var að mylja. Húsameistara þótti of mikið af dökku í kvarsinu frá Miðdal og lagði fyrir að tínt skyldi úr því. Fékk ég þá nokkra drengi 10–12 ára til þess og byrjuðu þeir í dag kl. 4. Settar á suður gafl hússins þrjár prufur af utanhúðun til athugunar fyrir byggingarnefnd hússins.

27. maí

Unnið af krafti við utanhúðun. Vökvað daglega þegar þurrviðri er . . .

29. maí

Húsameistari kom hér í dag ásamt byggingarnefndinni til að athuga sýnishornin af utanhúðuninni. Rigning var og alt vott og þar af leiðandi dekkra en ella. Flestum þótti þær alt of dökkar. Húsameistari ætlast til að súlur milli andyrisglugga og bönd séu hvítari en veggfletirnir og leggur því ekki mikla áherslu á að flöturinn sjálfur sé mjög ljós. Hinir prófessorarnir aftur á móti vilja fá veggfletina sem ljósasta, og enga tinnu hafa og sem mest af hvítum steini. Engin ákvörðun tekin um blöndunarhlutfallið.

8. júní

Fengum í dag mulningskvörnina frá rannsóknarstofu Tr. Ólafssonar til að mylja með kvarsíð utan á húsið. Hefir kvörnin verið í láni undanfarið og gátum við ekki fengið hana fyrir en í dag. Er þá ófenginn mótór til að knýja hana, því hann fylgir ekki með. Enn þá er ekki fengið nema ca 1/3 af kvarsi því sem þarf utan á húsið samkvæmt útreikningi teiknistofunnar. E. Erl. gerir ráð fyrir að fara á morgun upp í Borgarfjörð (í leit að kvarsnámu). Unnið í dag við að tína það dökka úr seinni kvars-sendingunni frá Miðdal.

10. júní

Byrjað í dag að mala kvarsíð. Kvörnin vinnur vel, en slitnar fljótt af núningnum . . .

11. júní

Leit E. Erl. að kvarsi í Borgarfirðinum varð árangurslaus. Þar sem sýnishornin voru tekin, reyndist að vera svo lítið að ekki kemur til mála að hefja grjótnám þar . . .

13. júní

. . . E. Erl. fór í dag upp að Miðdal til að athuga kvarsnámunu þar, ásamt dr. Alexander og Sig. Jónssyni verksala. Niðurstaðan varð sú að senda 4 menn upp eftir til að ryðja frá námumunnum svo hægt væri að komast að berginu með bíla. Virtist þeim vera þarna nóg af efni ef aðeins rýmkað væri til kringum opið og lagfærð akbraut fyrir framan.

20. júní

Í dag komu ca 7 tonn af kvarsi frá Miðdal og voru flutt að mulningsvélinni við Hafnarfjarðarveginn. Mun það verða mulið á morgun. Byrjað að líma vikurplötur innaná útveggi.

21. júní

Kvarsíð sem kom frá Miðdal í gær var alt mulið á Digraneshálsi í dag og síðan flutt hingað. Mulið í kvörninni allan daginn. Áhald það er ætlað til að mylja smærri og stærri prufur á rannsóknarstofu, og er eign Efnarannsóknarstofu ríkisins, sem Trausti Ólafsson veitir forstöðu. En síðan byrjað var að húða hús hér í bæ með aðferð húsameistara G. Sam., kvarsi og tinnu, hefir kvörn þessi altaf verið notuð til að finnylja á flest þau hús sem hafa verið húðuð hér . . .

2. júlí

Dr. Alexander óskaði eftir að mulningsvinnan héldi áfram nótt og dag þangað til lokið væri að mylja. Kvörnin er í viðgerð en kemur í dag eftirmiðdag. Verður byrjað á næturvakt á mánudagskvöld.

21. júlí

Húsameistari kom í dag. Óskaði eftir að fá sjö mismunandi sýnishorn af steiptum og slípuðum plötum með tilliti til súlnanna milli andyris glugganna og múrbanda um gangarglugga. Plötustærð 50×30 og verður því að smíða ný mót, því mót þau sem steipt hafa verið í sýnishorn eru 30×30. Húsameistara leist vel á utanhúðunina en saknaði þó að ekki var nein tinna og ekkert silfurberg blandað í kvarsíð. En það voru ráð byggingarstjórnar háskólans að nota kvars eingöngu, með öðrum orðum að húsið væri eins ljóst og hægt væri, og skyldi hvorki nota tinnu né silfurberg. Sýndi húsameistara sýnishorn af terrassó sem ég steipti úr libariti ljósgrænu og rauðbrúnu, líkaði honum vel útlitið og vil ég vona að ekki verði sótt grjót til Ítalíu í terrassó hér í kjallarann, eða þau gólf önnur sem þannig verða húðuð, hér í húsinu.

24. ág.

Húsameistari kom í dag. Við uppsetning steypu hellna á gluggasúlur vildi hann hafa þá aðferð að slá upp móti og hlaða hellunum þar upp að og renna síðan steinlími á milli hellnanna og súlnanna. Ennfremur óskaði hann eftir að hverri hellu væri fest með múr akkerum . . .

27. ág.

Unnið við kvarshúðun á austurhlið . . .

31. ág.

Í dag er verið að kvarshúða suðurgافل hússins . . .

13. sept.

Í dag er sólskin og þurkur. Unnið á þakinu allan daginn, bæði við að bræða yfir og einnig að leggja sallann í. Allir tímavinumenn á þakinu . . .

14. sept.

Í morgun áttum við Sig. Jónsson tal við húsameistara á skrifstofu hans. Áleit húsameistari að meiri hraði þyrfti að vera á vinnu við bygginguna, þ. e. a. s. meiri mannaflí meðal annars til að ljúka utanhúss múrverki fyrir veturinn. Sig. Jónsson álitur aftur á móti að tæpast verði fleirum komið að . . .

19. sept.

Dr. Alexander kom í dag. Sagði hann að byggingarstjórnin myndi hafa fund í dag og taka meðal annars ákvörðun um klæðningu innan á forsalinn. Verður það að líkindum hellur steypar úr sementi og skeljasandi, slípaðar. Bað ég dr. Alexander að gera sitt til þess að allar ákvarðanir um hin ýmsu verk við byggingu yrðu teknar með sem mestum fyrirvara og afhentar til framkvæmda. Til þess að húsið geti orðið fullgert í tæka tíð – sem ákveðin hefir verið sumarið 1940 – er fyrsta skilyrðið að næg fyrirhyggja sé viðhöfð um útvegum á efni, vinnuteikningar og alt sem að ákvörðunum lítur verkinu viðkomandi . . .

26. sept.

Í gær fórum við húsameistari og form. byggingarnefndar suður með sjó til að leita að falletum skeljasandi og fundum hann loks á rifinu fyrir framan Garðskaga vitann. Húsameistari símaði frá Keflavík til prestsins á Útskálum og fékk leyfi hjá honum til að taka sand á þessum stað til afnota fyrir háskólann. Húsameistara þótti of mikið af svörtum skeljum innanum, þ. e. a. s. öðrumegin á skelinni er þunn svört himna. Sendi hann sýnishorn til Tr. Ólafssonar í Atvinnudeildinni til að rannsaka hvort hægt væri að hreinsa burt þessa svörtu himnu. Reyndist hún að losna frá í vítissóða upplausn, en aftur á móti losnaði hún ekki undan ammoníaki . . .

5. okt.

. . . Byrjað í dag að líma silfurbergshellur á múrbönd á norðurgafli, unnið við sama á suðurgafli. Hellur á múrbrúnir um kapellu glugga eru ennþá ósettar. Verkstæðið sem slípar afkastar ekki svo miklu sem þyrfti til þess að hægt sé að halda áfram óslitið. Verkstæðið hefir aðeins eina vél og hún gengur dag og nótt svo meira er ekki hægt. Er sýnilegt að aðra vél þarf að kaupa til þess að koma í verk í tæka tíð öllu sem hér liggur fyrir að slípa á komandi vetri . . .

7. okt.

Vakti máls á við húsameistara að fá léðan kolaofn til að hita upp með hátíðasalinn því þar verða skeljahellurnar steypar. Húsam. var því samþykkur. Verður að leiða pípu frá honum út um glugga og allt upp fyrir gesims. Lokið að hlaða upp í loftrásaropin . . .

21. okt.

Í dag kom húsameistari með ljósmyndara sem tók mynd af framhlið hússins. Húsameistari var ánægður með alt verkið sem sást nú fyrst eftir að

stillansar voru teknir niður. Litarbrigðin eru lítil og hverfa að líkindum fljótlega. Orsök þeirra er sennilega sú að múrhúðin yzta hefir þornað misfljótt á norður og suðurhelmingi . . .

22. okt.

Í dag kölluðu mig til viðtals dr. Alexander og húsameistari á skrifstofu hans til að ræða um vinnuna hér nú næstu vikur. Vegna fjárskorts í bili verður að fækka mönnum nokkuð um hríð . . .

5. nóv.

Í dag er byrjað á að tína fjörumöl úr skeljunum samkv. fyrirmælum húsameistara. Vinna við það þrjár stúlkur. Lét ég þær byrja á að tína úr stóru skelinni sem sigtuð var úr og þvegin. Að mínu áliti ætti það að nægja, enda tel ég óvinnandi verk að tína úr því smáa. Munu verða steipt sýnishorn úr þessu til athugunar fyrir húsameistara og byggingarstjórnina.

7. des.

Flutt hingað í dag grjótið frá Hornafirði sem keypt var í gær . . .

13. des.

Dr. Alexander kom hér í dag. Sagði hann mér að það væri álit sumra, að skeljahellurnar myndi verka kalt í forsalnum. Er nú þegar búið að steypa um 200 hellur (100 ferm) . . .

17. des.

. . . Byggingarstjórnin kom í dag til að skoða silfurbergs model af hvelvingu sem Guðm. Einarsson hefir gert og sett var hér upp fyrir nokkru. Var engin ákvörðun tekin að svo stöddu, að ég viti til.

28. des.

. . . Guðm. Einarsson listamaður kom hingað með 1 tonn af silfurbergi til að vinna úr kristalla innaná forsalshvelvinguna. Guðmundur frá Hoffelli byrjaði að slá molana sundur og gera úr þeim kristalla, er hann kunnátta- maður í þeirri grein . . .

úr palldekkirinu til Valundar: 44/13' >
 19/12', 5/17' og 2/8' alla 901 fet 1x6"
 júní 15. Undanfarna 2 vikur hefi verið smítt
 ann viki í húsinu og á ymsum vinnu
 slafum sem hefi unnið at smíttun o
 húsgagnum í hóteli sal, kapellu og
 fyrir l. sal á 1. hæð, lestra sal ofl.
 Í dag er verið at leggja skráðu hönd á
 allt þessi verk. Öllu vortu lokit í kvöld
 sem ákvaðit hafti verið fyrir velli.
 Öll ljóstatiki eru komin upp nema
 sta vegg lampar í hóteli sal, sem ekki
 var hægt at afgreita á þeim stutta tíma
 sem var til slafur. Upphaflega átti brat.
 unnið Jónsson at skaffa lamparnir frá þýska
 landi, en af áfríði orsökum Takel þal
 ekki, síðan var reynt at fá þá frá
 Danmörku, en þat ströndaði þegar Danmörku
 var hæðmin. Þegar ill dund voru lokit
 ut var t. H. þakinn at þenta lamparnir frá
 Þámaríku. Sumu lamparnir velli eflit.
 usku mahota smá og voru setti upp
 sem skundi.

Ljósmyndir af hinum síðustu dagbókarfærslum Þorláks Ófeigssonar, 15., 16. og 17. júní 1940.

Skinn latic loki eru komin upp nerna
 oraktrun krona og einnig vantar gaschulá
 alle sem þortabú voru með hvern latic
 takjum. Voru þau keypt frá Englandi og
 sé Pikk. Eiríksson sem um kaup og upp-
 setningu á þeim.

Í dag hefi verið umvit af einni miklu
 Kappi og er nú síðast verið at kappost-
 ent at hvarna skulda gluggana kl 12 í
 miðnotti. Hjálmu Þorsteinsson var rétt
 mjúla at ljúta ent at selja niðri bekkinn
 í Kappelluna, en Þorsteinur Sigurðsson
 hefi ent at koma með 20 slati, sem
 hann er at setja í opinskera fjöru lestri
 salinn um kl 2 í nótt. Etti dimma at.

16. Í morgun kl 7 kom allur flokkur hvarna
 kvemma þeirra sem hafa ummest vaxt-
 ingu hvarna. Umru þau hafi til hildis
 vit hvarna og fjögur gálfa. Smíði koma
 kl. 8 til at festa gálfdrögli í Kappella
 gálf ofl. sem ekki var högt at ljúta í
 gálfveldi. Er nú öllu lokit sem gálf
 var rétt fjöru at ljúta stór en víðla hvarna

fari fram. Eru nú margir lútur aftir síðasti sprellinum en allir glæði yfir at Takmarkat skyldi nast.

Ál. 2 í dag hófist vísla kapellunnar Hr. Sigurgeni Sigurdson biskup framkvæmd vöxluna mat aðlot Magnúsi Jónsson professor. Þásm. Guðmundson prof. slegi í sláttum. Hlaskar Þryggviken og nokkurn aðri gengu í skrif göngu inn, kapelluna áhi en vöxlun hófist. Þátt Jónsson lét á orgel og kirkju kórinn söng. Öll var athöfnin hin háttlag að. Kapellun var aðskipast boðgest um.

17. Vígsla Háskólans fór fram í dag einn og gest var vát fyrir. Fó athöfnin fram í hátíðsalnum fyrir fullu hui boðgest. Þátt fluttu, forsetisrátt herra Hermann Jónsson, rektor háskólans dr. Alexanda Jóhannesson professor, Sigurhi Nordal professor, Guðbrandur Jónsson professor. Þátt þess fluttu ávörðun rötismenn og full

Fríðir erlandra ríkja.

Sungin var Kantata, sem ein stak lagi
 var semin fyrir háskóla vöxluna, undir
 stjórn Páls Halldórssonar. Hljómsveit lét
 undir. Faltim er eftir Jakob og Smári.
 Högir eftir Emil Þoroddsen.

Út þella tækifari var Guðjón Sami-
 elsson prófessor, kjörinn hefur-
 doctor ut háskóla Íslands.

Nafnaskrá

Skrá þessi hefur að geyma nöfn manna og íslenskra fyrirtækja, sem við sögu koma. Margir þeirra manna, sem hér eru nefndir, gegndu fleiri störfum en einu og var leitast við að einfalda þetta hér. Ekki er fullt samræmi um notkun starfsheita og titla, en geta má þess varðandi nöfn þeirra háskóla-stúdentna, sem nefndir eru, að þeir eru yfirleitt (en ekki alltaf) í skránni kenndir við þau störf, sem þeir gegndu síðar á æfinni, eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði um það efni, en þær voru reyndar ekki alltaf fullnægjandi. Nafna höfunda heimildarrita, sem stuttlega er vitnað til í ritinu, er yfirleitt ekki getið hér við tilvitnaða heimildarstaði.

P.S.

- Aðalbjörg Sigurðardóttir, 216.
Agnar Koefod Hansen, flugmálastjóri, 320.
Agnar Kl. Jónsson, sendiherra, 109.
Ágúst H. Bjarnason, prófessor, 18, 47, 72, 74–76, 111, 116, 118, 123–124, 127–129, 233, 235, 257, 266.
Ágúst Sigurmundsson, 215.
Áki Pétursson, stúdent, 202–203, 296–297.
Albert Sigurðsson, cand. mag., 168, 202–203, 296–297.
Alexander Jóhannesson, prófessor, 7, 102, 159–161, 171–178, 186, 190, 199–200, 201, 203–211, 214, 222, 227–246, 253–259, 266, 269, 273, 282–285, 290, 304, 307–308, 310, 317, 320–322, 324–327.
Alexandrína drottning, 273.
Andersen, Ludvig, aðalræðismaður, 235.
Ármann Jakobsson, lögfræðingur, 173.
Ármann Snævarr, prófessor, 241.
Árni Pálsson, prófessor, 291–293, 299–300.
Árni Snævarr, verkfræðingur, 221.
Ársæll Magnússon, steinhöggvareistari, 218.
Ásberg Sigurðsson, borgarfógeti, 266.
Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, 266, 298.
Ásgeir Hjartarson, cand. mag., 202–203, 296–297.
Ásmundur Guðmundsson, prófessor, 102, 170, 229, 233–234, 257.
Ásmundur Sveinsson, myndhöggvari, 212, 216.
Baldur Magnússon, stud. jur., 168.
Bray, aðalræðismaður, 235.
Benedikt Bjarklind, lögfræðingur, 266.
Benedikt Gröndal, ritstj., 41.
Benedikt Gröndal, verkfræðingur, 221, 312.
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, 202–203, 296–297.

- Benedikt Sveinsson, alþm., 11, 13, 273.
 Benedikt G. Waage, 227, 233.
 Benedikt S. Þórarinnsson, kaupmaður, 223–226.
 Benjamín Kristjánsson, prestur, 65, 112–115.
 Bergur Björnsson, prestur, 100–101, 112–115.
 Birgir Einarsson, stud. jur., 202–203, 296–297.
 Bjarni Benediktsson, prófessor, 175, 235, 289.
 Bjarni Jónsson, vígslubiskup, 303.
 Bjarni Sigurðsson, læknir, 277, 279.
 Bjarnþór Þórðarson, stud. mag., 202–203, 296–297.
 Björn Bjarnason, stud. med., 277, 279.
 Björn Halldórsson, lögfræðingur, 112–113, 114–115.
 Björn Magnússon, prófessor, 63, 65–66, 105, 113–115.
 Björn M. Ólsen, háskólarektor, 31–33.
 Björn Rögnvaldsson, byggingameistari, 214.
 Björn Sigfússon, háskólabókavörður, 109, 287–300.
 Björn Sigurðsson, stud. med., 167.
 Björn Sigurðsson, stúdent, 311.
 Brynja, verslun, 218.
 Böðvar Bjarnason, 217, 314.
 Cesilia Þórðardóttir, 97.
 Daníel Þorkelsson, málarameisteri, 217–218.
 Diðrik Helgason, múrarameisteri, 217–218, 274, 312.
 Dvergur h.f., 218, 220.
 Eggert Kristjánsson & Co, 218.
 Eggert Stefánsson, söngvari, 258.
 Eggert Steinþórsson, stúdent, 170.
 Egill Sandholt, póstfulltrúi, 65.
 Egill Sigurgeirsson, lögfræðingur, 241.
 Einar Arnórsson, ráðherra og prófessor, 70, 73, 123, 132, 133–134, 136.
 Einar Benediktsson, skáld, 11, 13–18, 290.
 Einar Einarsson, 217.
 Einar Guðnason, prestur, 100–101, 112–115.
 Einar Ingimundarson, bæjarfógeti, 260–266.
 Einar Jónsson á Geldingalæk, alþm., 287.
 Einar Jónsson, myndhöggvari, 42–45, 87.
 Einar M. Jónsson, stud. theol., 100–101.
 Einar Kristjánsson, 217–218, 314.
 Einar Sturlaugsson, prestur, 112–115.
 Einar Sveinsson, húsameistari, 156–157, 217.
 Einar Ólafur Sveinsson, prófessor, 222, 233.
 Eiríkur Hjartarson, rafvirki, 220.
 Emil Thoroddsen, tónskáld, 229.
 Erlendur Björnsson, sýslumaður, 168.
 Esra Pétursson, læknir, 202–203, 296–297.
 Eysteinn Jónsson, ráðherra, 273.
 Filippus Guðmundsson, 217.
 Finnbogi Lassen Kristjánsson, prestur, 202–203, 296–297, 303.
 Finnur Jónsson, prófessor í Kaupmannahöfn, 222–223.
 Fiske, W., velgerðarmaður Íslendinga, 20.
 Fontenay, Fr. la Sage de, sendiherra, 235, 239.
 Freymóður Jóhannsson, listmálari, 192–193.
 Friðgeir Ólason, læknir, 167, 202–203.
 Friðrik Einarsson, stud. med., 168.
 Friðrik Hallgrímsson, prestur, 257.
 Friðrik Þorsteinsson, húsgagnasmíðameistari, 220.
 Garðar Þorsteinsson, prófastur, 100–101.
 Geir Stefánsson, lögfræðingur, 202–203, 296–297.
 Geir Zoega, vegamálastjóri, 72.
 Gísli Gíslason, cand. mag., 202–203, 296–297, 303.
 Gísli J. Johnsen, stórkaupmaður, 218.
 Gísli Friðrik Petersen, læknir, 277, 279.
 Gísli Þorleifsson, 217.
 Guðbjörn Jóhannsson, 217.
 Guðbrandur Jónsson, prófessor, 215, 235.

- Guðjón Jónsson, húsasmíðameistari, 218, 319.
- Guðjón Klemensson, lækni, 202–203, 296–297.
- Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, 41–42, 43, 47–48, 52–54, 69–81, 85, 92, 171–175, 179–180, 182–184, 186–192, 211–214, 216–217, 219, 221, 235, 237, 239–240, 256, 273–274, 282–284, 301–304, 309, 311, 313, 316, 318, 322–326.
- Guðjón Vilhjálmsson, 217.
- Guðmundur Auðunsson, verkstjóri, 309.
- Guðmundur Benediktsson, prestur, 100–101.
- Guðmundur Björnsson, landlækni, 22, 24.
- Guðmundur Einarsson frá Miðdal, myndlistarmaður, 85–91, 212, 327.
- Guðmundur Hannesson, prófessor, 34, 37–38, 47, 72, 77–78, 127, 129, 131, 159–161, 178, 235, 273, 275–277, 279, 281–283, 285.
- Guðmundur Magnússon, prófessor, 281.
- Guðmundur Ólafs, bankastjóri, 66.
- Guðmundur Thorodssen, prófessor, 129, 233–234, 258, 275.
- Guðni Jónsson, prófessor, 7.
- Guðrún Lárusdóttir, alþm., 149–150.
- Grímur Thomsen, skáld, 292.
- Gunnar Jóhannesson, prestur, 100–101.
- Gunnar Jónsson, lögfræðingur, 202–203, 296–297.
- Gunnlaugur Einarsson, lækni, 170.
- Gunnlaugur Halldórsson, húsameistari, 156–157.
- Gunnlaugur Ingólfsson, cand. mag., 9.
- Gunnlaugur Pétursson, lögfræðingur, 168.
- Gústav A. Jónsson, ráðuneytisstjóri, 216.
- Gústaf Pálsson, verkfræðingur, 170, 221, 314, 316, 319.
- Hafliði Jóhannsson, 217.
- Hákon Guðmundsson, lögfræðingur, 65.
- Hákon Kristófersson í Haga, alþm., 287.
- Halldór Friðriksson, yfirkennari, 51, 275.
- Halldór Jakobsson, stórkaupmaður, 202–203, 296–297.
- Halldór J. Jónsson, deildarstjóri, 8.
- Halldór Stefánsson, alþm., 150, 175–176.
- Halldóra Eldjárn, forsetafrú, 280.
- Hallgrímur Finnsson, veggfóðrarameistari, 218.
- Hamar h.f., 220.
- Hannes Árnason, prestaskólakennari, 28.
- Hannes Jónsson, alþm., 150.
- Hannes Hafstein, ráðherra, 35–36, 123.
- Haraldur Árnason, kaupmaður, 220.
- Haraldur Guðmundsson, ráðherra, 206–207, 239, 273.
- Haraldur Niélsson, prófessor, 47, 216.
- Haraldur Sveinsson, 216.
- Harpa, málningarverksmiðja, 218.
- Helgi Konráðsson, prestur, 112–115.
- Helgi Sívertsen, forstjóri, 216.
- Hermann Jónasson, ráðherra, 233–234, 237, 239, 273.
- Heusler, A., prófessor í Berlín, 33.
- Hinrik Jónsson, sýslumaður, 167.
- Hjálmar Jóhannsson, 217.
- Hjálmar Þorsteinsson, húsgagnasmíðameistari, 217, 220.
- Hjálmar Þorsteinsson & Co, 220.
- Hólmgrímur Jósefsson, stud. theol., 168.
- Högni Björnsson, lækni, 277, 279.
- Ingibergur Þorkelsson, húsasmíðameistari, 217–218.
- Ingólfur Guðmundsson, 217.
- Ingólfur Sveinsson, 102.
- Ingólfur Waage, 218.
- Ísleifur Jónsson, kaupmaður, 162.
- Ísólfr Pálsson, tónskáld, 216.
- Jakob Hafstein, lögfræðingur, 167.
- Jakob Jónsson, prestur, 114–115.
- Jakob Möller, ráðherra, 150, 239–240.
- Jakob Jóh. Smári, skáld, 229, 249.
- Jens Eyjólfsson, 217.
- Jensen, sjá Thor.
- Jóhann Hafstein, ráðherra, 167.
- Jóhann G. Salberg, sýslumaður, 168.
- Jóhann Sigurjónsson, skáld, 293.

- Jóhann Steinason, lögfræðingur, 202–203, 296–297.
- Jóhann Sveinsson frá Flögu, cand. mag., 168, 202–203, 296–297.
- Jóhannes S. Kjarval, listmálari, 78–80, 87.
- Johanson, Otto, aðalræðismaður, 235.
- Jón Ásbjörnsson, lögfræðingur, 83–84.
- Jón Auðuns, prestur, 112–113, 114–115.
- Jón Baldvinsson, alþm., 273.
- Jón Bergsteinsson, múrarmeistari, 162.
- Jón Gíslason, 217.
- Jón Gauti, verkfræðingur, 221.
- Jón Helgason, prófessor og biskup, 22, 24, 31, 239.
- Jón Jakobsson, prestur, 100–101, 112–115.
- Jón N. Jónasson, kennaraskólanemi, 102.
- Jón Jónsson frá Stóradal, alþm., 149–150.
- Jón Kjarval, húsgagnasmiður, 220.
- Jón Loftsson, stórkaupmaður, 218, 320–322.
- Jón Magnússon, stud. jur., 202–203, 296–297.
- Jón Magnússon, húsgagnasmiður, 220.
- Jón Magnússon, ráðherra, 60, 123.
- Jón Ólafsson, prestur, 112–115.
- Jón Pétursson, prestur, 114–115.
- Jón Sigtryggson, stud. med., 167.
- Jón Sigurðsson, járnsmíðameistari, 218.
- Jón Sigurðsson, stud. jur., 167.
- Jón Sigurðsson, forseti, 136, 207, 227, 230–231, 234, 240, 242–243, 249, 273.
- Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, 285.
- Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor, 233, 235.
- Jón Steffensen, prófessor, 109, 111, 178, 246–247, 275–285.
- Jón Thorarensen, prestur, 100–101.
- Jón Þorláksson, ráðherra, 18–19, 177.
- Jón Þorvarðsson, prestur, 100–101.
- Jónas Jónsson frá Hriflu, ráðherra, 8, 41, 118–119, 123–126, 134–135, 146, 151–152, 171–177, 179, 186, 211–214, 253.
- Jónas Lárusson, bryti á Garði, 170.
- Jónas Þorbergsson, alþm., 176.
- Jónatan Jónsson, gullsmiður, 215.
- Júlíus Björnsson, rafvirkjameistari, 162.
- Jörgen Hansen, skrifstofustjóri, 173.
- Jörgensen, úrsmíðameistari í Kaupmannahöfn, 248.
- J. Þorláksson & Norðmann, 315.
- Karl Vilhjálmur Guðmundsson, læknir, 277, 279.
- Karolína Guðmundsdóttir, 220.
- Katrín Skúladóttir, 281.
- Ketill Gíslason, stud. jur., 167.
- Kjørboe, Fr., húsameistari í Kaupmannahöfn, 19, 21–22, 26–27, 35–36.
- Kjartan Guðmundsson, stud. jur., 167.
- Kjartan Jónsson, lyfsali, 202–203, 296–297.
- Kjartan Lárusson, húsvörður á Garði, 170, 202–203, 296–297.
- Klemens Jónsson, landritari, 36.
- Knud Zimsen, borgarstjóri, 139–144, 146, 194–195.
- Knútur Arngrímsson, skólastjóri, 112–115.
- Konráð Kristjánsson, cand. theol., 112–115.
- Kristinn Pétursson, blikksmiður, 217.
- Kristinn Sigurðsson, 217.
- Kristinn Stefánsson, prestur, 112–113.
- Kristinn Stefánsson, prófessor, 281.
- Kristján konungur IX., 287–288.
- Kristján konungur X., 273.
- Kristján Eldjárn, forseti Íslands, 280.
- Kristján Hannesson, stud. med., 168.
- Kristján Jóhannesson, læknir, 202–203, 296–297.
- Kristján Jónasson, stud. med., 167.
- Kristján Jónsson, ráðherra, 123.
- Kristján Vattnes, 231.
- Landssmiðjan, 218, 221.
- Lárus H. Bjarnason, prófessor, 22, 26.
- Lárus Pétursson, lögfræðingur, 266.
- Litir og lökk, málningarverksmiðja, 218.
- Lorentzen, Carl, prófessor, 31–38.
- Lúðvig Einarsson, málarmeistari, 218.

- Lúðvíg Guðmundsson, skólastjóri, 94, 241.
- Lúðvík Storr, stórkaupmaður, 218.
- Magdahl Nielsen, Johannes, húsameistari í Kaupmannahöfn, 21.
- Magnús Guðbjörnsson, 102.
- Magnús Guðmundsson, ráðherra, 123, 150–151.
- Magnús Guðnason, steinhöggvarameistari, 214, 218, 321.
- Magnús Helgason, skólastjóri, 287.
- Magnús Jónsson, húsasmíðameistari, 218, 220, 317.
- Magnús Jónsson, lagaprófessor, 103–104.
- Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor, 100–102, 132, 144–146, 175–178, 214–217, 227, 229, 233–234, 273, 282–285.
- Magnús Jónsson frá Selalæk, 306.
- Magnús Vigfússon, 318.
- Matthías Hreiðarsson, tannlæknir, 202–203, 296–297.
- Matthías Þórðarson, fornmenjavörður, 72.
- Meyvant Sigurðsson á Eiði, starfsmaður Háskólans, 214.
- Meulenbergh, biskup, 240.
- Niels Dungel, prófessor, 129, 170, 186, 207, 235, 257, 273, 275, 281.
- Nýja Blikksmiðjan, 218.
- Oddgeir Magnússon, stud. jur., 168.
- Ofnasmíðjan h.f., 218.
- Ólafur Briem, stud. mag., 168.
- Ólafur Halldórsson, stud. med., 168.
- Ólafur P. Jónsson, stúdent, 170.
- Ólafur Kristmundsson, stud. jur., 168.
- Ólafur Lárusson, prófessor, 144, 146–148, 178, 206–208, 233, 235, 273, 282–283, 289.
- Ólafur Magnússon, ljósmyndari, 284.
- Ólafur Rósenkranz, háskólaritari, 122.
- Ólafur Thorarensen, stud. med., 167.
- Ólafur Thors, ráðherra, 239–240.
- Ólafur Tryggvason, læknir, 201–203, 217, 296–297, 305–308.
- Ólafur Þorgrímsson, lögfræðingur, 66.
- Óskar Bjarnasen, húsvörður Háskólans, 202–203, 257, 296–297, 317.
- Óskar Árni Óskarsson, bókavörður, 8.
- Óskar J. Þorláksson, prestur, 100–101, 112–115.
- Óskar Smith, pípulagningameistari, 218.
- Ósvaldur Knudsen, málarameistari, 212, 217–218.
- Páll Hermannsson, alþm., 150.
- Páll Ísólffson, tónskáld, 257, 300.
- Páll Líndal, lögfræðingur, 8, 92.
- Páll Magnússon, járnsmíðameistari, 218.
- Paulsen, Niels, 38.
- Pétur Halldórsson, borgarstjóri, 82, 84, 197–198, 273.
- Pétur Jónsson, söngvari, 235.
- Pétur Magnússon, bæjarfulltrúi, 84.
- Pétur Sigurðsson, háskólaritari, 173.
- Pétur Thorsteinsson, sendiherra, 266.
- Raavad, Alfred, arkitekt, 38, 44–46.
- Ragnar Bárðarson, 217.
- Ragnar Hall, 309.
- Ragnar Jóhannesson, stud. mag., 168.
- Ragnar Jónsson, lögfræðingur, 268.
- Richard Eiríksson, pípulagningameistari, 220.
- Ríkharður Jónsson, myndskeri, 225–226.
- Rögnvaldur Ólafsson, húsameistari, 33, 36, 38–39, 47, 48–49.
- Rögnvaldur Þorláksson, verkfræðingur, 201–203, 217, 296–297, 301–304.
- Sigfús Haukur Andrésson, skjalavörður, 8.
- Sigfús Sigurhjártarson, alþm., 112–115.
- Sighvatur Bjarnason, bankastjóri, 27.
- Sigmundur Guðbjarnason, háskólarektor, 9.
- Sigurður Ásbjörnsson, 217.
- Sigurður Eggerz, ráðherra, 123.
- Sigurður Einarsson, dósent, 234.
- Sigurður Guðmundsson, málari, 69–70.
- Sigurður Guðmundsson, húsameistari, 93–98, 161–166.
- Sigurður Haukdal, prestur, 112–115.
- Sigurður M. Helgason, borgarfógeti, 202–203, 296–297.
- Sigurður Jónsson, múrarameistari, 218, 314, 321, 324–325.

- Sigurður A. Magnússon, rithöfundur, 306.
 Sigurður Nordal, prófessor, 41, 64–67, 92, 131–132, 176–178, 222–226, 233–235, 237–238, 249–251, 258, 273, 282–283, 290–293.
 Sigurður Ólafsson, lyfsali, 202–203, 296–297.
 Sigurður Ólason, lögfræðingur, 173.
 Sigurður Pálsson, vígslubiskup, 100–101.
 Sigurður P. Sívertsen, prófessor, 57–59, 112–115, 216.
 Sigurður Stefánsson, vígslubiskup, 112–115.
 Sigurgeir Albertsson, trésmiður, 218.
 Sigurgeir Sigurðsson, biskup, 229, 239.
 Sigurjón Guðjónsson, prestur, 100–101, 112–115.
 Sigurjón Jónsson, stud. med., 168.
 Skarphéðinn Porkelsson, læknir, 202–203, 296–297.
 Smith, Charles Howard, sendiherra, 235, 239–240, 244–245, 258–259.
 Snorri Hallgrímsson, stud. med., 168.
 Soffía Haraldsdóttir, 216.
 Stefán Guðnason, læknir, 277, 279.
 Stefán Jónsson, dósent, 275.
 Stefán Snævarr, prestur, 229.
 Stefán Jóhann Stefánsson, ráðherra, 84, 239.
 Steingrímur Pálsson, stud. mag., 168.
 Steingrímur Thorsteinsson, skáld, 69.
 Steiniðjan, 218.
 Steinn Jónsson, lögfræðingur, 168.
 Steinsteypan h.f., 218.
 Steinunn Sívertsen, 216.
 Sveinn Bergsveinsson, prófessor, 168.
 Sveinn Björnsson, forseti Íslands, 239.
 Sveinn Ingvarsson, forstjóri, 66.
 Sveinn M. Sveinsson, 216.
 Sverrir Einarsson, stud. med., 167, 202–203, 296–297.
 Taylor, A., stud. mag., 167.
 Teitur Magnússon, 217.
 Thomsen, Ditlev, konsúll, 20.
 Thor Jensen, útgerðarmaður, 44.
 Tómas Sæmundsson, prestur, 11–12.
 Trausti Ólafsson, efnaverkfræðingur, 319, 324, 326.
 Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri, 14, 27–28, 31.
 Tryggvi Magnússon, listmálari, 76–78.
 Tryggvi Þórhallsson, ráðherra, 176.
 Tunberg, Sven, rektor í Stokkhólmi, 203–204.
 Valtýr H. Valtýsson, læknir, 277, 279.
 Vélsmiðjan Héðinn, 218.
 Verslun Haraldar Árnasonar, 71.
 Vikurfélagið h.f. 218.
 Vilhjálmur, Þýskalandskaisari, 77.
 Vilhjálmur Jóhannsson, læknir, 202–203, 296–297.
 Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, 8, 18, 38–39, 41–43, 54–55, 61–63.
 Voillery, M., aðalræðismaður, 235.
 Völundur h.f., 218.
 Zophonías Snorrason, 217.
 Þórarinn Sveinsson, stud. med., 168.
 Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri, 112–113.
 Þorbjörg Sveinsdóttir, ljósmóðir, 13.
 Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, 239, 256.
 Þórður Oddsson, stud. med., 167.
 Þórhallur Vilmundarson, prófessor, 92.
 Þorkell Jóhannesson, prófessor, 95–96, 257.
 Þorlákur Ófeigsson, byggingameistari, 203, 217, 274, 301–306, 309–331.
 Þorgrímur Sigurðsson, prestur, 100–101, 112–115.
 Þorleifur H. Bjarnason, rektor, 102.
 Þórir Kr. Þórðarson, prófessor, 9.
 Þorsteinn Björnsson, stud. theol., 168.
 Þorsteinn Einarsson, 217.
 Þorsteinn Sigurðsson, húsgagnasmíðameistari, 220.
 Þorvaldur Þórarinsson, lögfræðingur, 167.
 Þorvarður Steindórsson, húsgagnasmíðameistari, 218, 319.
 Ævar Kvarn, leikari, 202–203, 296–297.
 Örn Snorrason, stud. theol., 167.

Skrá um eigendur mynda og heimildir myndefnis

(Tölurnar vísa til blaðsíðutals í þessu riti)

- Áfangaskýrsla um Alþingishúsið, unnin á vegum embættis húsameistara ríkisins (1985), 108 (að hluta til).
- Alþingismannatal (1978), 149.
- Árbæjarsafn, 82, 91, 143.
- Björn Th. Björnsson: Íslensk myndlist, I–II (Rvík 1964 og 1973), 77, 86.
- Björn Magnússon, prófessor, 63, 65, 66, 105, 112, 114.
- Björn Sigfússon, háskólabókavörður, 288.
- Borgarskipulag, 90.
- Eimreiðin 1922, 17, 39, 43, 62.
- Eimreiðin 1926, 88, 89.
- Einar Jónsson (listaverkabók, Norðri 1954), 45.
- Embætti húsameistara ríkisins, 71 (og viðfestu blöðin), 191.
- Guðjón Klemensson, lækni, 202, 296.
- Guðni Jónsson: Saga Háskóla Íslands (1961), 58, 64.
- Gunnar M. Magnúss: Árin sem aldrei gleymast II (1964), 263, 264.
- Gunnar M. Magnúss: Virkið í norðri I (1984), 254.
- Háskóli Íslands, 172, 175–177, 213, 224–226, 228–237, 239–40, 248, sjá og undir Skjalasafn Háskólans.
- Ritið: „Háskóli Íslands – 1911 – 17. júní – 1940“ (Myndskreytt hátíðarhefti í til efni af vígslu háskólabyggingar), 187, 188, 189, 192, 210.
- Jón Helgason: Stóra bomban (1981), 135.
- Jón Steffensen, prófessor, 246–247, 277, 279–280, 283.
- Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal: Íslensk bygging – brautryðjandastarf Guðjóns Samúelssonar (1957), 48–49, 180, 183, 193, 216, 219, 220–221.
- „Kunstakademiets bibliotek – Samlingen af arkitekturtegninger“, í Kaupmannahöfn, 53, 54.
- Ljósmyndasafnið, 100, 173, 190, 209, 212, 215, 251.
- Morgunblaðið, 2. des. 1936, 205, 206.
- Óðinn, júlí–desember 1924, 70.
- Páll Sigurðsson, dósent, 276, 291, 302, 306.
- Rögvaldur Þorláksson, verkfræðingur, 328–331.
- Skjalasafn Háskólans, 4 (álímd mynd), 106, 110, 182, 184, 198, 238, 241–244.
- Stúdentablað, 94–95, 97–99, 104, 117, 119, 127, 156–160, 162, 164–169, 265–267, 282, 292.
- Svavar Hjaltsted, 255–256, 259–261.
- Tómas Þór Árnason, Heimsstyrjaldarárin á Íslandi 1939–1945 I (1983) 262.
- Þjóðminjasafn, 12–13, 15, 19, 24, 26, 29, 32, 34–36, 42, 44, 75, 79, 116, 118, 133, 139, 145, 147, 197, 200, 223, 310.
- Þjóðskjalasafn 27 (uppdráttur Kiørboes), 120–121, 125.

